



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR OG ANDRI SNÆR MAGNASON Á RÖKSTÓLUM

FÓLK 26



MYNDIR ÁRSINS 2009

Sýning Blaðljósmyndarafélags Íslands hefst í dag



SAM-FRÍMÚRARAREGLAN OPNAR DYR SÍNAR Í DAG

HELGAREFNI 32

MYNDIR 40

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

PITT

6. mars 2010 – 55. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

VIÐTAL 42



Paul Dano aðalleikari í The Good Heart saknar Íslands

DREKASVÆÐIÐ 36

Leitin að svarta gullinu

MOTTU-MARS 24

Skeggnælur til sölu við alla kjörstaði



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



HVAÐ Á AÐ KJÓSA? Íslendingar ganga í dag að kjörborðinu og greiða atkvæði um Icesave-lögin. Sumir tóku forskot á sæluna og greiddu atkvæði utan kjörfundar, þeirra á meðal var þessi maður, sem lagði leið sína í Laugardalshöllina í gær. Af svipnum má ráða að valið hafi ekki endilega verið auðvelt.

Viðræðurnar halda áfram eftir helgina

Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðsla lýðveldistímans fer fram í dag. Kosið er um gildi Icesave-laganna frá í desember. Hlé var gert á samningaviðræðum við Breta og Hollendinga vegna atkvæðagreiðslunnar. Viðræðurnar halda áfram eftir helgi.

STJÓRNMÁL Samningaviðræður um lausn Icesave-málsins við Breta og Hollendinga halda áfram eftir helgi. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fékk í gær staðfestingu á því bréfléiðis frá fjármálaráðuneytum ríkjanna að þau væru staðráðin í að halda viðræðunum áfram.

Að ósk íslenskra yfirvalda verður hlé á viðræðunum yfir helgina á meðan þjóðaratkvæðagreiðslan um gildandi Icesave-lög fer fram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er útlit fyrir að íslenska samninganefndin haldi til London að nýju strax eftir helgi.

Skoðanakannanir hafa bent til að Icesave-lögin frá desember á síðasta ári verði kolfelld í atkvæðagreiðslunni í dag. Ber mönnum ekki saman um hvaða afleiðingar

slík niðurstaða hefur á frekari samningaumleitunir. Sumir telja að samningsstaða Íslands muni styrkjast en aðrir óttast að fenginn árangur í viðræðum síðustu vikna verði fyrir bí.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafnar því í viðtali við Fréttablaðið í dag að atkvæðagreiðslan sé marklaus, líkt og leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna hafa haldið fram. Þá segir hann að ákvörðun hans um að vísa málinu til þjóðarinnar hafi skilað því að nú séu allir, jafnt íslendingar sem viðsemjendur þeirra, sammála um að Icesave-samkomulagið frá því í fyrra hafi ekki verið sanngjarnt.

Markmið atkvæðagreiðslunnar er að fá fram afstöðu þjóðarinnar til laga nr. 1/2010 eins og stjórnarskráin mælir fyrir um. Á kjör-

seðli verður spurt hvort lögin eigi að halda gildi eða falla úr gildi. Meirihluti atkvæða af landinu öllu ræður úrslitum og vægi atkvæða er jafnt. Ef meirihluti svarar játandi halda lögin gildi sínu. Ef meirihluti svarar neitandi falla lögin úr gildi.

Kjörstaðir verða víðast hvar opnaðir klukkan níu í dag og stendur kjörfundur til tíu í kvöld. Fljótlega eftir tíu er fyrstu talna að vænta. Sjónvarpið sendir út sérstakan fréttatíma vegna talningarinnar.

Í gærkvöldi höfðu ríflega tólf þúsund manns greitt atkvæði utan kjörfundar. Það er svipaður fjöldi og kaus utan kjörfundar fyrir alþingiskosningarnar í fyrra. Þá var heildarkjörsókn um 85 prósent.

- bps, kóp, sh / sjá síðu 2

Sveppi brýtur blað: Íslensk kvikmynd í þrívídd

FÓLK Bragi Þór Hinriksson og Sverrir Þór Sverrisson ætla að brjóta blað í íslenskrri kvikmyndasögu með því að taka næstu mynd um Sveppa og ævintýri hans í þrívídd.

Þetta verður í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd verður tekin á þennan hátt.

- fgg / sjá síðu 70

73,8%

23,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 - janúar 2010.

-kíktu í pylsu og kók

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Egill Arnason™

PARKET DAGAR

Baltic Wood

Ármúla 8 | Sími: 595 0500



Kalli Bjarni, ætlið þið að leika fyrir sauðsvartan almúgann?

„Já, en við verðum ljúfir sem lömb.“

Tónlistarmennirnir Kalli Bjarni og Einar Ágúst Víðisson troða upp saman eftir viku undir nafninu Svörtu sauðirnir.

Viðskiptaráðherra segir að bíða verði niðurstöðu Hæstaréttar um erlend lán:

Ríkið gæti skapað sér bótaskyldu

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld verða, líkt og aðrir, að bíða niðurstöðu Hæstaréttar um lögmæti gengisbundinna lána, að sögn Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. „Það er eitt-hvað hægt að liðka fyrir niðurstöðu, en það er ekkert til sem heitir flýti-meðferð fyrir Hæstarétti,“ segir hann og kveður því svigrúm til að flýta niðurstöðu afar takmarkað.

„Erfitt er að sjá að nokkur leið sé til þess að löggjafar- eða framkvæmdarvaldið stökki fram fyrir og grípi í raun fram fyrir hendurnar á dómstólum sem eiga að skera úr



GYLFI MAGNÚSSON

um réttaróvissu. Það væri varla til bóta og gæti búið til hættu á því að ríkisvaldið lenti með þetta allt í fanginu og þyrfti að greiða háar fjárhæðir í bætur ef það tæki rétt annaðhvort af þeim sem hafa tekið eða hafa veitt slík lán.“

Gylfi bendir á að á meðan niðurstöðu sé beðið geti fólk nýtt sér þau

úrreiði sem standi til bóta og eiga að lækka greiðslubyrði lána sem tekin voru í erlendri mynt. „Og fara kannski í sumum tilfellum mjög nærri því að gera hana svipaða og yrði ef dómur fellur þannig að hann geri þessi lán ólögmæt.“

Gylfi segir svo annan handlegg hvort stjórnvöld verði tilbúin með leiðir til úrlausnar eftir því hver niðurstaða Hæstaréttar verður, að svo miklu leyti sem það standi upp á löggjafar- eða framkvæmdarvaldið. „Það er vitaskuld hægt að skoða þau mál.“

- óká

Ungur Íslendingur í haldi: Grunaður um morð í Horsens

DANMÖRK Tuttugu og þriggja ára maður af íslenskum ættum situr nú í gæsluvarðhaldi í Danmörku grunaður um morð á rúmlega fertugri konu. Konan var inni í húsi sínu í útjæðri borgarinnar Horsens þegar skotið var á hana inn um glugga á þriðjudag.

Maðurinn var handtekinn daginn eftir og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í gær var svo danskur maður um þrítugt handtekinn grunaður um tengsl við málið. Maðurinn er alinn upp í Danmörku og sagður hafa þekkt fórnarlambið úr undirheimum Danmerkur. - sh



LEIDDUR ÚT Sérsvaitarmenn leiddu Ramos út úr hegningarhúsinu snemma í gærmorgun og fluttu hann rakleidis til Brasilíu.

Brasilíski lýtalæknirinn farinn: Sérsvaitarmenn sóttu Ramos

LÖGREGLUMÁL Brasilískir sérsvaitarmenn sóttu gæsluvarðhalds-fangann Hosmany Ramos hingað til lands í gær. Þeir fylgdu honum til Brasilíu þar sem hann heldur áfram afplánum á ellefu árum sem hann á eftir af 25 ára fangelsisvist sem hann var dæmdur til á sínum tíma fyrir mannrán, rán og fleiri alvarleg brot.

Sérsvaitarmennirnir sóttu Ramos í hegningarhúsið við Skólavörðustíg um sexleytið í gærmorgun og fóru með hann beint út á Keflavíkurflugvöll. Honum skaut upp hér á landi í ágúst í fyrra. Hann var þá eftirlýstur af Interpol þar sem hann hafði ekki skilað sér aftur í fangelsið í Brasilíu úr jólaaleyfi. - jss

EVROPA

Óbreyttir stýrivextir

Seðlabankar Evrópu og Englands ákváðu báðir í vikunni að halda stýrivöxtum óbreyttum að sinni. Stýrivextir Englandsbanka standa í hálfu prósentni en á evrusvæðinu í einu prósentu.

INDLANDSHAF

Norsku olíuskipi rænt

Sjóráningjar náðu norska olíuflutningaskipinu UBT Ocean á sitt vald undan strönd Madagaskar í gær. Skipinu er nú siglt í átt að Sómaliu.

Allir sammála um ósannngirni laganna

Forseti Íslands hafnar því að þjóðaratkvæðagreiðslan í dag sé marklaus. Ákveði þjóðin ekki að afnema Icesave-lögin haldi þau gildi og verði þá hin endanlega niðurstaða. „Það er nú varla hægt að hafa djúpstæðari merkingu,“ segir hann.

ÞJÓÐARATKVÆÐI Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, segir þá ákvörðun sína að skjóta Icesave-málinu til þjóðarinnar hafa skilið að þeim árangri að allir séu nú sammála um það að Icesave-samkomulagið sem gert var í fyrra hafi verið ósannngjarnt.

Ólafur ætlar að mæta á kjörstað og greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-lögin í dag. „Það er í samræmi við þá skoðun mína að kosningarétturinn er helgasti réttur hins lýðræðislega samfélags og sá grundvöllur sem það hvílir á,“ segir hann.

Ýmsir, meðal annars leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna, hafa lýst atkvæðagreiðslunni sem marklausri, einkum í ljósi þess að nú standi yfir viðræður við Breta og Hollendinga um hagstæðari samning. Bæði Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon hafa lýst því yfir að þau muni ekki mæta á kjörstað í dag.

Ólafur segist ekki ætla að blanda sér mikið inn í þá umræðu. „Hins vegar hefur þessi þjóðaratkvæðagreiðsla alveg afdráttarlausu og skýra stöðu í stjórnskipun lýðveldisins,“ segir hann. „Icesave-lögin tóku gildi, í samræmi við 26. grein stjórnarskrárinnar, í byrjun árs. Ef þjóðin ákveður ekki að afnema þau í atkvæðagreiðslunni á morgun þá munu þau gilda áfram og vera endanleg niðurstaða málsins. Það hefur ekkert frumvarp komið fram á Alþingi um að fella þessi lög úr gildi svo að það er eðli atkvæðagreiðslunnar á morgun að ákveða hvort þessi lög gilda eða ekki. Það er nú varla hægt að hafa djúpstæðari merkingu.“



KÝS Í DAG Ólafur Ragnar Grímsson segir ákvörðun sína um að synja lögnum staðfestingar og vísa þeim til þjóðarinnar hafa skilað því að viðsemjendur Íslands hafi þokast í átt að eðlilegum og viðráðanlegum samningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta sé algjörlega óháð því hvað gerst hafi í samningaviðræðunum. „Hitt er hins vegar ánægjulegt að ákvörðunin um þjóðaratkvæðagreiðslu og stuðningur þjóðarinnar við hana hefur orðið til þess að viðsemjendur Íslands hafa þokast mjög í þá átt að hægt sé að ná samningi sem talinn er eðlilegur og viðráðanlegur. Og það er ekki lítill árangur í sjálfu sér.“

Ólafur segist hafa verið ósammála þeim svartsýnu spám sem settar voru fram eftir að hann tók ákvörðun sína í byrjun janúar. Því hefði meðal annars verið spáð að Bretar og Hollendingar segðu sig

frá málinu og skildu Íslendinga eina eftir.

„Ég hafði enga trú á því vegna þess að ég taldi að skilningur þessara gömlu lýðræðisríkja á mikilvægi hins lýðræðislega réttar íslensku þjóðarinnar væri slíkur að menn myndu taka mið af því og átta sig þá á því, eins og gerst hefur á undanförunum vikum, að það samkomulag sem gert var á síðastliðnu ári væri ekki sannngjarnt. Enda er það komið í ljós í þessu samningaferli á síðustu vikum að það eru allir sammála um það – Bretar, Hollendingar og samninganefnd Íslands – að það var ekki sannngjarnt.“

stigur@frettabladid.is

Óbreytt staða hjá AGS:

Óvissa um fjármögnun tefur

EFNAHAGSMÁL „Staða mála á Íslandi er nokkurn veginn óbreytt frá því sem verið hefur. Viðræður halda áfram,“ sagði Caroline Atkinson, forstöðumaður ytri samskipta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) á reglubundnum upplýsingafundi í vikulokin.

Atkinson áréttaði að sem fyrr væri samkomulag um Icesave ekki skilyrði AGS fyrir því að haldið yrði áfram með efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. „En við þurfum að fá staðfesta fjármögnun áætlunarinnar svo hún fái haldið áfram,“ sagði hún og kvað sjóðinn að sinni ekkert geta sagt um möguleg áhrif niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. - óká

Viðbrögð vegna Guðbjarna:

Aukinn viðbúnaður eftir flóttu

FANGELSISMÁL „Hér eftir munum við láta landamæraeftirlit vita af dagsleyfum fanga,“ segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, spurður um viðbrögð fangelsismálayfirvalda við flóttu Guðbjarna Traustasonar, fanga á Litla-Hrauni.

Guðbjarni var á flóttu undan lögreglu í rétt tæpa viku. Hann gaf sig svo fram við fangelsið á Litla-Hrauni í fyrrkvöld. Hann var þá staddur í Reykjavík. Páll segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort reglur um dagsleyfi fanga verði hertar í kjölfar flóttu Guðbjarna. - jss

MENNING

Börn leidd um Þjóðminjasafnið

Níu til tólf ára börnum verður boðið upp á leiðsögn í Þjóðminjasafninu á sunnudag klukkan tvö. Þar verður sýningin Endurfundur skoðuð, þar sem sjá má alls kyns áhugaverða gripi sem fundist hafa við fornleifaruppröft á Íslandi.

Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá Rafsól skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlánir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, húseigendum að kostnaðarlausu.

Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!

Upplýsingar í síma:
696 5600
rafsol@rafsol.is

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

95% af kostnaði vegna tannviðgerða og -réttinga vegna fæðingargalla endurgreidd:


Stórt skref stigið í réttlætisátt

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef tekið af öll tvímæli með nýrri reglugerð að þessi hópur á rétt á 95 prósentu endurgreiðslu frá ríkinu,“ segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sem undirritaði í gær nýja reglugerð um aukna þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannrétt-ingakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa.

Kostnaður vegna ákvörðunarinnar er áætlaður um 140 milljónir króna í ár. Gamla fyrirkomulagið fól í sér að greitt var hlutfall af gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands sem ekki hefur verið uppfærð í samræmi við verðlagsbreytingar.

Því var breytt með reglugerð um síðustu áramót en hún þótti misheppnuð að mati aðstandenda og tannlækna.

„Þetta er klárlega stórt skref í réttarbotum og virðingarverð lagfæring,“ segir Árni Stefánsson, stjórnarmaður í Breiðum brosum, samtökum aðstandenda barna með skarð í vör eða gömi. Árni vildi þó hafa allan vara á þar til hann hefur skoðað reglugerðina en ákvæði hennar munu gilda fyrir hópinn frá 1. janúar síðastliðnum. „Við höfum auð-



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

ÁRNI STEFÁNSSON

vitað barist fyrir fullri endurgreiðslu en 95 prósent er mjög gott.“

Árlega fæðast um ellefu börn með skarð í vör eða göm en auk þeirra nær reglugerðin til þeirra sem vantar í tennur vegna fæðingargalla eða lenda í slysi sem tryggingar ná ekki yfir, alls um 80 manns á ári hverju. - sbt

Kringlan

Opíð 10-18

Ferming í aðsigi?

Kjólar, kerti og kransakökur,
allt sem þarf fyrir myndatökur.



GENGIÐ 05.03.2010

| GJALDMÍÐLAR | KAUP SALA |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 127,68 128,28 |
| Sterlingspund | 91,96 192,90 |
| Evra | 173,48 174,46 |
| Dönsk króna | 23,308 23,444 |
| Norsk króna | 21,554 21,680 |
| Sænsk króna | 17,862 17,966 |
| Japanskt jen | 1,4291 1,4375 |

SDR 195,38 196,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
229,3943

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Á PENTAGON-STÖÐINI Byssumaðurinn lét sjálfur lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skotárás við Pentagon:

Tveir lögreglumenn myrtir

BANDARÍKIN, AP John Patrick Bedell, 36 ára gamall maður frá Kaliforníu, varð tveimur lögreglumönnum að bana á Pentagon-jarðlestastöðinni í Washington-borg í gær.

Maðurinn dró upp byssu og skaut á lögreglumennina við innanganginn að samnefndri byggingu bandaríska varnarmálaráðuneytisins, þar sem öryggisgæsla er ströng. Árásarmaðurinn lét sjálfur af skotsársum. - gb

Bætur vegna bankahruns:

Bótamál metin þegar skýrslan er komin út

STJÓRNSÝSLA Enn er unnið að athugunum á vegum stjórnvalda á því hvort unnt sé að sækja skaðabætur á hendur þeim sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og almenningi fjárhagslegu tjóni með athöfnunum sínum í aðdraganda bankahrunsins.

Starfshópur stjórnvalda bíður nú skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Vísendingar eru taldar vera þar um hvar bera skuli niður eða hvort yfirleitt sé grundvöllur til að höfða skaðabótamál. Í kjölfarið á að meta næstu skref af „fullum krafti“ eins og viðmælandi blaðsins orðaði það. - bps

Leikskólaráð ákveður að endurskoða afnám systkinaforgangs í Reykjavík:

Flóð kvartana frá foreldrum

SKÓLAMÁL Leikskólaráð Reykjavíkurborgar mun endurskoða ákvörðun sína um að afnema systkinaforgang á leikskólum borgarinnar. Er þetta gert að tillogu Oddnýjar Sturludóttur, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar.

„Undanfarin ár höfum við borgarfulltrúar, sérstaklega fulltrúar í leikskólaráði, varla fengið fleiri kvartanir frá foreldrum um neitt einstakt mál en afnám systkinaforgangs. Nú hefur áfangasigur náðst í því máli því leikskólaráð hefur ákveðið að endurskoða þá ákvörðun,“ segir Oddný.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Systkinaforgangur var afnuminn árið 2008 með þeim rökum að jafnræðisreglan væri brotin, en systkinaforgangur þýðir að yngri börn eru tekin inn á undan eldri börnum, eigi þau systkini á leikskólanum.

Sviðsstjóra leikskólasviðs verður falið að leita álits borgarlög-

manns á réttmæti systkinaforgangsins og í kjölfarið leggja fyrir ráðið tillögur um hvernig hægt sé að koma til móts við foreldra sem eiga fleiri en eitt barn á leikskólaaldri.

Oddný segir þetta vera mikið hagsmunamál fyrir foreldra. „Á það hefur verið bent að það er harla ósanngjarnt að foreldrar keyri með lítil börn á tvo mismunandi staði í borginni. Það er í senn mikið álag á börnin og fjölskyldulífið í heild, auk þess sem það er ekki umhverfisvænt.“

- shá

Úttekt Ríkisendurskoðunar:

Gerviverktaka Fasteignaskrár

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við aðkeypta tölvuþjónustu Fasteignaskrár og segir hana bera öll merki þess að vera gerviverktaka.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Fasteignaskrá greiddi 102 milljónir fyrir tölvuþjónustu á árunum 2000 til 2009. Forstöðumaður tölvudeildar Fasteignaskrár var ekki starfsmaður heldur verktaki, en hafði engu að síður starfsstöð og viðveruskyldu. Verktakasamningnum hefur verið sagt upp og staðan auglýst. - bj

Óvíst að gjósi þótt atburðarásin sé hröð í Eyjafjallajökli

Komi til goss gera áætlanir ráð fyrir umferðartakmörkunum. Viðbúnaður snýr aðallega að flóðahættu og flugumferð. Skjálftahrinan er vegna kvikuhreyfinga. Undir Eyjafjöllum hefur fólk ekki fundið skjálftana.


JARÐHRÆRINGAR Fyrsta háskastig viðbragðsáætlunar Almanna-óvissustig, var virkjað í gærmorgun vegna aukinnar skjálftavirkni í Eyjafjallajökli. Fólk á bæjum undir Eyjafjöllum hefur þó ekki orðið óróans vart og ekkert verið rætt við íbúa um rýmingu.

Komi til goss verða önnur stig viðbragðsáætlunar virkjuð og gæti þá jafnvel komið til umferðartakmarkana, að sögn Víðis Reynissonar, deildarstjóra almanna- og varnardeildar Ríkislögreglustjóra.

Síðustu daga hefur verið viðvarandi skjálftavirkni í Eyjafjallajökli með fjölda smáskjálfta, en nokkrir hafa þó verið af stærðinni tveir til þrjár á Richter.

Í tilkynningu sem Almanna- og varnarmálaráðgjafi segir að óvissustig viðbragðsáætlunar einkennist af því að atburðarás sé hafin og ætla megi að hún geti leitt til þess að öryggi fólks og/eða byggðar verði stefnt í hættu.

Þegar Hekla gaus síðast hlutust af nokkur vandræði þegar fólk flyktist af stað til að líta gosið augum á vanbúnum bílum. Víðir Reynisson segir það háð mati hvort komi til takmarkana á umferð og þá hvar. Ólíklegt sé að borginni verði lokað við



Mynd af austur-vestur þversniði eldstöðva í Eyjafjallajökli og Kötlu, unnin upp úr nýlegri skýrslu um eldstöðvarnar. Sjá má kvikuinnskot undir Eyjafjallajökli, kvikuhólf undir Kötlu, og súra kvikugúla við Kötlu og Goðabungu, en í þeim er fremur köld og seig hraunkvika.

Rauðavatn, nema þá að stórkostleg vandræði verði við að koma hjálparsevitum eða búnaði á staðinn. „Algjör lokun yrði nú líklega frekar austarlega. En ef umferð væri farin að hamla umferð viðbragðsaðila þá gæti komið til frekari lokana og svo sem til áætlanir þar um,“ segir hann.

Viðbúnaðaráætlanir Almanna- og varnardeildar Ríkislögreglustjóra eru misumfangsmiklar. Núna segir Víðir líklegast að ekki komi til goss, heldur sé bara um kvikuinnskot að ræða sem ekki ná til yfirborðsins.

„Áætlanir vegna Heklu og Grímsvatna eru til dæmis ekki

mjög umfangsmiklar því áhrif af gosunum á líf og heilsu manna eru ekki stórkostleg. En bæði í Eyjafjallajökli og Mýrdalsjökli verða gos þar sem er flóðahætta Af þeim er bráðahætta og þarf að rýma byggð í hlaupfarvegum. Svo koma inn í flugumferð og almenn umferð og slíkir hlutir sem gæta þarf að þegar gos verða.“ Sem dæmi nefnir Víðir að þegar gaus í Grímsvötnum árið 2005 hafi um tíma lokast hefðbundin flugleið milli Evrópu og Ameríku norðanlands vegna ösku í háloftunum.

Páll Einarsson, próffessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir skjálftana í Eyjafalla-


jökli tilkomna vegna tilfærslu á hraunkviku. „Þessi atburðarás er mjög hröð og þetta gæti alveg orðið að gosi, þótt kannski sé öllu líklegra að þetta nái ekki upp á yfirborðið,“ segir hann. Hins vegar fylgi kvikutilfærslunni nú meiri jarðskjálftar en áður hafi þekkt, segir Páll. „Þetta hefur gerst þrisvar áður og þá fylgdu minni skjálftar.“ Páll segir að 1999 hafi orðið kvikuinnskot sem hafi verið um helmingi stærra en það sem nú sé orðið, en því hafi fylgt minni skjálftar. „En þetta er svo sem í fullum gangi og veit enginn hvað það verður á endanum stórt.“ olikr@frettabladid.is

VEÐURSPÁ



VINDASAMUR KOSNINGADAGUR Það verður hvasst á landinu í dag einkum norðvestan- og suðaustanlands og sums staðar mikil úrkoma um sunnan- og vestanvert landið. Veðrið batnar til muna þegar kemur fram á morgundaginn.

Á MORGUN: Víðast 5-10 m/s en hvassara SA-lands.



HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Alicante | 11° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 6° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 9° |
| Orlando | 19° |
| Ósló | -4° |
| París | 6° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Salmurinn um glimmer

söguljóð

Auður Ava Ólafsdóttir

því fegurðin
bjargar heiminum

TAX FREE

AF INNIMÁLNINGU

AÐEINS
ÞESSA
HELGI!



17.900
~~25.900~~

Prekhjól
3899530



11.995

Örbylgjuofn
800W, 20 ltr.
1840909

ÚTIVISTARFATNAÐUR
úlpur, flíspeysur,
gönguskór,
skíðahanskar,
sokkar og fl.

FRÁ
25%
AFSLÁTTUR



Smurbrauðsveisla
í Skútuvogi alla helgina

290 kr/stk



MARGAR
GERÐIR



VERÐ FRÁ
14.995

Sóðavatnsvél
þýsk gæðavara,
falleg hönnun
og frábært verð
1841204

Wasser
Maxx

1200
snúninga

89.900
~~114.900~~

Pvottavél
1805455

Electrolux
5 ára ábyrgð

Tekur
6 kg

86.900
~~109.900~~

Purrkari
1805461



HÚSASMIÐJAN



Fylgdist þú með Reykjavíkurskákómótinu?

JÁ 5,3%
NEI 94,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Átt þú von á eldgos í Eyjafjallajökli?

Segðu skoðun þína á vísiris



Samstarfssamningur um Landsmót hestamanna 2012 undirritaður:

Landsmótið verður í Reykjavík

HESTAMENNSKA „Ég vona að þetta verði til góðs fyrir hestamennskuna í landinu,“ segir Haraldur Þórarinnsson, formaður Landssambands hestamannafélaga.

Hestamannafélagið Fákur og landssambandið undirrituðu í gær samstarfssamning um að Landsmót hestamanna árið 2012 yrði haldið á félagssvæði Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

Landsmót eru haldin á tveggja ára fresti og verður landsmót haldið í Reykjavík dagana 24. júní til 1. júlí 2012 á 90 ára afmæli Hestamannafélagsins Fáks. Landsmót



SAMNINGUR Í HÖFN Þeir undirrituðu landsmótssamninginn, f.v. Sigurður Evarsson, Haraldur Þórarinnsson, formaður LH, Kjartan Magnússon og Bjarni Finnsson, formaður Fáks.

draga að sér mikinn fjölda innlendra sem erlendra gesta og á síðasta Landsmóti voru um 14 þúsund

gestir og 1.100 hross skráð til leiks svo það má búast við mikilli hátíð, því Íslenski hesturinn skipar stóran sess í hjörtum margra. Ætla má að tíundi hver Íslendingur stundi hestamennsku með reglubundnum hætti og fimmti hver erlendir ferðamaður sem kemur til landsins fer á hestbak, að því er fram kemur hjá Landssambandi hestamannafélaga.

Hestamannafélagið Fákur og Landsmót ehf. munu hefja undirbúning að mótnu á vordögum og stefna á að halda glæsilegt Landsmót fyrir hestamenn og gesti. - jss

Misnotaði átta ára telpu:

Þyngdi dóm yfir barnaníðingi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlku. Hún var átta ára þegar hann braut gegn henni. Með dómi sínum nú þyngdi Hæstiréttur dóm Héraðsdóms um þrjá mánuði.

Hæstiréttur sagði brot mannsins mjög alvarleg. Þau hefðu beinst gegn ungrri telpu sem honum hefði verið falið að gæta og í stað þess að veita henni skjól hefði hann beitt hana grófu kynferðisofbeldi. - jss

VBS réð ekki við lága vexti ríkisláns

Annar af tveimur bönkum sem fékk tugmilljarða lán vegna skuldar við Seðlabankann átti ekki fyrir afborgun vaxta í desember. Eignir bankans eru að mestu bundnar í lóðum sem vonlaust er að selja við núverandi aðstæður.

VIBSKIPTI VBS fjárfestingarbanki átti aðeins að borga í kringum hálfan milljarð króna í vaxtagreiðslu af 26,4 milljarða króna láni frá ríkinu vegna endurhverfra viðskipta hans við Seðlabankann. Hann réð ekki við greiðsluna í desember og varð úr að FME tók yfir stjórn bankans til bráðabirgða í vikunni.

Jón Þórisson, forstjóri VBS, segir bankann hafa átt fyrir afborguninni enda með 3,5 milljarða króna inni á reikningi hjá Seðlabankanum. Með samþykki Seðlabankans hafi verið ákveðið að nýta ekki féð heldur fresta vaxtagreiðslu. „En í augnablikinu hefði rekstur bankans ekki ráðið við afborganir af láninu,“ segir hann og bendir á að stjórnarskiptin hafi verið liður í endurskipulagningu VBS að undirlagi Seðlabankans.

Lánið er til sjö ára á tveggja prósentu verðtrygðum vöxtum og átti aðeins að greiða vexti fram undir lok næsta árs en þá bætast afborganir við. Kröfu Seðlabankans á hendur Saga Capital var breytt í lán á sambærilegum kjörum. Lánin voru veitt í mars í fyrra og höfðu bankarnir tvo valkosti: taka boðinu eða hafna því. Fjármálaráðuneytið taldi fyrri kostinn auka líkurnar á fullum heimum.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í vikunni lánaði VBS að mestu til fasteignatengdra verkefna, sumra sem ekkert varð úr. Bankinn hefur síðastliðin tvö ár þurft að taka til sín nokkurt magn lóða, svo sem á Suðurlandi, upp í skuldir og sat á miklu fasteignasafni þegar gjalddaginn rann upp. Erfitt reyndist að losa um eignir og skorti VBS því laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.



JÓN ÞÓRISSON Forstjóri VBS segir bankann hafa átt nægt fé til að greiða vexti af 26 milljarða króna láni í desember. Rekstrartekjur dugðu hins vegar ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÓLÍKIR BANKAR

Fjármálaráðuneytið gaf Saga Capital kost á að fá fimmtán milljarða króna lán vegna skuldar við Seðlabankann á sambærilegum kjörum og VBS í mars fyrra. Fjárfestingarbankinn Saga Capital er ólíkur VBS að því leyti að hann einbeitt sér að fyrirtækjamaða, skuldbréfaútgáfu til sveitarfélaga og hálfopinberra aðila en ekki að fasteignalánamaða.

Rekstri Saga Capital var skipt í tvennt seint á síðasta ári, útlánasafn fært niður um 43 prósent og stór hluti eigna og skulda færður inn í eignarhaldsfélagið Hildu. Þangað fór lánið frá Seðlabankanum og er horft til þess að eignir þar standi undir afborgunum lánsins.

Saga Capital greiddi 450 milljónir króna upp í lánið í desember í fyrra. Þá er þess vænt að eftir um fjögur ár hafi kröfur Saga Capital á hendur föllu bönkunum skilað sér. Heimtur og lausafé fara í afborganir lánsins, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

EKKI liggur fyrir hvort hægt verði að rifta skiptingu Saga Capital í fyrra standi Hilda ekki við skuldbindingar sínar.

Mál VBS er í vinnslu innan Seðlabankans, sem leitar eftir því að hámarka verðmæti krafna sinna. Krafan á VBS fer líklega inn í Eignasafn Seðlabankans, sem

sett var á laggirnar um áramótin og heldur utan um kröfur á hendur fjármálafyrirtækjum sem falla bankanum í skaut.

- ja

sköpun | snerpa | samstarf | mannauður

Sköpun án landamæra

Velkomin á ársfund
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fimmtudaginn 11. mars 2010
Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrá

08:00 Léttur morgunverður

08:30 Ávarp

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

Fjölbreytni tegundanna

Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Fréttir af frumkvöðlum

Sigríður Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar og fulltrúar fyrirtækjanna *Maximus Musicus*, *Medical Algorithms*, *Dexoris*, *Vistvæn orka* og *Remake Electric*

Skapandi atvinnugreinar og menningarhagfræði

Ágúst Einarsson rektor Háskólans á Bifröst

Listir sem þróunarmiðstöð sköpunar

Ása Richardsdóttir framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins

Sigtryggur Baldursson flytur nýtt verk

Hugbúnaðarþjónusta til leigu á veraldarvef

Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri TrackWell

Matarupplifun og skapandi menning í ferðaþjónustu

Rósa Björk Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls

Orkusprotar

Bjarni Ellert Ísleifsson verkefnisstjóri á Nýsköpunarmiðstöð

Kolefniskapphlaupið í Masdar City

Ólafur Wallevik próf. og forstöðumaður grunnrannsóknna á Nýsköpunarmiðstöð

Virkjun afls og hugar á Vestfjörðum

Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri Atvest

Eldfastar afleiður

Guðbjörg Óskarsdóttir verkefnisstjóri á Nýsköpunarmiðstöð

10:45 Lok ársfundar

Fundarstjóri:

Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á nmi@nmi.is.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga telur skuldir Borgarbyggðar yfir viðunandi mörkum: Leigan fyrir skólann að sliga bæinn

SVEITARFÉLÖG 1.700 milljóna króna leiguskuldbindingar Borgarbyggðar vegna Menntaskóla Borgarfjarðar valda sveitarfélaginu miklum erfiðleikum.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sent sveitarstjórninni bréf, þar sem segir að þessar skuldbindingar valdi mestu um að skuldir og skuldbindingar Borgarbyggðar eru yfir viðunandi mörkum.

Í bréfinu kemur fram að sveitarstjórnin vinni að því að ljúka samningum um framtíð mennta- og menningarhúss bæjarins.

Það er í eigu Menntaborgar, einkahlutafélags sem sveitarfélagið og Sparisjóður Mýrasýslu stofnuðu árið 2006. Félaginu var lagt til 150 milljóna hlutfé til að byggja húsnæði undir framhaldsskóla í Borgarnesi og sjá um rekstur þess. Skuldbindingar sveitarfélagsins tengdar þessu námu um 1.700 milljónum króna síðastliðið vor, að mati KPMG.

„EFS telur mikilvægt að allri óvissu vegna þess máls verði eytt svo fljótt sem auðið er og unnið verði markvisst að því að lækka skuldabyrði sveitarfélags-



MENNTABORG Borgarbyggð tók á sig gengistryggðar skuldbindingar til að tryggja rekstur menntaskóla í sveitarfélaginu.

ins,“ segir í bréfinu, sem EFS sendi á miðvikudag.

Eftirlitsnefndin hyggst fylgjast með fjármálum sveitarfélagsins og kallar eftir ársfjórðungslegum reikningsskílum um hvernig reksturinn samræmist fjárhagsáætlun ársins. Hún gerir ráð fyrir hallausum rekstri Borgarbyggðar þetta árið. - ps

Brúðkaups- og Rósasýning Garðheima

SEGJUM *já* VIÐ RÓSUM!

25%

afsláttur af öllum rósam um helgina!

er um helgina

25%

Bókið brúðkaupið um helgina og fáðið 25 % afslátt af brúðarvendinum, skreytingum og öðru fyrir brúðkaupið í Garðheimum.

LUKKUPOTTAR:

á Rósasýningu:

heppnir rósaunnendur fá gjafabréf fyrir glæsilegum rósavöndum!

á Brúðkaupssýningu:

fjöldi vinninga fyrir verðandi brúðhjón!

Dagskrá laugardag og sunnudag:

14.00 SÖNGATRÍÐI: Soffía og Guðrún Árný Karlsdætur kynna lög sem fara vel í brúðkaupi.

14.30 TÍSKUSÝNING frá STÍLL kvenfataverslun: Fallegur fatnaður fyrir mömmurnar – og þær sem vilja heldur...

15.00 TÍSKUSÝNING á brúðarkjólum frá BRÚÐARKJÓLALEIGU LÍNU OG LILJU. Sýningarstúlkurnar bera brúðarvendi hannaða af blómaskreytum Garðheima.



Soffía og Guðrún Árný

15.45 Dregið úr BRÚÐHJÓNALUKKUPOTTI með glæsilegum vinningum.


16.00 SÖNGATRÍÐI: Soffía og Guðrún Árný Karlsdætur kynna lög sem fara vel í brúðkaupi.



Brúðkaupssýningin stendur frá kl. 13.00 – 17.00 báða dagana

Rósasýningin stendur frá kl. 10.00 – 21.00 báða dagana

Við spörum ykkur sporin í veisluundirbúningnum og gefum ykkur kost á að kynnst þjónustu samstarfsaðila okkar sem verða m.a



GARÐHEIMAR
10 ára!

Óskast í 101 Reykjavík Einbýlishús

Staðgreiðsla fyrir vandað hús á góðum stað
Svar sendist á hus101reykjavik@gmail.com

TANAÐUR Í DRASL

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HETTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlækniseimbættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermyngarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.

FTR.

Framboð í trúnaðarstöður

Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til mánudagsins 12. apríl kl. 12 á hádegi.

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2010

Stjórn FTR

ftr.is



SELTJARNARNES

Auglýsir eftir stuðningsfulltrúa í Grunnskóla Seltjarnarnes um 75% stöðugildi er að ræða.

Óskað er eftir að ráða stuðningsfulltrúa sem hefur m.a. umsjón með börnum með þroskafrávik, aðstoðar í kennslustundum og hefur frumkvæði að leikjum með nemendum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kostur að hafa lokið stuðningsfulltrúanámi
- Samstarfshæfni, stundvísi, sveigjanleiki og frumkvæði
- Þekkir til starfsemi grunnskóla
- Hefur reynslu eða áhuga á að vinna með börnum
- Kostur að hafa þjálfað eða æft íþróttir

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2010

Á Seltjarnarnesi eru um 600 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Nánari upplýsingar fást hjá, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur aðstoðarskólalastjóra í síma 5959 200 eða með tölvupósti á netfangið helgakr@seltjarnarnes.is

Fræðslu-, menningar- og þróunarsvið Seltjarnarnesbæjar

www.grunnskoli.is

Gordon Brown í yfirheyrslum rannsóknarnefndar um Íraksstríðið:

Stendur enn við ákvörðunina

BRETLAND, AP „Enginn vill fara í stríð, enginn vill horfa upp á saklaust fólk deyja,“ sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, í yfirheyrslu hjá breskri rannsóknarnefnd í gær. Engu að síður sagðist hann sannfærður um að það hefði verið rétt ákvörðun að senda breska hermenn til Íraks vorið 2003.

„Ég held að það hafi verið rétt ákvörðun og byggð á réttum forsendum,“ sagði Brown, sem var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Tony Blair þegar sú ákvörðun var tekin. Hann sagði það þó ekki hafa verið stefnu breska ríkisins að fara í stríð

til þess að steypa Saddam Hussein af stóli, jafnvel þótt Tony Blair hafi í yfirheyrslum hjá sömu nefnd sagt innrásina í Írak réttlætana vegna þess að með henni hafi verið bundinn endi á stjórnartíð Saddams. Stríð hafi hins vegar verið eini kosturinn þegar allir aðrir höfðu verið reyndir til að fá Íraka til að verða við kröfum Sameinuðu þjóðanna.

Brown beindi hins vegar spjótum sínum að Bandaríkjamönnum, og kenndi þeim um þau mistök sem gerð hafi verið við uppbyggingu í Írak eftir innrásina.



GORDON BROWN Forsætisráðherrann á leið til yfirheyrslu. NORDICPHOTOS/AFP

Kosið um virkjun í Flóahreppi í vor

Unnið er að nýju framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Flóahreppi í vor. Aðstandendur framboðsins eru ósáttir við afstöðu sveitarstjórnarinnar til virkjunar í Þjórsá. Kosningarnar gætu snúist að mestu um afstöðu til virkjunarinnar.

KOSNINGAR Líklegt þykir að stuðningur sitjandi sveitarstjórnar við fyrirhugaða Urriðafossvirkjun í Þjórsá verði stærsta kosningamálið í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi í vor, enda verður virkjunin vart komin á aðalskipulag fyrir kosningar.

„Það stefnir í að það verði óbeint kosið um þetta mál,“ segir Almar Sigurðsson, bóndi á Lambastöðum, og einn aðstandenda nýs framboðs sem nú er í burðarliðnum.

Ekki er enn ljóst hvort hópurinn sem stendur að framboðinu nær að setja fram lista fyrir kosningarnar, en Almar segir það líklega skýrast á fundi í næstu viku.

Nýju aðalskipulagi Flóahrepps, þar sem gert var ráð fyrir Urriðafossvirkjun, var nýverið hafnað af Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, þar sem Landsvirkjun hafði greitt kostnað vegna skipulagsins.

Það þýðir að leggja þarf í vinnu við nýtt skipulag, sem afar hæpið er að takist að klára fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Það mun því koma í hlut nýrrar sveitarstjórnar að ákveða endanlega hvort virkjunin kemst á aðalskipulagið eða ekki.

„Eins og þessi mál liggja við mér ætlaði sveitarstjórnin að þvinga virkjunina í gegnum kerfið gegn vilja íbúa,“ segir Almar. Í ljós hafi komið strax árið 2007 að meirihluti kjósenda í hreppnum sé andvígur virkjuninni. Því sé sveitarstjórnin að vinna gegn vilja meirihluta íbúa sveitarfélagsins.

„Það eru töluverðar líkur á að þetta verði eitt af kosningamálum,“ segir Aðalsteinn Sveinsson, oddviti hreppstjórnar Flóahrepps. Vonandi verði þetta þó ekki eina málið sem verði rætt fyrir kosning-



URRIÐAFOSS Tæplega 400 kosningabærir íbúar í Flóahreppi munu að einhverju leyti kjósa í sveitarstjórnarkosningum í vor eftir afstöðu þeirra til fyrirhugaðar virkjunar Landsvirkjunar við Urriðafoss í Þjórsá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVEITARSTJÓRNIN FYLGJANDI VIRKJUN

Kosið var milli tveggja lista í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Hvorugur listinn var tengdur flokkapólitík. Rúmlega 400 eru á kjörskrá. Sjö sitja í sveitarstjórn. Þ-listi meirihlutans hefur fjóra fulltrúa og Flóalistinn þrjá. Sveitarstjórnin öll hefur verið fylgjandi virkjun Þjórsár við Urriðafoss.

arnar, enda snúist rekstur sveitarfélagsins um allt önnur mál.

Rúmlega 400 manns eru á kjörskrá fyrir kosningarnar, og segir Aðalsteinn það vissulega orka tvímælis að svo lítil hópur taki ákvörðun um svo stórt mál fyrir íslenskt samfélag. Þannig séu þó lögin, og eftir þeim verði að fara.

Valdimar Guðjónsson, oddviti Flóalista, segir línurnar ekki farnar að skýrast fyrir kosningarnar

í vor, en þó sé ljóst að hann muni sjálfur stíga til hliðar eftir 20 ár í sveitarstjórnarpólitíkinni.

Hann segir erfitt að átta sig á því hvaða áhrif andstaða við virkjunina muni hafa, þó að sennilega verði hún kosningamál. Andstaða við virkjunina árið 2007 segi ekki alla söguna í dag, því líklegt sé að ýmsir sem áður hafi verið andsnúnir virkjuninni hafi nú skipt um skoðun. brjann@frettabladid.is

Sveitarstjórn Flóahrepps stefnir umhverfisráðherra vegna ákvörðunar um virkjun:

Sömu lög gildi á öllu landinu

ORKUMÁL Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að stefna Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra fyrir dóm til að freista þess að ógilda úrskurð hennar um aðalskipulag hreppsins.

„Okkur finnst nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort önnur lög gildi í Flóahreppi en annars staðar á landinu,“ segir Aðalsteinn Sveinsson, oddviti sveitarstjórnar hreppsins.

Svandís ákvað með úrskurði í lok janúar að staðfesta ekki nýtt aðalskipulag Flóahrepps og Skeiða- og Gnúperjahrepps, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir virkjun Landsvirkjunar við Urriðafoss í Þjórsá. Ástæðan var sú að hún taldi þátttöku Landsvirkjunar í kostnaði

sveitarfélaganna við skipulagsvinnu stangast á við skipulags- og byggingarlög.

Aðalsteinn segir margt orka tvímælis í úrskurði ráðherra, og svo virðist sem ákvörðun hennar hafi ekki verið tekin á faglegum forsendum. Hann reiknar með því að farið verði fram á flýtimeðferð fyrir dómi, en óvíst sé hversu langan tíma málaferlin geti tekið.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um málshöfðun í Skeiða- og Gnúperjahreppi, segir Gunnar Örn Marteinson, oddviti hreppsnefndar. Líklega sé að nýtt skipulag verði unnið en að farið verði með úrskurð ráðherra fyrir dómstóla.

- bj



UMDEILD ÁKVÖRÐUN Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra staðfesti ekki aðalskipulag tveggja hreppa við Þjórsá vegna þátttöku Landsvirkjunar í kostnaði við skipulagsvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Þegar þú kaupir skeggnæluna
styður þú baráttuna
gegn krabbameini í körlum.

Við seljum hana um allt land
um helgina og treystum á að
þú takir vel á móti sölufólki okkar.

Passaðu punginn
– skartaðu skeggi

Styrktaraðilar

Síminn 

 Arion banki





1. Hver leiðir siðferðishóp rannsóknarnefndar Alþingis?
2. Hvaða íslenski leikari var hársbreidd frá því að verða andlit Icesave í Hollandi?
3. Hvaða erlendu leikarar fara með aðalhlutverkin í kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart?

SVÖRIN ERU Á SÍDU 70

Spilling er viðvarandi vandamál í Grikklandi:

Um 140 milljarðar króna í mútur

GRIKKLAND Spilling er enn útbreidd í Grikklandi, þrátt fyrir nærri þriggja áratuga aðild þess að Evrópu-sambandinu. Samtökin Transparency International, sem fylgjast með spillingu í ríkjum heims, halda því fram að almenningur í Grikklandi hafi árið 2009 greitt nærri 800 milljónir evra í mútur, eða hátt í 140 milljarða íslenskra króna.

Samkvæmt upplýsingum samtakanna viðurkenna þrettán prósent aðspurðra að hafa þurft að greiða mútur. Að meðaltali hafa þeir þurft að verja 234 þúsundum króna í þennan útgjaldalið.



Á KAFFIHÚSI Í APENU Mútugreiðslur eru partur af daglegu lífi margra í Grikklandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Múturnar eru greiddar í margvíslegum tilgangi, en oftast til þess að flýta fyrir þjónustu. Til dæmis

greiða menn dágóða upphæð til þess að fá ökuskrirteini fyrir, komast fyrir að sjúkrahúsi eða komast hjá því að skatturinn geri veður út af röngum upplýsingum á skattframtali. Um það bil sextíu prósent mútanna fara til starfsfólks opinberra stofnana, en um 40 prósent til einkafyrirtækja.

Inni í þessum tölum eru þó eingöngu mútugreiðslur einstaklinga, en ekki þær risastóru upphæðir sem fullvíst þykir að fari á milli einkafyrirtækja og opinberra stofnana til að liðka fyrir margvíslegum samskiptum þeirra á milli.

- gb

Umræður UNIFEM:

Jafnrétti og þróunaraðstoð

ÞRÓUNARAÐSTOÐ Reynslan sýnir að aðstoð sem grundvallast á þátttöku kvenna er árangursrík leið í þróunarsamvinnu.

Þetta er mat þeirrar Elínar R. Sigurðardóttur og Hermanns Arnar Ingólfssonar frá þróunarsamvinnusviði utanríkisráðuneytisins. Þau segja í dag frá stefnu Íslendinga á sviði þróunarsamvinnu. UNIFEM á Íslandi stendur fyrir fyrirlestrinum og umræðum í kjölfarið. Fundurinn hefst klukkan eitt og fer fram í Miðstöð SP að Laugavegi 42. - sbt



Lausar lóðir hjá Faxaflóahöfnum sf.

Faxaflóahafnir sf. auglýsa hér með eftir umsækjendum um lausar lóðir í Reykjavík, á Grundartanga og Akranesi. Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 29. mars 2010.

Reykjavík

Við Gömlu höfnina í Reykjavík er 2.036 m² lóð við Ægisgarð. Hún er samkvæmt deiliskipulagi ætluð fyrir atvinnuhúsnæði sem yrði opið almenningi á jarðhæð. Lóðin er að hluta til ófrágengin en hana má gera byggingarhæfa á nokkrum mánuðum eftir nánara samkomulagi, auk þess sem aðlaga má lóðina áhugaverðri starfsemi sem m.a. fellur að niðurstöðum hugmyndasamkeppni um Gömlu höfnina. Byggingarréttarverð er háð samkomulagi og gjaldskrá Reykjavíkurborgar um gatnagerðargjöld.

Við Fiskilóð nr. 41 er laus til umsóknar 5.127 m² lóð sem ætluð er undir hafnsækna starfsemi, svo sem útgerð, fiskvinnslu, þjónustu við sjávarútveg og tengda starfsemi. Byggingarréttarverð er samkvæmt gjaldskrá Faxaflóahafna sf. og gjaldskrá Reykjavíkurborgar um gatnagerðargjöld.

Í Sundahöfn er 35.000 m² lóð nr. 1-3 við Korngarða laus til umsóknar. Lóðin er ætluð undir hafnsækna starfsemi, svo sem farmstöðvar, gámvelli, vörugeymslur og vörudreifingu. Henni má mögulega skipta upp í fleiri lóðir ef álitlegar umsóknir berast. Byggingarréttarverð er samkvæmt gjaldskrá Faxaflóahafna sf. og gjaldskrá Reykjavíkurborgar um gatnagerðargjöld.

Grundartangi



Við Klafastaðaveg eru þrjár lausar iðnaðarlóðir til umsóknar, allar byggingarhæfar nú þegar. Skipt hefur verið um jarðveg í lóðunum og að þeim lagður malbikaður vegur.

Klafastaðavegur 3 er 7.935 m²
Klafastaðavegur 4 er 3.469 m²
Klafastaðavegur 6 er 3.109 m²

Byggingarréttarverð er samkvæmt gjaldskrá Faxaflóahafna sf.

Á Grundartanga liggur fyrir deiliskipulag 49 iðnaðarlóða sem unnt er að gera byggingarhæfar með skömmum fyrirvara samkvæmt samkomulagi.


Akranes

Á Akranesi er lóð nr. 3 við Faxabraut laus til umsóknar fyrir hafntengda starfsemi. Gatnagerðargjöld eru samkvæmt gjaldskrá Akraneskaupstaðar.

Umsóknum skal skilað til hafnarstjóra Faxaflóahafna sf. ásamt greinargóðri lýsingu á þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðunum. Berist ekki umsóknir í auglýstar lóðir munu Faxaflóahafnir sf. ganga til samninga við áhugasama aðila sem síðar kunna að hafa áhuga á úthlutun lóðanna.

Nánari upplýsingar um staðsetningu lóða, nýtingarhlutfall, hæðir bygginga og fleira veita hafnarstjóri Faxaflóahafna sf. eða skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf. í síma 525 8900.

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.



BROT GEGN VALDSTJÓRNINNI Enn ríkir réttaróvissa um hvar skuli rannsaka brot gegn lögreglumönnum í starfi.

Saksóknari í deilu við dómarrann

Ríkissaksóknari er ósáttur við frávísun Héraðsdóms Suðurlands á máli vegna árássar á lögreglukonu. Hann krefst þess að úrskurðurinn verði ómerktur. Ágreiningur er vegna misvísandi dóma Hæstaréttar.

DÓMSMÁL Hæstiréttur mun á næstunni eyða óvissu um það hvort eðlilegt sé að brot gegn lögreglumönnum séu rannsökuð af samstarfsmönnum þeirra hjá sama embætti. Hæstiréttur hefur kveðið upp fjóra misvísandi dóma um þetta atriði og fór ríkissaksóknari vegna þess fram á að fimm manna dómur myndi dæma í enn einu slíku máli til að fyrir liggji skýr afstaða réttarins í eitt skipti fyrir öll.

Héraðsdómur Suðurlands vísaði á fimmtudag frá máli sem höfðað hafði verið fyrir brot gegn valdstjórninni. Ástæðan var sú að dómurinn taldi að sýslumaðurinn á Selfossi hefði verið vanhæfur til að fara með rannsóknina vegna þess að lögreglukonan sem varð fyrir árásinni starfar í umdæmi hans og samstarfsmenn hennar rannsökuðu málið. Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari kærði þessa ákvörðun til Hæstaréttar. Hann hafði áður farið fram á að dómurinn myndi biða með ákvörðun sína þar til fimm manna dómur Hæstaréttar hefði kveðið upp sinn dóm.

Ágreiningurinn um hvort rannsaka megi brot gegn lögreglumanni í því umdæmi þar sem hann starfar eða hvort rannsókn

skuli fara fram í öðru umdæmi er sprottinn af fjórum misvísandi dómum Hæstaréttar, eins og Fréttablaðið hefur fjallað um. Tveimur málum af fjórum þar sem lögreglumenn rannsökuðu brot gegn samstarfsmanni sínum hefur Hæstiréttur nýlega vísað frá, en dæmt í hinum tveimur.

Við þingfestingu málsins sem vísað var frá á fimmtudaginn kom til ágreinings milli ríkissaksóknara og verjanda sakbornings. Verjandi vildi, á grundvelli frávísananna tveggja í Hæstarétti, vísa málinu frá. Ríkissaksóknari vildi, á grundvelli hinna tveggja dómanna, að málið hlyti efnislega meðferð í dómnum. Að öðrum kosti yrði því frestað.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari segist hafa kært frávísunina til Hæstaréttar til þess að fá héraðsdómara til þess að taka málið fyrir efnislega og dæma í því. „Dómurinn neitaði að fresta því þar til Hæstiréttur hefur fellt sinn dóm í máli. Frestunin sem slík er ekki kærslæg, þannig að það þurfti að fara þá leið að gera kröfu um að úrskurðurinn yrði ómerktur og jafnframt að fimm dómarrar sitji í Hæstarétti í þessu máli einnig,“ segir Valtýr.

jss@frettabladid.is

Aukinn hraði
í netlyklaáskrift

Nánar á siminn.is

ENNEMM / SIA / NMG1274



Stærsta 3G dreifikerfið frá landnámi

Nú kemstu í háhraðanetsamband víðar en nokkru sinni fyrr
í Íslandssögunni.

Kynntu þér 3G og 3G+ dreifikerfið á siminn.is og sjáðu hvar
þú kemst á netið í símanum og tölvunni.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Sími



Netið

Opinn kynningarfundur Rammaáætlunar

Kynningar- og umsagnarferli 8. mars – 19. apríl

Verkefnisstjórn 2. áfanga Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði boðar til opins kynningarfundar í Skriðunni (í húsakynnum Kennaraháskólans við Stakkahlíð) þriðjudaginn 9. mars kl. 14:00.

Þar verða kynntar niðurstöður faghópa verkefnisstjórnar sem metið hafa svæði og virkjunarkosti, hver á sínu sérsviði. Fundurinn verður sendur út á netinu og er aðgangur að útsendingunni um vefsíðu rammaáætlunar, www.rammaaetlun.is.

Skýrslu verkefnisstjórnar um virkjunarkosti til mats og niðurstöður faghópa, auk ítarefnis, má nálgast á vefsíðu rammaáætlunar, www.rammaaetlun.is, frá og með mánudeginum 8. mars.

Umsagnarferli

Niðurstöður faghópanna verða settar í opið kynningarferli sem stendur til 19. apríl. Öllum er heimilt að senda inn umsögn um niðurstöður faghópanna. Umsögnum er veitt viðtaka um tölvupóstfangið umsogn@rammaaetlun.is en einnig má senda skriflegar umsagnir á pósthöfn:

Rammaáætlun, c/o Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík.

Næstu kynningarfundir

Efnt verður til kynningarfundar víða um land á næstu vikum. Næstu fundir verða haldnir laugardaginn 13. mars á Selfossi kl. 11:00 og á Kirkjubæjarklaustri kl. 17:00. Aðrir fundir verða auglýstir síðar.

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar



Kúguðu út fé með barsmíðum og líflátshótunum:

Handrukkarar dæmdir

DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið dæmdir í fimmtán mánaða fangelsi hvor fyrir húsbrot, rán og tilraun til fjárkúgunar. Þeir voru dæmdir til að greiða fórnarlambi 400 þúsund krónur.

Annar manna bar fyrir dómi að þeir hefðu farið heim til þriðja manns í Reykjanesbæ, sem hefði skuldað peninga vegna fíkniefnaviðskipta. Fljótlega kom til stypinga sem enduðu með því að handrukkararnir veittust að húsráðanda með hnífi og tóku fartölvu hans að verðmæti 150 þúsund krónur. Þá þvinguðu þeir hann upp í bíl, sem

annar manna ók til Reykjavíkur. Hinn sat hjá húsráðanda aftur í bílnum og ógnaði honum með hníf. Mennirnir hótuðu honum stórfelldum líkamsmeiðingum yrdi hann ekki við fjárkröfum þeirra.

Þá létu rukkararnir manninn hringja í fósturföður sinn. Þeir hótuðu þeim síðastnefnda að þeir myndu ganga frá fórnarlambinu sæi hann ekki til þess að skuldin yrði greidd. Mennirnir létu ekki af hótunum sínum fyrr en lögregla stöðvaði bifreið þeirra í Reykjavík. Þeir eiga báðir sakaferil að baki, annar þó mun lengri en hinn. -jss



BANDARÍKJUNUM MÓTMÆLT Hópur Tyrkja fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna í Ankara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Það andar köldu milli Tyrklands og Bandaríkjanna:

Tyrkir kalla sendiherra sinn heim

TYRKLAND, AP Tyrkir kölluðu sendiherra sinn heim frá Bandaríkjunum og íhuga frekari aðgerðir eftir að bandarísk þingnefnd ákvað að kalla fjöldamorð Tyrkja á Armenum þjóðarmorð.

Barack Obama hafði hvatt nefndina til að samþykkja ekki ályktunina, en hún var samþykkt naumlega á fimmtudag með 23 atkvæðum gegn 22.

Tyrkir krefjast þess að Bandaríkin dragi þessa ályktun til baka. „Að öðrum kosti verða afleiðingar ekki fagrar,“ sagði Ahmet Davutoglu, utanríkisráðherra Tyrklands.

Bandaríkjamenn eiga töluvert undir samstarfi við Tyrkland, ekki síst vegna stríðsrekstrar í Írak og Afganistan. Einnig

er búist við að Bandaríkjamenn ætli að þrýsta á Tyrki, sem nú eiga sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, um að samþykkja frekari refsiaðgerðir gegn Íran.

Sagnfræðingar telja almennt að allt að 1,5 milljónir Armena hafi verið myrtar í Tyrkjaveldi á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar, og kalla þetta einatt fyrsta þjóðarmorð 20. aldarinnar.

Tyrkir neita því að þetta hafi verið þjóðarmorð, þótt þeir viðurkenni að fjöldamorð hafi verið framin. Þeir segja tölur um mannföll ýktar, auk þess sem morðin hafi verið afleiðing af borgarastyrjöld Armena og Tyrkja þar sem voðaverk hafi verið framin á báða bóga. -gb

Horft til þess að Actavis og Ratiopharm verði eitt:

Deutsche Bank telur sameiningu borga sig

VIÐSKIPTI Gangi kaup Actavis á þýska samheitalyfjafyrirtækinu Ratiopharm munu stjórnendur Deutsche Bank í Þýskalandi anda léttar enda dragi það úr áhættunni sem liggur í lánabók bankans. Þetta segir fréttastofa Reuters.

Deutsche Bank lánaði Novator, félagi Björgólfs Thor Björgólfssonar, í kringum fjóra milljarða evra, jafnvirði tæpra sjö hundruð milljarða króna á núvirði, í yfirtöku Novator á Actavis fyrir tæpum þremur árum. Lánið til Novator er um þriðjungur af lánabók Deutsche Bank til skuldsettra yfirtaka og ein umsvifamesta einstaka lánveitingin. Bankinn er sagður horfa til þess að eftir hugsanleg kaup Actavis á Ratiopharm verði félögin sameinuð. Það auki líkurnar á að lyfjarisinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Reuters segir Deutsche Bank hafa reynt eftir mætti að selja kröfuna á hendur Actavis síðla árs 2007. Það hafi ekki tekist þrátt



BJÖRGÓLFUR THOR Ekki er vítað hvað stjórnarformaður Actavis muni eiga stjóran hlut í félaginu breyti Deutsche Bank lánnum í hlutfé. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrir að láninu hafi verið stokkað upp í forgangskröfur og annars konar lán til að gera það söluvænlegra. Nú sé í skoðun að breyta láninu á hendur fyrirtækinu í hlutfé. Óvist sé hvort það komi niður á eignahlut félags Björgólfs Thors í Actavis. -jab

Styrkir fyrir námsmenn

Námufélögum standa til boða veglegir námsstyrkir á framhalds- og háskólastigi árið 2010.

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BE), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 4 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

Sæktu um námsstyrk Námunnar á landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til 8. mars.

Helga Björnsdóttir,
Námufélagi
í háskóla






Lokað á Fíton í dag. Vorurum að vinna í nótt.

Fengum 5 Lúðra, 22 tilnefningar og vorum valin besta auglýsingastofa landsins af íslensku markaðsfólki í gær.

Við á Fíton og Auglýsingamiðlun erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð á árinu 2009. Við höfum hlotið fleiri verðlaun, viðurkenningar og tilnefningar á sviði mörkunar, hönnunar, auglýsinga- og markaðsmála en nokkur önnur auglýsingastofa.

Við erum stolt af árangrinum og þökkum okkar ágætu viðskiptavinum fyrir frábært samstarf við krefjandi aðstæður.



FÍTON

am
AUGLÝSINGAMIÐLUN

Garðastræti 38 | 520 9200 | am.is

Garðastræti 37 | 595 3600 | fiton.is

Ráðhúsið

Kjörsvæði

1

norður



1. kjördeild

Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

3. kjördeild

Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur

2. kjördeild

Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhliðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgrata
Eiríksgrata
Fischersund
Fjölugata
Fjölínsvetur

4. kjördeild

Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 1-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut sléttar tölur
Hverfisgrata

5. kjördeild

Ingólfsstræti
Karástígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5-100
Leifsgata

6. kjördeild

Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

7. kjördeild

Nönnugata
Óðinsgrata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólabrú
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

8. kjördeild

Smáragata
Smíðjustígur
Snorrabraut sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata

9. kjördeild

Unnarstígur
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórgata
Ægisgrata
Óldugata

10. kjördeild

Þeir sem eru fæddir 16.-31. hvers mánaðar og eru: Búsettir erlendis Óstaðsettir í hús Sendiráðsstarfsmenn

Kjarvalsstaðir

Kjörsvæði

2

norður



1. kjördeild

Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata

2. kjördeild

Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjálmholt
Hrefnugata
Höfðatún

3. kjördeild

Karlagata
Kjartansgrata
Langahlíð
Laugavegur 103-178
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún
Mjölínsholt
Njálsgata 90-112
Nóatún

4. kjördeild

Rauðarárstígur
Samtún
Skaftahlíð
Skarphéðinsgrata
Skeggjagata
Skipholt
Skúlagata 52-80

5. kjördeild

Snorrabraut oddatölur
Sóltún
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlíð
Vatnsholt
Vífilsgrata
Þverholt

Laugardalshöll

Kjörsvæði

3

norður



1. kjördeild

Austurbúrú
Álfheimar
Álftamýri 2-32

2. kjördeild

Álftamýri 33-75
Ármúli
Ásvetur
Barðavogur
Brekulækur
Brúnavegur
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund 2-72

3. kjördeild

Efstasund 73-100
Eikjuvegur
Engjateigur
Fellsmúli
Ferjuvegur
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Gullteigur

4. kjördeild

Háaleitisbraut
Hjallavegur
Hlunnavogur

5. kjördeild

Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrísateigur
Jökulgrunn
Kambsvetur
Karfavogur
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-14

6. kjördeild

Kleppsvegur 16-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppsvegur Kleppur
Kleppur starfsmannhús

7. kjördeild

Langholtsvegur
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi

Kjörstaðir í Reykjavík

við þjóðaratkvæðagreiðslu
6. mars 2010

Hvar kýst þú?

Hagaskóli

Kjörsvæði

1

suður



1. kjördeild

Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangangur
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

5. kjördeild

Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

2. kjördeild

Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

6. kjördeild

Reykjavíkurborg
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerpluggata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

3. kjördeild

Sörlaskjól
Gnitanes
Gógata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grimshagi
Hagamelur 2-35

7. kjördeild

Tómasarhagi
Viðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Óldugrandi

4. kjördeild

Hagamelur 36-53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49-62
Hringbraut oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvetur

8. kjördeild

Þeir sem eru fæddir 1.-15. hvers mánaðar og eru: Búsettir erlendis Óstaðsettir í hús Sendiráðsstarfsmenn

Hlíðaskóli

Kjörsvæði

2

suður



1. kjördeild

Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

2. kjördeild

Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

3. kjördeild

Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Viðihlíð

Ölduselsskóli

Kjörsvæði

4

suður



1. kjördeild

Akrasel
Árskógur
Bakkasel
Bláskógur
Brekusel
Dalsel
Dynskógur
Engjasel 1-83

2. kjördeild

Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gilljufasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

3. kjördeild

Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógur
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

4. kjördeild

Kambasel 49-85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kógursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógur
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

5. kjördeild

Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel

Steinasel

Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

Breiðagerðisskóli

Kjörsvæði

3

suður



1. kjördeild

Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi

2. kjördeild

Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði
Brekkuagerði

3. kjördeild

Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Esfagerði
Fossvogsvegur
Furugerði

Grensásvegur

24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Heiðargerði
Helluland

4. kjördeild

Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland
Hvammargerði
Hvassaleiti

5. kjördeild

Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarvegur
Klífvegur
Kringlan
Kúrland
Kvistaland

6. kjördeild

Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland

Melgerði

Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti

7. kjördeild

Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljurgerði
Skálagerði
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur

8. kjördeild

Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjórnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjagerði
Vogaland

Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

8. kjördeild
Laugarnesvegur
Laugateigur
Ljósheimar

9. kjördeild
Mörkin
Njörvasund
Norðurbúin
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur
Reykjavogur
Safamýri 11-34

10. kjördeild
Safamýri 35-95
Selvogsgrunn
Siglúvogur
Sigtún
Silfurteigur
Siðumúli
Skeiðarvogur
Skipasund 1-68

11. kjördeild
Skipasund 69-92
Snekkjuvogur
Sólheimar
Sporðagrunn
Starmýri
Suðurlandsbraut 16
Suðurlandsbraut
Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Vesturbúin

Kjörsvæði

4

norður

1. kjördeild

Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Brekkuhús
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannaöld 1-157

2. kjördeild

Fannaöld 158-251
Frostaöld
Funafold
Funahöfði
Garðhús

3. kjördeild

Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklaöld
Krosshamrar

4. kjördeild

Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

5. kjördeild

Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbraut Keldur

Borgaskóli

Kjörsvæði

5

norður

1. kjördeild

Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarími
Breiðavík 1-16

2. kjördeild

Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurími
Flétturími

3. kjördeild

Fróðengi
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarími
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrími

4. kjördeild

Hulduborgir
Hvannarími
Jötnaborgir

Klukkurími
Laufengi
Laufrími
Ljósavík

5. kjördeild

Lyngrími
Mosarími
Mururími
Reyngengi
Rósarími
Smárarími
Sóleyjarími 1-23

6. kjördeild

Sóleyjarími 33-123
Stararími
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Viðarrími
Vættaborgir
Æsuborgir

Ingunnarskóli

Kjörsvæði

6

norður

1. kjördeild

Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Grænlandsleið
Gvendargeisli
oddátölur
Íðunnarbrunnur
Jónsgeisli
Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

2. kjördeild

Kristnibraut oddátölur
Lofnarbrunnur
Martainslaug
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lambhagi
Vesturlandsbraut Lundur

Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbraut Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri
Pórðarsveigur

Klébergsskóli

Kjörsvæði

7

norður

1. kjördeild

Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrunn

Esjugrund
Furugrunn
Helgugrunn

Hofsbraut
Jörfagrund
Vikurgrund



Reykjavíkurborg norður

Reykjavíkurborg suður

Íþróttamiðstöðin Austurbergi

Kjörsvæði

5

suður

1. kjördeild

Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikaþólar
Blöndubakki

2. kjördeild

Brúnastekkur

Depluhólar

Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar

Gaukshólar

Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

3. kjördeild

Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar

Háberg

Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólustekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Íðufell
Írabakki 2-24

4. kjördeild

Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg

Kóngsbakki

Kríuhólar
Krummahólar 1-8

5. kjördeild

Krummahólar 9-59
Köttufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstabergr
Norðurfell

Núpabakki

Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

6. kjördeild

Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar

Suðurhólar

Súluhólar
Torufell 1-32

7. kjördeild

Torufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvogur
Vesturberg 1-94

8. kjördeild

Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell

Ingunnarskóli

Kjörsvæði

7

suður

3. kjördeild

Gvendargeisli sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut sléttar tölur
Laxalón
Maríubaugur

4. kjördeild

Ólafsgesli
Prestastígur
Vesturlbr. Grafarholt
Porlaksgeisli

Kjörskráin er á vefnum:

Hægt er að slá inn kennitölu á www.kosning.is og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

Árbæjarskóli

Kjörsvæði

6

suður

1. kjördeild

Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkuþær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Disarás
Eyktarás

2. kjördeild

Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás

Hábær

Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

3. kjördeild

Hraunbær 14-110

4. kjördeild

Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lækjarás

5. kjördeild

Lækjarvað
Malarás
Melbær
Mónvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1-25

6. kjördeild

Reykás 26-49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað

Silungakvísl

Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlandsbraut Árbæjarsafn
Suðurlandsbraut Bakkakot
Suðurlandsbraut Elliðavatn
Suðurlandsbraut Hella
Suðurlandsbraut Hólmur
Suðurlandsbraut Litlaland
Suðurlandsbraut Reykhólar
Suðurlandsbraut Sólnes
Suðurlandsbraut Tungufell
Urriðakvísl

7. kjördeild

Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Vikurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

Athugaðu þetta:

- **Kjösendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum.**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 6. mars kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurborg norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurborg suður í síma 411-4925.
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborg norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurborg suður í Hagaskóla.
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum.



Lög um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga:

Tímamót í jafnréttismálum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hlutfall kynja í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga var bundið í lög nú í vikunni. Samkvæmt lögnum nýju verður einnig skylt að gæta að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra fyrirtækja, og tilkynna um hvort tveggja, kynjahlutfall stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, til Hlutafélagaskrár.

Umræðan um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja hefur fengið vaxandi þunga eftir að Norðmenn, fyrstir þjóða, settu slík lög fyrir fáeinum árum.

Andstæðingar kynjakvótans halda því fram að konur þurfi ekki þessa meðgjöf og að hún sé jafnvel lítillækkandi fyrir þær vegna þess að ef konur eru valdar í stjórn vegna kynjakvóta þá séu þær ekki valdar vegna verðleika sinna.

Fylgjendur kynjakvóta segja á hinn bóginn að reynslan sýni að lög þurfi til að rétta hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Lítill áhugi sé í þeim stóra meirihlutahópi karla sem ferðinni ráða í atvinnulífina til að venda skútunni; samfélagið hafi ekki efni á að bíða eftir því að sá áhugi vakni, ekki síst í ljósi þess að rannsóknir sýni að yfirlétt vegnar þeim fyrirtækjum betur þar sem bæði kyn koma við sögu í stjórnun.

Fyrir tæpu ári skrifuðu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri og Verslunarráð Íslands undir viljayfirlýsingu þess efnis að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs. Markmiðið var einmitt að hlutur hvors kyns yrði ekki minni en 40 prósent í stjórnnum fyrirtækja, eins og kveður á um í lögnum nýsamþykktu.

Í mánuðinum sem leið var haldin geysifjöldmenn ráðstefna undir yfirskriftinni Virkjum karla og konur. Þar stigu á stökk fulltrúar tveggja fyrirtækja, Eddu útgáfu og Mannvits, og skrifuðu undir samstarfssamning um að auka fjölbreytni í forystusveit sinni, eða með öðrum orðum að uppfylla markmiðið um 40 prósent kvenna að lágmarki í stjórn. Síðan hafa tvö fyrirtæki til viðbótar undirritað samstarfssamninginn: Landsbankinn og Saltkaup.

Fjögur fyrirtæki í landinu hafa því, enn sem komið er, treyst sér til þess að strengja þess heit að jafna hlutfall kynja í stjórnnum sínum, til viðbótar við þau liðlega 4.300 fyrirtæki sem þegar hafa á að skipa jöfnu kynjahlutfalli í stjórn. Í landinu starfa nú rúmlega 32.000 fyrirtæki svo hlutfall fyrirtækja sem hafa á að skipa stjórn þar sem kynjajafnvægis gætir er liðlega 13 prósent.

Það er því langt í land og algerlega ljóst að ekki veitir af laga-setningunni til þess að styðja við fjölgun kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Lögin sem samþykkt voru í vikunni marka tímamót og eru mikið fagnaðarefni.

Vel hefur gengið í Noregi að framfylgja lögum um jafnan hlut kynja í stjórnnum fyrirtækja. Hér tekur lagaákvæðið um kynjahlutföll ekki gildi fyrr en seinni hluta ársins 2013. Íslensk fyrirtæki hafa því rúmlega þrjú ár til að rétta hjá sér kúrsinn og er þeim óskað velfarnaðar við það verkefni.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Fleygurinn

Stærsta pólitíska málið sem komið hefur til kasta Alþingis í ár var rætt í vikunni. Umræðan tók eina klukkustund. Enginn ráðherra og engir þingmenn stjórnarflokkanna tóku þátt í henni. Þetta segir sína sögu um þá pólitísku kreppu sem er eins og Þrándur í Gøtu fyrir endurreisn efnahagslífsins.

Málið snýst um tillögu Hreyfingarinnar og Framsóknarflokksins um að hætta efnahagssamstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og semja nýja efnahagsáætlun án þátttöku hans. Tvær spurningar hljóta óhjákvæmilega að vakna þegar staðhæft er að þetta mál sé stærra í sniðum en önnur.

Sú fyrri lýtur að forminu. Hve-



ÞORSTEINN PÁLSSON

nær hafa tillögur frá stjórnarandstöðuflokkum skipt máli? Sú seinni vikur að efni tillögunnar.

Eru nógu skynsamleg rök fyrir þeirri kúvendingu sem hún mælir fyrir um til þess að telja megi hana pólitískt stórmál? Þegar lagt er mat á þessar spurningar verður að hafa þetta í huga: Fyrirverandi ríkisstjórn ákvað að grundvalla endurreisnaraðgerðirnar á sameiginlegri áætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það kom nokkuð á óvart að núverandi ríkisstjórn

ákvað að halda áfram á sama grundvelli, en það gerðist. Efnahagsáætlunin er þungamiðja stjórnarstefnunnar.

Verkurinn er hins vegar sá að hluti af þingflokki VG hefur frá upphafi verið ósáttur við þetta samstarf. Sú andstaða hefur farið vaxandi. Fyrir þá sök hefur leikið verulegur vafi á að ríkisstjórnin hefði starfhæfan meirihluta til að halda endurreisnarstarfinu áfram. Það sem var vafi er nú staðreynd. Fyrir vikið dýpkar pólitíska lægðin með hverjum degi.

Það er í þessu ljósi sem tillaga, sem að öðru jöfnu væri léttvæg fundin, fær pólitískt gildi. Hún er stórt pólitískt mál af því að hún rekur málefnalegan fleyg inn í raðir stjórnarflokkanna.

Leiðirnar

Ríkisstjórnin gat komist hjá umræðum um þessa tillögu. Hún getur líka sneitt hjá atkvæðagreiðslu um hana. Það stangast ekki á við hefðir um meðferð þingmála frá stjórnarandstöðu. Frá hinu á ríkisstjórnin hins vegar enga hjáleik að við borgurum landsins blasir að þetta mál er of heit kartafla til þess að ríkisstjórnin geti tekið á henni í umræðum og atkvæðagreiðslu.

Segja má að ríkisstjórnin hafi meirihluta til setu en ekki athafna. Við það ástand verður ekki búið nema skamma hrif. Eins og sakir standa sýnast tvær leiðir líklegastar út úr þessari pólitísku

málefnaþreppu. Þær fela í sér val á milli endurreisnar á grundvelli samstarfs við AGS eða án hans.

Nú liggur fyrir að tveir stjórnarandstöðuflokkar með tólf þingmenn vilja hætta samstarfinu við sjóðinn. Líklegt er að hugur að minnsta kosti sex þingmanna VG standi til þess sama. Þetta útilokar þjóðstjórn.

Við Samfylkingunni og meirihluta þingmanna VG blasir sá kostur að snúa hesti sínum við í miðju straumvatninu og freista þess með Hreyfingunni og Framsóknarflokknum að ná til lands á þeim bakka sem haldið var frá. Hinn kosturinn er að leita eftir samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn

sem stofnaði til samstarfsins við sjóðinn og freista þess að ná til lands þar sem að var stefnt í upphafi þess. Sjálfstæðisflokkurinn hefur að vísu sagt að hann vilji endurmeta umfang samstarfsins. Í því felst þó tæplega grundvallar ágreiningur.

Vegna þessarar stöðu verða forystumenn stjórnarflokkanna að gera upp við sig eftir hvaða striki á að sigla. Þeir þurfa að velja milli þessara tveggja leiða vilji þeir málefnalegan meirihluta. Lítist þeim á hvoruga þeirra er fátt annað til bragðs að taka en efna til alþingiskosninga samhliða sveitarstjórnakosningum í vor.

Ábyrgðin

Íþessari skilgreiningu hefur sá kostur ekki verið gefinn að ríkisstjórnin geti setið án þess að hafa málefnalegan stuðning til að framfylgja kjarna efnahagsstefnunna. Vitaskuld er þó ekki unnt að útiloka þá stöðu. Af yfirlýsingum forystumanna stjórnarflokkanna má ef til vill ráða að þeir kjósi hana helst.

Það hefur oft gerst áður að ríkisstjórnir hafa setið þó að skort hafi á málefnalega samstöðu,

jafnvel um mikilvægustu mál. Hvers vegna ekki nú? Tvö sjónarmið valda því einkum að þessi kostur er ekki tekinn með í reikninginn. Bæði helgast af því hvernig nú árar.

Fyrri sjónarmiðið er algjörlega pólitískt. Ólíklegt er að þjóðin sætti sig við að forsætisráðherra hafi ekki annað fram að færa en að vera furðu lostinn yfir því sem er að gerast.

Þjóðin er einfaldlega of nærri

nýju hrúni til að umbera þá stöðu til lengdar. Seinna sjónarmiðið er meira lögfræðilegt. Verði nýtt hrún vegna athafnaleysis ríkisstjórnarinnar gæti svo verið komið að byrjað sé að renna úr stundaglasi ráðherraábyrgðarlaganna. Telja verður fremur ólíklegt að forystumenn ríkisstjórnarinnar vilji taka þá áhættu. Mestu skiptir þó að frá sjónarmiði þjóðarhagsmuna er óskynsamlegt að sú áhætta sé tekin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hundasýning Íshunda verður haldin núna um helgina í reiðhöll Gust í Kópavogi. Á annað hundrað hunda auk þáttaka ungra sýnenda verða á sýningunni.

Aðgangseyrir er 500kr en frítt er fyrir yngri en 12 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja. www.ishundar.is

5:5668417 * www.dalsmynni.is

Spönur og njótum lífsins

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

gardeur[®]

CANALI

POLO  RALPH LAUREN

PAL ZILERI

FINUCCI
collezione

bugatti


MABRUN

LLOYD

BELLINI

OPÍÐ
VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Troðfull
verslun af
merkjavöru!



Herra
Lagerinn
outlet

líka fyrir konur

Rýming!

60%

afsláttur

af öllum herravörum!

70%

afsláttur

af allri kvenvöru frá

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

Dómnefndin víki

UMRÆÐAN

Baldur Arnarson skrifar um Íslensku blaðamannaverðlaunin



BALDUR
ARNARSSON

Um síðustu helgi var tilkynnt um tilnefningar til blaðamannaverðlauna. Margir áttu von á því að Morgunblaðið yrði tilnefnt fyrir umfjöllun um Evrópumál. Svo varð ekki. Sú ákvörðun er hvorki fagleg né til vitnis um góð vinnubrögð.

Færi ég nú fyrir því rök. Greinarflokkurinn er sá umfangsmesti sem nokkurt íslenskt dagblað hefur ráðist í fyrr og síðar. Þegar upp var staðið fyllti hann 46 síður, heilar 23 opnur. Viðtökurnar voru afar góðar og var efnið notað til kennslu í skólum. Um tíma stóð til að gefa það út sem bók, hugmynd sem horfið var frá vegna ytri aðstæðna.

Svar við fyrirspurn til Birgis Guðmundssonar, formanns dómnefndar, um ástæður valsins bættu lítið úr skák. Birgir gat ekki útskýrt valið með faglegum rökum eins og honum ætti að vera í lófa lagið.

Leitað var andstæðra sjónarmiða við vinnslu greinanna og má nefna að Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, var höfð með í ráðum þegar leitað var að viðmælendum í Finnlandi. Þrír blaðamenn komu að verkinu, Pétur Blöndal, Rúnar Pálmason og undirritaður. Að auki sá Kristinn Garðarsson um uppsetningu vefhluta greinarflokksins,

auk þess sem Elín Esther Magnúsdóttir vann mjög vandaða graffík fyrir hann. Pétur og Rúnar fóru til Brussel en undirritaður til Helsinkí og síðar Kaupmannahafnar vegna umfjöllunar um evruna.

Greinarflokkurinn braut blað í íslenski blaðamennsku. Sérstakt vefsvæði var stofnað innan fréttavefs Morgunblaðsins þar sem boðið var upp á texta og viðtöl sem tekin voru upp erlendis. Enginn íslenskur fjölmiðill hefur boðið upp á jafn yfirgripsmikla umfjöllun um Evrópumál.

Undirritaður leyfir sér að telja afurð þessa hóps, sem Ólafur Þ. Stephensen, þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins, setti saman um miðjan desember 2008, einhverja þá vönduðustu í sögu blaðsins og þar með í sögu íslenskra fjölmiðla.

Vandséð er hvers vegna þessi mikli greinarflokkur var ekki álitinn eiga skilið tilnefningu í flokknum Besta umfjöllun ársins. Það er satt að segja óskiljanlegt.

Ákvörðun dómnefndar Blaðamannafélags Íslands skilur fyrst og fremst eftir undrun í huga undirritaðs. Svar við fyrirspurn til Birgis Guðmundssonar, formanns dómnefndar, um ástæður valsins bættu lítið úr skák. Birgir gat ekki útskýrt valið með faglegum rökum eins og honum ætti að vera í lófa lagið. Tekið skal fram að um trúnaðarsamskipti var að ræða og verður því ekki frekar vísað til þeirra hér eða síðar.

Framkoma dómnefndar er gróf móðgun sem ekki verður komist hjá því að mótmæla. Kemur undirritaður því á framfæri að hann segi sig úr Blaðamannafélagi Íslands. Dómnefndin starfar ekki faglega og ber því að víkja. Ákvörðunin er hneyksli og Blaðamannafélagi Íslands til háborinnar skammar.

Höfundur er blaðamaður á Morgunblaðinu. Undirritaður tekur fram að hópfélagarnir voru ekki hafðir með í ráðum við ritun þessarar greinar.

Kostir sameiningar

UMRÆÐAN

Skúli Guðbjarnason skrifar um sameiningu sveitarfélaga



SKÚLI
GUÐBJARNASON

Sameining Reykjavíkur og Álftaness hefur mikla kosti varðandi atvinnuuppbyggingu og tekju- og gjaldeyrisöflun beggja sveitarfélaga.

Með bættum samgöngum sjóleiðina skapast spennandi kostir með afar ódýrum og einföldum hætti. Álftnesingar kæmst auðveldlega í samband við almenningssamgöngur og göngu-/hjólástíganet höfuðborgarinnar. Reykvíkingar fengu aftur á móti aðgang að útivistarperlu sem er einstæð á Íslandi og það er góð sundlaug þar líka. Skemmtilegir möguleikar á að ferðast hringleið á hjóli um höfuðborgarsvæðið opnast.

Það er álíka langt þessa leið til miðbæjar Reykjavíkur og miðbæja nágrennabyggða Álftaness. Sama vegalengd er milli Háskólanna í Reykjavík og miðbæjar Álftaness, eins og vegalengd Álftanessafleggjarans er. Þeir Álftnesingar sem sækja atvinnu og þjónustu miðsvæðis í Reykjavík ættu hægara um vik að nýta almenningssamkomur. Þá gætu Reykvíkingar sótt atvinnu til Álftaness, en búast má við að atvinnustarfsemi á Álftanesinu myndi aukast talsvert við þessa aðgerð.

Miðsvæðis í Reykjavík er mun meira gistirými en afþreying þess svæðis annar. Slík tenging gæfi ferðaþjónustuaðilum gífurleg tækifæri til að veita þjónustu og skapa aukna atvinnu á Álftanesi, sem jafnframt eykur gjaldrystingur stórléga.

Komið hefur í ljós að gistirými á höfuðborgarsvæðinu er þegar langt umfram framboð á afþreyingu. Tenging við Álftanes styður við ferðaþjónustu miðsvæðis í Reykjavík.

Fámenni sveitarfélagsins hefur gert Álftnesingum erfitt um vik að nýta augljósa kosti þess mikla landsvæðis sem hér er. Við höfum séð Reykvíkinga gera hagstæða samninga við ríkið um jarðnæði sem hefur síðan nýst til uppbyggingar. Ljóst er að skilvirkara stjórnkerfi stærsta sveitarfélags landsins myndi áorka meiru en

okkur hefur tekist, hver sem stefnan yrði varðandi landnýtingu.

Hægt er að byggja upp aðstæður til að njóta betur villtrar náttúru Álftaness þar sem búið væri í haginn fyrir náttúruskoðun og menningarskiðun. Í áhrundruð hafa mörg inngrip verið gerð í náttúru Álftaness til hagsbóta fyrir landbúnað og mannabyggð. Það má hugsa sér að búið verði í haginn fyrir þær fuglategundir sem nú eiga undir högg að sækja vegna þessa, samtímis því að okkur verði gert betur kleift að njóta nærveru þeirra án þess að valda þeim ónæði.

Þörf miðbæjarbúa í Reykjavík fyrir rými til að njóta villtrar náttúru innan áhrifasvæðis almenningssamgangna hefur stóruáskot undanfarið. Talsverð umferð útivistarfólks er um frábært göngustígakerfi höfuðborgarinnar á góðviðrisdögum. Ekki síst við Skerjafjörð og Nauthólsvík. Þangað ganga strætisvagnar. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að sjá þá augljósu kosti fyrir bæði sveitarfélögin, sem samgöngur milli Álftaness og þessa svæðis hefðu í för með sér.

Þegar horft er til sameiningarmála er afar mikilvægt að virða fyrir sér hvaða kostir eru samfara sameiningu. Þá er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða jákvæðu breytingar myndu fylgja sameiningu Álftaness við annað sveitarfélag, til skamms tíma. Einfaldlega vegna þess að erfitt er að segja með vissu hvað gerist þegar til lengri tíma er litið. Erfitt er að sjá að nokkuð annað sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu en Reykjavík hafi tækifæri til eða áhuga á að nýta möguleika á Álftanesi, til góðs fyrir íbúana, í jafn miklum mæli.

Eini raunhæfi kosturinn er varðar sameiningu er sá kostur sem er báðum sveitarfélögum sem sameinast til góðs. Sama hvernig málið er skoðað er erfitt að sjá sameiningarkost sem kemst nálægt því að jafnast á við þá kosti sem sameining Álftaness og Reykjavíkur myndi færa íbúum og gestum þessara sveitarfélaga.

Höfundur er náttúrufræðingur.

Foreldrar, lesið þetta

UMRÆÐAN

Ásdís Ólafsdóttir skrifar um ípróttakennslu barna



ÁSDÍS
ÓLAFSDÓTTIR

Sundkennsla hefur verið í góðum farvegi hér á landi í mörg ár og eru flestir Íslendingar vel syndir. En nú á aldeilis að spara og skera niður hér í Kópavogi eins og annars staðar, líka í sundkennslu.

Það á að setja heilu árgangana saman í sund til að spara rútu-kostnað og setja fleiri kennara í kennsluna. Allt í góðu með það, en það gleymist margt, t.d. fjöldi nemenda í búningsskelfunum í einni þvögu, öryggi barnanna og síðan plássíð í sundlauginni þar sem margir skólar eru með sundkennslu á sama tíma.

Eins er það í bígerð að lengja sundtímana úr 40 mínútum í 60 til þess að fækka ferðum með nemenda í sundlauginni. Það er það ekki rétt ákvörðun að mínu mati. Ég hef kennt sund samfleytt í yfir 30 ár og veit því hvert úthaldið er hjá krökkunum. Unglingar í kennslu hjá mér geta synt allt að 1.000 metra í einum sundtíma og eru c.a. 25-30 mínútur að því. Hvað er hægt að leggja meira á þau? Jú, „láta þau bara leika sér“. Ég var á sundnámskeiði í Noregi

29.-31. janúar sl., þar voru fyrirlesarar frá Noregi og Bandaríkjunum og þeir telja 30 mínútur í sundlaug hæfilegan tíma varðandi álag fyrir börnin þannig að athyglin sé í lagi.

Nú eru sumir skólar farnir að skella saman tveimur ípróttatímum til þess að hagræða stunda-töflu. Þar með hreyfa krakkar sig aðeins einu sinni í viku í stað tvisvar. Að sögn kennara sem ég hef rætt við þýðir það að tíminn er í rauninni aðeins 60 mín í stað 80, því úthaldið hjá mörgum börnum er ekki meira.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hreyfing oftar í viku í styttri tíma sé mun betri en einu sinni í viku í langan tíma. Nú er verið að tala um að fara í þveröfuga átt með sundkennslu og vil ég segja nei. Þetta verður ekki kennsla eins og skyldi. Síðan gleyma þeir því, sem eru að spara, að fólk sem sækir sundlaugar og greiðir aðgangseyri, nennir ekki að koma í þetta arg og þvarg og minnka því tekjur til sundlaugarinnar.

Ég vil benda ykkur foreldrum á að vera vel á verkum, því þetta er tvímælalaust skerðing á kennslu og hreyfingu sem svo mikið er talað um í dag að þurfi að efla.

Höfundur er ípróttakennari við Snælandsskóla í Kópavogi.

Spilum saman

Aðalfundur SVP - Samtaka verslunar og þjónustu, verður haldinn fimmtudaginn 11. mars kl. 14.00 í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá

- 13.50 Afhending aðalfundargagna
- 14.00 Setning fundar
- 14.05 Annáll SVP 2009
Andrés Magnússon,
framkvæmdastjóri SVP
- 14.25 Hefðbundin aðalfundarstörf
skv. 13. og 20. gr. samþykktá SVP
- 14.35 Kaffihlé
- 15.00 Ávarp
Gylfi Magnússon,
efnahags- og viðskiptaráðherra
- 15.10 Ræða formanns
Margrét Kristmannsdóttir,
formaður stjórnar SVP
- 15.20 Mikilvægi verslunar og þjónustu fyrir hagkerfið
Ásta Dís Óladóttir,
deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst
- 15.50 Vika verslunar og þjónustu
Hallur A. Baldursson,
stjórnarformaður ENNEMM auglýsingastofu
- 16.10 Léttar veitingar í boði SVP á Grand Hótel

Fundarstjóri

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo

Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000.



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

„Það er sérstök upplifun að kíkja á tröllið undir brúnni og heilsa upp á Lenin í Fremont.“

Ester Ösp Sigurðardóttir.
Uppáhaldsborgin hennar er Seattle.


Seattle frá 48.220 kr.*

Ester Ösp segir að sé alls staðar gott að borða í Seattle, þeir kunnir sitt fag í eldhúsinu, en þegar eftirréttur sé annars vegar liggi leiðin alltaf í Cupcake Royale. Svo sé flott upplifun að skoða frábært útsýnið yfir Lake Union frá Gas Works Park.

Ester Ösp tók þátt í borgarleik Icelandair á vefnum. Þú getur tekið þátt í borgarleiknum líka. Farðu inn á icelandair.is og segðu okkur frá því hvaða borg er eftirlætið þitt. Þú gætir unnið ferð þangað með Icelandair.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR 



*Flug aðra leiðina með sköttum. Fyrir flug aðra leiðina til Seattle fást 675 til 7.200 Vildarpunktur.

**BÓKAMARKAÐNUM
LÝKUR Á SUNNUDAG!**



**DRÍFÐU
PIG NÚ!**
NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ OG SPARAÐU!
• LOKAHELGIN •

**Sparaðu þúsundir
á lokahelgi
Bókamarkaðarins**
Opið frá kl. 10-18 í dag og á morgun.


DYNAMO REYKJAVÍK



Bókakallinn drekkur
íslenskt vatn!

**Aldrei
meira úrval,
aldrei meiri
afsláttur.**

**Lokahelgi Bókamarkaðarins í Perlunni. Hátt
í 20.000 titlar í boði! A.m.k. 50% afsláttur
af öllum nýjum bókum! SPARAÐU
ÞÚSUNDIR ÁÐUR EN ÞAÐ ER UM SEINAN!**




~~5.980,-~~ **1.980,-**



~~4.480,-~~ **1.990,-**




~~5.480,-~~ **1.980,-**



~~2.290,-~~ **1.290,-**



~~1.990,-~~ **1.290,-**



~~3.790,-~~ **1.790,-**


Komdu og gerðu frábær kaup áður en það er um seinan!



~~3.490,-~~ **1.690,-**



~~5.080,-~~ **1.990,-**



~~3.290,-~~ **1.790,-**



~~2.390,-~~ **990,-**




~~4.490,-~~ **1.790,-**



~~1.980,-~~ **790,-**



~~2.490,-~~ **1.290,-**



~~7.990,-~~ **3.995,-**



~~2.990,-~~ **990,-**



~~5.480,-~~ **1.990,-**



~~14.990,-~~ **7.490,-**



~~1.290,-~~ **790,-**



~~3.900,-~~ **390,-**



~~3.290,-~~ **990,-**



~~2.480,-~~ **1.290,-**



~~2.980,-~~ **990,-**

Misstu ekki af ótrúlegum tilboðum!

Krabbamein hjá körlum

UMRÆÐAN

Laufey Tryggvadóttir skrifar um krabbamein


Árlega greinast hér á landi að meðaltali 716 karlar með krabbamein. Þessi mein eru af margvíslegum toga og horfurnar eru mjög ólíkar eftir meinum og eftir því á hvaða stigi þau greinast. Mynd 1 sýnir breytingar á nýngengi allra meina hjá körlum, en aldursstaðlað nýngengi gefur til kynna hve margir greinast með krabbamein árlega eftir að leiðrétt hefur verið fyrir íbúafjölda og aldursdreifingu. Einnig eru sýndar breytingar á dánartíðni. Þótt nýngengi hafi aukist jafnt og þétt hefur dánartíðnin ekki aukist heldur hefur hún lækkað síðustu árin. Árlega deyja að meðaltali 278 karlar af völdum krabbameina og nú eru á lífi á Íslandi yfir 4.500 karlar sem hafa einhvern tíma greinst með krabbamein, þrátt fyrir að meðalaldur við greiningu sé nokkuð hár, eða 67 ár.

Stór hluti karla læknað af sínum meinum og horfurnar hafa stöðugt batnað frá því að krabbameinsskráning hófst á landinu, eins og sést á mynd 2. Síðustu árin er fimm ára lífun miðað við jafnaldrar orðin yfir 60% og lífunin er enn betri hjá konum. Þessa mynd og fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu Krabbameinsskrár Íslands (www.krabbameinsskra.is) og á heimasíðu Krabbameinsfélagsins (www.krabb.is).

Krabbamein í eistum eru sérstök að því leyti að þau eru mun tíðari hjá ungum körlum en þeim sem eldri eru, og er mikilvægt að bregðast fljótt við einkennum því þá er árangur meðferðar mjög góður. Árlega greinast um tíu karlar með þetta mein á Íslandi.

Blöðruhálskirtilskrabbamein eru tæpur þriðjungur allra krabbameina hjá körlum. Árlega greinast nú um 220 karlar, en nýngengið hefur sexfaldast síðustu 50 árin. Dánartíðnin hefur hins vegar aðeins tvöfaldast á sama tímabili og horfur sjúklinga hafa því batnað mikið. Fimm ára lífshorfur þeirra sem greinast eru í heildina góðar, eða yfir 80% af því sem búast má við meðal jafnaldrar. Horfurnar eru bestar hjá þeim sjúklingum sem greinast með meinið á fyrstu stigum, þ.e. áður en meinið hefur náð að dreifa sér, eins og gildir almennt um krabbamein. Meðalaldur við greiningu krabbameins í blöðruhálskirtli er rúmlega 70 ár og nú eru á lífi yfir 1.650 karlar sem hafa greinst með þetta mein.

Krabbamein hjá íslenskum körlum.



Þótt nýngengi lungnakrabbameina hjá körlum sé talsvert lægra en nýngengi krabbameina í blöðruhálskirtli er dánartíðnin hærri. Árlega greinast um 77 karlar og 64 deyja af völdum sjúkdómsins. Lungnakrabbamein eru í hópi örfárra krabbameina þar sem meginorsök er þekkt, en 80-90% þeirra orsakast af tóbaksreykingum. Lungnakrabbamein eru algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal vestræna þjóða. Fram til um 1980 var mikil og stöðug aukning á nýngengi og dánartíðni á Íslandi, en þá stöðvaðist hún vegna hins merka árangurs tóbaksvarna og síðustu árin hefur tíðnin farið lækkað.

Krabbamein í ristli og endaparmi eru rúm 10% illkynja æxla á Íslandi. Þau eru meðal tíðustu krabbameina sem greinast hjá vestrænum þjóðum og eru algeng dánarorsök af völdum krabbameins. Þau eru heldur algengari hjá körlum en konum, en á árunum 2004-2008 greindust að meðaltali 75 karlar og 62 konur á ári. Þrátt fyrir vaxandi nýngengi síðustu áratugina hefur dánartíðni af völdum sjúkdómsins heldur lækkað. Fyrst og fremst er það talið stafa af því að nú orðið greinist sjúkdómurinn fyrr en áður.

Margt bendir til þess að krabba-

mein hjá körlum séu oft lengra gengin en hjá konum þegar þau greinast. Því er mikilvægt að karlar dragi ekki að fara til læknis ef þeir finna eða sjá einkenni sem gætu bent til þess að krabbamein væru í uppsiglingu. Dæmi um góðan árangur slíkrar árvekni er lækkingi dánartíðni vegna sortuæxla hjá yngra fólki, sem er duglegt að láta fylgjast með breytingum á fæðingarblettum.

Það má sjá að við erum á réttri braut því dánartíðni af völdum krabbameina hefur farið lækkað hjá körlum jafnt og hjá konum, og horfur hafa stöðugt batnað. Þennan góða árangur má eflaust bæði rekja til þeirra framfara sem orðið hafa í meðferð sjúklinga, til betri greiningarmöguleika og til aukinna forvarna gegn krabbameinum á ýmsum sviðum. Má þar nefna að mjög hefur dregið úr reykingum, heldur hefur dregið úr notkun ljósabekkja, fleiri stunda líkamsrækt, jákvæðar breytingar hafa orðið á mataræði með aukinni neyslu ávaxta og grænmetis og að svo virðist sem árvekni hafi aukist gagnvart einkennum eða merkjum um fyrstu stig krabbameins.

Höfundur er framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár.

Jafnrétti ein af forsendum hagsældar

UMRÆÐAN

Árni Stefán Jónsson skrifar um jafnréttismál



ÁRNI STEFÁN JÓNSSON

Mánudaginn 8. mars, á baráttudegi kvenna, ætlar SFR að hrinda af stað ráðstefnuröð um jafna stöðu kynjanna. Ráðstefnuröðin er haldin í tilefni af 70 ára afmæli SFR.

Fyrsta ráðstefnan er á Akureyri mánudaginn 8. mars. Það þótti vel við hæfi að byrja ráðstefnuröðina þá, enda dagurinn þekktur sem alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Hugmyndin að þessum sérstaka baráttudegi kom fram á áttatíundum í upphafi tuttugustu aldarinnar á Vesturlöndum. Fyrstu árin voru baráttumálin kosningaréttur kvenna og samstaða verkakvenna. Deginum hefur verið haldið á lofti af verkalýðshreyfingunni í gegnum árin og haldið er upp á hann með ýmsu móti. Það segir ýmislegt um stöðu þeirra verkakvenna sem í upphafi höfðu hugrekki til að ákveða þennan baráttudag að þær völdu sunnudag sem fyrsta baráttudaginn, en sunnudagur var á þeim tíma eini frídagur verkakvenna. Sem betur fer hefur staða verkafólks og kvenna almennt breyst og batnað í gegnum tíðina, þökk sé öllum þeim sem lagt hafa þar hönd á plóg.

En betur má ef duga skal. Við horfum enn upp á ójafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði, sem sést best á þeim launamun sem konur hafa þurft að búa við. Skortur á konum í æðstu stjórnendastöðum er enn áberandi. Kannanir sýna ójafnvægi milli framlags kvenna og karla til heimilis, kynbundið ofbeldi gagnvart konum viðgengst enn, þær eru fremur fórnarlömb mansals og þannig mætti lengi telja.

Á síðustu misserum hafa ýmsir haldið því fram að jafnréttismálin séu síður á dagskrá vegna þeirra erfiðleika í efnahagsmálum sem íslenska þjóðin er að ganga í gegnum. Það er skoðun SFR að ef einhverju sinni hafi verið þörf á að huga sérstaklega að jafnréttismálum, þá sé það nú. Í hugum okkar hjá SFR er jöfn staða kynjanna ein af forsendum farsældar. Þess vegna hrindum við nú af stað ráðstefnuröð um jafnrétti og fléttum inn í umræður um umhverfi og loftslagsbreytingar, uppeldi og skóla, vinnumarkaðinn, hagfræðina, lagaflöðina, heimilislíf og kynbundið ofbeldi.

SFR - stéttarfélag hefur lagt mikla áherslu á jafnréttismál í starfi sínu. Undanfarin ár höfum

við staðið fyrir launakönnunum þar sem launamunur kynjanna er m.a. mældur. Þessar kannanir sýna m.a. að það hefur dregið aðeins úr kynbundnum launamun, árið 2009 var hann til dæmis 11,8% en 17,2% árið áður. Efnahagskreppan virðist draga úr launamun kynjanna og því má draga þá ályktun

að þau áhrif sem m.a. skerðing á yfirvinnu eða yfirvinnubanni og skerðing hæstu launa hafi séu að stórum hluta orsakavaldur þar. En slíkar skerðingar koma meira við karla þar sem stærri hluti launa þeirra er yfirvinna og þeir eru líklegri til að tilheyra þeim tekjuhópum sem orðið hafa fyrir skerðingu á síðustu mánuðum. Mörgum þykja það góðar fréttir að það dragi úr launamun. Við viljum þó vara við

Mörgum þykja það góðar fréttir að það dragi úr launamun.

Við viljum þó vara við of mikilli hjartarsýni. Launamunurinn er í fyrsta lagi enn alltof mikill og ætlunin var aldrei að jafna hann með lækun launa karla!

of mikilli hjartarsýni. Launamunurinn er í fyrsta lagi enn alltof mikill og ætlunin var aldrei að jafna hann með lækun launa karla! Þessar niðurstöður breyta því miður ekki því viðhorfi sem enn virðist ríkja í samfélaginu að karlar eigi að þéna meira og fá meiri umbun fyrir sitt starf. Þar þarf meira til.

En jafnréttismál fjalla um fleira en launajafnrétti. Það er trú okkar að hlutverk stéttarfélaganna sé ekki einskorðað við réttindi og hagsmuni sinna eigin félagsmanna heldur samfélagsins alls – heildarhagsmunina. Fyrir mörgum árum var kynnt til sögunnar inn í jafnréttismálin hugtakið samþætting sem mörgum þótti óljóst og jafnvel ómögulegt í framkvæmd. Sem betur fer erum við meir og meir að sjá samþættingu í verki og tókum jafnréttisvinkilinn á sem flesta málaflokka. Eitt af því sem brennur á okkur nú eru umhverfis- og loftslagsmálin. Þar á jafnréttismálin einnig heima og um það fjöllum við m.a. um á fyrstu ráðstefnunni okkar.

Við þurfum að vera vakandi fyrir því í dag að orðið jafnrétti verði ekki innantómt hugtak sem hægt er að ýta til hliðar, og því hvetjum alla SFR-félaga sem aðra til að taka þátt og auka þannig gæði samfélagsins alls.

Höfundur er formaður SFR-stéttarfélags í almannajónustu.

Frábær fermingargjöf



Dúnsæng



Dúnkoddi



Sængurver

= 19.900,-
Allur pakinn

www.dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ

Laugardag frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

Taktu þátt
í GETRAUN

Múrbúðin á VIÐHALD 2010

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Nú er rétti tíminn til að fara í viðhald húsnæðis
Allt um viðhaldið í Smáralind um helgina



Sýningarbaðherbergi á staðnum. Kynntu þér verðin.

Múrbúðin kynnrir á sýningunni:

Hreinlætistækjadeild. Uppsett sýningarbaðherbergi á staðnum.

Utanhúss múrkerfi frá **Maxit**.

Deka þakmálning, þakþéttiefni og þakrennur frá **Rug**.

Durolit flotefni til viðgerða á tröppum og stéttum.

ODEN viðarvörn. Besta viðarvörnin í Skandinavíu samkvæmt Folksham í Svíþjóð.

Málara- og múrarameistari á staðnum til að gefa góð ráð.

Taktu þátt í getraun!

Hvað kostar að gera upp baðherbergi?

Hvað kostar allt efni í Múrbúðinni til að fullgera 8m² (gólflötur) baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, málning á loft, ljós, baðherbergisinnrétting, handlaug baðkar, sturtuhorn, innbyggt WC, hitastýrð blöndunartæki og allir fylgihlutir. Sjá hrúgu af þessum vörum í sýningarbásnum.

Sá sem giskar á rétta tölu eða kemst næst henni vinnur.

1. verðlaun eru 100.000 kr. úttekt í Múrbúðinni
2. verðlaun eru 50.000 kr. gjafabréf hjá Iceland Express



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Vildi ekki vera án reynslunnar

Daníel Reynisson var 29 ára þegar hann greindist með Hodgkins-sjúkdóm, ákveðna tegund af blóðkrabbameini. Hann tók á móti fertugsaldrinum í krabbameinsmeðferð, sigraðist á meininu og fagnar tíu ára útskriftarafmæli í ár. Í samtali við *Hólmsfríði Helgu Sigurðardóttur* segist hann ekki geta hugsað sér lífið án þessarar erfiðu lífsreynslu, sem þrátt fyrir allt hefur gefið honum svo margt.

Petta byrjaði þannig hjá mér að ég var alltaf rosalega þreyttur og var farinn að laumast í rúmið eftir venjulegan skóladag.“

Þannig lýsir Daníel Reynisson upphafi veikinda sinna í október árið 1999. Hann var 29 ára, hafði farið aftur í nám við Iðnskólann í Reykjavík og gerði ráð fyrir því að klára stúdentspróf um jólin. Þegar hnúðar fóru að myndast á hálsinum á honum ákvað hann að leita til læknis. „Það sem gerist er að eitlarnir bólgnu upp og mynda hnúða. Ég var orðinn eins og hálfgerð vörtudýr á hálsinum. Heimilislæknirinn minn sendi mig til háls-, nef- og eyrnalæknis í frekari athugun. Sá læknir sagði mér að þetta gætu verið margir hlutir, en það mig að bíða í þrjár vikur. Ef þetta væri vírus myndi þetta ganga niður á þeim tíma. Á þeim tíma var þetta búið að vera á hálsinum á mér í fjórar vikur, þannig að ég átti alveg eins von á að þetta væri eitthvað alvarlegt. Ég beið í þessar þrjár vikur og það er sennilega versti tíminn í öllu þessu – allur þessi biðtími.“

Hodgkins-sjúkdómurinn

Þegar Daníel kom aftur að þremur vikum liðnum var tekin ástunga sem kallaði á frekari rannsóknir á Borgarspítala, þar sem heill eitill var skorinn úr honum fyrir frekari sýnatökur. „Tveimur dögum seinna var hringt og ég beðinn að koma niður á Borgarspítala. Það var látið fylgja að það væri ekki verra ef ég tæki konuna mína með mér.“ Það sagði þeim strax að málið væri alvarlegt. Hins vegar finnst Daníel eðlilegt að slík skilaboð séu gefin. Það sé mikilvægt að hafa einhvern úr fjölskyldunni með sér þegar á að taka á móti fréttum eins og þeim sem hann fékk. Daníel og kona hans, Sólrún Rúnarsdóttir, fóru með hjartað í buxunum niður á Borgarspítalann.

„Þar mæti ég alveg yndislegum lækni, henni Vilhelminu Haraldsdóttur. Hún er mjög röggsum kona, er ekkert mikið að tala í kringum hlutina, sem mér þykir þægilegt. Hún lagði þetta ljóst fyrir mig strax í byrjun. Að ég hefði greinst með Hodgkins-sjúkdóm, hvað við værum að fást við og hverjar batalíkur væru. Við tók svo heilaskann, beinmergsprufa og endalausar blóðprufur. Út frá þeim var meðferðin fram undan kortlögð.“

Eitt lítið niðurbrot

Út úr rannsóknunum kom að mein Daníels var á hálsinum og teygði sig niður á bringu. Hann fékk strax að vita að Hodgkins-sjúkdómurinn væri læknanlegur í mörgum tilfellum, en á þessum tíma voru í kringum 90 prósentu líkur á fullum bata. Það hjálpaði líka til að hann var snemma greindur. Meðferðarætlunin sem sett var upp gekk út á sex mánuði. Í fjóra mánuði átti hann að fara í lyfjagjöf og eftir hana tæki geislameðferð við. Í átta skipti mætti hann í lyfjagjöf á tveggja vikna fresti. Daníel er að eðlisfari jákvæð manneskja og honum tókst að fara í gegnum hana með bjartsýnina að leiðarljósi. Það komu samt erfiðir dagar inn á milli, þar sem hann spurði sig af hverju hann, sem aldrei hafði reykt eða drukkið af viti og var í góðu líkamlegu formi, skyldi fá krabbamein. Hann dvaldi þó lítið við slíkar hugsanir. „Ég hélt áfram að hreyfa mig, fór í ræktina og í júdó og slóst við strákana. Í lyfjagjöfinni átti ég yfirleitt góða viku og svo erfiða viku. Ég fór þá alltaf að æfa í góðu vikunni.



DANÍEL REYNISSON Um þessar mundir fagnar Daníel tíu ára útskriftarafmæli úr krabbameinsmeðferð. Hann var 29 ára þegar hann greindist með Hodgkins-sjúkdóm, sem er ákveðin tegund af blóðkrabbameini.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MOTTU-MARS OG SÖFNUNARÁTAK DAGSINS

Mottu-mars er yfirskrift mánaðarlangs átaks Krabbameinsfélags Íslands um karlmenn og krabbamein sem stendur yfir út þennan mánuð. Átakið hófst með því að úrvalslið allra helstu sersambanda landsins í boltaiþróttum skoruðu á hvert annað í svokallaðri mottukeppni, eða söfnun yfirvaraskeggs.

Sala á barmmerkjum í líki yfirvaraskeggs fer einnig fram í dag, laugardag, við alla kjörstaði og víðar. Öllum ágóða af söfnunarstarfi átaksins verður varið til rannsókna,

fræðslu, ráðgjafar og stuðnings við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra.

Átakið er eitt umfangsmesta árvekiátak Krabbameinsfélagsins til þessa. Allir karlmenn á Íslandi eru hvattir til þess að safna yfirvaraskeggi í marsmánuði til að sýna samstöðu og safna jafnframt áheimum til styrktar baráttunni gegn krabbameini með því að skrá sig til þátttöku í yfirvaraskeggskeppninni á vefsíðunni www.karlmennogkrabbamein.is. Hægt er að skrá bæði einstaklinga og lið. Í lok mánaðarins verður sigurvegari mottukeppninnar valinn við hátíðlega athöfn.



Ég hugsaði um það í meðferðinni hvað ég var heppinn að vera í þessu hlutverki, því mig langaði ekki að vera í aðstandendahlutverkinu. Ég gat verið kærulaus með þetta og gantast og þurfti ekki að taka tillit til eins eða neins. Það voru allir að taka tillit til mín. Ég held það sé alls ekki auðveldara að vera aðstandandi heldur en sjúklingurinn sjálfur.“

í andlitinu, labbaði út og kláraði minn dag.“

Hlutverk aðstandenda

Það styttist í tíu ára útskriftarafmæli Daníels úr meðferðinni, sem lauk í mars árið 2000 með þriggja vikna geislameðferð, sem Daníel segir hafa verið auðveldari en lyfjameðferðin, þótt hún hafi dregið verulega úr honum orkuna. Meðferðin bar árangur og hann var laus við meinið. Í dag er hann tölfræðilega í sama áhættuhópi og hver annar, sem gerist eftir að einstaklingur hefur verið einkennalaus í fimm ár.

Þegar Daníel horfir til baka segir hann sín stærstu mistök hafa verið að loka á aðstandendur sína

og ræður þeim sem eru að ganga í gegnum sömu reynslu eindregið frá því. „Ég ætlaði bara að taka þetta sjálfur og ekki gera alla aðra veika í kringum mig. Ég fattaði ekki að með því gerði ég alla í kringum mig meira áhyggjufulla. Þetta voru mistök, því það versta sem hægt er að gera er að sleppa því að tala um hlutina. Ég hugsaði um það í meðferðinni hvað ég var heppinn að vera í þessu hlutverki, því mig langaði ekki að vera í aðstandendahlutverkinu. Ég gat verið kærulaus með þetta og gantast og þurfti ekki að taka tillit til eins eða neins. Það voru allir að taka tillit til mín. Ég held það sé alls ekki auðveldara að vera aðstandandi heldur en sjúklingurinn sjálfur.“

Þú ert þín eigin bremsa

Fljótlega eftir að Daníel varð laus við meinið fór hann að vinna með Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Kraftur starfar innan vébanda Krabbameinsfélags Íslands. „Ég smitaðist hreinlega af andrúmsloftinu þar, sem er í grunninn „við getum!“ Þarna er fólk búið er að eiga við gríðarlega erfiða sjúkdóma. Sumt af því var enn þá á fullu í sinni meðferð. Þarna lærði ég ákveðið hugarfar – að það er enginn sem stoppar þig nema þú sjálfur – þú ert þín eigin bremsa í öllu sem þú gerir.“

Hann sat í stjórn Krafts um árabíl en er nýhættur, því hann vill einbeita sér að fjölskyldu sinni, en þau hjónin eiga í dag tvo unga syni, tveggja og fimm ára. Hann mun þó sennilega aldrei slíta sig alveg frá starfi innan Krabbameinsfélagsins og heldur meðal annars fyrirlestira fyrir karla hjá endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðinni Ljósinu, þar sem hann segir sögu sína. Hann segir það stundum mikilvægt að karlar tali beint við karla. „Ég er búinn að starfa með mjög mörgum konum í sjálfbodaliðageiranum á síðustu árum og hef tekið eftir að við karlar nálgumst hlutina ekki eins opið og konur virðast gera. Sennilega lokum við okkur bara meira af með okkar þælingar.“

Þess vegna er hann líka ánægður með nálgunina í nýju átaki Krabbameinsfélagsins, Karlar með krabbamein, þar sem hómurinn er hafður að leiðarljósi. „Mér finnst þetta frábært konsept. Það er auðvelt að fá karlana til að taka þátt og konurnar til að heita á þá. Auðvitað erum við dálítið hallærislegir með skeggið okkar, sumir hverjir, en málstaðurinn er góður.“

Þegar Daníel lítur til baka yfir farinn veg sér hann fyrst og fremst skemmtilegan og eftirminnilegan tíma. „Auðvitað hefur þetta verið erfitt líka, því ég hef misst vini og kunningja. Þó það sé erfitt að segja það er þetta lífsreynsla sem ég hefði ekki viljað missa af.“

Bragðgóð ráð



6.990,-

FAVORIT steikarpanna/m loki Ø26cm. Ryðfritt stál
Hentar öllum gerðum af hellum, einnig hægt að setja í ofn

Fermingarundirbúningur í IKEA helgarnar 6.-7. mars og 13.-14. mars á milli kl. 12-17

Kokkur og bakari úr íslenska kokkalandslíðinu verða hjá okkur og útbúa veitingar fyrir fermingarveislurnar. Þeir sýna hvernig þú getur boðið upp á dýrindis köku- eða matarboð á verði sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Þú getur fengið frábærar hugmyndir að mat fyrir veisluna og sniðugar lausnir sem hægt er að gera án mikillar fyrirhafnar.

Víðs vegar um verslunina finnur þú líka góðar hugmyndir að því hvernig hægt er að bera matinn fram og skreyta veisluborð.

Að sjálfsögðu finnur þú líka fallegar og nýtsamlegar gjafir handa fermingarbörnunum hjá okkur.



Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

Góðu tímarnir koma aldrei aftur

Póra Arnórsdóttir og **Andri Snær Magnason** eru sigurvegarar. Að minnsta kosti þessa vikuna. Póra var valin sjónvarpsmaður ársins á Eddunni og Andri voru afhent Kairos-verðlaunin við mikla athöfn í Hamborg. Þau settust á rökstóla með *Dr. Gunna*.

Á RÖKSTÓLUM

Eddu- og Kairos-verðlaun. Glaumur og glys, galakjólur og innblásnar ræður. Eru Póra og Andri Snær enn þá hátt uppi?

Póra: „Já, ég var það í marga daga. Svo fékk ég fálkaorðuna í gær. Í Skaupinu voru allir með fálkaorður í einu atriðinu og Úlfur Grönvald, sem bjó þessar orður til, sæmdi mig einni fyrir mikinn námsvilja og einlægán áhuga á listum. Þannig að það eiginlega rignir bara upp í nasirnar á mér þessa dagana.“

Þið hafið ekki fengið fálkaorður í alvörundi, er það?

Andri: „Nei, en það er bara tímaspursmál!“

Póra: „Verst að maður er ekki nógu góður í íþróttum.“

Segðu okkur nú frá Kairos-verðlaunahátíðinni, Andri, þar sem þú tókst á móti verðlaunum upp á 75.000 evrur.

Andri: „Á Eddunni og á Óskarnum og svona fær maður bara rétt að þakka mömmu og pabba og svo leiðis, en þetta var eins og ég ætti hundrað ára hátíðarafmæli. Ég fékk að velja mér tónlistarfólk til að taka með út. Ég var með Emilíönu Torrini, Steindór Andersen og fleiri. Tveir doktorar voru með langar ræður um það sem ég hef gert og svo fékk ég sjálfur að tala í korter...“

Póra: „Hmmm. Mér finnst ég farin að vera dálítið olnbogabarn í þessu viðtali.“

Andri: „...og þetta fór fram í 1.200 manna risavöxnu rauðu barokk-pluss-með-svölum leikhúsi í miðborg Hamborgar.“

Nú er Gunnar ljósmyndari mættur til að mynda Póru og Andra og spyr af hverju hann hafi ekkert heyrt um þessi verðlaun.

„Nú, það er út af því að ég er ekki íþróttamaður,“ segir Andri Snær og skellihlær.

Subbulegi smjörklípuhlunkurinn

Þegar Gunnar er búinn að mynda þau snúum við okkur að máli málananna: Þjóðaratkvæðagreiðslunni í dag.

Andri: „Ég myndi segja að þetta mál særi feegurðarskyn mitt. Það er svo ljótt og óhreint. Þetta mál er bara subb.“

Póra: „Ertu þá að tala um Icesave-málið í heild, eða atkvæðagreiðsluna?“

Andri: „Bæði. Þetta er bara subbudrulla og algjör viðbjóður. Mér finnst að Icesave-málið eigi að vera tekið yfir af fúlfi skilanevnd sem fær skrifstofu í Brussel og borgar út á meðan eignir Landsbankans eru til sölu í fimm ár og síðan skulum við tala um þetta. Að hafa látið þjóðina hugsa um þetta í 18 mánuði – á meðan allt draslið og auðmennirnir eru að endurreisa sig – er einhver stærsti smjörklípuhlunkur sem nokkurn tímann hefur verið slengt framan í þjóðina.“

Póra: „Ef við tækjum burt allan tímann og orkuna og ergelsið sem hefur farið í þetta Icesave-mál, sem er bara lítill hluti af því sem hér gerðist, þá værum við komin miklu lengra. Á meðan hefur enginn verið ákærður, enginn hefur verið handtekinn, og einu eignirnar sem hafa verið frystar er bankareikningur Baldurs Guðlaugssonar! Ég ætla samt að mæta á kjörstað því mér hefur verið innþentað að það sé mikilvægt að kjósa. Þótt þetta sé allt hið undarlegasta mál þá held ég samt að ég hlunkist og setji seðil í kassann.“

Svo ægilega þægilegt

Báruð þið einhvern tímann þá von í brjósti eftir hrundi mikla að allt myndi breytast til batnaðar á Íslandi?

Póra: „Já.“

Andri: „Maður hefur séð fullt



PÓRA ARNÓRSDÓTTIR OG ANDRI SNÆR MAGNASON Það rignir upp í nefið á þeim og bara tímaspursmál hvenær þau fá fálkaorðuna!

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÍÐAST (EN EKKI SÍST)

Síðasta veitingahúsið

Póra: Santa María á Laugavegi. Þar má borða góðan mat fyrir viðunandi verð.

Andri: Ég borðaði íslenskan þorsk í afar góðu veitingahúsi við höfnina í Hamborg. Dálítið að sækja vatnið yfir lækinn samt.

Síðasta bókinn

Póra: Blómin frá Mað eftir Hlín Agnarsdóttur.

Andri: Úr skilvindu drauma eftir Arngrím Víðalín.

Síðasta bókinn sem ég las fyrir börnin

Póra: Elmar og veðrið fyrir yngstu dótturina og Gralli gormur fyrir soninn.

Andri: Við erum með 2, 4, 7 og 12 ára gömul börn svo það er ýmislegt í gangi. Núna er sú sem er sjö ára komin upp á lag með að hlusta á sögur sem við höfum sett inn



á iPodda. Nú er hún að lesa Sögur af kuðungi eftir Þórhall sem vinnur í Sólheimasafni.

Síðasta bíómyndin

Póra: Við leigðum Das Leben der anderen, en við náðum ekki að byrja á henni. Það er til skammar og ég ætti ekki að segja frá því.

Andri: The Good Heart.

Síðasta sundlaugin

Póra: Börn eru alltaf með kvef á veturna svo maður fer ekki eins mikið í sund. Ætli það hafi ekki bara verið sundlaugin í Kópavogi.

Andri: Nauthólsvík, potturinn og sjórinn í síðustu viku.

Síðasta útlandið

Póra: Ég fór til Brussel í örfáa daga í október.

Andri: Hamborg.

af sjálfsprottinni viðleitni til að breyta einhverju, eins og þjóðfundinn til dæmis, en mér finnst eins og allar þessar stofnanir sem við eigum séu ekki að taka þátt í breytingunum. Eins og til dæmis verkalyðsforystan. Gylfi Arnbjörnsson vill bara fá álver í Helguvík. Það eru engin hugmyndafræðileg skilaboð send frá þessum stóru mössum, þessum stóru félagasamtökum sem eiga lífeyrissjóðina og eiga þetta allt saman. Það er ekkert í gangi þar. Það var mikið afrek að koma þessum þjóðfundi upp og sú elja er ekki til hjá þessu skrifstofufólki sem rekur stóru félagslegu batteriinn.“

Póra: „Ég skildi aldrei hvernig allir gátu keypt radhús og tvo bíla. Svo kom í ljós að það var bara ekki hægt. Lífsstíllinn sem við höfðum tileinkað okkur er svo gjörsamlega ósjálfbær. Ég var að vonast til að hugarfarið myndi breytast þegar fólk sæi að þessir „góðu tímar“ myndu aldrei koma aftur. Við eigum langt í land með að átta

okkur á því, því þetta hefur verið svo ægilega þægilegt. Við höfum getað lokað augunum fyrir því hvað hélt þessu öllu uppi.“

Andri: „Margir erlendir blaðamenn sem maður talar við eru haldnir þeim misskilningi að halda að lífsgæði okkar hafi fyrst komið við einkavæðingu bankanna. Mér finnst við hafa haft það fínt síðan ég fæddist. Íslendingar veiða um 1,5 prósent af öllum fiski í heiminum og það eitt og sér ætti að vera fjandi nóg til að halda þessu fámenna þjóðfélagi gangandi. En þar að auki erum við með fleiri ferðamenn á mann en flestar þjóðir. Við erum með fimm sinnum meiri orkuframleiðslu á mann en flest nágrannaríkin. Og svo allt hitt. Það er rannsóknarefni hvernig var hægt að klúðra þessu svona.“

Hver er einfaldasta skýringin á þessu klúðri?

Andri: „Það er klikk í kerfinu – líklega hugmyndafræðilegt klikk. Einhvers staðar lekur peningurinn

út. Það er stjarnfræðilega fáránlegt að það ríki neyð í þorpi sem veidir 0,1 prósent af öllum fiski í heiminum.“

Þetta gerir mann brjáláðan!

Hvernig eru svo Póra og Andri stemmd fyrir framtíðinni?

Andri: „Ef þessi kreppa fer ekki neðar, má að vissu leyti segja að þetta hafi ekki verið kreppa. Í Íslandssögulegu tilliti er sársauka-stuðullinn ekki kominn nógu hátt til að þetta geti kallast kreppa.“

Póra: „Mér hefur oft verið hugsað til forfeðra minna og verið þeim þakklát fyrir að hafa komist í gegnum alla þessa ömurlegu tíma í Íslandssögunni og skilað okkur þó hingað. Sjálf sveiflast ég á milli kolsvartrar bólsýni og mikillar bjartsýni.“

Fer það ekki dálítið eftir því hvað manni er sagt í fréttatímunum? Ef það er alltaf verið að tala um „óveðursský sem hrannast upp við sjóndeildarhringinn“ er aðeins erfðara að vera léttur á því.

Póra: „Tja, hluti af því er að það er verið að moka flórinn. Það er margur skíturinn sem kemur í ljós. Menn gátu bara labbað inn í banka og sagt: „Ég ætla að fá þrjátíu þúsund milljónir að láni og veðið er bara bréf í bankanum ykkar. Ég ætla að setja þetta inn í þetta ehf. og ef þið vilduð senda þetta til Torólú þá væri það rosa gott.“ Enginn ber neina persónulega ábyrgð á þessu. Þetta eru bara hreinar kennitölur úti um allt. Á meðan er verið að gjaldfella 200.000 yfirdráttarheimildir á einhverja vesalings kennara. Ég meina, þetta gerir mann brjáláðan! Það er hlutverk fjölmiðla að segja frá hlutunum eins og þeir eru.“

Andri: „Bóla hefur svo mikið þyngdarafli. Það fer allt á sporbaug um bóluna. Bólan verður miðja alls. Hugsun þín verður öll út frá þyngdarafli og það var allt miðað út frá bönkunum. Þú gast farið í heimspeki af því að jú, bankarnir réðu stundum heimspekinga.“

Póra: „Hér erum við með skemmtilegt listaverkefni. Hvað ætli Björgólfi finnst um það? Ætli hann sé til í að sponsa?“

Andri: „Þess vegna er ákveðið frelsi núna af því að hugurinn er laus úr viðjum þyngdarafllins.“

Póra: „Það góða er líka að alls konar fólk, sem hefur aldrei velt fyrir sér pólitík eða hvernig þjóðfélagið er byggt upp, er farið að þæla. Ég á vinkonur sem voru allt í einu farnar að spá í þrískiptingur valdsins og svo framvegis. Maður sér ýmis ljós í myrkrinu.“

Andri: „Svo sér maður fólk, sem hefur alltaf þælt mikið í pólitík, verða dauðfegið þegar eitthvað annað kemur upp. Eitthvað lítið og ómerkilegt mál sem tekur athyglina. Hvað var það nú aftur um daginn?“

Póra: „Var það eitthvað um kjóla kannski?!“

NÝ BENSÍNSTÖÐ ATLANTSOLIU VIÐ BYKO BREIDD

OPNUNARHÁTÍÐ Í GLERHÝSINU

Í dag, laugardaginn 6. mars, kl. 12:00-16:00 verður skemmtun fyrir alla fjölskylduna



13:00 Ingó kemur í heimsókn



13:30 Ípróttaálfurinn kemur í heimsókn



10 metra löng skúffukaka



Svali fyrir börnin



Heitt á könnunni



KRAFTUR

Styðjum gott málefni

Fyrstu vikuna renna 5 krónur af hverjum seldum lítra til Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk með krabbamein.

Atlantsólía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Opnum kl.10 í dag  Opnum kl.10 í dag



498

KR.KG

STEINALAUS VÍNBER

195

KR.KG

APPELSÍNUR Í LAUSU



1398

KR.KG

K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR SLÁTRUN 2009



1398

KR.KG

ÍSLANDS LAMB FERSKT LAMBALÆRI M.KRYDDJURTUM
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **30% afsláttur**



89

KR.DS

PEPSI OG PEPSI MAX DÓSIR
500ML



89

KR.DS



89

KR.DS

EGILS APPELSÍN
500ML



1398

KR.KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
30% AFSLÁTTUR



249

KR.STK

DORITOS 200g
MEÐ OSTI



119

KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G



398

KR.STK

ES ÞVOTTAEFNI 22 ÞVOTTAR
AÐEINS 18 KR.PR. ÞVOTTUR



498

KR.STK

FRIGG RÚÐUVÖKVI 5 LTR.



179

KR. 2 LTR

BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B
 Opnum kl.10 í dag  Opnum kl.10 í dag 



598
KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



698
KR.KG

HEILL GRILLAÐUR KJÚKLINGUR (EKKI HEITUR)



Bringur **1598**
KR.KG

BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR**



Leggir **479**
KR.KG

BÓNUS KJÚLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR**



1698
KR.KG

KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **15% AFSLÁTTUR**



898
KR.KG

GRÍSAVEISLA GRÍSAKÓTILETTUR



498
KR.KG

GRÍSAVEISLA GRÍSAHAKK



898
KR.KG

GRÍSAVEISLA GRÍSAGÚLLAS



898
KR.KG

GRÍSAVEISLA GRÍSASNITSEL



898
KR.KG

GRÍSAVEISLA ÚRB. GRÍSAHNAKKI



598
KR.PK

NAUTAVEISLA FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI



898
KR.KG

NAUTAVEISLA FERSKT NAUTAHAKK

FYRIR KISU 



ES KATTAMATUR 100G **49 kr.**
ES KATTASANDUR 5 KG **359 kr**

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30



100 ára baráttu

Hundrað ár eru liðin frá því þýska kvenréttindakonan **Clara Zetkin** viðraði hugmyndina um sérstakan baráttudag kvenna. Hugmyndin barst hratt um heimsbyggðina og nú er 8. mars baráttudagur kvenna um allan og fagnað með mismunandi hætti. Í tilefni tímamótanna skoðaði **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** áfanga í íslenskri kvennasögu og lagði því næst leið sína í Kringluna til að kanna hug fólks til stöðu kvenréttindamála á í dag.

ANNA MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR

Mér finnst svolítið tabú í kringum feminisma og kvenréttindabaráttu. Ef maður lætur á sér heyrast að maður sé svolítið full yfir því að hlutirnir séu ekki jafnir fær maður svip frá fólki og það segir með svip „já, ert þú svona feministi“ og hugsar um leið „hún rakar sig pottþétt ekki undir höndunum“. Mér finnst enn eima eftir af skilaboðunum: „Vertu sæt og ekki segja neitt“. Kannski þarf bara að markaðssetja feminista upp á nýtt – fá bara einhvern góðan almannatengil í það!“



HRANNAR HÓLM SIGRÚNARSON

„Staða kvenna hefur farið batnandi en það má alltaf gera betur. En maður er farinn að sjá baráttuna meira í kringum mann, hún er orðin meira áberandi, bæði hjá körlum og konum. Það eru margir orðnir miklu meira sammála kvennabaráttunni en þeir voru áður.“



SIMMI ANGEL

Kvenmennirnir fá oft ekki jafn mikið að gera og karlmennt, þó að þær geti oftast unnið störf jafn vel og karlar. En þetta er að breytast. Ég hef til dæmis unnið mikið í jarðvinnu og sé þar kvenmenn keyra vörubíla og vinna á gröfum. Mér finnst það æðislegt. Það má líka breyta kvennastörfum. Það eru til dæmis nær allir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður konur. Karlar ættu að fá að vera ljósfeður ef þeir hafa áhuga á því.



GUÐNÝ ÓSK JÓNASDÓTTIR

„Ég held að karlar ráði aðeins meira enn þá. En samt ekkert mikið, bara pinulítið. Það á alveg örugglega eftir að breytast.“



Launamunur og ofbeldi

Það er klassískt að byrja á að spyrja forstöðukonu Kvennasögusafns Íslands, Auði Styrkárardóttur, hvort við séum ekki komin svo langt á veg að það sé engin þörf á skipulagðri jafnréttisbaráttu í dag? „Þegar Anna Sigurðardóttir stofnaði Kvennasögusafnið, árið 1975, var einmitt tekið við hana viðtal í Sjónvarpinu. Þá var hún spurð að einmitt þessu: „Er nokkur þörf á safni sem þessu, nú þegar jafnréttismálin eru komin í höfn?“ Þá var nýbúið að setja jafnréttislög og stofna Jafnréttisstofu. Þá hélt fólk að þetta væri bara komið.“

Það er nokkuð um liðið og vissulega hefur margt breyst til hins betra síðan árið 1975. „Á mörgum sviðum stendur Ísland mjög framarlega, þegar við horfum til hluta sem okkur þykja sjálfsgöðir, eins og barnadauða. Hann hefur áhrif á stöðu kvenna og sýnir stöðu þeirra líka. En við setjum okkur auðvitað það markmið að staða kvenna og karla sé jöfn. Það er skráð í lögum og ég held að við séum flest gíruð inn á það markmið. Og hún er náttúrulega ekki jöfn.“

Hún tekur launamálin sem eitt mikilvægasta málið í jafnréttisbaráttunni í dag. „Launabil kynjanna er viðvarandi vanda-

mál sem enginn virðist kunna neina laus á. Launabil karla og kvenna er meira hér en í nágrannalöndunum, talsvert mikið meira. Þetta þyrfti að stúdera miklu betur en gert er. Við þurfum að horfa til nágrannalanda okkar og rannsaka hvað er öðruvísi hér en þar.“

Ofbeldi gagnvart konum er annað stórt jafnréttismál sem taka þarf á, að mati Auðar. „Þetta er því miður stórt vandamál hér á landi. Í því er auðvitað ekkert jafnrétti og þetta er eitt af þeim málum sem kvennasamtök um allan heim beita sér mjög fyrir.“

Launamunurinn og ofbeldið eru þau mál sem Auði þykir brynast að taka á núna. „Ef við tökum stjórnmálasviðið gerum við okkur auðvitað ekki embættið með 40 prósentu þátttöku kvenna á þingi. Auðvitað ekki, við viljum að hún verði 50 prósent. En við kunnum ráð við þessu og það er meðvitað unnið að því í flestum flokkum að fjölga konum. Það sama má segja um opinberar stöður og stjórnunarstöður. Það er hins vegar mikill munur á stjórnmálalífnum annars vegar og efnahagslífinu hins vegar. Staða kvenna er enn þá mun veikari í efnahagslífinu.“



AUÐUR STYRKÁRSDÓTTIR Forstöðukona Kvennasögusafns Íslands segir launamun kynjanna og ofbeldi gagnvart konum mikilvægustu mál jafnréttisbaráttunnar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UPPRUNI 8. MARS

Þýska kvenréttindakonan og sósíalistinn Clara Zetkin bar fyrst upp hugmyndina að sérstökum baráttudegi kvenna á fundi Alþjóðasamtaka sósíalískra kvenna sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1910. Fyrstu löndin sem tóku formlega þátt deginum ári seinna voru Danmörk, Þýskaland, Austurríki og Sviss. Strax á næstu árum bættust fleiri lönd í hópin. Í fyrstu var dagsetningin á reiki en alltaf var dagurinn haldinn hátíðlegur í mars.

Mjög var þó misjafnt hvort eða með hvaða hætti baráttudagsins var minnst og minna fór fyrir honum eftir því sem tíminn leið. Alþjóðasamband lýðræðissinnaðra kvenna var stofnað í París árið 1945. Þau samtök ákváðu að dagurinn 8. mars yrði alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir fríði. Með tilkomu nýju kvennahreyfingarinnar um 1970 gekk 8. mars í endurnýjun lífdaga. Árið 1977 ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að gera 8. mars að alþjóðlegum kvennadegi Sameinuðu þjóðanna.

Baráttudagsins er minnst víða um heim með misjöfnum hætti. Í Reykjavík tekur fjöldi samtaka sig saman og heldur dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á mánudaginn klukkan 17. Hana má meðal annars nálgast á heimasíðu Kvenréttindafélags Íslands, www.krfi.is.

HREINN SIGURÐSSON

„Karlmennt standa alls ekkert í vegi fyrir konum, það er mesti misskilningur. Ég sé ekki betur en að kvenfólk hafi réttindi á við karlmennt hér á Íslandi, svo ég sé ekki ástæðu fyrir kvenfólk að kvarta yfir jafnréttismálum. En svo eru reyndar margar konur sem treysta ekki öðrum konum, þegar til kastanna kemur. Ég talaði við konu í gær, sem var að fara á spítala. Hún sagðist svo fegin því að það væri enginn kvenlæknir sem ætti að annast hana!“



BIRTA LÍF PÓRUDÓTTIR OG KRISTÍN HELGA ÓLAFSDÓTTIR

Birta Líf: „Hvað eru eiginlega jafnréttismál? Já, meinarðu svona að karlar fái meira borgað? Mér finnst það ömurlegt!“

Kristín Helga: „Það fer samt eftir því við hvað maður vinnur, ef maður er frægur skiptir það ekki máli, eins og ég ætla að verða, fyrir að syngja, dansa og leika. „En ef maður er kannski að vinna á skrifstofu þá skiptir það máli. Þá fá konur miklu minni laun. Við lærum í skólanum að konur þurfi að berjast fyrir sínum rétti, í samfélagsfræði.“

Birta Líf: „Við ætlum pottþétt að gera það.“

RAGNAR GUNNLAUGSSON

„Konur þurfa að koma meira að stjórnun fyrirtækja, þær eru svolítið á eftir enn þá þar. Þú sérð ekki margar konur á toppi fyrirtækja enn þá. Maður einblínir á jafnrétti, það er auðvitað eitthvað sem við viljum hafa.“



ÁRTÖL OG ÁFANGAR Í SÖGU KVENNA

- 1850 Dætrum veittur sami erfðaréttur og sonum. Áður erfðu dætur einn þriðja hluta en synir tvo þriðju.
- 1861 Ógíftar konur, 25 ára og eldri, urðu myndugar (sjálfráða og fjárráða). Gíftar konur voru áfram ómyndugar.
- 1863 Vilhelmina Lever „verslunarborgarinn“ á Akureyri kaus í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri árið 1863 og aftur 1866. Kosningarétt höfðu samkvæmt lögum allir fullmyndugir menn.
- 1874 Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður af Þóru Melsteð og eiginmanni hennar Páli Melsteð. Skólinn var fyrsta menntastofnunin sem bauð konum formlega menntun.
- 1876 Júlíana Jónsdóttir varð fyrst kvenna til að gefa út skáldrit hér á landi. Það var ljóðabókin Stúlka sem hún gaf út á eigin kostnað.
- 1882 Ekkjur og aðrar ógíftar konur sem stóðu fyrir búi eða áttu með sig sjálfar, fengu kosningarétt þegar kjósa átti í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum.
- 1887 Bríet Bjarnhéðinsdóttir hélt opinberan fyrirlestur 30. desember, fyrst kvenna, í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík.
- 1895 Í janúar hófst útgáfa kvennablaðsins Framsóknar (1895-1901) á Seyðisfirði. Útgefendur og ritstýrur voru Sigríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Skaftadóttir. Í Reykjavík hófst útgáfa Kvennablaðsins (1895-1919) í febrúar. Útgefandi og ritstýra var Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
- 1900 Sett lög um fjármál hjóna. Með þeim fékk gift kona yfirráð yfir eigin tekjum og eignum.
- 1904 Ný reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík (Læra skólan) heimilaði stúlkum aðgang að skólanum og nutu þær þar með sömu réttinda og piltar til náms við skólann.
- 1907 Kvenréttindafélag Íslands var stofnað af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og fleiri baráttukonum 27. janúar.
- 1907 Fyrsta verkfall verkakvenna. Sumarið 1907 fóru hafnirskar verkakonur, sem unnu við fiskbreiðslu, í verkfall. Verfallið stóð stutt yfir, dagsstund eða svo, og uppskáru konurnar launahækkun.
- 1908 Kvenréttindafélag Íslands og önnur kvenfélög í Reykjavík stóðu saman að kvennalista til framboðs við bæjarstjórnarkosningarnar. Allar konurnar fjórar á listanum náðu kjöri í bæjarstjórn. Þetta voru Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Guðrún Björnsdóttir, Katrín Magnússon og Þórunn Jónassen.
- 1915 Ný stjórnarskrá fyrir Ísland var staðfest af konungi 19. júní. Þar með fengu konur, 40 ára og eldri, kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Aldurstakmarkið skyldi lækka um eitt ár næstu fimmtán árin þar til 25 ára aldri væri náð, en það var aldurstakmark kosningabærra karlanna. Þetta ákvæði var fellt úr gildi árið 1920. Eftir það hafa konur og karlar notið sama réttar við kosningar til Alþingis.
- 1917 Kristín Ólafsdóttir lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna. Hún var jafnframt fyrsta konan til að ljúka prófi frá Háskóla Íslands.
- 1922 Ingibjörg H. Bjarnason var kosin á Alþingi, fyrst kvenna, af sérstökum kvennalista. Hún gekk síðar til liðs við íhaldsflokkinn.
- 1935 Sett lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Fóstureyðingar voru heimilaðar í sérstökum tilfellum og máttu lækna veita konum upplýsingar um þungunarvarnir.
- 1969 Margrét G. Guðnadóttir var skipuð prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Margrét varð þar með fyrst kvenna til að gegna embætti prófessors við háskólann.
- 1970 Auður Auðuns lögræðingur varð fyrst kvenna ráðherra í ríkisstjórn Íslands þegar hún tók við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra.
- 1970 Rauðsokkuhreyfingin var stofnuð 4. október. Rauðsokkur tóku þátt í 1. maí göngu verkalýðsins þetta ár og vöktu mikla athygli.
- 1974 Auður Eir Vilhjálmisdóttir var vígð til prests, fyrst kvenna.
- 1976 Sett lög um jafnrétti kvenna og karla. Lögin áttu að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu karla og kvenna.
- 1980 Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti Íslands. Hún varð fyrst kvenna í heiminum til að gegna embætti lýðræðislega kjörins forseta. Vigdís gegndi embætti til ársins 1996.
- 1982 Kvennaframboð stofnað í Reykjavík. Við kosningarnar vorið 1982 fékk Kvennaframboðið tvær konur kjörnar í borgarstjórn í Reykjavík og sömuleiðis tvær í bæjarstjórn á Akureyri.
- 1983 Kvennalistinn var stofnaður og bauð fram í þremur kjördæmum við alþingiskosningarnar þetta ár. Þrjár konur voru kjörnar á þing fyrir Kvennalistann, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir.
- 1988 Guðrún Helgadóttir varð forseti sameinaðs þings, fyrst kvenna.
- 1991 Sigríður Á. Snævarr tók við embætti sendiherra Íslands, fyrst kvenna, í Stokkhólmi.
- 1997 Helga Kress var skipuð forseti Heimspeki-deildar við Háskóla Íslands árið 1997 og varð þar með fyrst kvenna til að gegna embætti deildarforseta við háskólann.

Heimild: Kvennasögusafn Íslands. Á vef Kvennasögusafnsins má sjá fleiri mikilvæg artöl í sögu íslenskra kvenna.



SAUMA
klúbburinn

Má bjóða þér
í Saumaklúbburinn?



50% AFSLÁTTUR!

Þannig er klúbburinn

- Í hverjum pakka eru 14-16 uppskriftarbæklingar með fjölbreyttu hannyrðaeefni.
- Nýir félagar fá fyrstu sendinguna á hálfvirði, eða aðeins 845 kr.
- Eftir það kostar hver mánaðarsending aðeins 1.690 kr. með sendingargjaldi.
- Saumapoki að gjöf með þriðju sendingu ásamt uppskrift að því hvernig þú getur saumað út í hann.
- Ef þér líst ekki á efni fyrsta pakkans geturðu skilað honum aftur innan 10 daga.

Fyrsti pakkin
á aðeins
845 krónur!

Saumaklúbburinn er nýstárlegur áskriftarklúbbur þar sem félagar fá í hverjum mánuði spennandi uppskriftir að fjölbreyttum hannyrðum, s.s. prjóni, hekli, útsaumi og føndri, að ógleymdum freistandi klúbbréttum.



Klúbbhúsið

Klúbbhúsið | Skipholti 50b | 105 Reykjavík | klubbhusid@klubbhusid.is

AÐ GJÖF!

Skráðu þig á:
klubbhusid.is
eða í síma **528-2000**

Leið til að kynnst innri veruleika

Alþjóða Sam-Frímúrarareglan „Le Droit Humain“ opnar dyr sínar í dag þar sem almenningur getur fræðst um starfsemina og forvitnast um hina fornu leyndardóma sem hafa fylgt hinum leynilegu frímúrum í gegnum aldirnar. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við þau **Baldur Gíslason** og **Signýju Sæmundsdóttur** sem bæði eru í reglunni.

HVAÐ ER SAM-FRÍMÚRARAREGLAN?

Alþjóða Sam-Frímúrarareglan eru mannæktarsamtök þar sem karlar og konur starfa saman á jafnréttisgrundvelli samkvæmt siðakerfi frímúrarar sem bjóða mönnum táknaða aðferð til að kynnst innri veruleika. Lögð er áhersla á jafnrétti, trúfrelsi og opinn leitandi huga.

Á miðöldum veittu slíkar reglur einungis karlmönnum viðtöku en á þeim tímum þóttu konur óæðri karlmönnum. Til forna störfuðu karlar og konur saman í launhelgum horfinna menningarheima en miðaldahefðin var ekki rofin fyrr en með tilkomu Alþjóða Sam-Frímúrarareglunnar „Le Droit Humain“ er taldi nauðsynlegt að skila starfi frímúrarar til nútímans í samræmi við breytt þjóðfélagsviðhorf og jafnréttishugsjón.

Uppruna þessarar reglu má rekja til frímúrarastúkunnar Les Libres Penseurs (Frjálsir hugsuðir) í Frakklandi. Meðlimir þessarar stúku höfðu kynnst Maríu Deraismes (1828-1894) sem var í forystu kvenréttindahreyfingarinnar frönsku og óþreytandi að hvetja konur til starfa á sem flestum sviðum. Hún var rithöfundur og blaðamaður og nýtur mikillar virðingar í frönsku sögu. Bræður áðurgreindrar stúku töldu sig ekki geta fundið neitt sem mælti gegn því að kona yrði frímúrarari nema vanhugsuð venja, og þar af leiðandi vígðu þeir hana árið 1882. María Deraismes beitti sér svo fyrir því ásamt stjórnáráðgjafmanninum dr. Georges Martin (1844-1916) að stofnuð var Alþjóða Sam-Frímúrarareglan Le Droit Humain sem stórstúka í París 1893. Voru stofnendur átján og þar á meðal má nefna Clemence Royer (1830-1902), sem einnig var í forystu frönsku kvenréttindahreyfingarinnar og vann að vísindastörfum. Sérstakir kynningarfundir verða í dag klukkan 14 á eftirtöldum stöðum: Reykjavík, Kirkjustétt 2-6, Akureyri að Glerárgötu 32 og á Egilsstöðum í Frímúrarahúsinu Tjarnarási 6. www.samfrim.is



FIGURÐ HINNA FORNU LAUNHELGA Fréttablaðinu bauðst að mynda í fyrsta sinn musterí Sam-Frímúrarareglunnar á Kirkjustétt en hér má sjá fundarsal með svarhvítu gólfi og súlum undir stjórnheimni auk ýmissa tákna sem notuð eru í siðfræði frímúrarar. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

Að leita að sjálfum sér

Á góðaristímum vilja menn gleyma andlegum málefnum,“ segir Baldur Gíslason sem hefur verið í Sam-Frímúrarareglunni í fimmtán ár. „Ástæða þess að við erum að kynna regluna í dag er til þess að minna á okkur. Það eru þannig tímar í dag að fólki veitir ekki af að hugsa aðeins inn á við og rækta sjálft sig og reglan er tæki til þess.“ Innganga Baldurs í regluna á sínum tíma var frekar óvænt að hans sögn. „Þetta var ekkert sem ég hafði verið að hugsa út í og var ekkert sérstaklega jákvæður gagnvart frímúrarareglunni. En svo gengu þrjú góðar vinkonur mínar í regluna og það vakti athygli mína, ekki síst vegna þess að Sam-Frímúrarareglan er blönduð regla en ekki karlaregla. Ég hef alltaf verið í jafnréttisumhverfi og það hefði aldrei hvarflað að mér að fara í karlaregluna.“

Baldur segir ýmislegt hafa komið sér á óvart þegar hann gekk í regluna. „Starfið í reglunni snýst um ákveðna heimspeki en ekki trúarbrögð sem hentar mér betur. Reglan lítur jafnt á öll trúarbrögð og það skiptir ekki máli hvaða trúarbrögð þú aðhyllist, ef þú einhver. Þessi regla byggist aðallega á ævafornum hefðum og siðum, siðum sem eru miklu eldri en kristin trú. Hún einkennist aðallega af táknafræði sem sagnfræðingur hafa rakið jafnvel til Súmera og enn eru fræðimenn með miklar vangaveltur um hvaðan táknið koma. Táknafræðin er mjög stór þáttur í starfinu og við lesum okkur mikið

til um táknið og hvaða sess þau skipa í sögu mannsins. Hjá okkur í reglunni eru alls kyns trúarlegar bækur eins og Biblían og Kóraninn til þess að undirstrika að við erum óháð trúarbrögðum.“

Leyndin er spennandi

Andleg málefni höfðu verið Baldri hugleikin um nokkurt skeið áður en hann gekk í Sam-Frímúrararegluna. „Ég velti því í sífellu fyrir mér hvort að það væri eitthvað í þessum heimi sem væri ákveðið fyrirfram. Hvort að það væri til einhvers konar alheimsorka sem hefði stjórn á þessum kaótíska heimi. Er til aðfl sem við höfum aðgang að og getum notað til góðs? Ég var líka mikið í heilun og hef gaman af því að velja fyrir mér árum fólks eins og talað er um í austrænni heimspeki. Ég trúði því að við séum hluti af orkumynd heimsins.“ Spurður um hvort reglan hafi veitt honum svörin sem hann hafði leitað að svarar hann að svörin finni maður bara innra með sér. „En þetta er tæki sem hefur hjálpað mér í leitinni, taktviss nálgun sem hjálpar manni að finna svörin sem maður leitar að.“

Í dag er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um frímúrarareglur á Netinu og í bókum og því spurning hvort leynireglur eigi sér framtíð í netvæddu nútímasamfélagi? „Að



BALDUR GÍSLASON, SKÓLASTJÓRI TÆKNISKÓLANS

einhverju leyti breytir upplýsingavæðingin leyndinni, það er á hreinu. Það er hægt að fara inn á Amazon og panta bækur og fá miklar upplýsingar um starf frímúrarar. Hins vegar mun fólk ekki skilja kjarnann í starfi frímúrarar bara með því að sjá brot á myndskæiðum eða lýsingar í bókum.“

Spurður um hvort leyndin sem hvílir yfir reglunni virki jákvætt eða neikvætt á þá sem standa utan hennar segir Baldur að leyndin sé auðvitað neikvæð fyrir marga enda hafi margar samsæriskennningar verið búnar til vegna hennar. „Leyndin er hins vegar mikilvæg sérstaklega sem hluti af þeirri leit sem maður gengur í gegnum sem frímúrarari. Ég hugsa þetta þannig að það sé ekki gaman að lesa spennandi bók ef maður les síðasta kaflann fyrst. Menn verða að upplifa hlutina í réttri röð. Ég held að leyndin sé spennandi fyrir marga, það er gaman þegar maður veit ekki alveg hvað maður á í vændum.“

Andlegi þátturinn vill oft gleymast

Baldur segir Sam-Frímúrararegluna haft mjög jákvæð áhrif á líf sitt á óbeinan hátt. „Maður veltir hlutunum meira fyrir sér og reynir að bæta sjálfan sig og vera betri þjóðfélagsþegn. Reglan byggir dálítið á hægagangi og allt gengur rólega fyrir sig. Hún

er stigskipt og menn eru vígðir inn á fyrsta stig. Þeir eiga að ráða í ákveðin tákna á þeim tíma og tengja þau við sjálfa sig og þegar þeir hafa fengið svar við fyrstu spurningunum þá teljast þeir tilbúnir til að fara upp á annað stig og svo koll af kolli. Í reglunni okkar eru í raun þrjú stig og svo mörg hliðarstig innan þeirra.“

Alls kyns fólk gengur til liðs við regluna að sögn Baldurs og myndar góðan þverskurð af þjóðfélaginu. „En Sam-Frímúrarareglan er enn þannig að konur eru í meirihluta og við þyrftum að fá fleiri karlmenn inn til að viðhalda góðu jafnrétti.“ Baldur sækir fundi, líkt og aðrir í reglunni á tveggja vikna fresti og mæting á fundi er mikilvægur liður í að sinna starfinu og eigin þroska. „Á fundum er viðhöfð sérstök siðræn athöfn og oft eru flutt erindi. Mér finnst þetta mjög mikilvægt, að hafa einhvern stað þar sem maður getur dregið sig út úr þessu daglega amstri. Að sækja fundina er eitt og sér sálaruppbygging. Fólk nú til dags er duglegt að sinna fjölskyldu, starfi og líkamsrækt en andlegi þátturinn vill oft gleymast. Það er mikilvægt að rækta sálina.“ En er þá ekkert leyndarmál sem reglan býr yfir eða heilagur kaleikur grafinn? „Ég hef að minnsta kosti ekki grafið hann upp enn,“ segir Baldur og hlær. „Þetta snýst um það að uppgötva leyndarmálið hjá sjálfum sér. Fólk verður að hafa þolinmæði því þetta er ekki skyndilausn eins og svo margt annað sem býðst í nútímasamfélagi.“

Mannrækt og mannvirðing að leiðarljósi

„Ég gekk í regluna eftir samtal við vini og kunningja sem voru í reglunni og hún vakti forvitni mína,“ segir Signý sem segist hafa aðallega heillast af mannúdarstefnunni í reglunni. „Mig langaði til þess að vita hvar ég stæði í lífinu og hvað ég gæti gert betur.“ Signý hafði lítið sem ekkert heyrt um regluna áður fyrir utan að hafa sungið á samkomum karlareglunnar í Reykjavík.

„Reglan hefur gefið mér afar mikið,“ segir Signý. „Það er mjög gott að stunda þetta starf, maður styrkist, kafar dýpra í sjálfan sig og fær að umgangast það góða fólk sem er innan reglunnar.“ Signý segist hafa notið þess að starfa í reglunni. „Það má segja að þetta sé ákveðin lífsspeki og að reglan leggur upp með ákveðin lífsgildi og ákveðin markmið. Síðan er það eftir hverjum og einum að vinna eftir þeim.“ Fordómar gagnvart reglunni eiga ekki við nein rök að styðjast, segir Signý. „Þetta

eru ekki samtök sem eru að reyna að koma meðlimum sínum til metorða á einhvern hátt, langt frá því. Þetta er mannúdarregla fyrst og fremst. Fólk ætti að gefa þessu tækifæri og ekki að láta stjórnast af fordómum.“

Trúfrelsi í reglunni

Signý segir Sam-Frímúrararegluna vera mikilvæga einmitt í nútímanum í erli samfélagsins. „Fólk er alltaf svo upptekið og er alltaf að flýta sér. Það staldrar of sjaldan við til að taka púlsinn á sjálfum sér. Það eru svo margir sem taka ekki eftir því hvað er að gerast í þeirra innri veruleika. Andlegi þátturinn er okkur mönnum mjög mikilvægur.“ Signý segir áhuga sinn á andlegum málefnum hafa eflst þegar hún gekk í gegnum veikindi. „Þau öllu því að ég fór að hugsa meira um þessa hluti sem varð til þess að áhuginn kviknaði á reglunni. Andleg málefni skipta mig máli í

daglegu starfi og í lífinu yfirhöfuð. Maður þarf að vera í andlegu jafnvægi til að takast á við áreiti og áreikstra í lífinu.“ Signý hefur sína guðstrú en það er trúfrelsi í reglunni. „Trúfrelsi er mjög mikilvægur þáttur í Sam-Frímúrarareglunni.“

Mikil saga sem vekur áhuga

Öllum er frjáls aðgangur að reglunni en til þess að sækja um þarf fólk að vera orðið tuttugu og eins árs og vera með hreint sakavottorð og vera með meðmælanda innan reglunnar. „Svo eru reglulegir fundir en í þeim felst hin andlega vinna. Það er sjálf-sagt hægt að sækja hinar og þessar upplýsingar um frímúrarar á Netinu en þú þarft að fara inn í regluna til þess að skilja hvað átt er við.



SIGNÝ SÆMUNDDÓTTIR SÖNGKONA

eitthvað mikilvægt við líf sitt. Maður lærir líka að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum manneskjum. Undanfarnir ár finnst manni þetta hafa dálítið gleymst í okkar ágæta íslenska samfélagi.“



10%

Aukaafsláttur
núna um helgina
5. - 7 mars

20%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í
TENGLUM VIÐ FERMINGUNA**

m.a.: merktar sálmbækur,
áprentun á servíettur, skrautskrifuð
kerti, blómaskreytingar, gestabækur,
hanskar, hárskraut
og margt fleira.

Sjá nánar á
www.blomaval.is

Fermingarhelgi

Frábær tilboð um land allt

**ALLAR
POTTAPLÖNTUR
OG POTTAHLÍFAR**

25%
afsláttur

Blómaval
um land allt

Blómaval
í Skútuvogi

Hundasýning

Chihuahuedeild Hundaræktarfélag Íslands
er með hundasýningu í Skútuvogi í dag

kl. 11:00-15:00



**10 stk
TÚLIPANAR
999 kr**

blómaval

heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík



VOR OG SUMMAR 2010

Hér kynnum við glæsilegt úrval af ferðum í vor og sumar 2010. Á öllum þessum stöðum leggjum við megináherslu á að velja vandaða og fjölskylduvæna gististaði á sanngjörnu verði. Markmið okkar er sem fyrr að viðskiptavinir okkar komi heim með frábærar minningar um skemmtilegt sumarfrí. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí í sumar á frábæru verði!



Marmaris

Hótel Forum Residence ★★★★★

FRÁ Brottför 20. júlí **126.670 kr.***
á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum í 10 nætur.




Ekki missa af...
Á Marmaris er kjörið tækifæri til að leigja seglskútu og njóta dýrðarinnar á Marmarisflóa.

Köfun í Marmaris er einstaklega skemmtileg.

Perla Tyrklands

Marmaris er einn vinsælasti ferðamannastaður á Tyrklandi og hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þetta er fallegur strandbær í skógi vöxnum fjallshlíðum. Veitingastaðir eru þekktir fyrir fjölbreytni og ferskleika. Gestrisni heimamanna er rómuð og verðlag er sérlega hagstætt. Áfangastaður þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi!

Fljótandi gisting!

Úrval-Útsýn kynnir nýjan og spennandi ferðamöguleika í samstarfi við íslenska skútuþyrirtækið Seaways-sailing. Ógleymanlegt ævintýri á einu besta siglingasvæði í Miðjarðarhafinu. 7 daga sigling og dvöl í 3 eða 4 nætur í Göcek. Frábært fyrir litla hópa eða fjölskyldur. Lágmarkspátttaka er 4 og hámark 6 í hverri ferð.




Albir

Hótel Kaktus Albir ★★★★★

FRÁ Brottför 25. maí **99.930 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi í 6 nætur með hálfu fæði.




Stórkostlegasti rússíbani Spánar!
Albir er stutt frá Benidorm sem er hvað frægastur fyrir fjörugetu næturlíf með Benidorm Palace fremstan í flokki. Skammt frá þessum tveimur stöðum er Terra Mitica, glæsilegur fjölskyldu- og skemmtigarður. Þar er fjöldi leiktækja og glæsilegra veitingastaða, að ógleymdum stórkostlegasta rússíbana Spánar. Á svæðin eru einnig að finna Aqualandia sem er frábær vatnskemmtigarður fyrir alla fjölskylduna.

Vinalegur smábær

Albir er vinalegur smábær rétt fyrir utan Benidorm. Öll fjölskyldan tekur ástfóstri við staðinn sem skartar einstöku andrúmslofti. Á Albir er hægt að finna allt það sem maður getur hugsað sér þegar slappað er af á sólarströnd. Vatnsrennibrautagarðar og skemmtigarðar í bland við falleg kaffihús og iðandi mannlíf. Á aðra höndina er Miðjarðarhafið og sólhvítar sandstrendur og á hina rís fjallahringur með yndislegum þorpum og ógleymanlegum ævintýrum.




Tenerife

Parque de las Americas

★★★★★

FRÁ 95.670kr.*
Brottför 26. júní á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherberbi í viku.



Ekki missa af...

Skoðunarferð upp á tindinn *El Teide*, hæsta fjalli Spána. Einum fallegasta dýragarði Evrópu, *Loro Parque*. Ferð í glæsilega fjölskyldu- og skemmtigarðinn *Siam Park*.

Staður hinna vandlátu

Tenerife sker sig úr eyjunum á Kanarí fyrir einstaka veðursæld og stórkostlegt náttúruferð, hreinleika og góðan aðbúnað. Við bjóðum ferðir til vinsælustu staða eyjarinnar, *Playa de las Americas* og *Costa Adeje*. Strandlengjan er samsett úr mörgum samliggjandi sandströndum á borð við dekurströndina *Playa del Duque*. Þú getur m.a. leikið 18 holu golf á Tenerife, farið í gókart, kafað eða verslað hagstætt í verslunarmiðstöðvum. Eitt stærsta mörgæsa- og páfagaukasafn heims er að finna í *Loro Parque* þar sem einnig er hægt að komast í návígi við tígrisdýr, górellur og krókódíla frá Afríku. Tenerife er ótæmandi brunnur afþreyingar og afslöppunar.



Portúgal

Aparthotel Oceanus

★★★★★

FRÁ 79.900kr.*
Brottför 10. júní á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherberbi í viku.



Úrval Útsýn brautryðjandi í Porúgal

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir braut-ryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.



Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.




Antalya

Hótel Bahia Lara

★★★★★

FRÁ 169.900kr.*
Brottför 11. apríl á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í 8 nætur og ALLT INNIFALIÐ!



ALLT
INNIFALIÐ
OG ALGJÖR
LÚXUS!

5 stjörnu lúxus!

Úrval Útsýn býður upp á 3 spennandi gistingualeika í þessari ferð, *Concorde Resort & Spa*, *Bahia Lara* og *Hotel Limak Lara*. Öll hótél eru fyrsta flokks 5 stjörnu lúxus hótél þar sem allt er innifalið.

Draumafríð í framandi fegurð!

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast glæsilegri menningarsögu landsins.

Antalya og nágrenni er einn eftirsóttasti áfangastaður Evrópubúa hin síðustu ár. Þar fer saman skínandi sól, fallegar strendur, mikil náttúrufergurð, góður matur og einstök gestrisni heimamanna. Antalya liggur við samnefndan flóa á suðurströnd Tyrklands. Miðjarðarhafið glitrar í sólinni en í fjarska glittrir í Taurus-fjallgarðinn í bláleitri móðu.



Það borgar sig að vera vinur okkar á **facebook**

Það er skemmtilegt að vera vinur okkar á Facebook! Við látum þig vita af frábærum tilboðum, leikjum og vinningum og spennandi uppboðum!

NÝR VOR OG SUMAR BÆKLINGUR KEMUR ÚT 13. MARS!

Þann 13. mars næstkomandi mun Úrval Útsýn kynna nýja vor og sumar bækling sem dreift verður í Kringlunni í sérstakri ferðahelgi.

4 jafnar vaxtalaugar greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalaugar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MEIRA Á urvalutsyn.is


UV
ÚRVAL-ÚTSÝN

OLÍULEIT MED HLJÓÐENDURVARPSMÆLINGUM

Olíuleitarskipin þurfa svigrúm

Myndin sýnir glögg umfang og stærð olíuleitarskipa og búnaðar þess í samanburði við miðborg Reykjavíkur. Ætla má, að allur fiskur sem lendir fyrir hljóðsprengingunum fælist. Einhver hluti seiða og smærri lífvera er talinn drepast við höggið. Rannsóknir sýna að stór hluti fisks hverfur af svæði sem nær að minnsta kosti 18 sjómílur út frá leitarsvæðinu.

Rannsóknaskipin eru öflug. Það nýjasta sem byggt hefur verið er 102,2 metrar að lengd og 27 metrar að breidd. Breiddin með þyrlupalli er 40 metrar. Um borð eru 10 vindur með 7.500 metra köplum hver og 16 vindur með 9.500 metra köplum hver til að nema endurvarp frá háttíðnibylgjum. Vélar eru 4 x 4145 kW og 2 x 2765 kW og hliðarskrúfur að auki. Klefar eru fyrir sjötíu og eru flestir í áhöfn vísinda- og tæknimenn. Smíðaverð var áætlað um fimmtán milljarðar íslenskra króna.



Leitin að svarta gullinu

Vonir Íslendinga um **olíufund** á Drekasvæðinu fengu byr undir báða vængi með efnahagshruninu. Í olúfustórveldinu Noregi er hins vegar tekist á um umhverfismálin og vert er að gefa því gaum. *Svavar Hávarðsson* leit til norðurs og komst að því að það er hvorki einfalt né er það óumdeilt hvernig staðið er að leit að olíulindum framtíðarinnar.

Í vikugamalli skýrslu norsku haf-rannsóknastofnunarinnar kemur fram að olíuleit með svokölluðum hljóðendurvarpsmælingum hefur töluverð áhrif á botnlægan fisk í nágrenni mælinganna. Helstu niðurstöður sýna að fiskurinn verður mjög órólegur og er á stöðugu sundi, ólíkt því sem hann gerir við venjulegar aðstæður. Við þetta urðu sjómenn í Norður-Noregi áþreifanlega varir síðastliðið sumar þar sem sjómenn á línuveiðum fengu vart bein úr sjó vegna mælinga við Lofoten. Á sama tíma voru netasjómenn alsælir og töluðu um fiskgengd sem aldrei fyrr. Ástæðan er sú að flýjandi fiskurinn gekk í netin en veiddist ekki á línu þar sem hann sækir í æti.

Þó að niðurstöðurnar bendi ekki til að mælingarnar hafi afgerandi eða langvarandi áhrif á lífríkið þá er hafa þær engu að síður háþólitiska þýðingu. Samtök útvegs- og sjómanna annars vegar og olíuleitar- og olíuvinnslufyrirtækin hins vegar takast á um mikla hagsmuni og reyna að hafa áhrif á hvort og hvenær norsk stjórnvöld leyfa rannsóknir og vinnslu á hafsvæðum þar sem hefðbundin fiskimið norskra sjómanna liggja. Saga olíuvinnslu við Noreg ætti hins vegar ekki að vekja sjómönnum mikla bjartsýni. Lífríkið hefur ekki verið látið njóta vafans hingað til.

Olíurannsóknir við Ísland

Á landgrunni Íslands eru þrjú svæði þar sem talið er mögulegt að finna jarðolíu eða jarðgas í nýtanlegu magni. Þessi svæði eru Bergrisasvæðið á Hatton-Rockall grunni, Gammssvæðið á landgrunni Norðurlands og Drekasvæðið norðaustur af landinu.

Lengi hefur verið vitað um hugsanlegan olíufund á Drekasvæðinu vegna jarðfræðilegs skyldleika þess við Austur-Grænland, landgrunn Vestur-Noregs og landgrunn Færeyja og Hjaltlands. Vitað er að olía hefur myndast við Grænland og á hinum svæðunum hefur hún þegar fundist í vinnanlegu magni. Á þessu byggja vonir Íslendinga um að komast í hóp olíuvinnsluríkja heims með öllum þeim auði sem því fylgir. Þessar væntingar fengu byr undir báða vængi með útboði íslenskra stjórnvalda á leitarleyfum í ársbyrjun 2009 og margir gripu sem haldreipi á fyrstu dögum kreppunnar. Síðan hafa áform leitarfyrirtækja breyst, eða þeim seinkað, og útboð sérleyfa til rannsókna á Drekasvæðinu mun fara fram á ný árið 2011.

Auðvitað er vitneskja jarðfræðinga um mögulegar olíulindir innan íslenskrar lögsögu ekki almannarómur og því síður að

rannsóknir á svæðinu hófust fyrir alvöru árið 1985 og stóðu til ársins 1992. Þá var gerð sameiginleg forkönnun íslenskra og norskra stjórnvalda á grunni samkomulags þjóðanna um Jan Mayen-svæðið frá 1981, sem kvað á um að slík forkönnun yrði gerð.

Þá voru gerðar hljóðendurvarpsmælingar á 5.150 kílómetra svæði en olíuleitarfyrirtækið InSeis fékk þriggja ára leyfi til olíuleitar á norðanverðu Drekasvæðinu í júlí 2001 og mældi 2.800 kílómetra sama ár. Þá fékk olíuleitarfyrirtækið TGS NOPEC leitarleyfi á sunnanverðu Drekasvæðinu og á landgrunni Austurlands í einn mánuð á árinu 2002 og sigldi þar um 800 kílómetra með sama hætti. Nýlega voru síðan kynntar mælingar Wavefield-InSeis á Drekasvæðinu frá sumrinu 2008, sem gerðar voru til viðbótar við fyrri mælingar fyrirtækisins á svæðinu árið 2001.

Hljóðendurvarpsmælingar

Steinar Þór Guðlaugsson og Bjarni Richter, sérfræðingar hjá Íslenskum orkurannsóknunum, útskýrðu í skýrslu um olíuleit árið 2007 að ætíð er byrjað á að athuga vænleg svæði í smáatriðum með aðstoð jarðeðlisfræðilegra mælitækja áður en að rannsóknarborunum kemur. Ástæðan er einfaldlega sú að ein rannsóknarborhola er tífalt dýrari framkvæmd en mælingar á stórum svæðum, sem þó kosta 500 þúsund Bandaríkjadali á sólarhring (64 milljónir króna).

Á grundvelli mælinganna er búið til jarðfræðilegt líkan af viðkomandi svæði, þar sem reynt er að skýra hvort þar hafi myndast olía og gas. Mikilvægustu gögnin koma frá hljóðendurvarpsmælingum sem geta staðið yfir í nokkra mánuði í senn með hléum, og þá yfir sumartímamann.

Fyrstu stigum rannsókna á Drekasvæðinu er lokið og frekari mælingar af þessu tagi verða ekki gerðar á vegum íslenskra stjórnvalda. Öðru gægnir um þau fyrirtæki sem nú taka við boltanum.

„Maður fyrir borð“

Ingibergur Sigurðsson, veidieftirlitsmaður hjá Fiskistofu, skrifaði skýrslu eftir þriggja ára starfsdövl í Noregi þar sem hann kynnti sér fjölmargt sem tengist fiskveiðieftirliti og hafrannsóknunum. Þar á meðal heimsótti hann útibú systurstofnunar Fiskistofu í Tromsø sem sér um samþættingu olíuleitar og fiskveiða við Noregsstrendur. Í skýrslunni gerir hann að umtalsefni þá árekstra sem hafa orðið á milli sjómanna og olíuöndarins, en skýrir líka á mannamáli í hverju olíuleit með hljóðbýlgjum felst.

Til mælinganna eru notuð öflug sérsmíðuð rannsóknarskip sem eru í raun samfélag vísindamanna búið fullkonnasta greiningarþúni. Þeir vinna úr gögnum sem er aflað með því að skjóta lofti úr sérstökum byssum niður á hafsbotninn á nokkurra sekúndna fresti. Titringsurinn frá þessum skotum myndar bylgjur sem ferðast af hafsbotninum aftur til yfirborðsins. Rannsóknarskipið dregur á eftir sér kapla sem taka við endurvarpinu og senda til skráningar um borð í skipinu.

Það sem vekur sérstaka athygli í skýrslu Ingibergs er stærðargráða og afl þess búnaðar sem nýttur er í þessum tilgangi. Kaplarnir, sem eru allt að sextán talsins, eru sex til níu kílómetrar að lengd og lengsti punktur á milli þeirra er um fimmtán hundruð metrar. Þar fyrir utan sigla gæsluskip sem hafa það hlutverk að halda skipaumferð frá leitarsvæðinu. Þrýstingurinn sem „loftskotin“ mynda í yfirborðinu er slíkur að gæsluskipin skjálfa og nötra, svo notuð sé tilvitnun Ingibergs í einn af skipverjunum sem hann ræddi við. Þar þýða orðin „maður fyrir borð“ að leita skuli að líkinu. Höggin drepa nefnilega mann samtundis sem fellur í sjóinn.


Ódýrara að biðjast afsökunar

Í viðleitni stjórnvalda til að sætta ólík sjónarmið er skilyrt að um borð í rannsóknarskipunum starfi eftirlitsmenn. Dæmi benda þó til þess að þeir setji blinda augað fyrir kíkinn í störfum sínum og olíufyrirtækin geti jafnan farið sínu fram á kostnað sjómanna. „Það er auðveldara að biðjast afsökunar en að sækja um leyfi,“ er sagt um hugsunarhátt olíufarisanna sem starfa við mælingar við Noreg. Einn heimildarmanna Fréttablaðsins hafði þau skilaboð að færa lesendum að þessi sömu fyrirtæki gætu keypt Ísland án þess að nokkur maður tæki eftir því í ársreikningum. Norska landhelgisgæslan (Kystvakten) hefur þurft að hafa afskipti af leitarskipum sem ætluðu að flæma línubáta úr dráttarstefnu sinni. Eitt árið var brugðið á það ráð að kaupa kvóta grálúðusjómanna svo þeir væru ekki fyrir meðan á rannsóknum stóð.

Lífríkið á Drekasvæðinu

Ekki hefur verið sýnt fram á að hljóðendurvarpsmælingar hafi nein varanleg áhrif á lífríkið. Undir það taka íslenskir vísindamenn Orku- og Umhverfisstofnunar. Hins vegar þarf ekki að lesa lengi til að komast að því að vitneskja um lífríkið Drekasvæðisins er brotkennt. Leiðangur Hafrannsóknastofnunar nýlega sýnir að botnlægar tegundir eins og þorsk og ýsu er

OLÍULEITARSVÆÐI ÍSLENDINGA



Þrjú svæði á landgrunni Íslands þar sem hugsanlega má finna jarðolíu eða jarðgas.

Útbodssvæðið á norðurluta Drekasvæðisins. Nöfn svæðanna eru dregin af landvættunum.

ekki að finna þar sem olíuvinnsla er fyrirhuguð. Hins vegar eru hvalir þaulsetnir á þeim slóðum og sannað að þeim fellur illa að vera í nálægð við mælingaskipin. Helst er horft til áhrifa mælinga á flökkustofna eins og loðnu, norsk-íslenskrar sildar og makríls, þó þess sé gætt að göngur stofnanna skarist ekki við tímasetningar mælinganna. Þá er kallað eftir rannsóknum á fuglalífi en sannað er að botndýralíf á svæðinu er fjölskrúðugt.

Hvað um Gamminn?

Þegar deilurnar í Noregi eru hafðar í huga má velja því upp hvort þær eigi samsvörun hér á landi. Drekasvæðið er jú djúpt norður í hafi á svæðum sem lítið hafa verið nýtt en árekstrar sjómanna við olíufélögin í Noregi eru uppi í harða landi. Gammssvæðið úti fyrir Norðurlandi setur þessar rannsóknir hins vegar í annað samhengi. Um er að ræða olíuleitarsvæði frá Öxarfirði vestur fyrir Eyjafjarðará, um 150 kílómetra löng spilda og um 50 kílómetra breið. Varla þarf að fjölyrða um mikilvægi svæðisins í nýtingu fjölmargra stofna botn- og uppsjár-fisks, og þá má hafa nýtilkomnar strandveidar í huga í því samhengi sem og hagsmuni hvalaskoðunarfyrirtækja fyrir norðan.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]


mars 2010



Vinsælar vöflur

Systkinin Hanna Hulda og Hafliði Hafþórsbörn búa til afbragðsgóðar vöflur.

SÍÐA 8



Twintýralegar skreytingar

Mæðgur á Akranesi leggja allt sitt í barnaafmælin.

SÍÐA 7

Krökkunum komið á bragðid

Hægt er að beita ýmsum sniðugum aðferðum til að fá börn til að borða hollan og næringarríkan mat.



MYND/HAR

BLUES BROTHERS
OPNAR ÁRSHÁTIÐIR



Opnar árshátíðir fyrir fyrirtæki
(nokkur fyrirtæki saman í Ásbyrgi eða Norðursal)
Ljúffengur kvöldverður, söngur, blús, glens og grín
og fjörugur dansleikur fram á nótt

Le sing



Árshátíðir fyrir stærri fyrirtæki
(Aðalsalur Broadway og Stúkusalir Laugardal)
Ljúffengur kvöldverður, tveggja tíma Le Sing
skemmtidagskrá og fjörugur dansleikur

Michael Jackson



Síðasta sýning 10. apríl
Kvöldverður, sýning og dansleikur

BROADWAY ★
www.broadway.is
Miðasala í síma 533 1100

MÖMMUMETINGUR

Vera Einarsdóttir

Pegar barnaafmæli er á næsta leiti fara mæður (og stundum feður) á flug. Hvaða þema á að vera? Hvernig diskka á að kaupa? Hverjum á að bjóða? Hvaða veitingar og umfram allt hvaða kaka á að vera á borðum!

Barnaafmæli nútímans gefa tilefni til að ætla að það búi listakokkur á öðru hverju heimili en yfirleitt svigna borðin undan brauðréttum, bollum, salötum og kökum af ýmsu tagi. Í langflestum tilfellum er síðan risavaxin fagurskreytt figúruterta fyrir miðju. Tertan sú er yfirleitt táknræn fyrir áhugasvið og aldur afmælisbarnsins og er ýmist í formi bangsa, kanínu, prinsessu, Spiderman, Svarthöfða og jafnvel Sveppa. Það er því af sem áður var þegar einungis var boðið upp á eina súkkulaðitertu, skreytta kókosmjöli og kertum.

En fyrir hvern er allt tilstandið? Er það fyrir afmælisbarnið eða er það kannski meira fyrir mömmuna (og mögulega pabban) sem fær hrós fyrir listilega skreytta kökuna og kræsingarnar með? Líklegast er það jafnt fyrir mömmur, pabba, gesti og börn. Ef tími og fjárráð leyfa er auðvitað gaman að nostra við veitingarnar og geta boðið ættingjum og vinum upp á það besta sem völ er á. Eins hlýtur það að vera gaman og eftirminnlegt fyrir barnið að fá fallega köku með uppáhalds figúrinni sinni.

Ég er sjálf mamma sem fer öll á flug nokkrum vikum áður en sonur minn á afmæli og má sjá svitaþerlur drjúpa af enni föður hans yfir öllum þeim hugmyndum sem þarf að hrinda í framkvæmd. Ég byrja á að skrifa lista og kynna mér kökuuppskriftir af miklum móð og snúðurinn sem er átta ára hefur þegar fengið Bangsímón-, fótbolta-, orma-, Svampur Sveinsson- og krókóðflaköku. Gerð þeirra er ávallt á minni könnu enda þótt pabbi hans sé afar liðtækur í eldhúsinu. Kökugerð er einfaldlega „my thing“ og þarf hvert Smarties að vera á sínum vísa stað. Vitanlega hef ég fengið rós í hnappagatið og eflaust gleðst ég yfir því. Ég lifi þó í þeirri trú að kökugerðin og umstangið sé ekki aðeins fyrir mig því sonur minn elskar að eiga afmæli og allt sem því fylgir og tíminn í kringum daginn hans er skemmtilegur fyrir okkur bæði.

Ég er sjálf mamma sem fer öll á flug nokkrum vikum áður en sonur minn á afmæli og má sjá svitaþerlur drjúpa af enni föður hans yfir öllum þeim hugmyndum sem þarf að hrinda í framkvæmd. Ég byrja á að skrifa lista og kynna mér kökuuppskriftir af miklum móð og snúðurinn sem er átta ára hefur þegar fengið Bangsímón-, fótbolta-, orma-, Svampur Sveinsson- og krókóðflaköku. Gerð þeirra er ávallt á minni könnu enda þótt pabbi hans sé afar liðtækur í eldhúsinu. Kökugerð er einfaldlega „my thing“ og þarf hvert Smarties að vera á sínum vísa stað. Vitanlega hef ég fengið rós í hnappagatið og eflaust gleðst ég yfir því. Ég lifi þó í þeirri trú að kökugerðin og umstangið sé ekki aðeins fyrir mig því sonur minn elskar að eiga afmæli og allt sem því fylgir og tíminn í kringum daginn hans er skemmtilegur fyrir okkur bæði.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

 Hvunn dags/til hátiðabrigða  Til hátiðabrigða  Kökur

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Haraldur Jónasson **Pennar:** Kjartan Guðmundsson, Júlía Margrét Alexandersdóttir Ragnheiður Tryggvadóttir og Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is



Jón Svavar fagnaði frumraun sinni með Sinfóníuhljómsveit Íslands með því að blanda einn eggjasnaps að hætti bjarnarins Balú. Eins og sjá má er bókin slitin eftir mikla notkun.

MIKKI KVEIKTI MATREIÐSLUÁHUGANN

Jón Svavar Jósefsson óperusöngvari segist búa að þeirri reynslu í matargerð sem Matreiðslubókin mín og Mikka, sem kom út hjá Setbergi árið 1980, veitti honum.

Pað er ekki nokkur spurning að þessi bók kveikti matreiðsluáhugann hjá mér og minningarnar hreinlega hellast yfir mig þegar ég fletti henni. Ég minnst þess til dæmis þegar ég var ungur drengur á Akureyri og gerðist svo metnaðarfullur að elda upp úr bókinni súkkulaðiköku fyrir mig og vini mína. Samkvæmt uppskriftinni átti að vera kaffi í kreminu og ég tók mig til og skellti slatta af kaffikorgi út í kremið. Kakan varð auðvitað nánast óætt, en við létum okkur nú samt hafa það að borða hana,“ segir Jón Svavar Jósefsson óperusöngvari um Matreiðslubókina mína og Mikka, sem kom út hjá Setbergi árið 1980 og hefur líklega verið fyrsta matreiðslubók margra.

Jón segist búa að þeirri reynslu sem bókin veitti honum. „Ég fékk bókina í afmælisgjöf þegar ég var lítill og hef alla tíð síðan haft mikinn áhuga á matreiðslu. Þegar ég lærði óperusöng í Vín í Austurríki var ég til dæmis mikið fyrir að kaupa framandi hráefni á mörkuðum og leika mér með í matseldinni.

Núna er ég með matjurtagarð úti í garði þar sem ég rækta meðal annars chili, myntu, kóríander og fleira. Ég býð spennur eftir vorinu,“ segir Jón Svavar.

Hann segist sýnt og heilagt hafa verið að matreiða upp úr bókinni sem strákur. „Ég eldaði ýmislegt upp úr bókinni, til dæmis spagetti Péturs Pan, en var hrifnastur af eftirréttunum. Karamellueplin hans Gláms eru lostæti og uppskriftin að súkkulaðibúðingi uglunnar er einkar góð, en hún gengur út á að opna pakka af súkkulaðibúningi og matreiða eftir leiðbeiningum,“ segir Jón og hlær.

Vænst þykir Jóni þó um eggjasnaps bjarnarins Balú, sem hefur fylgt honum lengi. „Við skelltum oft í eggjasnapsinn vinirnir á unglingsárunum. Síðast fékk ég mér snapsinn þegar ég hafði nýlökkið við að þreyta frumraun mína með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kór-óperunni Carmina Burana fyrir þremur vikum. Það fannst mér fullkomin leið til að fagna svo stórum áfanga,“ segir Jón Svavar.

EGGJASNAPS BJARNARINS BALÚ

Fyrir tvo

1 egg
4 msk. sykur
4 dl mjólk
1/8 tsk. salt
1/4 tsk. vanilludropar



Brjóttu eggidi í skál og þeyttu það með sykrinum þar til það er létt og froðukennt. Settu nú mjólkina, saltið og vanilludropana út í. Þeyttu þetta vel saman.

Helltu í glösin og stráðu ofurlitlu múskaði ofan á hvort glas. Njótið.

Tilvalið fyrir árshátíðina!

Allt í steik

framlengt út mars

4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

YGGDRASIL

Lífrænt og lystugt

Yggdrasil býður upp á lífrænt ræktaðar matvörur í góðu úrvali og þar á meðal lífrænan barnamat. „Við erum með barnamatvöru frá tveimur þekktum framleiðendum, Holle í Sviss og Aurion í Danmörku,“ segir Ari Hultqvist, framkvæmdastjóri Yggdrasils. „Holle býr meðal annars til kex, þurrmjólk og mauk og grauta fyrir ungbörn, með lífrænar og vistvænar framleiðsluáferðir að leiðarljósi. Þar af leiðandi fara engin óþarfa aukafni í matinn, eins og erfðabreytt efni, viðbættur sykur eða hertar fitur svo dæmi séu tekin og útkoman skilar sér í auknum gæðum.“

Ari segir danska mjólf framleiðandann Aurion hafa sams konar viðmiðunarreglur í hávegum. „Það er enginn verulegur munur á þessum merkjum, kannski örflítið ólíkar áherslur.“ Barnamatúrinn frá Aurion fæst eingöngu í verslun Yggdrasils að Skólavörðustíg 16 en Holle-vörurnar víðar þar sem Yggdrasil selur þær í aðrar heilsuvöruslana og stórmarkaði, meðal annars í Melabúðinni, Heilsuhúsbúðunum og Hagkaupsbúðunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ego dekor

HETTHI
staekkanleg eikarborð
160(248)x100

Verð: 159.900,-

200(288)x110

Verð: 179.900,-



COMO

Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:

139.900,-

Borð 220x100

Verð:

119.000,-



HETTHI
Vegghilla m/ljósi

Verð: 39.500,-

TV skenkur 240cm

Verð: 109.900,-



COMO

Wengi/hvitt matt
ERIC TV skenkur br:
210cm

Verð:

129.900,-

ERIC skenkur br: 170cm

Verð:

139.900,-



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

OPAL leðurstóll

Verð:

16.900,-



SARINA stóll

Verð:


14.800,-



JAZZ stóll

Verð:

18.900,-



SABINE
leðurstóll

Verð:


16.900,-



TRENT leðurstóll

Verð:

12.800,-



DELTA
leðurtungusófi

Stærð: 276x176

TILBOÐSVERÐ:

269.100,-

COOL
leðurtungusófi

Stærð: 324x170

Verð:

339.000,-



NEW ENGLAND
tungusófi

Stærð: 252x165

Færanleg tunga

Tilboðsverð:

169.200,-



SICILY tungusófi

Stærð: 267x165

Færanleg tunga

Verð:

209.000,-



Opið mán-fös: 10.00-18.00

Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12

S: 544 4420 - www.egodekor.is




KARTÖFLUSTAPPARI fyrir músina eða fiskstöppuna. Frá Black + Blum. Epal, Skeifunni 6. Verð 3.550 krónur.

NESTISBOX í leikskólann, skólann og lautarferðina þegar snjóa fer að leysa. ILVA, Korputorgi. Verð 1.995 krónur.



FISKADISKUR

sem fangar stærri og smærri augu. Lapu lapu kallast stellið í heild. Habitat, Holtagörðum. Verð 2.640 krónur.



Í ELDHÚSKRÓKNUM

GÓÐI GAMLI HRÆRINGURINN

Gamlir og þjóðlegir réttir standast margir tímans tönn og eru vinsælir meðal barna þótt þeir líti kannski ekki sem fallegast út. Þannig er skyrhræringurinn klassíski ljómandi góður að morgni eða hádegi, ekki síst með góðum bita af slátri.

Skyrhræringur samanstendur af hafragraut og skyri sem hrært er saman í límkenndan massa og borðað með mjólk. Áður fyrr var einnig notaður rúgggrautur, bankabyggsgrautur, grjónagrautur eða grasagrautur. Hræringur var mjög algengur matur á Íslandi áður fyrr. Oftast var hann kaldur en stundum var skyrinu blandað við heitan graut.

- sg



Börnum finnst spennandi að fylgjast með hvernig grænmetið breytist í fljótandi form í safapressunni.

MYND/HARI



Nú er Góugleði á Geysi - bistro & bar

Góugleði

Á Góugleði bjóðum upp á þrjá einstaklega girnilega rétti, forrétt, aðalrétt og eftirrétt, og þú velur þá tvo rétti sem heilla þig mest og greiðir eitt verð kr. 3.990.

Forréttur

Sjávar-sinfónía: Humar, hörpudiskur og tigrisrækjur á salatbeði

Aðalréttur

Ofnsteikt nautalund með skógarsveppasósu, sætkartöflugratíni og steiktu rötargrænmeti

Eftirréttur

Heit súkklaðikaka með Café-Latte-ís

Tveir réttir Kr. 3990



Borðapantanir í síma 5174300

GEYSIR
BISTRO
BAR
Aðalstræti 2
101 Reykjavík
www.geysirbistrobar.is

Grænmetið OFAN Í GRISLINGANA

Grænmeti er okkur öllum hollt en ráðlegt er að borða fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag. Það er þó sjaldnast efst á vinsældalista barnanna.

Það getur verið þrautin þyngrri að fá börn til að borða grænmeti en þau gefa gjarnan lítið fyrir rök um hollustu. Ýmsum ráðum er þó hægt að beita og hafa ófáir foreldrar reynt að skera grænmetið niður í skondið skraut og raða á diskinn.

Annað ráð sem vert er að prófa er að búa til safu úr grænmeti og ávöxtum í safapressu og fá barnið til að aðstoða við verkið.

Bæði þykir krökkunum gaman að taka þátt í matseldinni og eins er mjög spennandi að sjá hvernig grjótharðar gulrætur breytast í fljótandi safu.

Til dæmis mætti gera það að leik að smakka grænmetið fyrst ferskt, setja það svo í gegnum safapressuna og smakka það aftur í fljótandi formi. Skemmtilegast er að gera tilraunir með að blanda saman ávöxtum og græn-

meti og prófa sig áfram með uppskriftir. Spergilkál sem margir krakkar fúlga við verður til dæmis að bragðgóðum drykk þegar því er blandað saman við gúrkum og gulrót.

Uppskriftir má nálgast víða á Netinu og í bókinni Endalaus orka eftir Judith Millidge í þýðingu Nönnu Rögnvaldardóttur eru margar bragðgóðar uppskriftir fyrir smáfólkið.

- rat

GETUR HROKKIÐ OFAN Í UNG BÖRN

Þegar ungum börnum er gefið að borða er vert að hafa í huga að þau eiga oft erfitt með að tyggja matinn sinn nógu vel og þannig er ákveðin hætta á að maturinn standi í þeim.

Á vef Lýðheilsustöðvar er að finna ábendingar um atriði sem gætu komið í veg fyrir slíkar upptakur. Þar kemur meðal annars fram að erfitt geti verið fyrir börn að tyggja og kyngja mat eins og eplum, hráum gulrótum, poppmaís, kjóti og hnetum. Af þessum fæðutegundum eru það helst hnetur sem loka fyrir öndunarveg barna. Meiri hætta er á að fæða loki öndunarveginum ef barnið er að hlaupa um, hlæja eða gráta, með matinn í munnum.

Því er mikilvægt að tryggja að matur barna yngri en þriggja ára sé mjúkur svo barnið eigi auðveldara með að tyggja hann og kyngja. Best er að skera kjöt og ósoðið grænmeti í smáa bita. Aldrei skal skilja barn eftir eitt á meðan það er að borða og mikilvægt að brýna fyrir því að sitja kyrrt á meðan það borðar. Ekki skal leyfa barninu að hlaupa um með mat eða annað uppi í munnum. Einnig getur verið varasamt að leyfa börnum að borða í bílnum meðan hann er á ferð.

- kg



Helst eru það hnetur sem loka fyrir öndunarveg barna.

HOLI MATSEÐILL

Austur-Indíafjelagsins

Lítríkur og dásamlegur

á aðeins **4.990 kr.** sun-fim
og 5.990 kr. fös-lau

FORRÉTTUR

Prawn Pollichithu

Risarækjur eldaðar í blöndu af chillí,
kúmeni, kóríander, túrmerik,
engiferi og hvítlauk

ADALRÉTTIR

Kozhi Mappas

Kjúklingalundir eldaðar í meðalsterkri
blöndu af kókosmjólk, túrmerik,
karrýlaufum og grænu chillí
og

Gosht Charminar

Lambafillet marínerað í kúmeni,
ristuðum sinnepsfræjum, laukfræjum,
engiferi og hvítlauk
og

Rajma

Rauðar nýrnabaunir eldaðar í garam
masala, tómötum, kúmeni
og kóríander

MEDLÆTI

Raitha

Heimalöguð jógúrtsósa með
gúrkum og kryddblöndu
og

Basmati hrísgrjón

og

Naan brauð

Blanda af indversku brauði úr
Tandoori-ofninum

EFTIRRÉTTUR

Nariyal Aam Barfi

Indverskur eftirréttur með
mangó og kókosi

HOLI-hátíð gleði, dans og *litríkur* matur



Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjlagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **5.990 kr.** á föstudögum og laugardögum og aðeins **4.990 kr.** aðra daga!

Á föstudags- og laugardagskvöldum svífur dansfuglinn Mínerva inn í veitingasal okkar með sínum yndispokka og dansi.

**Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
Borðapantanir í síma 552 1630.**

HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrúgunum. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvert annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.



Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630 www.austurindia.is

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00



www.austurindia.is



Hello Kitty kaka sem sló í gegn í einu afmælinu. Massinn er litaður hvítur með eggjahvítum.



Hefðarkettirnir spiluðu aðalhlutverkið í einu afmælinu á Akranesi og var aðalsúkkulaðikakan höfð sem kattarandlit.

Brauðréttur úr afmæli með tónlistarþema. Rauð paprika og ólífur eru látnar mynda nótnalínu.



Sykurmassann má lita og auðveldlega móta á allan mögulegan hátt. Hér er hann settur á múffur. Undir massann er se

Bakað af ástríðu fyrir barnaafmæli

Petrúnella Berglind Sveinsdóttir og dætur hennar, Hjördís Dögg og Tinna Ósk Grímarsdætur, hafa alla tíð lagt mikinn metnað í skreytingar og útlit veitinga í barnaafmælum. Aðalsúkkulaðikakan tekur þar alltaf á sig form ýmissa persóna.

Saman halda þær mæðgur úti heimasíðunni mommur.is þar sem þær deila ævintýrum sínum í bakstri en á síðunni er bakstrinum skipt niður eftir þeim. Bæði eru ítarlegar leiðbeiningamyndir, uppskriftir sem og endanlega útkoma. Sykurmassi er mikið notaður í skreytingarnar, sem þær lita, og ótrúlegt hvað hægt er að gera við massann. Petrúnella er matsveinn að mennt en hún segir þær eingöngu hafa haldið síðunni út sem áhugamanneskjur en þær hafa haldið bakstrinum innan fjöl-

skyldunnar og myndað afkrasturinn fyrir hvert afmæli.

„Áhugi á bakstri hefur fylgt okkur fjölskyldunni alla tíð. Áður fyrr var maður með hefðbundnari kökur en hefur síðustu árin breyst í að leggja mikið upp úr litum og skreytingunum. Launin eru svo auðvitað að sjá ljómandi andlitin á börnunum, bæði þeirra sem koma í afmælið og reka upp stóru augu og svo finnst þeim sem heima eru ekki síður gaman að fylgjast með því þegar kakan verður smám saman til.“

Petrúnella segir að þeim mæðgum þyki ekkert varið í að

gera venjulegar brauðtertur og reyni alltaf að finna upp nýja skreytingarútfærslu fyrir hvert afmæli. „Það má gera ótrúlegustu hluti við brauðtertur ekki síður en súkkulaðikökur. Sömuleiðis er auðvelt að móta marensterturnar. Svo eru alltaf að spretta upp nýjar og nýjar hugmyndir og nú í dag, laugardag, verðum við í fyrsta skipti með námskeið tengt því sem við höfum verið að gera, í gerð sykurmassa, hér á Akranesi í Grundarskóla.“

Dóttirin Hjördís Dögg á sjálf tvö börn og hefur því fengið góð tækifæri undanfarin ár til að æfa sig og



Tinna Ósk Grímarsdóttir, Hjördís Dögg Grímarsdóttir og Petrúnella Sveinsdóttir eru samrýmdar mæðgur og leggja mikinn metnað í barnaafmælum.



KÖKUR OG KREM

AFMÆLISSÚKKULAÐIKAKA

Fyrir 20 manns

- 500 g hveiti
- 300 g sykur
- 300 g púðursykur
- 10 msk. kakó
- 2 tsk. matarsódi
- 2 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. salt
- 4 egg
- 1 1/3 bolli nýmjólk
- 1 bolli súrmjólk
- 250 g brætt smjör
- 2 tsk. vanilludropar

Blandið þurrefnunum saman í eina skál og vökvannum

ásamt eggjunum saman í aðra. Hrærið vel saman vökvann og eggin. Blandið loks öllu vel saman. Smyrjið ofnskúffu og hellið deiginu í skúffuna. Bakið í 40 mínútur við 180° C.

KRAKKAMUFFINS

Fyrir tíu

- 2½ bolli Kornax-hveiti
- 2 bollar sykur
- 125 g brætt smjörlíki
- 3 egg
- ½ tsk. matarsódi
- ½ tsk. salt
- 1 tsk. vanilludropar
- ½ dós jarðarberjajógúrt

½ dós karamellujógúrt 1 bolli brytjað súkkulaði

Hrærið allt saman og bætið jógúrt og súkkulaði síðast saman við. Látið í muffinsform og bakið í um það bil 15 mínútur við 200° C.

SYKURMASSI

Til skreytingar á ofnskúffustærð af köku

- 450 g Haribo-sykurpúðar (þeir eru nógu þéttir í sér)
- 1,1 kg flórsykur (örlítið meira ef lita á massann)
- 6 msk. vatn
- 50 g palmínfeiti

Bræðið sykurpúðana í skál í örbylgjuofni í 2 mínútur. Stöðvið örbylgjuofninn á 30 sekúndna fresti og hrærið og bætið vatninu smám saman við um leið. Ef lita á sykurmassann er gott að setja litinn út í á sama tíma. Smyrjið hrævélarskál með feitinni og setjið blönduna út í ásamt sigtuðum flórsykri. Hrærið saman með hnoðaranum þangað til massinn hefur myndað jafna og slétta kúlu. Einnig er hægt að hnoða hann í höndunum og eru hendur og borðplata þá makaðar með palmínfeiti. Ef

sykurmassinn er litaður eftir að búið er að búa hann til er tannstöngull notaður til að setja nokkra dropa af matarlit á við og dreif um boltann, þar til sá litur hefur náðst sem óskað er. Áður en sykurmassinn er settur á kökuna þarf að smyrja smjörkremi á kökuna. Að því loknu er massinn flettur út í réttir stærð og áður er þá flórsykri eða palmínfeiti settar undir til að deigið festist ekki við. Þegar sykurmassinn er færður yfir á kökuna getur verið gott að rúlla massanum upp á langt kökukefli og rúlla honum svo aftur

á kökuna. Gljái á kökuna svo með því að strjúka smjörpalmínfeiti létt með höndunum um yfir deigið.

SMJÖRKREM

Til skreytingar á ofnskúffustærð af köku

- 600 g smjör
- 800 g flórsykur
- 2-3 msk. kakó
- 4 eggjarauður
- 4 tsk. vanilludropa
- 4 msk. síróp

Smjör og flórsykur er þeytt saman þar til það er létt og ljóst. Bætið kakó í

KLASSÍSKT DISKÓTEK verður haldið í Salnum í Kópavogi á morgun klukkan 13 og 15. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Töfrahröð. DJ Sóri kynnir klassíska danstónlist eftir Händel, Mozart, Bizet og Strauss. Áheyrendur fá að koma upp á svið og hjálpa til við flutninginn.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig • Réttindakennarar

Nemendabjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

FERMINGARTILBOÐ

Gleym mér ei & Blóðberg sængurfatnaður

25% fermingarafsláttur

Verð áður 9.280 kr

Verð nú 6.960 kr

Gefðu Íslenska hönnun.



Lin
DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarphúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Bobby Breiðholt gæti hugsað sér að ná sér í nokkra sveppi í salatið í sumarbústaðnum á Flúðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Myndi velja Billy Crystal

Bobby Breiðholt, hönnuður hjá auglýsingastofnunni Fíton, jafnar sig eftir íslensku auglýsingaverðlauna-hátíðina í sumarbústað á Flúðum í dag. Sunnudeginum eyðir hann væntanlega í faðmi fjölskyldunnar.

„Við erum eldhress og vongóð fyrir kvöldið,“ segir Bobby Breiðholt hönnuður, sem var í óða önn að undirbúa sig fyrir Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlauna-hátíðina, ásamt samstarfsfólki sínu á auglýsingastofnunni Fíton þegar blaðamaður spjallaði við hann í gær.

Starfsfólk Fíton hafði ærna ástæðu til að hlakka til kvöldsins því stofan hlaut flestar tilnefningar allra fyrir auglýsingar sínar, alls nítján talsins. Flestar tilnefningar hlaut Fíton fyrir auglýsinga-herferðir sem stofan vann fyrir Vodafone og Lottó, en þetta er annað árið í röð sem Fíton hlýtur flestar tilnefningar á verðlauna-hátíðinni.

Þetta er þriðja Lúðurs-hátíðin

sem Bobby er viðstaddur. „Þetta er auðvitað mikið bransahúll-umhæ og mikið um að fólk beri saman bækur sínar, hrósi hvað öðru, skammist í hljóði eða fari á trúno. Það er góður andi í auglýsingabransanum en líka mikil samkeppni,“ segir Bobby.

Hefð hefur myndast fyrir því að valinkunnir andans menn séu kynnar á Lúðrinum og sinnti Auðunn Blöndal því hlutverki á síðasta ári. Í gær var ekki ljóst hver yrði fyrir valinu í ár en Bobby er ekki í nokkrum vafa hvern hann myndi velja, fengi hann frjálst val um kynni. „Það yrði að sjálfsögðu Billy Crystal. Enginn annar kemur til greina.“

Þótt oft sé mikið um dýrðir á slíkum hátíðum hugðist Bobby þó

ekki dansa um of því laugardeginum og aðfaranótt sunnudags eyðir hann í sumarbústað á Flúðum ásamt góðum vinum. „Vinahópurinn er orðinn dálítið dreifður um Evrópu og Bandaríkin. Nú erum við nokkur stödd á landinu í einu og því gráupplagt að kíkja upp í sveit, góla í heita pottinum, horfa á stjórnurnar og jafnvel ná sér í sveppi í salatið á einhverju búinu,“ segir Bobby.

Dagskrá sunnudagsins er óráðin hjá Bobby. „Á dæmigerðum sunnudegi myndi ég að sjálfsögðu skjóta nokkur tígrisdýr og bóna hraðbátinn minn, en líklegast þykir mér að þessum sunnudegi eyði ég í faðmi fjölskyldunnar og fái steik hjá mömmu,“ segir Bobby Breiðholt.

kjartan@frettabladid.is



friendtex



ÚTSALA Í DAG

OPIÐ KL. 11–16

Úrval af fatnaði frá

1.000

2.000

3.000

4.000

5.000

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af sófasettum




MAN-8356 SEIT 3+1+1

199.950 kr
Verð áður
399.900 kr

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Meirapróf



ÖKU
SKOLINN
Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í
síma 567 0300 / 894-2737

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 10. MARS



KATVIG

VOR/SUMAR LÍNAN ER KOMIN
Í VERSLANIR 3 SMÁRA



LAUGAVEGI 25 OG SMÁRALIND



Flottur meðgöngu- og brjóstagjafafatnaður



tvölf

Holtasmári 1 · © 517 8500
www.tvolf.is

Undraheimur bjórsins

Úlfar Linnet, yfirkennari Bjórskóla Ölgerðarinnar, segir skemmtun vera veigamesta atriðið á námskránni. Meðal annars er farið yfir sögu bjórsins, samsetningu hans og bragðað á fjölda tegunda.

„Það er númer eitt, tvö og þrjú að þetta sé skemmtilegt. En við viljum líka að nemendum finnst þeir hafa lært eitthvað þegar þeir ganga út að lokinni kennslustund,“ segir Úlfar Linnet, sem ber hinn valdsmannslega titil, yfirkennari í Bjórskóla Ölgerðarinnar.

Bjórskólinn hóf göngu sína í desember síðastliðnum og segir Úlfar viðtökurnar hafa verið vonum framar. „Hugmyndin að baki Bjórskólanum er að sjálfsögðu sú að opna heim bjórsins fyrir áhugasömum nemendum með hæfilegri blöndu af fræðslu og skemmtun. Í skólanum er farið yfir marga þætti er varða þennan merkilega drykk,“ segir Úlfar. „Við förum aðeins yfir sögu bjórsins, og þá sérstaklega á Íslandi, enda hefur samband Íslendinga og áfengra drykkja verið kostulegt í mörg hundruð ár. Þá er farið yfir sjálft bjórbragðið, hvernig bjórinn er búinn til og úr hverju hann er samsettur, í þeim tilgangi að nemendurnir átti sig á því hvernig bragðið er tilkomið.“

Einnig gefst nemendum Bjórskólans færi á að skoða brugghús Ölgerðarinnar og upplifa af eigin raun hvernig bruggerlið gengur fyrir sig, bragða á mismunandi bjórtegundum frá öllum heims hornum og fá ráðleggingar varðandi hvernig best sé að njóta bjórs í víðu samhengi.

Kennt er í Bjórskólanum á fimmtudags- og föstudagskvöldum og tekur hver kennslustund rúmar þrjár klukkustundir. Úlfar segir það í raun vera eitt helsta vandamálið varðandi námið í skólanum, því efnið sé svo víðfeðmt og áhugavert að ein kvöldstund sé vart nægur tími. „En nemendurnir hafa



Úlfar segir námi í Bjórskólanum ekki ljúka með formlegu prófi, en nemendur fá viðurkenningsarkjal að því loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

verið mjög ánægðir með þetta. Ég hef lengi verið mikill áhugamaður um bjór og fæ loksins tækifæri til að láta ljós mitt skína á þessum vettvangi,“ segir Úlfar.

Auk hefðbundinna kennslustunda

í Bjórskólanum býðst áhugasömum einnig að óska eftir sérkennslu fyrir hópa að lágmarki fimmtán manns. Skráning fer fram á heimasíðu Bjórskólans, www.gestastofa.is/Bjorskolinn. kjartan@frettabladid.is

Fatamarkaður Plússins

Ungmennastarf Kópavogsdeildar



Notuð föt á mjógvægu verði!

Komdu og styrktu gott málefni!

Hvar?
Í Molanum,
Ungmennahúsi Kópavogs, Hábraut 2

Hvenær?
Laugardaginn 6. mars kl. 12-16

Allur ágóði rennur til verkefna Rauða krossins til hjálpar börnum í neyð á Haítí.



Stuttmyndir frá 40 löndum

KVIKMYNDAHÁTÍÐIN NORTHERN WAVE FILM FESTIVAL HÓFST Í GÆR Í GRUNDARFIRÐI.



Kvikmyndahátíðin er nú haldin í þriðja sinn og að venju fer þar fremst í flokki Dögg Mósesdóttir sem á veg og vanda að skipulagningunni. „Við sýnum sextíu stuttmyndir og tuttugu og fimm tónlistarmyndbönd,“ upplýsir hún en myndirnar koma frá um fjörutíu löndum fyrir utan Ísland. „Það hefur aldrei verið jafn mikið úrval,“ segir hún en myndirnar koma frá löndum á borð við Færeyjar, Rússland, Grikkland, Tyrkland og Japan.

Ekki verður einvörðungu horft á myndir í Grundarfirði um helgina. Í kvöld er til að mynda efnt til fyrstu fiskisúpukeppinnar og dómari í henni er engin önnur en landsliðs kokkurinn Hrefna Rósa Sætran. Þá verður spilið lífandi tónlist meðan fólk gæðir sér á súpum í Fiskmarkaði Grundarfjarðar.

Dögg býst við um 150 gestum um helgina og fer það langt með að fylla öll gistirými í bænum. Eitthvað er af erlendum gestum. Íslensku fagfólki verður þó gert hátt undir höfði í ár. Til að mynda er Ragnar Bragason í dómnefnd. Niu íslenskar stuttmyndir verða sýndar. Myndin Mamma veit hvað hún syngur er opunarmyndin en hinar verða sýndar á sunnudaginn.

tölvunám.is
árangursríkt og hagkvæmt

Staðnám:

hnitmiðuð og hagkvæm námskeið í kennslustofu

| Námskeið: | Hefst: | Verð: |
|-----------------------------|-----------|------------|
| Myndvinnsla | 13. mars | 19.500 kr. |
| 55 ára + | 16. mars | 31.500 kr. |
| Excel I | 18. mars | 14.900 kr. |
| Byrjandanámskeið | 8. apríl | 25.900 kr. |
| Myndavélin, tölvan og netið | 21. apríl | 14.900 kr. |

Vefnám:

Tölvunám á netinu, hvar sem er og hvenær sem er.

Excel, Word, PowerPoint, Access, Outlook, Photoshop o.fl.
Fjögur námskeið á 1.870 kr. á mánuði í 12 mánuði.

www.tolvunam.is - sími 552 2011

Síðumúli 13, 108 Reykjavík



Jói Fel með nokkra hjálparsnúða.

Snúðar til hjálpar

LANDSSAMBAND BAKARAMEISTARA GENGST FYRIR LANDSSÖFNUN MEÐ SNÚÐASÖLU.

Árlega fæðast um 70 börn með hjartagalla á Íslandi og helmingur þeirra þarf að gangast undir aðgerð og sum oftar en einu sinni. Allur ágóði snúðasölnunnar rennur til Neistans, styrktarfélag hjartveikra barna. Salan stendur fram á sunnudaginn undir kjörorðinu „Hjálparsnúðurinn – Láttum gott af okkur leiða“ og af andvirði hvers snúðs renna 25 kr. til Neistans.

Þetta er þriðja skiptið sem Landsamband bakarameistara stendur fyrir snúðasölu.



Áhöldin sem notuð eru við kaffidrykkina eru eins og úr skúffu tannlæknis.



Sléttujárn er brugðið á kaffipokana til að loka þeim.



Forláta snyrtiborð með spegli geymir hér kaffi og sykursmola.



Fallega bleiki koppurinn passar upp á bréfsiurnar.

Sléttujárn og koppur í Kaffismiðju

Á skemtilegu kaffihúsi í miðbænum eru notuð kynleg áhöld í kaffið. Þar hefur hlutum líka verið fengið annað notagildi og þeir sem reka þar inn nefið geta sótt sér ábót eða sykur í kaffið á forláta snyrtiborð með spegli og jafnvel rekist á næturgagn uppi á borðum.

„Við höfum gaman af því að finna hlutunum annað og meira notagildi,“ segir Sonja Grant, annar eigenda Kaffismiðjunnar á Kárastíg.

„Til dæmis notum við kopp undir bréffilterana en oft hefur maður verið að nota einhverjar plastdósir undir þá. Koppurinn er hins vegar alveg fullkominn undir filterana svo þeir haldi laginu og eins til að verja þá raka. Við sáum það strax þegar við fundum hann í hillunum í Ikea. Svo er hann bleikur og fallegur og algert augnayndi á borði.“

Við vegginn stendur lítið snyrtiborð með spegli sem er nýtt sem skenkur og á því er að finna uppáhelling, sykursmola og mjólk í kaffið. Gestirnir geta þá lítið í spegilinn og

lagað sig til um leið og þeir bæta á sig sykursmola í bollann.

Eins reka margir upp stór augu þegar kaffiþjónarnir beita áhöldum sem eru líklegri til að eiga heima á sjúkrahúsi en á kaffihúsi. Þrátt fyrir útlitið eru þau þó sérstaklega ætluð til að teikna munstur í mjólk.

„Þau lífa svolítið út eins og heilaskurdæknir eða tannlæknir hafi gleymt áhöldunum sínum hérna á borðinu og sá sem hannaði áhöldin er reyndar læknir. Ef við náum ekki að gera mjólkurlist í lattebollann eða í cappuccino gripum við til þeirra og þá er hægt að breyta munstrinu í fisk eða karl til dæmis.“

heida@frettabladid.is



Sonja Björk Einarsdóttir Grant og Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir, eigendur Kaffismiðjunnar á Kárastíg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÝJAR VÖRUR



**Stuttkápur
Gallajakkar
Bolir**

**Útsalan heldur
áfram, enn meiri
lækkun**

KOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Opið mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

ÚTSÖLULOK

SÍÐASTI SÉNS

60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM

ÓTRÚLEG
VERÐ

galleri sautján

DÖMUR

| | |
|------------|------------|
| Gallabuxur | frá: 6.990 |
| Bolir | frá: 990 |
| Gollur | frá: 2.990 |
| Peysur | frá: 2.990 |
| Kjólar | frá: 2.990 |

galleri sautján

HERRAR

| | |
|------------|------------|
| Gallabuxur | frá: 3.990 |
| Bolir | frá: 1.590 |
| Peysur | frá: 1.990 |
| Úlpur | frá: 4.990 |
| Skór | frá: 3.990 |

gs skór

| | |
|---------|------------|
| Stígvél | frá: 5.990 |
| Skór | frá: 2.990 |

ATH.
HÖFUM OPIÐ
Á SUNNUDAG
kl. 13 - 18

OPIÐ:

FÖSTUDAG 11 - 18
LAUGARDAG 11 - 17
SUNNDUAG 13 - 17

galleri sautján

gs skór

eva

EINNIG FULLT AF NÝJUM VÖRUM Í ÖLLUM VERSLUNUM


gallerihúsið

Laugavegi 91 - www.ntc.is

P ATH. Næg bílastæði í bílastæðahúsinu á móti

FÆRMINGAR

BÖRNIN vilja stundum gleymast í stórum veislum fullum af brauðtertum og marengsbombum. Gott er að vera með eina súkkulaðiköku sem ætluð er krökkunum.



Er **ferming** í vændum?
Áttu eftir að baka, redda sal, setja saman gestalistann og finna dressið?

Pixel aðstoðar þig við að gera **boðskortin** í ferminguna.

Allar leiðbeiningar og verð finnur þú á www.pixel.is

Pixel prentþjónusta, þar sem skemmtilegu fermingar-, brúðkaups- og afmælisboðskortin verða til.

Brautholti 10-14 | Sími: 575-2700 | pixel@pixel.is | www.pixel.is

Fermingartilboð

15% afsláttur af sængum og koddum

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

sia
HOME FASHION

Zeus heildverslun - Sia
Austurströnd 4 • 170 Seltjarnarnes

Fylgihlutir fyrir ferminguna

Gefið flottan klút í fermingagjöf.
Verð frá kr. 2500

Fermingarhanskar kr. 1500. Mikið úrval af krossum, armböndum og hringum.

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66



Fermingarkertin frá nunnunum bera ljósin inn í framtíðina.



Mirjam kann með málarapensilinn að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við lifum fyrir Ísland

Skrautrituð kort og blómum prýdd kerti bera handbragði Karmelsystranna í Hafnarfirði fagurt vitni. Ekki spillir að kærleikur þeirra og bænir fylgja hverjum hlut sem frá þeim fer. Klausturbúðin geymir gersemar.

Þegar mörg okkar erum að mæta til vinnu og skóla á morgnana eru nunnurnar í Karmelklausrinu í Hafnarfirði búnar að stunda bænahald í tvo til þrjá tíma. Þær taka daginn snemma. Eftir morgunverð skiptast svo á vinna og bænir fram á kvöld. „Aðalhlutverk okkar er bænahald en í svona íhugunarklausrum er daglegt líf líka tengt handavinnu,“ segir systir Agnes. Útsaum segir hún algenga iðju í nunnuklausrum en hjá systrunum í Hafnar-

Gaman er að varðveita skeytin í svona fallega skreyttri möppu.

firði hafi skreytingar á kerti, kort og bækur fest sig í sessi og fyrir fermingar og aðrar athafnir gangi fólk að því vísu. Með aga sé auðvelt að nota handavinnutímana til að biðja og hugleiða. „Bænir okkar fylgja alltaf börnum sem fá hluti frá okkur,“ segir hún.

Systir Agnes hefur dvalið á Íslandi í nær 26 ár og kveðst hafa kysst hina íslensku jörð um leið og hún steig úr flugvélinni. Hún er pólsk að uppruna eins og hinar ellefu systurnar í klausrinu en tekur fram að flestar séu þær íslenskir ríkisborgarar. „Við lifum fyrir Ísland og óskum öllum Íslendingum blessunar Guðs.“

gun@frettabladid.is



Systir Kristín og systir Agnes bak við gestabækur og kort úr Klausturbúðinni.



GULLSMÍÐJAN
Guðrún Þjarnadóttir
Gullsmíður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

FATAEFNI: JERSEY, SATIN, BLÚNDUR, FLAUEL O.FL.

Vogue

Opið virka daga 10–18 og laugardaga 11–16
Reykjavík: Mörkin 4, s. 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s. 462 3504



Vettvangsþjónusta Fyrirtækjasviðs:

Rafiðnaðarmaður óskast

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með rafiðnaðarmenntun til Vettvangsþjónustu Fyrirtækjasviðs. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka færni, allt frá því að finna og rekja línur upp í uppsetningar á hýstum símkerfum. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Rafiðnaðarmenntun með áherslu á tölvur er nauðsynleg
- Reynsla af innanhússlögnum nauðsynleg
- Reynsla af einkasímstöðvum æskileg
- Vera fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu
- Geti tekið af skarið og unnið sjálfstætt
- Sérstaklega lipur í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður
- Eldmóður, heilindi, frumkvæði og fagleg vinnubrögð

Helstu verkefni:

- Uppsetning og viðhald á vörum Símans s.s. POTS, ISDN, ADSL, TV og IP tengingar
- Uppsetning og viðhald á hýstum VOIP símkerfum hjá fyrirtækjum
- Tæknileg aðstoð við sölumenn
- Kennsla á lausnir Símans

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2010

Upplýsingar í síma 550 7764 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is.

800 7000 - siminn.is

Það er Síminn 

ENNEMM / SÍA / NM41225



Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Fyrirtækið er staðsett í Hafnarfirði og hjá okkur starfa um 290 starfsmenn, flestir á framleiðslu- og gæðasviðum.

Við leitum að konum jafnt sem körlum í eftirfarandi störf:

Hugbúnaðarsérfræðingur - Actavis hf. leitar að sjálfstæðum og þjónustuliprum hugbúnaðarsérfræðingi með reynslu af greiningu og þróun upplýsingakerfa. Starfið felur meðal annars í sér þjónustu og viðhald á upplýsingakerfum Actavis á Íslandi, samskipti við ráðgjafa og þjónustufyrirtæki Actavis, ásamt því að aðstoða starfsmenn við daglega vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að kerfis- eða tölvunarfræðingi, en einnig kemur einstaklingur með sambærilega menntun til greina. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af upplýsingakerfum (fjármála- og birgðakerfum), kerfisgreiningu og forritun. Þekking á gagnagrunnum eins og SQL og Oracle er kostur. Einnig er mikilvægt að viðkomandi búi yfir ríkri þjónustulund.

Vélamaður í lyfjapökkun - Actavis hf. leitar að vélmanni í pökkunardeild fyrirtækisins. Starfið felur í sér stillingar og breytingar á flóknum vélbúnaði og uppsetningu á vélum fyrir mismunandi keyrslur. Starfsfólk í pökkunardeild fer í gegnum mikla þjálfun og við leitum að einstaklingi sem getur tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð ásamt því að geta unnið hratt undir álagi. Unnið er á þrískiptum vöktum á virkum dögum, viku í senn á dag- og kvöldvöktum en fjóra daga þegar um er að ræða næturvaktir.

Við leitum að vélfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun og viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum á vélum og búnaði. Snyrtimennska og jákvætt viðhorf eru skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir **Jenny Sif Steingrimsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **14. mars nk**.

Cabin Crew.

Now recruiting the world's best.



emiratesgroupcareers.com

Take this exceptional opportunity to meet our recruiters seeking prospective candidates to join our multicultural and dynamic Inflight Services team based in Dubai.

Venue - Icelandair Hotel Loftleidir,
Hlidarfor 101,
Reykjavik, Iceland.

Date - 20th March 2010

Time - 9:00am sharp

Please bring an updated CV along with passport size and full-length photographs.

For further information visit
emiratesgroupcareers.com

Join Emirates. Discover your future.



EUROPEAN UNION
DELEGATION OF THE EUROPEAN
UNION TO ICELAND

The European Union has recently opened a diplomatic mission in Reykjavik. The new Delegation of the European Union to Iceland is one of more than 130 EU diplomatic representations around the world and is responsible for official relations between the European Union and Iceland.

To help us carry out our role, we are now recruiting the following staff:

Administrative/Accounting Officer
Receptionist/Secretary
Driver

Candidates must speak Icelandic and English. Vacancy notices and further details may be found on the Delegation's web-site: www.esb.is

Please send a short letter of motivation and curriculum vitae by e-mail to: delegation-iceland@ec.europa.eu

The deadline for receipt of applications is 12 March 2010.

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

FORVARNARFULLTRÚI

VÍS leitar að forvarnarfulltrúa til starfa hjá félaginu.

Starfssvið

Starf forvarnarfulltrúa er fjölbreytt og krefjandi þar sem áherslan er á skipulagningu og framkvæmd forvarnarstarfs. Meðal verkefna er að hafa umsjón með og sinna eftirfylgni við innleiðingu forvarnarstefnu VÍS, umsjón með forvarnarverkefnum og mælingar á árangri í forvörnum. Markmið VÍS er að auka vægi forvarna í starfsemi félagsins þannig að þær verði hluti af daglegri þjónustu starfsfólks.

Umsjón með starfinu hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



VÍS er í dag stærsta tryggingafélag landsins og á djúpar rætur í íslensku samfélagi. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman mynda sterka liðsheid. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði forvarna eða öryggismála æskileg
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi færni í samskiptum
- Hæfni til að koma að kynningarmálum og tala fyrir framan hóp fólks



Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Lífeyrissjóður bænda óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Daglegur rekstur sjóðsins í umboði stjórnar
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga og ársskýrslna
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við ráðuneyti og opinberar stofnanir

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Lífeyrissjóður bænda stendur á traustum grunni og leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og heilindi í starfi. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs þarf að uppfylla skilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um hæfi framkvæmdastjóra og verður hann jafnframt að gangast undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Capacent Ráðningar

FJÁRMÁLASTJÓRI FRYSTMÍÐSTÖÐ SAMSKIPA Í ÁLASUNDI

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur í 23 löndum beggja vegna Atlantshafsins og starfa á alþjóðlegum flutningamarkaði.

Fjármálastjóri mun vinna náið með stjórnendum Samskipa í Noregi og í Samskipasamstæðunni.

Starfssvið

- Ábyrgð á fjármálegri stjórnun
- Dagleg umsjón og skipulag greiðslumála
- Skýrslu- og áætlanagerð
- Kostnaðarefirlit og samningagerð
- Yfirumsjón með bókhaldi
- Gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Ábyrgð á reikningagerð og innheimtu
- Ýmis önnur verkefni á fjármálasviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðipróf af fjármála- eða endurskoðunarsviði
- Starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Þekking á rekstri sjávarútvegsfyrirtækis æskileg
- Þekking á fjárhagskerfum og innleiðingu slíkra kerfa kostur
- Þekking á bókhaldi og uppgjörum
- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð, skilyrði. Norðurlandamál kostur
- Hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Góð samskiptahæfni sem og geta til að vinna að fjölbreyttum verkefnum

Samskip eru með frysti- og kæligeymslur í Rotterdam, Álasundi í Noregi, Kollafirði í Færeyjum ásamt frystigeymslu félagsins í Reykjavík. Starfsemi frystivörumiðstöðvarinnar í Álasundi er rekin í nafni FrigoCare As og er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki í samstæðu Samskipa. Fyrirtækið sér fram á ýmis áhugaverð vaxtataækifæri á komandi árum. Álasund er bær á vesturströnd Noregs. Íbúafjöldi Álasunds er rúmlega 40.000. Höfnin í Álasundi er stærsta fiskihöfn Norðmanna ef miðað er við aflaverðmæti. Fjöldi starfsmanna frystivörumiðstöðvar Samskipa í Álasundi er um fimmtán. Hér er spennandi tækifæri fyrir þann sem hefur áhuga á að starfa erlendis og sem hluti af alþjóðlegu umhverfi Samskipa. Gert er ráð fyrir að fjármálastjóri muni flytjast til Álasunds. Samskip mun aðstoða viðkomandi við að finna húsnæði í Álasundi og flutning til Noregs. Fjármálastjóri þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

ERT ÞÚ SKARPUR SNILLINGUR?

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar – og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Á upplýsingatæknisviði er framundan mikil uppbygging gagnagrunna, ásamt því að efla markvissa notkun þeirra og auka viðskiptagreind. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir með ýmis verkefni. Upplýsingatæknisvið býður upp á krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

SÉRFRÆÐINGUR Í VIÐSKIPTAGREIND (Business Intelligence)

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing í viðskiptagreind á upplýsingatæknisviði. Leitað er að einstaklingi með góða þekkingu á viðskiptagreind og reynslu af uppbyggingu gagnagrunna. Í boði er nýtt, áhugavert og krefjandi starf á sviði í mikilli uppbyggingu.

Starfssvið

- Þróun á vörhúsi gagna og gagnamódeli FME
- Uppbygging á viðskiptagreind (Business Intelligence)
- ETL meðhöndlun gagna
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálamarkaði kostur
- Reynsla af notkun og uppbyggingu gagnagrunna og vörhúsi gagna
- Þekking og mikill áhugi á viðskiptagreind
- Þekking og reynsla af Microsoft SQL server, Analysis Services, Reporting Services, Visual Studio og C# æskileg
- Frumkvæði, kraftur, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

ÞJÓNUSTUBORÐ OG KERFISREKSTUR

Fjármálaeftirlitið leitar að einstaklingi með mikla þjónustulund og góða þekkingu á tölvum og tækniumhverfi til starfa á þjónustuborð og við kerfisrekstur. Í boði er fjölbreytt starf í krefjandi umhverfi þar sem þjónusta við starfsfólk FME og eftirlitsskylda aðila er lykilatriði.

Starfssvið

- Þjónusta og aðstoð við starfsfólk og notendur tölvukerfa
- Rekstur tölvukerfa Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi menntun t.d. í kerfisfræði, tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð þekking á tölvum og tækniumhverfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, kraftur og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfina.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri – Egilstöðum – Ísafirði - Mývatni
Reykjavík - Snæfellsnesi - Vestmannaeyjum

Landvarsla - sumarstörf 2010

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2010 á eftirtalin svæði:
Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, verndarsvæðið Mývatn og Laxá, Suðurland, Vesturland,
Miðhálandi og sunnanverða Vestfirði.

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í lok apríl og síðustu ljúka störfum í september.

Störf landvarða felast m.a. í vöktun, eftirliti, fræðslu og móttöku gesta.

Umsóknarfrestur um störf er til 14. mars 2010. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsörðun þar um.

Ítarlegri upplýsingar um svæðin, tímabil hvers starfs, störfin, hæfniskröfur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, umhverfisstofnun.is. Einnig er hægt að leita nánari upplýsinga hjá Ólafi A. Jónssyni deildarstjóra og Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma 591 2000.

Njótum umhverfisins og stöndum vörð um það saman



Gæðastjóri
Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum stjórnanda til að veita gæða-, umhverfis- og öryggismálum forstöðu. Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum stjórnanda til starfa, einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Gæða-, umhverfis- og öryggismál annast m.a. rekstur vottaðra gæðakerfa fyrirtækisins skv. ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001, einnig HACCP, ISO 22000 og ISO 27001.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannaforræði
- Góð þekking á ISO stöðlum skilyrði
- Gott vald á túlkun gagna
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á töluðu og rituðu máli
- Metnaður, fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að fjölga konum í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum.

Gildi Orkuveitunnar

- Virðing
- Hagsýni
- Heiðarleiki
- Eldmóður
- Traust
- Sveigjanleiki

Umsóknarfrestur er til 21. mars 2010



Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa

Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningu. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



• Orkuvinnsla í sátt við umhverfið: Gengið er út frá umhverfismálum í allri starfsemi OR.

www.or.is



Administrative Assistant

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir tímabundið hlutastarf – stöðu Administrative Assistant lausa til umsókna. Umsóknarfrestur er til 15. Mars, 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the temporary part time position of Administrative Assistant. The closing date for this position is March 15, 2010. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html> Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

ÚTILÍF

Við leitum að vönum bílstjóra til að annast útkeyrslu. Starfið krefst dugnaðar, skipulagshæfni og þjónustulipurðar.

Auk þess leitum við að starfsfólki í verslun. Störfin krefjast áhuga á íþrótt- og útivistarvörum, dugnaðar, þjónustulipurðar og samskiptahæfni.

Hægt er að fylla út umsóknir eða leggja inn umsóknir í verslunum okkar í Kringlu svo má senda umsókn á ingibjorg@utilif.is

Útilíf er traust fyrirtæki sem selur allt sem þarf til að stunda helstu íþróttir og fjölbreytta útivist. Í hverri deild starla sérfræðingar sem leggja sig fram við að þjóna viðskiptavinum fyrirtækisins. Hjá okkur er góður starfsandi og mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn fái að njóta sín og fái tækifæri til að eflast í starfi.



Vegna nýrra verkefna óskar Hótel Holt eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

Matreiðslumaður í fullt starf.

Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæði, nákvæmni, frumkvæði og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Ráðið verður í störfin hið fyrsta. Áhugasamir sendi umsókn sína merkt „Matreiðslumaður“ á umsokn@holt.is

Fagmenn í framreiðslu (þjóna) í fullt starf og hlutastarf

Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, hafa gaman af mannlegum samskiptum, vera nákvæmur og hafa löngun til að sýna frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Ráðið verður í störfin hið fyrsta. Áhugasamir sendi umsókn sína merkt „Framreiðsla/þjónn“ á umsokn@holt.is

Aðstoðafólk í sal.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum til aðstoðar í sal, fullt starf og aukavinna. Vinsamlega sendið umsókn merkt „aðstoð í sal“ á umsokn@holt.is

HÓTEL HOLT – BERGSTAÐASTRÆTI 37 – 10 RVK – TEL: 552-5700



FRAMVEGIS

Miðstöð um símenntun í Reykjavík

Laus er staða verkefnastjóra

Meðal verkefna eru:

- Skipulag námskeiða
- Samskipti við leiðbeinendur og nemendur
- Þróun námskeiða ásamt framkvæmdastjóra
- Uppfærsla á heimasíðu Framvegis
- Textavinna í námskeiðsbæklingi Framvegis

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða reynsla á sviði símenntunar
- Góðir samskiptahæfileikar, skipulagshæfni, frumkvæði og útsjónsemi
- Þekking á formlegri og óformlegri menntun á Íslandi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku

Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Umsjón með starfinu hefur Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



KRISTA/Quest

Óskar eftir hársnyrtisveinum og meisturum í stólaleigu í Kringlunni.

Frábær staðsetning, fjölbreyttur vinnutími. eitt verð, allt innifalið.

Nánari upplýsingar veitir Nonni í s:568-9979 eða nonniquest@krista.is

Innkaupastjóri

- Tímabundið starf hjá traustu fyrirtæki

Vegna fæðingarorlofs leitum við að samvissuöllum innkaupastjóra í tímabundið starf frá maí 2010 og út mars 2011

Starfið:

- Innkaup frá erlendum birgjum
- Birgðastjórnun
- Innkaupaáætlanir
- Samskipti við ÁTVR
- Kostnaðarefirlit

Hæfniskröfur:

- Menntun í birgðarstjórnun
- Reynsla við innkaup og birgðastjórnun
- Þekking á AGR innkaupakerfi
- Nákvæmur og talnaglöggur
- Góður í mannlegum samskiptum

Áhugasamir skili inn umsókn á netfangið umsokn@mekka.is ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu (ásamt mynd)

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2010. Athugið að upplýsingar um starfið verða ekki veittar í síma. Kynntu þér fyrirtækið á www.mekka.is



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

LÖGFRÆÐINGUR

Umhverfissráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing á skrifstofu laga og stjórnsýslu.

Skrifstofan fer með málaflokka er varða mengunaryarnir, hollustuhætti, efni og efnavörur, mannvirkja-, bruna- og skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum, náttúruvá og ofanflóðavarnir, náttúruvernd, veiðistjórnun og dýravernd.

Helstu verkefni skrifstofunnar er umsjón með stjórnsýslu ráðuneytisins og framkvæmd hennar sem og umsjón með gerð lagafrumvarpa og reglugerða. Þá hefur skrifstofan umsjón með framkvæmd EES samningsins.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna eins og afgreiðslu stjórnsýsluerinda, úrskurða og álitsgerða, samningu lagafrumvarpa og reglugerða og umsjón með framkvæmd laga, þátttöku í stefnumótun er lýtur að málaflokkum skrifstofunnar og samskipti við Alþingi, stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Frumkvæði, metnaður, skipulögð vinnubrögð og geta til að starfa sjálfstætt
- Þekking eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Þekking eða reynsla af framkvæmd EES samningsins er kostur
- Þekking á umhverfisrétti er kostur
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk. Senda skal umsóknir skriflega til umhverfissráðuneytisins, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu laga og stjórnsýslu, sigridur.arnardottir@umhverfisraduneyti.is. Laun greiðist skv. kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

ATVINNUTÆKIFÆRI HJÁ OFFICE 1



Vörustjóri

Office1 leitir að öflugum einstaklingi til að gegna starfi vörustjóra. Vörustjóri ber ábyrgð á innkaupum, verðlagningu, vöruvali, sölu og markaðsmálum á vörum frá innlendum og erlendum birgjum. Vörustjóri þarf að hafa skoðun á og áhrif á að útlit verslana sé eins og best verður á kosíð. Vörustjóri þarf að upplýsa starfsfólk verslana, fyrirtækjapjónustu og heildsölu um nýja samninga, verðbreytingar og áherslur. Vörustjóri ber ábyrgð á birgðum, eftirliti með innkaupsverði og vöruflæði í sínum vöruflokkum. Vörustjóri er ábyrgur gagnvart fjármálastjóra félagsins.

Helstu verkefni:

- Samskipti við birgja
- Skipulag á innkaupum og pöntunum á vörum
- Innkaupa- og söluáætlanir
- Sölu- og framlegðargreining á vörum ásamt ábyrgð á vöruvali
- Rýmisstjórnun einstaka deilda
- Skipulagning markaðsátaka
- Tilboðsgerð sérvöruflokka (t.d. umslög, pappír o.fl.)
- Eftirfylgni birgðagreiningar og aldursgreiningar á birgðum
- Miðlun upplýsinga um nýskráningu vara til sölumanna, starfsfólks og viðskiptavina
- Upplýsingar á vefverslunum fyrirtækisins
- Greining á samkeppnisaðilum og samskipti við verslanir.
- Kynningar fyrir innri sem ytri viðskiptavini

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla í vörustjórastarfi æskileg
- Háskólapróf sem nýtist í starfi sbr. vörustjórnun, viðskiptafræði en ekki skilyrði
- Góð kunnátta í Microsoft Office, sérstaklega excel og OLAP teningum
- Þekking á Microsoft Dynamics æskileg (Axapta)
- Skipulögð og markviss vinnubrögð
- Góð enskukunnátta, bæði í mæltu og rituðu máli
- Töluglögg(ur)
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi, metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

Verslunarstjóri

Office1 leitir að reyndum verslunarmanni/konu með góðan skilning á helstu stærðum í rekstri fyrirtækis til að stjórna einni af verslunum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarstjóri ber ábyrgð á stjórnun starfsmanna, vörumeðhöndlun, útliti og daglegum rekstri verslunar. Verslunarstjóra ber að hámarka hvetjandi starfsanda og jákvæða upplifun viðskiptavina. Verslunarstjóri gengur í öll störf í versluninni og tekur virkan þátt í sölu og þjónustu og samskiptum við aðrar deildir félagsins. Verslunarstjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra félagsins.

Helstu verkefni:

- Rekstrargreining, mikil kostnaðarvitund
- Agað starfsmannahald og skipulagning vakta
- Birgðagreining með fókus á veltuhraða birgða
- Ábyrg innkaup, áfyllingar og flutningspantanir frá miðlager
- Verðmerkingar, útlit og uppröðun eftir framlegðargildum
- Regluleg námskeið fyrir starfsfólk á nýjum vörum, vinnuháttum og þjónustu
- Framkvæma markaðs stefnu Office1 hverju sinni í verslun og til viðskiptavina
- Mánaðarlegir sölu- EBITDA fundir með yfirstjórn

Hæfniskröfur:

- Menntun eða góð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Áreiðanleiki
- Skipulögð og markviss vinnubrögð
- Góð framkoma og jákvæðni
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í excel og helst í notkun OLAP teninga. Önnur tölvukunnátta æskileg m.a. Axapta.
- Frumkvæði í starfi, metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

Sölustjóri fyrirtækjapjónustu Office1

Office1 leitir að öguðum og talnaglöggum einstaklingi til að stjórna fyrirtækjapjónustu Office1. Fyrirtækjapjónusta Office1 samanstendur af öflugum og framsæknum einstaklingum sem þjóna bæði fyrirtækjum, skólum, félagsstörfum og stofnunum með rekstrarvörur. Sölustjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra félagsins.

Helstu verkefni:

- Greining viðskiptamannaflokka og vörugreining
- Agað og framsækið starfsmannahald
- Reglulegir fundir með sölumönnum
- Tilboðsgerð og þátttaka í útboðum
- Ábyrgð á markaðsmálum fyrirtækjapjónustu Office1
- Samskipti við vöru- og innkaupastjóra
- Mánaðarlegir sölu- EBITDA fundir með yfirstjórn

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustjórnun á fyrirtækjamaðaði nauðsynleg
- Skipulögð, öguð og markmiðatengd vinnubrögð
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í excel og helst í notkun OLAP teninga. Önnur tölvukunnátta æskileg m.a. Axapta.
- Frumkvæði í starfi, áhugi, sóknirfiska og metnaður til að ná miklum árangri

Um Office1

Office1 hefur á undanföllum árum fest sig í sessi sem ein öflugasta verslunarkefja landsins með rekstrarvörur fyrir skrifstofur, skóla og stofnanir. Afmælisgjafir, fermingavörur, bækur og tímarit. Starfsmannastefna Office1 er einföld og skýr með samheldni liðsheildarinnar að leiðarljósi auk þess að vera tengd jafnrétti og framsæknum markmiðum þar sem hver starfsmaður er metinn á eigin forsendum og árangri í starfi. Markmið starfsmanna er að gera enn betur á árinu 2010 með því að vera í fararbroddi hver á sínu sviði og leggja allt kapp á að veita framúrskarandi þjónustu, byggja á gæðum, áreiðanleika og trausti.

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars n.k

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til atvinna@office1.is

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir, Akureyri

Ég ætla að
spara í ár!

Office1



Knattspyrnufélagið Fram óskar eftir að ráða afreksstjóra

Afrekssvið Knattspyrnufélagsins Fram leitar að afreksstjóra til að leiða sviðið og starfa að áframhaldandi uppbyggingu félagsins.


Helstu verkefni

- Aðstoð með rekstri meistaraflokka félagsins
- Skipuleggja umgjörð heimaleikja félagsins
- Samskipti við sérsambönd ÍSÍ
- Skipuleggja og vinna að tekjuöflun og markaðsmálum
- Almenn umgjörð um meistaraflokka félagsins
- Samskipti við fjölmiðla

Umsóknnum skal skilað til Kristins R. Jónssonar, Framkvæmdarstjóra Fram, á netfangið kristinn@fram.is fyrir 16. mars

Hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri
- Lipurð í samskiptum
- Sjálfstæði og metnaður til að ná árangri
- Almennur áhugi á íþróttum
- Þekking á afreksíþróttum
- Tungumálakunnátta
- Tölvukunnátta



Bráðasvið Landspítala

Ný bráðamóttaka verður stofnuð við sameiningu slysa- og bráðadeildar í Fossvogi, göngudeildar á G-3 í Fossvogi og bráðamóttöku við Hringbraut. Um verður að ræða tvær deildir í Fossvogi; Annars vegar bráðadeild á G-2 sem sinnir bráðveikum og slösuðum og hins vegar bráða- og göngudeild á G-3.

Á bráðasviði starfar öflugt fagfólk sem hefur metnað til að veita skjólstæðingum góða og örugga bráðapjónustu. Hlutverk bráðasviðs er að skapa umgjörð um bráðastarfsemina sem tryggir örugga þjónustu við sjúklinga, menntun og vísindastarf.

Endurskoðun hefur staðið yfir á skipulagi sjúkraskrárritunar og störfum lækna- og sýsluástandar á Landspítala. Í framhaldi af því hefur verið ákveðið að opna ritaramiðstöð í húsnæði Landspítala í Kópavogi.

Sérfræðilæknir við bráðadeild

Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi og veitist starfið frá 1. apríl 2010. Starfssvið bráðadeildar spannar almennar bráðalækningar, endurkomu- og göngudeildarþjónustu, utanspítalaþjónustu og eiturefnafræði. Skammvístunareining er starfrækt á deildinni. Deildin hefur viðurkenningu til að veita framhaldsmenntun í bráðalæknisfræði sem metin er til allt að tveggja ára af sérfræðinám.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Móttaka og meðferð bráðveikra og slasaðra
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í einni eða fleirum af hinum almennu greinum læknisfræðinnar: bráða-, lyf-, skurð- eða heimilislækningum
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu
- » Samskiptahæfni og lipurð í samskiptum

Læknir í starfsnámi í bráðalækningum

Starfshlutfall er 100%. Starfið veitist frá 1. apríl 2010. Um er að ræða námsstöðu í bráðalækningum til allt að 2ja ára, ætluð þeim sem hyggja á frekara sérfræðinám í bráðalækningum eða skyldum greinum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þjálfun í bráðalækningum með þátttöku í klínisku starfi
- » Þátttaka í framhaldsmenntun og vísindastarfi
- » Kennsla læknanema

Hæfniskröfur

- » Almenn lækningaraleyfi
- » Íslenskukunnátta
- » Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Deildarstjóri ritaramiðstöðvar

Starfshlutfall er 100%. Starfið veitist frá 1. apríl 2010 eða eftir nánara samkomulagi. Óskað er eftir framsæknum aðila til þess að leiða breytingar á skipulagi sjúkraskrárritunar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ábyrgð á daglegum rekstri ritaramiðstöðvar
- » Fagleg ábyrgð
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð
- » Leggur drög að starfsprófunaráætlun lækna- og sýsluástandar

Hæfniskröfur

- » Læknaritari eða sambærileg menntun, viðbótarmenntun æskileg
- » A.m.k. fimm ára starfsreynsla í lækna- og sýsluástandi
- » Staðgöð þekking á rafrænni sjúkraskrá
- » Stjórnunarreynsla skilyrði
- » Mjög gott vald á íslensku og ensku
- » Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- » Jákvætt viðmót og leiðtogaþæfni
- » Frumkvæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is þar sem fram koma nánari upplýsingar um störf.
- » Upplýsingar um starf sérfræðilæknis og læknis í starfsnámi veitir yfirlæknir bráðalækninga, Elísabet Benedíks, E2-skrifstofu bráðadeildar, Fossvogi, sími 543 1000, netfang ebenedik@landspitali.is
- » Upplýsingar um starf deildarstjóra ritaramiðstöðvar Landspítala veitir framkvæmdastjóri bráðasviðs, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, Greniborg, Fossvogi, sími 543 2270, netfang gudrakel@landspitali.is
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til þess sem veitir upplýsingar um starfið.
- » Starf sérfræðilæknis (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu Landspítala vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsóknnum skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af stjórnunarstörfum, kennslu og vísindavinnu eftir því sem við á.
- » Umsóknir sérfræðilækna eru sendar til stöðunefndar læknaráðs Landspítala.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Starfskjör byggjast á kjarasamningum og lögum um starfsmenn ríkisins. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Landspítala við ráðningu í störf á Landspítala. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður



Thorvaldson bar auglýsir eftir **Yfirmatreiðslumanni** í fullt starf strax. Mikil starfsreynsla og íslenskukunnátta skilyrði. Einnig vantar okkur aðstoðamenn í eldhús með reynslu strax.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 861 4844. KOLBRÚN



Ritari óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða ritara á skrifstofu. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið ohj@hradbraut.is.



Húshjálp - Sendiráð

Háttsettur bandarískur sendifulltrúi óskar eftir að ráða húshjálp í fullt starf. Starfskyldur felast í almennum þrifum, frágangi á þvotti, undirbúningi fyrir opinberar veislur og að þjóna til borð í þeim. Æskilegt er að enskukunnátta sé framúrskarandi góð og íslenskukunnátta er kostur. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið sveigjanlegan vinnutíma, á kvöldin og um helgar ef þörf krefur.

Umsóknarfrestur er til 14. mars 2010. Vinsamlega sendið ferilskrá á: reykjavikvacancy@state.gov

Housekeeper – Embassy

A Senior US Diplomat is recruiting candidates as a full time housekeeper. Responsibilities involve full house cleaning duties, including laundry and ironing, as well as preparing the table and serving at official dinners and events. Must be proficient in English and some Icelandic is helpful. Must be willing to work flexible hours, which may include evenings and weekends, as needed.

Closing date is March 14, 2010. Please send your resume to: reykjavikvacancy@state.gov.

Skaftárhreppur



Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanefndar sveitarfélaga.

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með um 20 vistrýmum. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Kirkjubæjarklaustur er þéttbýliskjarni í Skaftárhreppi í V-Skaftafellssýslu en í sveitarfélaginu búa um 500 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar í nýrri íþróttamiðstöð með sundlaug, íþróttasal og tækjasal. Í nágrenninu er íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúrufergurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað, einkum í ferðapjónustu. Eitt af helstu hliðum Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftárhreppi.

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið [sveitarstjori\(hja\)klaustur.is](mailto:sveitarstjori(hja)klaustur.is).

Umsóknarfrestur er til 19. mars 2010.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Danielsson, formaður rekstrarnefndar Klausturhóla, sími: 487 4840, netfang: [sveitarstjori\(hja\)klaustur.is](mailto:sveitarstjori(hja)klaustur.is)

ISLANDIA HOTEL

NUPAR

Sumarstörf 2010

Islandia hótel Núpar er 60 herbergja sumarhótel 25 km. fyrir austan Kirkjubæjarklaustur.

Við auglýsum eftir umsóknum í eftirfarandi störf:

- **Hótelstjóri.**
Viðkomandi þarf að hafa reynslu af rekstri og stjórnun, bókhaldskunnáttu, vera lipur í samskiptum og hafa góða tungumálakunnáttu. Þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. maí.
- **Matreiðslumaður/kona.**
Viðkomandi þarf að hafa sveinspróf í matreiðslu. Starfið felur m.a. í sér yfirumsjón með eldhúsi og innkaupum.

Umsóknir skulu berast á netfang: bth@dls.is fyrir 15. mars. Hótelíð er starfrækt frá 15. maí til 30. september. Gisting á staðnum.

hjá Hrafnhildi

Tískuvörverslunin hjá Hrafnhildi leitar að öflugum og hressum konum í hlutastörf.

Starfssvið:

Þjónusta, sala og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

Afburða þjónustulund
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
Góðir söluhæfileikar
Áhugi á tísku, fólki og fatnaði
Heiðarleiki, snyrtimennska og metnaður í starfi

Áhugasamar sendi ferilskrá, mynd og kynningarbréf á hrafnhildur@hrafnhildur.is fyrir laugardaginn 13. mars.

www.hjahrafnhildi.is



Forstöðumaður gæðaúttekta (Manager Audits)

Flugfélagið Atlanta óskar eftir umsóknum um starf forstöðumanns gæðaúttekta.

Starfið felst í umsjón, framkvæmd og eftirfylgni gæðaúttekta á sviðum flugreksturs, viðhalds, öryggis og flugverndar, bæði hér á landi og erlendis, uppfærslu handbóka, skjalavinnslu, kennslu og öðrum tilfallandi stöfum.

Hæfniskröfur:

Við leitum að atorkusömum og skipulögðum einstaklingi með góða samskiptahæfileika. Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á ensku í töluðu og rituðu máli ásamt því að hafa góða tölvukunnáttu meðal annars á hugbúnaði til gæðastjórnunar.

Fagmennska, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mikil lipurð í mannlegum samskiptum eru skilyrði. Þekking á helstu flugreglugerðum er skilyrði t.d. EU-OPS, JAR-FCL, EASA Part-M, Part-145 og Part-66. Þekking og menntun á sviði gæðastjórnunar er skilyrði. Menntun flugvirkja eða atvinnuflugmanns er æskileg. Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2010. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknir berist til:

Air Atlanta Icelandic,
b.t. Starfsmannadeildar
Hlíðasmára 3,
201 Kópavogur
eða á netfangið hr@airatlanta.com

JARÐHITASÉRFRÆÐINGAR

óskast til starfa á verkfræðistofuna EFLU hf.

Vegna aukinna umsvifa í jarðhitarannsóknnum, ráðgjöf við fjárfesta og hönnun og eftirliti með jarðhitavirkjunum erlendis.

Óskað er eftir sérfræðingum á eftirfarandi sviðum:

- Jarðfræði með þekkingu á jarðhitakortlagningu og borholujarðfræði.
- Jarðefnafræði með reynslu í sýnatöku og efnagreiningum á jarðhitavatni.
- Jarðeðlisfræði með þekkingu á forðafræði jarðhita og grunnvatnsfræði.
- Vélaverkfræði með reynslu í hönnun jarðhitamannvirkja.

Viðkomandi þurfa að fást við áhugaverð störf hér heima og erlendis og vera tilbúnir að ferðast og að dvelja erlendis um skemmri eða lengri tíma eftir því hvernig verkefni þróast.

Efla er um 200 manna íslenskt verkfræðifyrirtæki og með starfsstöðvar og dótturfyrirtæki í 7 löndum utan Íslands.

Skriflegar umsóknir merktar „Jarðhiti“ sendist starfsmannastjóra:

Ásta Björk Sveinsdóttir, starfsmannastjóri
Verkfræðistofan EFLA hf,
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

Eða á netfangið asta.bjork.sveinsdottir@efla.is



Upplýsingar um störfin veita Rúnar Magnússon í síma 665 6227 og Ómar Bjarki Smárason í síma 893 3206.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



EFLA hf. | Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík
sími: 412 6000 | fax: 412 6001
www.efla.is | efla@efla.is



SÖLUMENN ÓSKAST TIL STARFA

Tal óskar eftir að ráða sölumenn til starfa í söluveri frá kl. 17:00 til 22:00 á virkum dögum.

Góð laun og bónusar í boði

Þið sem hafið áhuga á skemmtilegri vinnu: Vinsamlegast sendið okkur póst á hanness@tal.is



Nýtt sprotafyrirtæki óskar eftir verk- eða tæknifræðingi til starfa.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að sjá um uppsetningu á vélbúnaði fyrir nýtt sprotafyrirtæki sem starfar innan Háskólans í Reykjavík. Fyrirtækið, **3Z ehf.**, mun sérhæfa sig í skimun lyfjasameinda í sebrafiskum. Um er að ræða mjög skapandi og spennandi verkefni sem felur í sér skipulagningu, hönnun og smíði á búnaði sem verður notaður til lyfjaskimana. Í boði er fullt starf. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun á sviði verkfræði, tæknifræði (eða sambærilegu) og reynslu af hönnun og smíði vélbúnaðar. Nauðsynlegt er að hann geti unnið sjálfstætt og sé skapandi í hugsun.

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á karlsson@ru.is

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2010



Forstöðuproskajálfi

Forstöðuproskajálfi óskast á sambýlið Trönuhólum frá 1. apríl 2010.

Ábyrgðarsvið

- skipulag þjónustunnar
- þjónusta við íbúa á samvinnu við aðstandendur þeirra
- starfsmannahald
- rekstur

Menntunar – og hæfniskröfur

- próf í þroskajálfun
- reynsla af vinnu með einhverfum
- reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- þekking og skilningur á hugmyndafræði málefna fatlaðra, sér í lagi á einhverfusviði
- jákvæð viðhorf og samskiptahæfileikar

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og P.Í. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á netinu, www.ssr.is og láta ferilskrá fylgja umsókn sinni. Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2010.

Nánari upplýsingar veita Guðný Anna Arnþórsdóttir, starfsmannastjóri, s: 5331388, gudnya@ssr.is og Hróðný Garðarsdóttir, sviðsstjóri fullorðins sviðs, s: 533-1388, hrodny@ssr.is

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun

Aðjunkt í sagnfræði

HUGVÍSINDASVIÐ

Laust er til umsóknar starf aðjunkt í sagnfræði við Sagnfræði- og heimspekideild.

Aðjunktinum er einkum ætlað að annast kennslu í skyldunámskeiðum á fyrsta námsári á BA-stigi og kenna þá m.a. sögu fyrir 1800. Doktorspróf og kennslureynsla í sagnfræði á háskólastigi er æskileg.

Ráðið verður í starfið frá 1. júlí 2010 til eins árs með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til 6. apríl.

Nánari upplýsingar: Óskar Einarsson, rekstrarstjóri, sími 525 5236, netfang oe@hi.is og Guðmundur Hálfðanarson prófessor, netfang: ghalfd@hi.is.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun Háskólans. Sjá nánar á www.starfatorg.is og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

PIPAR/IBWA • SÍA • 100640

Verkefnisstjóri kennslu- og gæðamála

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

Laust er til umsóknar starf verkefnisstjóra kennslu- og gæðamála á skrifstofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Starfið felur m.a. í sér gerð og eftirfylgni verkferla, skjalastjórnun og fjölbreytt verkefni á sviði kennslumála.

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og góða þekkingu á tölum og hugbúnaði. Starfsreynsla á sviði gæðamála er æskileg. Krafið er góðrar íslensku- og enskukunnáttu, skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi kennslu og rannsókna á sviði verkfræði, tölvunarfræði og náttúruvísinda hér á landi.

Umsóknarfrestur er til 15. mars.

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigfúsdóttir rekstrarstjóri í síma 525 4589. Netfang: drifa@hi.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun Háskólans. Sjá nánar á www.starfatorg.is og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

PIPAR/IBWA • SÍA • 100641

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð vinnur jafnframt að rannsóknum og tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.

Ímpra er annað kjarnasvið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ímpra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Ímpru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.

Ímpra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands Verkefnisstjóri á Austurlandi

Nýsköpunarmiðstöð Íslands óskar eftir að ráða verkefnisstjóra með starfsstöð á Egilsstöðum.

Starfssvið

- Handleiðsla og atvinnuþróun í fyrirtækjum
- Verkefnisstjórnun á sviði klasasamstarfs
- Verkefni á sviði ferðaþjónustu og heilsutengdar ferðaþjónustu
- Vinna við stuðningsverkefni Ímpru á Nýsköpunarmiðstöð
- Samstarfsverkefni með innlendum og erlendum fyrirtækjum og háskólum
- Fjármögnun verkefna og sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veita Berglind Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Ímpru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, berglinde@nmi.is, og Bjarni Ellert Ísleifsson verkefnisstjóri á Austurlandi, bjarni@nmi.is, eða í síma 522 9000.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknunum skal skilað til Berglindar Hallgrímsdóttur fyrir 29. mars merktum starfsumsókn.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ 2010

Opnað er fyrir umsóknir 8. mars.
Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Umsóknarfrestur til 28. mars



Valka



Frábært útsýni

Vegna aukinna umsvifa leitar Valka ehf að nýjum starfskröftum til þess að njóta hins frábæra útsýnis sem blasir við í fyrirtækinu.

Sölustjóri:

Umsjón með sölu og markaðssetningu á RapidTrade hugbúnaðarkerfinu á Íslandi og erlendis.

Hæfniskröfur: Reynsla af sölustörfum á tæknisviði og/eða til fiskvinnslufyrirtækja.
Menntun á tækni- eða viðskiptasviði.

Hugbúnaðarmaður:

Verkefnastýring og vinna í vefforritun og/eða forritun á tækjabúnaði.

Hæfniskröfur: Reynsla í forritun í PHP, C, Java eða sambærilegum málum. Reynsla í gagnagrunnsforritun og þekking á gagnagrunnum, t.d. Mysql. Þekking á Linux. Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði.

Vélbúnaðarhönnuður:

Verkefnastýring og hönnun á tækjabúnaði.

Hæfniskröfur: Verk- eða tæknifræðimenntun.
Reynsla af hönnun í SolidWorks.

Frumleiki, auk sjálfstæðra og agaðra vinnubragða eru þær megin kröfur sem Valka gerir til starfsmanna sinna. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál og verður öllum umsóknum svarað.

Umsóknarfrestur er til 26. mars.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Hjálmarsson í sínum 534-9300 og 660-9300 og á netfanginu helgi@valka.is.

Valka ehf er vaxandi hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hug- og vélbúnaðarlausnum fyrir fiskvinnsluiðnaðinn. Valka leggur megin áherslu á þróun nýrra lausna sem auka arðsemi fiskvinnslufyrirtækja. Verndun hugverkaréttinda er forgangsverkefni hjá Völku og hefur þegar verið sótt um fjölda einkaleyfa til verndar uppfinningum fyrirtækisins. Frekari upplýsingar um vörur Völku má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.valka.is



Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi auglýsir eftir umhverfisfulltrúa til að sinna umhverfismálum sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi. Um er að ræða 100% stöðu, sem felur í sér vinnu að og umsjón með sjálfbæmivottun Snæfellsness (sjá www.nesvottun.is og www.earthcheck.com). Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf sem getur falið í sér tækifæri til að hafa viðtæk áhrif á sviði umhverfismála.

Leitað er eftir kraftmiklum, drífandi, jákvæðum og samviskusömum einstaklingi með mikinn áhuga á umhverfismálum, sem hefur góða samskiptahæfni og getur unnið sjálfstætt.

Umsækjandi þarf að hafa lokið háskólanámi í umhverfisfræði eða náttúrufræði. Framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg. Færni í að miðla upplýsingum á rituðu og töluðu máli og góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Um laun, réttindi og skyldur fer samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegri umsókn skal skila til Náttúrustofu Vesturlands ásamt upplýsingum um náms- og starfsferil og stuttri greinargerð um það hvers vegna umsækjandi telur sig hæfan í starfið. Meðmæli eru æskileg.

Umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið robert@nsv.is eða bréfléiðis til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi, eigi síðar en 22. mars.

Upplýsingar veitir Róbert í s. 433 8121, 898 6638 eða í tölvupósti, robert@nsv.is. Upplýsingar um Náttúrustofu Vesturlands má finna á www.nsv.is.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Æskulýðssjóður

Mennta og menningarmálaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 70/2007 og reglum nr. 60/2008.

Við úthlutun úr Æskulýðssjóði fyrir árið 2010 verður lögð áhersla á umsóknir æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka um verkefni er miða að mannréttindafraeðslu og lýðræðislegri þátttöku ungmenna í samfélaginu og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknaef [Stjórnarráðsins](http://stjornarradsins.is) á vefslóðinni <http://umsoknir.stjr.is>.

Nánari upplýsingar má sjá á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, www.menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til 6. apríl 2010.

tölvuský

Ert þú í tölvuskýjunum?

Tölvuský ehf., íslenskt sprotafyrirtæki og fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims, leitar að nokkrum **framúrskarandi forriturum** sem vilja fá tækifæri til að vera frumkvöðlar í tölvutækni og að taka þátt í að skapa nýjan og spennandi iðnað á Íslandi. Starfsmenn munu eiga í félaginu.

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

ökukennari.is
Kenni á nýl. Toyota Avenis. Allar uppl. á ökukennari.is & Krisján s. 892 9171.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Flug

Flugskóli Ísland/Tækniskólinn mun halda flugkennaranámskeið FI(A) þann 8 mars næstk. Skráning og upplýsingar er að finna á flugskoli.is

Húsgögn

Rúm til sölu 200x145, 10 þús. 2 stólar úr setti á 5 þús. Uppl. S. 555 4191.

RB-rúm 200x160, ts. á 100þ. 5 mán. gamalt. Hlíðardýna fylgir. Björgvin 899 8240

Óska eftir uppstöfluðum stólum 30 stk. T.d. Faxi eða Stakkó. Hafið samband í s. 695 1918.

Heimilistæki

Eins árs skjávarpi til sölu með heilli peru og dvd snúru V.95þ. Uppl. í S. 861 5777.

Barnagæsla

Au Pair
Hollensk fjölskylda búsett Lúxemborg leitar að barngóðri og reykláusri ungru konu (lágmark 19 ára) til að starfa sem Au Pair í 6 til 12 mánuði í Lúxemborg. Bilpróf er skilyrði. Áhugasamir: sendið póst á cecile.bonnier@zonnet.nl.

Dýrahald

Til sölu púðlu blendingshvolpar til sölu. Uppl. í s. 849 6700.



Pomma stelpa til sölu. Óættbókafærð. V. 100 þús. Uppl. í s. 848 6525.



Dvergschnauzer hvolpar, 2 tikur, 2 rakk-ar. HRFÍ ættbók, tryggingar fylgja. Uppl. í s. 898 8567.



10 vikna dvergschnauzer tik undan meisturum til sölu. HRFÍ ættbók. www.svartskeggs.com 846-8171



Yndislegir vizsluhvolpar til sölu. Ættbókafærðir og tilbúnir til afhendingar í lok mars. Upplýs. 898 1034 Auður



9 vikna yndislegir papillonrakkar til sölu. Tilbúnir til afhendingar með ættbók frá HRFÍ, bólusetting, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Áhugasamir hafi samband í s-4866034. Nánar á www.123.is/hlidar

Smáhundagæsla á heimili, engin búr, er með leyfi, Gunnvör s. 8200878 - 5668066

Am. Cocker Spaniel hvolpar til sölu, afhendingartími 15. mars. Sjá heimasíðu www.blafjola.dyrland.is Nánari uppl. í s. 661 4331, Jóanna.

Fiskabúr 30 L, 60 og 100 L Öll með fiskum, dælum og mikið af skrauti. Verð: 5-25 þús. S 864 8918.

Yndislega falleg tæplega 2 ára Pinsler tikk (vegur aðeins 3,4 kíló) til sölu á gott heimili, vegna breyttra heimilis-aðstæðna, er örmerkt og ættbók fylgir. Allur útbúnaður fylgir með. Uppl. í s. 897 1016.

Tveir smáhundahvolpar (rakkar) til sölu. Uppl. í s. 661 7159.

Chihuahua hvolpar til sölu. V. 160.000 þ. Ættbók frá Íshundum. Foreldrar einstaklega blíðir. Uppl. í s. 868 9994.

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

Ferðaþjónusta

Sjóstöng - skotveiði - grill

Tilvalið fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og einstaklinga. Siglt er frá RVK- höfn. Túrinn er ca. 3 tímar. Uppl. s. 894 1535 og svanursv@hotmail.com

Byssur

Herrifflar á góðu verði Eigum til Schmidt Rubin K11, Mosin Nagant 91/30 og Pýskan Mauser K-98 Sjá nánar á hindr-un.is

Hestamennska



Vandaðar hestaklippur. Verð aðeins 37.800. Frí heimsending. www.isbu.is. Símar: 4347702 / 8637702

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgangan að internet, baði, eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu 55 fm íbúð á 3. hæð neðst í 110 rvk, Hraunbæ. V. 90 þ. m. öllu, líka rafmagn og hiti. S. 821-6244.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

Gott herb. og eldhús til leigu í Vesturbæ. Uppl. í s. 898 2862 & 857 7945 e. kl. 14.

4ja herb.íbúð til leigu í Smárahverfinu (göngufærni við Smáralind) í 6 - 12 mán. Íbúðin er á 2 hæð, rúmgóð og vel skipulögð, leiguverð 110 þús-und kr. á mánuði m/rafmagn og hita. Vinsamlega hafið samband e-mail: smarahverfi@visir.is

Herbergi við Kríngluna í Rvk öll aðstaða + háhraðanettenging. S. 499 2072 & 899 2060.

3. herb. luxusíbúð 90 fm m/húsg. til leigu akurveilir 1. 130þ Hafn. uppl. í síma 7722549

Til leigu 4herb. falleg íbúð í frábæru hverfi (Hvassaleit,103.v.k) Öll ný uppgerð. Endilega hafið samband í s. 822 2957. P.S laus strax.

Studio apt for rent in Hafnarfjörður. Washer, dryer, free internet, furniture if needed. tel 893 6060

Herb. í Vesturbæ, með öllu. 45þ. ROOM FOR RENT. All incl. S. 694 5987.

Rúmgott herbergi við Hávallagötu. Aðgangur að interneti, eldh, hreinlætis- og þvottaost sem er sameiginlegt með öðru herbergi. Leiga 38.000 Sími 824 4555.

Björt og falleg 65fm 2 herb. íbúð á annari hæð við Hraunteig sv. 105. Leiga 130þ. Uppl. í s. 663 1313.

Luxusíbúð í 108, 3 herb. 170 fm í Espigerði -fallega tekin í gegn af arkitekt, mikið útsýni. upplýsingar í 868-5860

Lítil íbúð með húsg. leigist til 30 apríl. Uppl. í s. 895 9420.

2 herb. íbúð til leigu á sv. 107 í litlu fjölbýli, jarðhæð. Sér inngangur. Uppl. í s. 864 3725.

Húsnæði óskast

Einbýli helst á einni hæð m.bílskur eða raðhús óskast á langtímaleigu gjarnan í Árbæ en allt skoðað. upplýsingar sendist á einbyli2010@visir.is

Vantar íbúð í Hlíðunum 105
Óska eftir 3-4 herbergja íbúð í Hlíðunum. Uppl. sendist á ernarnaria74@gmail.com eða s. 866 0574.

Óska eftir íbúð til leigu til frambúðar. Ég er 50 ára, heildarlegur og skilvís. 100% öruggum mánaðargreiðslum heitið. Beingreiðslur 1. hvers mánaðar sé þess óskað. Meðmæli við hendi sé óskað. S. 692 4880.

Par um þrjúttug óskar eftir 3ja herbergja íbúð á sv. 101-108. Uppl. í s. 695 1918.

Óska eftir stúdíóíbúð eða 2 herb íbúð í rvk.Uppl. í s. 899 4489.

Lítil íbúð óskast sem fyrst á sv. 109/111, reglusemi og öruggar greiðslur. S. 659 7863.

Óska eftir húsi til langtímaleigu í Höfnunum, erum tilbúin að flytja í sumar. Endilega hafið samband, allt kemur til greina. Uppl. í s. 562 5013 & 866 8112.

Háskólanemi óskar eftir einstaklings-íbúð á höfuðborgarsvæðinu, helst 40 fm eða stærri. Reglusöm og með góð meðmæli. Greiðslugeta 65.000. s.8972897.

Hjón með 2 börn óska eftir íbúð í Hafnarfirði eða Vogum, Vatnsleysuströnd sem fyrst. 80 fm eða stærri. Greiðslugeta ca. 100.000 á mánuði. s.849 0833 og 849 9476.

Óska eftir 2til 3 herbergja íbúð í Kópavogi eða Reykjavík. Einstæð með eitt barn reykláus og heiti skilvísnum greiðslum. Gæti tekið að mér þrif ef óskað er. Upplýs. 699 3641 eða bjarnirag@simnet.is

Óska eftir 3-4 herb íbúð í Lindahverfi eða nágr, þarf að vera laus fyrir 30 apríl n.k uppl sendist á helgahreins@simnet.is eða 894-0595

Óska eftir herbergi á leigu í Árbæ/Selás með aðgang að eldunaraðstöðu og þvottaðstöðu. Uppl. í s. 858 0305.

39 ára kona vantar íbúð á sv. 200, er með 2 smáhunda. S. 865 0054.

Húsnæði til sölu

Til sölu 120fm einbýlishús á Selfossi ásamt 50fm aukaíbúð. Verð 25 mjll. S. 669 9485.

Fasteignir



Hamrakór 10- einbýlishús á frábæru verði -opið hús

Til sölu þetta glæsilega og nýtskulega einbýlishús á tveimur hæðum samtals 230 fm. Tvöf.bílsk. Húsið er nánast tilb til innéttinga og grunnmálað. og til afh. Strax. Flott útsýni. Verð aðeins 36,5 millj. Áhvil 22 millj ÍLS.Engin skipti. Opið hús í dag kl. 13.-13.30. Björn sýnir s: 7719432.

Sumarbústaðir



Prastahólar í landi Búrfells Grímsnesi

Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sum-arhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verð 13,9 m, 100% lán, afborgun ca. 80 þús.pr.mán. Uppl. í s: 898 1598.

Atvinnuhúsnæði

320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Möguleiki á að skipta í tvö bil. Uppl. í síma 896 0551.

Til leigu/sölu nýlegt 294 m2 atvinnu-húsnæði á Stokkseyri, 26m2 geymslu-loft, kaffistofa og wc. Góð veggghæði, stórar innkeyrsludyr á gaffli. Nánari upplýsingar á bugnir@simnet.is eða í s. 894 3858.

Til leigu, 90, 180, 360 og 1000 fm iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. 660 1060.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislióð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Skammtímaleiga í 101
Íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði og helgartilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

Atvinna í boði



Veitingastaðurinn Krínglukuráin
Óskar eftir starfsmanni á morgnana í ræstingu og uppvask. Starfshlutfall 50-60%. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Upplýsingar á www.krínglukurain.is eða í síma 893 2323.



Trip.is
Sumarstjóri. Trip ehf. óskar eftir starfsmönnum. Nánari uppl. á www.trip.is

Ábyrgir aðilar, GÓÐAR TEKIURuppl. 868 5357 / 846 7260

Sumarvinna í sveit
Sveitahótel leitar að samvisskus. og duglegum í vinnu við þrif þvotta,matsal o.íl. aðeins reykláusir og reglus. uppl: Karl 825 0025 / info@latrabjarg.com

Viltu hressa vinnu? Vantar barþjóna og fólk í sal í hlutastar á Kaffi Zimsen. Reynsla er kostur. Vinsamlega sendið umsókn m. mynd til Heiðu á heidajons@gmail.com eða hafið samband við Gísla í s:7720388.

Starfsfólk óskast í verslun/bakari Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í verslun og bakari í miðbæ Reykjavíkur. Um er að ræða hlutastörf á daginn, á kvöldin og um helgar. Áhugasamir sendi upplýsingar á kvosin@kvosin.is

Sportbar í Austurborginni óskar eftir vönu starfsfólki á bar og í ræstingum um hlutastarf er að ræða á kvöldin og um helgar. Umsókn með mynd sendist á starf@visir.is öllum umsóknum verður svarað.

Matráður óskast Óskum eftir að ráða matráð, bakara, matreiðslumann eða starfsmann vnan matargerð í aukavinnu um helgar. Áhugasamir sendi upplýsingar á kvosin@kvosin.is

Austurlenskri kokk Óska eftir kokk sem hefur reynslu af austurlenskri matargerð 8963536

Rómantik.is
Starfskraftur óskast í verslun okkar. Umsóknir sendist á romantik_is@hotmail.com

Vélstjóri eða vélavörður óskast á 110 tonna bát, vélast. 540 hestöfl. Gerður út á línu frá Hfj. Uppl. í s. 864 7622.

Dyraverðir óskast á vinsælan bar í Reykjavík um helgar. Uppl. í s. 895 8175 e. kl. 14.

Atvinna óskast

Smiður. Tek lítil og stór verk. Vandvirkur og traustur. Uppl. í s. 847 1728.

Óska eftir 50% skrifstofustarfi til framtíðar.Góða reynslu af Word og Oracel bókhaldskerfi.Get byrjað starsx.Hef meðmæli.

38 ára kk óskar eftir fullri vinnu. Reglusamur og traustur,hefur góð meðmæli. Uppl. í síma 857 2340

30 ára kk utan af landi óskar eftir vinnu á höfuðb.sv. Getur allt, er með öll meiraprófsréttindi. Uppl. í s. 861 5718.

Viðskiptatækifæri

Kaupi og/eða yfirtek hlutafölg sem eiga yfirveðsettar eignir. Skoða allt.
Uppl. í s. 849 7665

Tapað - Fundið



Þessu málverki var stolið! Þeir sem hafa einhverjar uppl. um það er vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í Keflavík.

Tilkynningar



SOLID Við, Helena, Selma og Magnea erum komnar til baka á Solið, ferskar sem aldrei fyrr. Bjóðum nýja og gamla viðskiptavinum velkomna. Tímabantanir í síma:551 0808 Hlökkum til að sjá ykkur.

Einkamál



Símadömur 908 1616
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömunna þína. Við biðum eftir þér!
Halla er ný.
Opið frá kl. 13:00 og fram eftir á virkum dögum. Opið allan sólarhring um helgar.
908 1616.



ett smjörkrem sem er nauðsynlegt sem undirlag.

Afmæli

segist vera með bakstursgenið eins og móðir sín. Tinna Ósk er grafískur miðlari að mennt, á eina dóttur, og sér um útlit síðunnar og tekur að sér að gera boðskört og aðra prentun fyrir fólk. „Ég var fljót að tileinka mér tækni mömmu í bakstri og svo þegar maður byrjaði að baka fyrir afmælin og sá hvað þetta vakti mikla lukku, dreif það mann í því að halda áfram. Þegar ég held afmæli legg ég allt húsið undir skreytingar í ákveðnu þema og er búin að ákveða það með löngum fyrirvara. Svo eyði ég mörgum tímum í að skreyta og tæmi meira að segja bílskúrinn og útbý sérstakan heim þar fyrir börnin,“ segir Hjördís Dögg. „Ánægjan er sú að geta glatt krakkana og okkur sem stöndum að þessu þykir þetta ekki síður skemmtilegt.“ - jma

í og hrærið eggjarauðum svo saman við. Að lokum eru vanilludropar og síróp sett út í. Ef kremið er of þykkt má þynna það með vatni og vanilludropum eða mjólk og vanilludropum. Til að fá svartan lit á kremið má setja svartan matarlit saman við og kakó. Hvítt krem fæst með því að nota þeytta eggjahvítu í stað rauðunnar. Annars er smjörkrem fremur gulleitt.

EITTHVAÐ ANNAN EN SÚKKULAÐI

Laugardagar eru gjarnan nammidagar. Sælgætismagnið sem fer ofan í litla maga þennan dag getur verið talsvert ef foreldrar eru ekki þeim mun strangari þegar farið er út í sjoppu. Til að minnka líkurnar á vondri maganinu og skemmdum tönnum væri ráð að bjóða upp á hollt nammi annan hvern laugardag eða hafa það til helminga við hitt.

Hollt nammi getur verið rúsínur, hnetur, döðlur og þurrkaðir ávextir eins og ferskur og epli. Eins er gott og girnilegt að skera niður ferska ávexti í skál á laugardögum. Harðfiskur er gott snakk milli mála og má til dæmis klippa hann niður með skærum í hentuga bita fyrir krakkana.



OPÍÐ HÚS Í MK

Þriðjudaginn 9. mars
kl. 16:00–18:00



Áfangastjórar, námsráðgjafar og kennarar verða á staðnum og veita upplýsingar um nám og kennslu og sýna skólann.

Nemendur munu kynna félagslífið.

Námsframboð

Bóknám:

Félagsfræðabraut

- Málabraut
- tungumál, ferðagreinar
- Náttúrufræðibraut
- eðlis- og efnafræði-, líffræði og tölvur
- Viðskipta og hagfræðibraut

Verknám:

- Bakstur
- Framreiðsla
- Kjötið
- Matreiðsla

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælastólinn
Ferðamálastólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
sími: 594 4000
www.mk.is



HREINAR OG FÍNAR TENNUR



Umhirða tanna er mikilvæg og ætti að bursta tennurnar bæði kvölds og morgna alla daga. Eins ef mikill sykur hefur verið á matseðli dagsins ætti að bursta oft. Bakteríur í munnum umbreyta sykri í síru, sem byrjar að leysa upp glerunginn á tönnum nokkrum mínútum eftir að sykursins hefur verið neytt.

Foreldrar þurfa að bursta tennur barna alveg til um 10 til 12 ára aldurs. Fyrir ráða þau ekki við að bursta eins vel og þarf. Strax og fyrsta barnatönnin kemur upp á að bursta með mjúkum bursta og ör-

litlu flúorbættu tannkremi, ætluðu börnum. Þegar jaxlarnir koma upp á að bursta með láréttri hreyfingu alla fleti tannanna og nota tannbráð milli tannanna. Tannbráður sem festur er á pinna gæti hentað betur í litla munna þar sem erfitt er að komast að.

AUÐVELDAR OG SÆTAR KÓKOSKÚLUR

Matur sem búa á til með börnunum þarf að vera auðveldur að gerð. Kókoskúlur henta sérlega vel litlum puttum. Í slíkar kúlur þarf: 1 dl kókósmjöl, 2 dl haframjöl, 3 dl flórsykur, 3 msk. kakó, 1 tsk. vanilludropa, 2 msk. vatn og 100 g smjörlíki.

Hráefnið er sett í skál, hnoðað saman, búnar til litlar kúlur og kældar í ísskáp.



Hafliða og Hönnu Huldu finnast vöflurnar bragðast betur þegar þau búa þær til sjálf.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Engiferöl

Hollur, sykurlaus og lífrænn gosdrykkur.

Fáðu þér hollan og góðan páska drykk.

Yggdrasill



Systkinin setja lífrænt súkkulaði eða hrásykur út á vöflurnar.



Ebba Guðný, móðir systkinanna, segir að börn frá níu ára aldri geti hæglega búið til vöflurnar upp á eigin spýtur. Börnin hennar fá smávegis aðstoð.

Best að gera sjálf

Systkinin Hanna Hulda og Hafliði Hafþórsbörn hafa gaman af því að bauka í eldhúsinu og hjálpa mömmu að elda. Þau eru sérstaklega lagin við að gera vöflur.

Við höfum gert pitsur, kókoskúlur og súkkulaði og svona," segir Hanna Hulda en sérgrein systkinanna er þó vöflur. Þær eru svo góðar að vinir þeirra sem fá að smakka vilja engar aðrar og hafa ömmur vinanna meira að segja hringt eftir uppskriftinni. Vöflurnar eru úr grófu og fínu spelti en stundum setur mamma systkinanna, Ebba Guðný Guðmundsdóttir, 100 grömm af haframjöl, kókosmjöli eða hrísgrjónamjöli í vöfludeigið og þá aðeins 300 grömm af spelti. Hanna Hulda

segir vöflurnar bragðast betur þegar hún býr þær til sjálf og í sama streng tekur Hafliði. Hann er sérstaklega viljugur í eldhúsinu og spurður að því hvað hann ætli að verða þegar hann verður stór kemur svarið um hæl: „Ég ætla að verða kokkur!“

Börnin eiga ekki langt að sækja matreiðsluá hugann en móðir þeirra gaf út bókina Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? árið 2007 en þar er að finna fjölda uppskrifta fyrir litla maga. „Mamma er alltaf að hugsa um mat og gera mat," segir Hafliði. Ebba Guðný

leggur upp úr hollustu á heimili sínu. „Ég held að ég sé samt ekkert að klíkkast yfir þessu en það er þó þannig að þegar fólk byrjar að nota heilkorn og gróft spelti þá finnst því það betra og það fer yfirleitt ekki til baka.“ Ebba og börnin eiga góðar stundir í eldhúsinu en ætli fjölskyldufaðirinn sé duglegur að elda? „Nei, pabbi kann ekkert að elda en hann hjálpar dálítið til," segir Hanna Hulda. Þótt krakkarnir borði að jafnaði hollan mat og líki vel eru þau bæði sammála um eitt: „Pítsa er besti matur í heimi!“

- ve



VÖFFLUR AÐ HÆTTI HAFLIÐA OG HULDU

300 g gróft spelti

100 g fint spelti

1 tsk. sjávarsalt

1 tsk. vínsteinslyftiduft (úr heilsuhillunni)

1-2 tsk. kardimommuduft

2 egg

40 g ólífuolía, kókosolía, sól-

blómaolía eða brætt smjör

Um 5-6 dl (500-600 ml) vökv.

Má vera lífræn hrísgrjóna-

mjólk, AB-mjólk, jógúrt eða lífræn nýmjólk og vatn á móti til að spara.

Purrefnum blandað saman (hægt er að svissa og nota 300 g fínmalað spelti og 100 g grófmalað). Eggjum, olíu og mjólk bætt út í þar til deigið er orðið eins og sæmilega þykkur grautur. Vöflurnar steiktar og bornar

fram með lífrænum og/eða sykurlausum lífrænum, agave-sýrópi, hráu lífrænu hunangi (þó aðeins fyrir börn eldri en eins árs), smjöri og osti, ávöxtum og rjóma, lífrænu súkkulaði úr dós eða bræddu 56 eða 70 prósent súkkulaði.



Fermingar

Sérblað Fréttablaðsins.

Kemur út þriðjudaginn 9. mars.

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Benedikt

• benediktj@365.is

• sími 512 5411

Bjarni Þór

• bjarni.thor@365.is

• sími 512 5471

Hlynur Þór

• hlynurs@365.is

• sími 512 5439

Sigríður Dagný

• sigridurdagny@365.is

• sími 512 5462

NORRÆNA

2010



**BÓKAÐU
SNEMMA TIL AÐ
TRYGGJA ÞÉR
PLÁSS.**



FÆREYJAR. DANMÖRK EVROPA

DANMÖRK

30. JÚNÍ
TIL 22. JÚLÍ

Verð: 69.800 kr.

Verð miðast við að 4 ferðist saman með tvö mótörhjól, báðar leiðir.

Verð 114.000 á mann í 2ja manna klefa / inn. Verð miðast við að 2 ferðist saman með tvö mótörhjól, báðar leiðir.

DANMÖRK

LÁGANNA-
TÍMABIL

Verð: 25.750 kr.

á mann m.v. fjóra í 4m. klefa inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.

Verð frá kr. 48.100 m.v. einn í 4m. klefa inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.

MÓTORHJÓLIÐ FRÍTT MEÐ!

Ef þú bókar þig til Danmerkur á tímabilinu 30. júní til 22. júlí eða Færeyja á tímabilinu 12. maí - 9. júní þá fylgir mótörhjól frítt með. Gildir fyrir þá sem bóka sig tveir saman með eitt hjól ásamt gistingu í tveggja manna klefa (A2, A2L, B2L), eða fjóra sem ferðast saman með tvö hjól og gista í fjögurra manna klefa (A4, B4). Gildir fyrir brottfarir frá Seyðisfirði á fimmtudögum og áfram frá Færeyjum til Danmerkur á mánudögum.

FÆREYJAR

GILDIR
12.5 TIL 9.6

Verð: 30.900 kr.

Verð 30.900 á mann í 4ra manna klefa / inn. Verð miðast við að 4 ferðist saman með tvö mótörhjól, báðar leiðir.

Verð 54.600 á mann m.v. 2 í 2ja manna klefa inn og eitt mótörhjól báðar leiðir. Gildir fyrir tvo sem bóka 2m klefa og eitt mótörhjól eða 4 sem gista í 4m klefa með tvö mótörhjól.

FÆREYJAR

LÁGANNA-
TÍMABIL

Verð: 15.250 kr.

Verð 15.250 á mann í klefa / inn.

Verð miðast við að 4 ferðist saman með bíl, aðra leið. Verð kr. 23.100 m.v. einn í 4m. Klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.



Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is



Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600 · Fax: 552 9450
Netfang: info@smyril-line.is · Heimasíða: www.smyril-line.is



Urður segir eðlilegt að börn séu rétt eins og fullorðna fólk með ákveðnar sérþarfir varðandi mat. Þegar þau reyni hins vegar að útiloka heilu fæðuflokkana sé tími til kominn að grípa í taumana.

NORDICPHOTOS/GETTY

Glimt við MATVENDNI BARNNA



Sumir foreldrar kannast við að eiga í erfiðleikum með að fá börnin sín til að borða ákveðnar fæðutegundir. Dr. Urður Njarðvík segir að með nokkur góð og einföld ráð að leiðarljósi sé oftast leikur einn að vinna bug á þessu hvítleiða vandamáli.

Að sögn Urðar Njarðvík barnasálfræðings er matvæðni hegðunarvandamál sem skapast þegar börn fara að útiloka heilu fæðuflokkana. „Þau eru þá ekki bara með einhverjar sérþarfir varðandi mat sem margir kannast við heldur líta hreinlega ekki við ákveðnum fæðutegundum, eins og til dæmis fisk, grænmeti eða ávöxtum og vilja kannski bara lifa á mjólkur- og kornvörum.“

Spurð hvort erfðafræðilegar ástæður liggi aldrei að baki matvæðni, segist Urður þekkja til rannsókna á því en það væri þá einungis einn af mörgum orsakabáttum. „Hugsanlega er sumt fólk með viðkvæma bragðlauka en undirrótin að matvæðni er þó yfirleitt af atferlisfræðilegum toga. Matvönd börn foreldra sem eru sjálfir með sérþarfir varðandi mat eru fljót að ávinna sér samúð foreldra sinna, sem skella þá stundum skuldinni á erfðir. Reyndin er frekar sú að börnin eru oft að apa eftir hegðun foreldranna eða annarra uppallenda eða hafa náð að stjórna mál-



Dr. Urður Njarðvík hefur sérhæft sig í barnasálfræði og gefur lesendum hér góð ráð um hvernig glíma megi við matvæðni barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tíðum með erfðri hegðun.“

En hvernig er best að takast á við matvæðni barna? „Mikilvægt er að setja börnum skýrar reglur, til dæmis passa upp á að láta þau ekki borða á milli matmálstíma þannig að þau séu svöng þegar maturinn er borinn fram og ekki bjóða þeim upp á eitthvað annað fúlsi þau við því sem er í boði. Síðan er reglan að láta börn smakka á öllu sem fyrir þau er borið. Margir flaska

reyndar á því að gefa börnum alltof stóra matarskammta eða bita en það getur orðið til þess að þeim vex í augum að bragða á matnum. Betra er að láta börnin fá svo litla bita að þeim finnst þeir svo hlægilega litlir að þau smakki þá.“

Urður segir gott að hafa á bak við eyrað að stundum fæli áferð frekar en sjálft bragðið. „Þá er bara um að gera að sneiða kjötið niður í litla bita og bæta við það soði eða sósu eða sjóða grænmetið og jafnvel stappa það niður í staðinn fyrir að bera það fram hrátt, svo dæmi séu tekin.“

Urður segir áriðandi að gefast ekki upp og styrkja neikvæða hegðun til dæmis með undanlátssemi. „Reglan er að láta börnin smakka minnst þrisvar á nýjum mat til að venja þau við. Það er mikilvægt að hvetja þau áfram og hrósa og ná fram samvinnu í gegnum leik. Matinn má kalla skemmtilegum nöfnum, spergilkál tré og láta eins og barnið sé risi sem skóflar þeim upp í sig,“ segir hún. „Framsetningin skiptir öllu máli.“

- rve

Kransakökur



Ferminngubók



Ítalskar snittur

Ferminngartertur að hætti Jóa Fel

15% afsláttur af kransaturnum og ferminngubókum

Jói Fel er þekktur fyrir einstakar og glæsilegar ferminngarveislur. Þú getur látið veislubjónustuna hjá Jóa Fel koma með hugmyndir að samsetningu á veisluföngum fyrir þig, sem hentar þér og þínum.

**Jói
Fel**

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

Kjúklingabitar frá Ísfugli

Ljúffengir og hollir á hverjum degi og til hátíðabrigða

Kjúklingabitarir frá Ísfugli eru góðir steiktir í ofni eða á grilli. Þá má einnig matreiða á pönnu, í djúpsteikingarpotti eða í örbylgjuofni.

Kjúklingabitarir eru í þægilegum pokum sem auðvelt er að geyma í frysti ef þörf er á. Kjúklingabitarana má setja í ofn beint úr frystinum.



Kjúklingabringur og
kjúklingalundir eru frábær
veislumatur



Íslensk
framleiðsla

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is



Krökkum finnst kakósúpur oft hreinasta sælgæti.

HVAÐA MATUR ER Í UPPÁHALDI?

Oft er látið í veðri vaka að íslensk börn vilji helst ekki borða annað en eintóman skyndibímat. Annað kom þó á daginn þegar nemendur í Ísakkóla voru spurðir út í uppáhaldsmatinn, en þar eru pitsur, gos og nammi ekki ofarlega á lista. - ná



„Kakósúpa. Afi býr svona til handa mér og ég fæ það oftast hjá honum.“

Halldóra Elin
Einarsdóttir, sjö ára.



„Kjúklingur með tómatsósu, samt borða ég það ekki oft. Pabbi vill oftast búa til eitthvað annað.“

Elsa Björg Sturludóttir, sex ára.



„Steiktur fiskur með smjöri og kartöflum. Stundum er tilboð á þessu úti í búð, en samt fáum við sjaldan fisk.“

Sunna Þuríður
Sölvadóttir,
átta ára.



„Grjónagrautur eða pylsur, ég veit ekki af hverju, það er bara gott.“

Skúli Thor Ásgeirsson, sjö ára.



Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmíðjan - Búsáhöld
Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...



... FALLEGA SKREYTTUM AFMÆLISKÖKUM. Ekki geta allir verið listakokkar og töfrað fram bangsa-, prinsessu- eða risaæðlukökur. Það er því ekkert að því að fá fagmenn til að baka slíkar ævintýrakökur. Til dæmis býður Bæjarbakarí í Bæjarhrauni upp á skemmtilega skreyttar kökur með ýmsum þemum á borð við Mikka mús eða Cars.



... SMORSE. Þetta dísæta nammi er eitthvað sem öll bandarísk börn þekkja og tengja við útilegur og varðelda. Í smorse þarf tvö þunn kex, súkkulaði og sykurpúða. Sykurpúðinn er hitaður yfir eldinum og síðan búin til samloka með kexunum tveimur, súkkulaðinu og sykurpúðanum.

... SKÓLAGÖRÐUNUM. Þar læra börnin hvernig grænmetið verður til, og af þeim sökum verður meira spennandi að borða það. Foreldrar eru þó hvattir til að hjálpa til við arfatínluna því slíkt getur fljótt gert þau afhuga grænmetisræktinni.




... AÐ LEYFA BÖRNUM AÐ HJÁLPA. Eldhúsið er heillandi staður fyrir börnin. Fátt þykir þeim skemmtilegra en að fá að hjálpa til við eldamenskuna og baksturinn enda eykur það sjálfstæði þeirra og sjálfsálit. Svo er alltaf gott að fá að sleikja sleifina þegar búið er að hræra deigið.



SEVERIN

Severin KS9892
Hvítur KÆLISKÁPUR 102 lítra kæli og 2 lítra frystiboxi. Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85x50x50sm

FROST VERÐ 39.990
FULLT VERÐ 44.990



SEVERIN

Severin KS 9883
Svartur VÍNKÆLISKÁPUR með 110 lítra kæli sem tekur 34 flöskur (750ml). Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85.5x50.5x49.5sm

FROST VERÐ 59.990
FULLT VERÐ 67.990



SEVERIN

Severin KS9760
Tvískiptur 144sm KÆLISKÁPUR með 166 lítra kæli og 46 lítra frysti. Orkunýting A+. Frystigeta: 2kg á sólahring. Mál (hxbxd): 144x56x60sm.

FROST VERÐ 74.990
FULLT VERÐ 87.990



SEVERIN

Severin KS9761
Tvískiptur 144sm stál KÆLISKÁPUR með 166 lítra kæli og 46 lítra frysti. Orkunýting A+. Frystigeta: 2kg á sólahring. Mál (hxbxd): 144x56x60sm.

FROST VERÐ 79.990
FULLT VERÐ 94.990



SEVERIN

Severin KS9857
Tvískiptur 173sm stál KÆLISKÁPUR með 193 lítra kæli og 92 lítra frystir. Orkunýting A. 12kg frystigeta á sólahring. Mál (hxbxd): 173x60x60.

FROST VERÐ 139.990
FULLT VERÐ 169.990

KÆLISKÁPATILBOÐ



Blomberg

Blomberg KKD1650
Tvískiptur 173sm kælikápur með 168 lítra kæli og 56 lítra frysti. 25 lítra MaxiFresh skúffa 0-3°C. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 173x60,5x60sm.

FROST VERÐ 139.900
FULLT VERÐ 174.900



Blomberg

Blomberg SOM1650X
173sm stál kælikápur með 168 lítra kæli og 56 lítra frysti. 25 lítra MaxiFresh skúffa 0-3°C. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 173x60,5x60sm.

FROST VERÐ 144.900
FULLT VERÐ 179.900



Blomberg

Blomberg KGM1551X
Tvískiptur 181sm stál kælikápur með 157 lítra kæli og 87 lítra frysti með SuperFrost og 4 skúffum. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 181 x 54,5 x 60sm.

FROST VERÐ 147.900
FULLT VERÐ 169.900



Blomberg

Blomberg KGM1650
Tvískiptur 186,5sm kælikápur með 204 lítra kæli og 74 lítra frysti. 4 glerhillur, 2 grænmetis skúffur. Orkunýting A+. Mál (hxbxd): 186,5 x 59,5 x 60sm.

FROST VERÐ 149.900
FULLT VERÐ 164.900

Aðeins brot af úrvalinu
Verið velkomin í verslun okkar



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Hringdu í síma

5125060

ef blaðið berst ekki



Skipalón 16-22 • Hafnarfirði

- Fimmtugir og eldri, nú er lag! -

Opið hús í dag frá 14-16



Nýtt í sölu • Mjög hagstætt verð

Vandaður frágangur.

Full innréttuð sýningaríbúð. Hagstæð 70 til 90% lán frá Íbúðalánasjóði geta fylgt með.

Glæsilegar og sérlega vandaðar íbúðir, vel staðsettar með góðu aðgengi. Allur frágangur til fyrirmyndar.

- 2ja herb. íbúðir frá 71 m²
- 3ja herb. íbúðir frá 92,2 til 122,2 m²
- 4ja herb. íbúðir frá 127,4 fm til 167,3 m²
- Tvennar svalir á stærri íbúðum, bæði út frá eldhúsi og stofu.
- Frábært útsýni.
- Stórar stofur
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðum, annað inn af hjónaherbergi.
- Þvottaherbergi í öllum íbúðum.
- Innréttingar í hæsta gæðaflokki frá Brúnási.
- Heimilistæki frá AEG.
- Uppþvottavél og ísskápur fylgja.
- Hreinlætistæki frá Tengi.
- Ljóst granít á borðum og sólbekkjum frá S. Helgasyni.

- Sérbílastæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðunum.
- Innangengt úr bílgeymslu í 3 lyftur.
- Góð þvottastaða í bílgeymslu.
- Hefðbundin sameign ásamt 55 fermetra samkomusal.
- Golfvöllur í göngufæri.
- Til afhendingar strax.

VERÐ

| | |
|----------------------------|------------------|
| Verð á 2ja. herb. íbúð frá | kr. 17.100.000.- |
| Verð á 3ja. herb. íbúð frá | kr. 20.800.000.- |
| Verð á 4ja. herb. íbúð frá | kr. 26.800.000.- |



Til sölu

Vesturgata 6-8 & 10-10a



Tilboð óskast í heildareignina c.a. 1500m² Vesturgata 6-8 er fullbúinn veitingastaður með leyfi fyrir allt að 200 manns. Hagstæð langtímalán allt að 80% með 5.5% föstum vöxtum geta fylgt fyrir traustan kaupanda.

Upplýsingar veitir Aron í s. 861 3889
aronpk@gmail.com

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



KJÖRIÐ TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU
HÓTEL HELLNAR – SNÆFELLSNESI




Tilboð óskast. Jörðin Brekkubær á Hellnum er 6.63 ha. Húseignir er tilheyra hótelinu eru eftirfarandi. Gistiheimili með 16. 2ja manna herbergjum, góðu eldhúsi matsal, setustofu og móttökusal. Annað sér hús með fjórum 2ja manna herbergjum við aðal-húsið. Hlaða og fjárhús sem hafa verið innréttuð að hluta sem starfsmannastaða. Glæsilegt íbúðarhús byggt 1997 af SG hús. Þrjú svefnherbergi, eldhús og stofa í opnu rými og baðherbergi með sturtu. Húsið stendur á óborganlegum útsýnistaða. Hótelid með öllu því sem það tilheyrir rekstri og húseignum er til sölu og óskar eigandi eftir tilboðum í heildina. **Allar nánari upplýsingar gefur sölufulltrúi Valhallar Páll Höskuldsson í síma 864 0500.**

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.



OPIÐ HÚS – SUNNUDAGINN 7. MARS KL. 13-14
HRAUNBÆR 96 – 5 HERB. EFSTA HÆÐ



Björt og falleg íbúð með þremur svefnherb. ásamt aukaherbergi í kjallara, alls 118 fm að stærð. Stofa með parket á gólfi og útgengt á suðursvalir, einnig eru austursvalir frá hjónaherbergi. Eldhús m. borðkrók. Tengi f. þvottavél innan íbúðar. Einstakt verð 19,9 millj (undir 170 þús pr. ferm). Jón Rafn hjá Valhöll sýnir, sími 695-5520.

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

www.vinna.is

Gerplustræti 27
270 Mosfellsbær
Stórglæsileg íbúð í Mosfellsbæ

Stærð: 133,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2008
Brunabótamat: 33.770.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Laugardaginn 6. mars 14:00 - 14:30 Verð: 28.500.000

Forstofu með góðum skápum. Í eldhúsi er falleg hvít háglans innrétting með granit á borðum auk vandaðra tækja frá Miele. Stofan er björt og rúmgöð og rúmar auðveldlega stórt borðstofuborð við hlíð eldhúss. Úr stofu er opið út á stórar flisalagðar svalir. Inn af stofu er sjónvarpsaðstaða en á teikningum var get ráð fyrir stóru hjónaherbergi þar. Inn af gangi eru tvo stór herbergi. Baðherbergi með upphengdu salerni og hvítum háglans innréttingum, sturtu með glervegg auk baðkars. Flisar á gólfum.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Flyðrugrandi 8
107 Reykjavík
Til sölu eða leigu

Stærð: 65,1 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 14.100.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Laugardaginn 6. mars 16:30 - 17:00 Verð: 16.900.000

Komið er inn í forstofu með parketi á gólf. Góðir skápar eru í forstofu. Eldhúsið er með dökkri eldri innréttingu (máluð), gott skápláss. Við hlíð eldhúss er gott pláss fyrir borðstofuborð. Stofan er með nýlegu parketi á gólf. Úr stofunni er útgengt á hellulagða verönd. Herbergjið er rúmgott, parket á gólf. Baðherbergið er með nýlegum hillum, flisum á gólf og baðkari. Tengi fyrir þvottavél á baðinu. Þvottahús og geymsla í sameign.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Trönuhjalli 3
200 Kópavogur
Góð eign á góðu verði.

Stærð: 92,4 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 19.200.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Bókið skoðun í síma 823-5050 Verð: 20.500.000

Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð í rölegu hverfi í Kópavogi. Forstofa flisalögð. Flisalag eldhús með hvítum sprautlökkuðum innréttingum og tengi fyrir uppvottavél. Góður borðrúkur. Björt stofa með parketi á gólf og útgengi á svalir. Bæði svefnherbergin eru mjög rúmgöð og góðu skápláss. Geymsla er í sameign, hjóla- og vagnageymsla auk sameiginlegs þurrkerbergis.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Naustabryggja 54
110 Reykjavík
Frábært útsýni

Stærð: 90,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2000
Brunabótamat: 23.100.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Laugardaginn 6. mars 15:00 - 15:30 Verð: 23.950.000

Forstofu með góðum skápum. Aðalrymi íbúðarinnar skiptist í stofu, borðstofu og opið eldhús. Í eldhúsi er falleg innrétting með granit borðplötu, flisum á veggjum og stórum þakgluggum. Stofan er björt og rúmgöð með útgengi út á svalir í átt að höfninni. Inn af herbergisgangi eru tvö stór herbergi og baðherbergi. Bæði eru mjög rúmgöð og í öðru þeirra er útgengi út á svalir. Í baðherbergi er baðkar með sturtuástoðu, upphengt salerni og góð innrétting. *** Frábært sjávarútsýni ****

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Logasaliir 3
201 Kópavogur
Efri sérhæð í tvíbýli

Stærð: 210,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 42.780.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnudaginn 7. mars 15:00 - 15:30 Verð: 49.900.000

Neðri hæð: Flisalögð forstofa, parkettlagð svefnherbergi og 35,5 fm bílskúr. Efri hæð: Tvö stór svefnherbergi með parket á gólf og góðu skápláss. Flisalagð baðherbergi, baðkar með nuddi og granitborðplata, opnanlegur gluggi. Flisalagð þvottahús, tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Góð vinnuaðstaða. Bjart opið rými með góðri lofthæð í stofu sem skiptist í eldhús, borðstofu og stofu. Eldhús: L-laga innrétting, efri og neðri skápar, stór eyja, granit á öllum borðplötum. Útgengt á stórar svalir.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Grenimelur 15
107 Reykjavík
Stutt í Háskólann

Stærð: 60,4 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1946
Brunabótamat: 11.300.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Lárus Óskarsson
Sölufulltrúi
823 5050
larus@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Laugardaginn 6. mars 17:30 - 18:00 Verð: 16.900.000

Séríngangur er í íbúðina, komið er inn í flisalagða forstofu. Gott miðrymi tengir íbúðina. Rúmgöð stofa með fallegum glugga. Svefnherbergið er í góðri stærð. Eldhúsið er með ágætri innréttingu. Lítið baðherbergi með sturtu. Í sameign er þvottahús og sér geymsla. Húsið er í góðu standi og hefur verið yfir farið að miklu leiti, má þar telja múrvíðgerð og steinun, dregið fyrir nýju rafmagni, skólþ yfirfarið og þak. Þetta er eign á frábærum stað í nálægð við Háskóla Íslands.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Urðarbrunnur 66
113 Reykjavík
Til sölu þarhús

Stærð: 202 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2009
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Bær

Opió Hús

Guðbergur Lögg. fasteignasali
8936001
beggi@remax.is

Open house?.. Verð: 29.800.000

Remax BÆR kynnir: Flímlega lokkelt þarhús á frábærum útsýnastað í útlærskli. Nánari lýsing: Húsið er byggt úr forsteypum einingum. Allir gluggar og hurðar eru komnar í og einnig bílskúrshúð. Veggir eru einnigráðir. Húsið stendur fyrir neðan vegg með útgengi yfir hverfið. Hægt er að fá húsið lengra komið ef óskað er.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Efstihjalli
200 Kópavogur
4ra herbergja á frábæru verði

Stærð: 86,2 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 18.550.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
kol@remax.is

Sunnudaginn 16.00-16.30 Verð: 17.500.000

Íbúðin er á fyrstu hæð og skiptist hjónaherbergi, tvö lítil barnaherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu með suðursvólum og sér geymslu í kjallara. Sameiginlegt þvottahús ásamt vagna og hjólageymslu er í kjallara. Eignin er veðbandalaus. Hússjóðsgjald er 8.480 kr pr mán og innifalið í því er húseigandatynging, allur hitakostnaður, rafmagn í sameign og almennur rekstur hústélgagsins. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar og innistæða hússjóðs eru ca 250.000 kr.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Miðholt
801 Selfoss
Til sölu frístundahús á suðurlandi

Stærð: 89 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 21.400.000

RE/MAX Senter

Opió Hús

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Bókið skoðun hjá Óskari í s: 773 6720 Verð: 17.900.000

Mjög fallegt og fullbúið frístundahús á einni hæð í Reykholti í Bláskógabyggð. Húsið er fullbúið að utan sem innan með glæsilegum innréttingum og gólfnum, 3 svefnherbergi, opin stofa og eldhús, hiti í gólfum. Frábær staðsetning, mikil veðursæld og gill þjónusta á svæðinu. Mjög auðveld kaup, áhvilandi gott lán frá Íbúðalánasjóði. Upplýsingar veitir Óskar Jónsson sölufulltrúi Re/max Senter í s:773 6720

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Sumarhús
Íslensk Sumarhús til sölu.

Stærð: 61 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2010
Brunabótamat: 0

RE/MAX Bær

Opió Hús

Guðbergur Lögg. fasteignasali
8936001
beggi@remax.is


Verð: 8.200.000

Remax BÆR kynnir: Stórglæsileg íslensk 60 fm hellsárshús. Nánari lýsing: 3 herbergi, forstofa, baðherbergi, ásamt alrými sem er eldhús, stofa og borðstofa. Húsið er klætt viðhaldsfríri báru ál klæðningu og dökkri víðar klæðningu. Loftin eru tekin upp í stofunni með panel klæðningu, útvæggir og millivæggir eru klæddir með panel klæðningu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is


Krassandi kiljur á tilboði í dag og á morgun - hafðu það notalegt um helgina

Laugardagur til lestrar



1.990 kr.
-2.490 kr.

Týnda táknin
Mögnuð spenna frá upphafi til enda, þar sem táknfræðingurinn Robert Langdon er í aðalhlutverki.




1.990 kr.
-2.490 kr.

Horfðu á mig
Horfðu á mig er án efa besta saga Yrsu til þessa. Mögnuð glæpasaga sem fær hárin til að rísa!



Himnaríki og helvíti - Harmur Englanna
Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur á fjöllum. Harmur englanna er sjálfstætt framhald Himnaríkis og helvíts. Snilldarverk eftir Jón Kalman.



Ert þú síþyrstur bókaormur?

Við sinnum fjölda bókaorma í gegnum bókaklúbba okkar hjá Eymundsson. Í boði eru sex klúbbar, eitthvað fyrir alla. Hvað ert þú að lesa?

- Spennuklúbbur
- Eftirlætisklúbbur
- Sandemoklúbbur
- Ísfólksklúbbur
- Viðskiptaklúbbur
- Barnaklúbbur - þrír aldurhópar

Inngöngugjafir og fríðindi fyrir nýja klúbbameðlimi. Kynntu þér málið á Eymundsson.is



2.390 kr.
-2.990 kr.

Vesturfarnir
Hér er endurútgæfin fyrsti hluti hins heimsfræga og áhrifamikla verks Vilhelms Moberg.



2.390 kr.
-2.490 kr.

Þegar kóngur kom
Litrík Reykjavíkursaga frá níttjándu öld þar sem andrúm liðinna tíma endurspeglast.



1.890 kr.
-2.390 kr.

Bankster
Bókin hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta.



BINGÓ Bingó í Vinabæ í Skipholti, þar sem áður var Tónabíó, hefur verið fastur liður í félagslífi Reykvíkinga um árabil. Valgarður Gíslason tók myndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Myndir ársins 2009

Árleg sýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** verður opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi í dag klukkan þrjú. Þar gefur að líta bestu myndir íslenskra ljósmyndara frá árinu 2009. Eins og fyrri ár eiga *ljósmyndarar Fréttablaðsins* þar fjölmargar myndir. Hér eru nokkur sýnishorn af framlagi þeirra.



BRJÁLADUR? Margir mótmælafundirnir voru haldnir á síðasta ári. Gunnar V. Andrússon ljósmyndari tók þessa mynd á einum af þeim óvenjulegri, þegar ungmenni í Hafnarfirði mótmæltu niðurskurði í félagsmálum unglunga í bænum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



AD FÓTUM FRAM Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi var haldið í Reykjavík í október. Anton Brink náði þessari skemmtilegu mynd af gervifótum á glámbekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HÚSTÖKUFÓLK Í REYKJAVÍK Lögreglan réðst nokkrum sinnum til atlögu við hústökufólk á síðasta ári. Pjetur Sigurðsson tók þessa mynd á Vatnsstígnum þar sem hústökufólk hafði komið sér fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Á LEIÐ Á LANDSLIÐS-ÆFINGU Vilhelm Gunnarsson fylgdist með landsliðsæfingu karla í fótbolta sem var liður í undirbúningi fyrir leik við Norðmenn í undankeppni HM í fótbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LANDNÁMSHANI Áhugi á ræktun og fjölgun landnámsháensna hér á landi hefur aukist undanfarin ár. Það er fallett fiðurfé eins og mynd Stefáns Karlssonar af hana sýnir vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum



LG Viewty

Útborgun

0kr.

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreiðsluverð: 29.900 kr.

*Greiddudreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube. Fluttur til að fara á netið.

- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapíxla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth



Nokia 3120

Útborgun

0kr.

Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.*

2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiddudreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Fyrirferðalítil og stílhreinn 3G sími

Búinn margskonar eiginleikum, s.s. fjölradda hringitönur, MP3 hringitönur, hægt að senda og sækja tölvupóst og margt fleira.

- 3G
- 2 megapíxla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth
- Íslensk valmynd

3G símar með 24 þús. kr. inneign yfir 12 mánuði. Skráðu þig í Ring.



Ring er farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti
vinahópur
á Íslandi



Eignaðist góða vini á Íslandi

Bandaríski leikarinn **Paul Dano** fer með annað aðalhlutverkanna í nýjustu mynd Dags Kára Péturssonar, *The Good Heart*. Í viðtali við *Frey Bjarnason* ræðir hann um kynni sín af Íslandi, Degi Kára og kvikmyndastjörnum á borð við Tom Cruise.

Paul Dano fæddist 19. júní 1984 í New York. Leiklistin átti fljótt hug hans allan og þegar hann var aðeins tólf ára lék hann í sínu fyrsta verki á Broadway. Hann var sautján ára þegar hann lék í sinni fyrstu kvikmynd, *L.I.E.* Þar fór Brian Cox með aðalhlutverkið og tókust þá með þeim góð kynni sem endurnýjuðust síðan í *The Good Heart*.

Föðurmyndin Brian Cox

„L.I.E. var fyrsta myndin sem ég lék í með Brian. Hann var þá hálfgerð föðurmynd bæði fyrir mig og persónuna í myndinni, enda var ég frekar ungur á þessum tíma. En þegar kom að þessari mynd [*The Good Heart*] höfðu hlutirnir breyst dálítið. Ég er bara 25 ára en vonandi orðinn fullorðinn. Fyrir vikið var vinátta mín og Brians dýpri og ég var meira á hans bylgjulengd sem manneskja,“ segir Dano á yfirvegaðan hátt. „Ég hafði séð honum bregða fyrir af og til í New York og mér líkar mjög vel við hann. Mér finnst hann frábær leikari og ég var virkilega spenntur fyrir því að geta unnið aftur með honum. Ég er líka orðinn allt annar leikari núna, þannig að þetta var öðruvísi reynsla hvað það varðar.“

The Good Heart fjallar um hjartveikan bareiganda (Cox) sem tekur ungan heimilislausan mann (Dano) undir sinn verndarvæng með það að markmiði að hann taki við rekstri barsins.

Dano hafði ekki séð verk leikstjórans Dags Kára þegar hann fékk handritið sent til sín. „Ég las það og fannst það gott. Mér finnst sjónarhorn hans einstakt og stemningin í myndunum hans góð. Ég hef líka mjög gaman af flottum barsenum,“ segir Dano, sem er ánægður með *The Good Heart*. „Mér fannst veröldin sem hann skapaði flott, mér fannst Brian Cox frábær og öndin líka og hundurinn,“ segir hann og hlær. „Dagur semur líka tónlistina í myndinni og mér finnst hún hafa töluvert að segja varðandi stemninguna.“

Hæfileikaríkur Dagur Kári

Dano hefur á ferli sínum unnið með mörgum af þekktustu leik-



PAUL DANO Leikarinn Paul Dano hreifst mjög af Íslandi þegar hann dvaldi hér í tvo mánuði fyrir tveimur mánuðum. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég sakna Íslands. Ég átti góðan tíma þar. Þetta var fallegur staður og allir voru vingjarnlegir.“

Þetta var góður tími og um helgar gat ég ekið um og skoðað marga fallega staði.

stjórum Hollywood. Hann starfaði með Paul Thomas Anderson í *There Will Be Blood*, Ang Lee í *Taking Woodstock* og Spike Jonze í *Where The Wild Things Are*.

Spurður hvort Dagur Kári eigi möguleika á að ná jafn langt og þeir segir Dano að Dagur sé þegar orðinn mjög góður leikstjóri. „Mér fannst Nói Albinói falleg mynd og

ég fíla allt sem hann hefur gert. Ég vona að hann geti gert margar myndir til viðbótar. Það er gaman að fleiri raddir séu farnar að heyrast frá Íslandi sem eru að reyna

fyrir sér utan landsteinanna og ég vona að hann geri aðra mynd sem allra fyrst,“ segir hann og getur vel hugsað sér að vinna aftur með íslenska leikstjóranum.

Saknar Íslands

Tökur á *The Good Heart* fóru fram bæði í New York og á Íslandi og dvaldi Dano í um tvo mánuði í Reykjavík. „Ég sakna Íslands. Ég átti góðan tíma þar. Þetta er fallegur staður og allir voru vingjarnlegir. Ég hlakka mikið til að fara þangað aftur,“ segir hann. „Ég eignaðist góða vini þar og ég hef bara góða hluti að segja um land og þjóð. Þetta var góður tími og um helgar gat ég ekið um og skoðað marga fallega staði.“

Dano hefur gert töluvert af því að leika í smærri myndum á borð við *The Good Heart*. Hann segist fyrst og fremst horfa í gott handrit og persónusköpun þegar kemur að því að velja hlutverk, en ekki stærð myndarinnar. Hann hefur þó áhuga á að leika í vísdaskáld-sögumynd í framtíðinni. „Reynsla mín af Íslandi var einstök vegna þess að tökuliðið var svo lítið, en á góðan hátt. Fólk var mjög duglegt og allir náðu vel saman. Þetta var frábregðið því að leika í stórrri mynd með mikið af fólki allt í kring.“ Hann er fúll yfir því að hafa ekki komist á frumsýningu *The Good Heart* í Reykjavík vegna mikilla anna. „Ég verð bara að reyna að koma einhvern tímann seinna á þessu ári.“

Tom Cruise er duglegur

Dano er upptekinn um þessar mundir enda ung og upprennandi kvikmyndastjarna. Fjórar myndir eru væntanlegar með honum, þar á meðal *Knight and Day*, þar sem hann leikur á móti Tom Cruise, Cameron Diaz og Peter Sarsgaard. „Mér líkar mjög vel við hann,“ segir Dano um stórstjörnunna Cruise. „Hann er einn duglegasti náungi sem ég hef unnið með. Hann vill alltaf gera hlutina enn betur og sér til þess að allir séu með á nótnum. Það er eitt-hvað sem ég ber mikla virðingu fyrir,“ segir hann og nefnir einnig að gaman hafi verið að starfa með Diaz og Sarsgaard. „Um leið og maður fer að eyða tíma með þessu fólki verður það eins og hver önnur manneskja.“ Dano lék einnig á móti Katie Holmes, eigin konu Cruise, í gamanmyndinni *The Extra Man* og segir að þau hafi náð mjög vel saman. Önnur væntanleg mynd hans er *For Ellen* í leikstjórn So Young Kim. Hún framleiddi á sínum tíma myndina *Salt* sem var tekin upp á Íslandi með íslenskum leikurum og kom út 2003. Leikstjórinn var maður hennar Bradley Rust Gray og bjuggu þau hér á landi í tvö ár meðan á tókunum stóð. „Þau búa í Brooklyn eins og ég. Mér finnst þetta vera gullfalleg saga,“ segir hann um *For Ellen* þar sem hann leikur á móti Jon Heder úr myndunum *Blades of Glory* og *Napoleon Dynamite*.

Helstu hlutverk

Knight and Day (2010)
The Extra Man (2010)
Where The Wild Things Are (2009)
The Good Heart (2009)
Taking Woodstock (2009)
Little Miss Sunshine (2008)
The Ballad of Jack and Rose (2005)
The Girl Next Door (2004)
L.I.E. (2001)

Ásgeir Gunnar Ásgeirsson

tannlæknir



Ég hef nú hafið störf á tannlækna-stofunni Krýnu ehf. að Grensásvegi 48 í Reykjavík.

Tímarpantanir eru í síma 553 4530.



Grensásvegur 48, 108 Reykjavík | S. 553 45 30 | www.kryna.is

→ Í UPPÁHALDI

Dano á mikið af upphaldskvikmyndum. „Þegar ég var tólf ára var það Jack Nicholson sem vakti fyrst áhuga minn á leiklist. *Five Easy Peaces* og *One Flew Over the Cuckoo's Nest* voru í miklu upphaldi en núna er úr mörgu að velja. Ein af upphaldsmyndunum mínum er *Le samourai* eftir Jean-Pierre Melville. Ég fíla líka nútímaleikstjóra á borð við Terence Malick, Jim Jarmusch og Alfonso Cuarón. *Dumb and Dumber* er líka í miklu upphaldi.“

Á TÖKUSTAÐ Paul Dano ásamt leikstjóranum Degi Kára á tökustað *The Good Heart* í New York.



TOSHIBA

HÁGÆÐA SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI



4 HDMI

DVB-T

50.000:1

FULL HD



Hágæða 40" LCD sjónvarp frá meisturum Toshiba hlaðið búnaði, og tilbúið í framtíðina

- Full HD upplausn með Meta Brain örgjörva
- Active Vision II myndleiðrétting
- Miklir tengimöguleikar með 4 HDMI tengjum
- AutoView tryggir bestu myndgæði við allar aðstæður
- Dolby Digital Plus - nýjasta kynslóð af hljóðtækni
- Game Mode - tryggir bestu myndgæði með leikjavélum

Toshiba 40LV685DN

40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafrænum DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control - sjálfvirkri baklýsingu, Luma Sense - Tekur mið af birtu í herbergi, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

TILBOÐ 179.990

FULLT VERÐ kr. 229.990



Toshiba 19DV555DG

19" LCD SJÓNVARP með innb. DVD spilara, HD-READY, 1440x900p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990

FULLT VERÐ kr. 94.990



Toshiba 22AV635DG

22" LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara, Active Vision, 1366x768p upplausn, HD-Ready 720p, 50000:1 skerpu, Digital Noise Reduction, 3x HDMI, 2x Scart, Component, PC, S-Video, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990

FULLT VERÐ kr. 89.990



Toshiba 22DV615DG

22" LCD Sjónvarp með innb. fjólkerfa DVD spilara, HD-Ready, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereo DTS, Dolby Digital, DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component, Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 99.990

FULLT VERÐ kr. 109.990



Toshiba 32AV605PG

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 109.990

FULLT VERÐ kr. 139.990



Toshiba 32AV636DN

32" LCD BREIÐTJALD með DVB-T/C móttakara, Active Vision, 1366x768p upplausn, HD-Ready 720p, 18.000:1 skerpu, Resolution+ (meiri myndgæði), Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Component, PC, S-Video, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 129.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



Toshiba 32RV635DN

32" LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara, Active Vision, 1920x1080p upplausn, Active Vision LCD og Resolution+ (meiri myndgæði), DCDi Faroudja uppskölun, 50.000:1 skerpu, 3x HDMI, 2x Scart, VGA, SVHS, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 154.990

FULLT VERÐ kr. 169.990



Toshiba 37XV635DN

37" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 199.990

FULLT VERÐ kr. 219.990



Toshiba 42XV635DN

42" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

TILBOÐ 229.990

FULLT VERÐ kr. 259.990



STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borganesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húrvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosstraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbær. Hagkaup, Njarðvík.

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
ALÞINGISMAÐUR ER FÆDDUR
ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1961.

„Í pólitík þurfa menn ein-
att að óska sér. Og sumt
rætist, annað ekki.

Sigmundur Ernir er fjöl-
miðlamaður og skáld. Nú
situr hann á Alþingi Íslend-
inga fyrir Samfylkingu.



tímamót


timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 6. MARS 1905

Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga

Fyrsti togarinn sem Íslendingar eignuðust kom til landsins þennan dag árið 1905. Hann hét Coot og var keyptur hingað gamall frá Bretlandi. Þar með má segja að bylting hefjist í atvinnusögu þjóðarinnar því áður en hann kom til sögunnar var togarauðgerð hér á landi í eigu útlendinga.

Stofnun Íslandsbanka árið áður hafði jákvæð áhrif á atvinnulíf og varð meðal annars lyftistöng fyrir íslenska togarauðgerð sem varð



að arðvænlegri atvinnugrein upp úr þessu. Ekki liðu nema tæp tvö ár þar til fyrsti nýsmíðaði togari landsmanna, Jón forseti, kom til landsins fyrir atbeina Thors Jensen athafnsmanns, sem var einn af eigendtogarauðgerð um hlutafélagsins Alliance. En Coot var í eigu Fiskveiðihlutafélags Faxaflóa sem var fyrsta innlenda togarafélagið og hann var gerður út frá Hafnarfirði. Hann var knúinn gufuvél.

MERKISATBURÐIR

- 1853 Óperan La Traviata eftir Giuseppe Verdi er frumsýnd í Vínarborg.
- 11920 Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis er stofnað, skammstafað KRON.
- 1930 Fryst matvæli eru seld í fyrsta skipti í Bandaríkjunum.
- 1969 Sex menn farast þegar sprenging verður um borð í togaranum Hallveigu Fróðadóttur á Faxaflóa.
- 1979 Tveir ungir menn farast í snjóflóði í Pverdalshorni í Esjunni.
- 1998 Í Mývatnssveit mælist 34,7 gráðu frost á Celsíus sem er hið mesta á landinu í 80 ár.



JÖKULSÁRLÓN Óteljandi myndir hafa verið teknar við lónið en sjaldgæft er að ná selunum með.

MYND/RAGNAR TH.

Ég er við Jökulsá

„Ég er við Jökulsá. Við höfum verið að setja upp 50 tonn af steypuklumpum með flekum á sem myndirnar mínar verða skrúfaðar upp á,“ segir Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari sem opnar ljósmyndasýningu á morgun klukkan 14 við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. „Þetta er rosaflott, segi ég í minni mestu hógværd,“ heldur hann áfram. „Myndirnar eru allar af Vatnajökli, það er flóð, það er eldgos, það er Hnúkurinn, jakarnir og

veðrið. Allur pakkinn. Sýningin er á eystri bakka lónsins og jakarnir og Öræfajökull eru í baksýn.“

Fjölbreyttir menningarviðburðir eru í Austur-Skaftafellssýslu þessa helgi því auk sýningar Ragnars Th. er blúshátíð á Höfn, góuhóf í Öræfum og sýningar á Höfn. Guðrún Ingólfssdóttir sýnir í Kartöflugeymslunni og í Miklagarði og Pakkhúsinu sýna Hanna Jónsdóttir, Daníel Imsland, Hafþór Reynisson og Jón Björnsson verk sín.

-gun

Söngur Litrófs

Listasmiðjan Litróf flytur tónleika í Fella- og Hóla-kirkju á sunnudagskvöld. Listasmiðjan, sem er hluti af þróunarstarfi kirkjunnar með innflytjendum, er fyrir börn frá átta ára aldri, bæði íslensk og af erlendu bergi brotnu. Markmiðið er að skapa jákvæðan vettvang fyrir börn þar sem þau geta tekið þátt í þroskandi verkefnum í góðu umhverfi.

Helstu viðfangsefni Litrófs eru tónlist, dans og listræn hreyfing. Foreldrar leggja listasmiðjunni lið og styðja við starfsemina. Fjölbreytt dagskrá er í boði og



LITRÓF Börnin í kór Listasmiðjunnar Litrófs.

tónleikarnir ættu að höfða til allra aldurshópa.

-ná

KVENFÉLAGIÐ HLÍF ÍSAFIRÐI: FAGNAR ALDARAFMÆLI MEÐ SAMSÆTI Á MORGUN

Áherslurnar í takt við tímann

„Það eru margar góðar og duglegar konur í félaginu sem eru alltaf tilbúnar að taka að sér verkefni þegar á þarf að halda,“ segir Anna Karen Kristjánsdóttir, formaður Kvenfélagsins Hlíf á Ísafirði. Félagið mun halda upp á hundrað ára afmæli á morgun með veglegu Hlífarsamsæti.

Einnig stendur það fyrir útgáfu afmælisblaðs og sögusýning verður í Safnahúsinu síðar á árinu.

Þó að Kvenfélagið Hlíf hafi verið stofnað 6. mars 1910 var starfsemi þess hafin þremur árum áður, að sögn Önnu Karenar. Þá höfðu nokkrar konur fundið hjá sér þörf fyrir að gera eitthvað fyrir gamalt fólk og einstæðinga. Þær héldu þeim matarveislu og það er upphafið að Hlífarsamsætinu sem hefur verið árvisst síðan. Nú er 70 ára og eldra fólk á Ísafirði og í Hnífsdal jafnan haldið herlegt kaffiboð. „Við berum meðal annars fram heitt súkkulaði í fínum könnum,“ tekur Anna Karen fram glaðlega og segir líka heilmikla dagskrá hafa verið undirbúna. „Hlífarkórinn æfir alltaf sérstaklega fyrir samsætin og félagar úr Litla leikklúbbum mun syngja lög úr sýningunni Vegir liggja til allra átta. Síðan verður sýning á þjóðbúningum og einnig skrautsýning sem er ætlað að vekja hughrif, þær voru algengar á árum áður. Svo er alltaf dansað í lokin.“

Hlíf sinnir menningar- og líknarmálum í sinni heimabyggð og stendur í fjáröflun með bösorum, hlutaveltum og blómasölu. Í því eru milli 50 og 60 konur, að sögn formannsins, þar af 25-30 virkar. „Við reynum að styðja við kirkjuna, skólann, sjúkrahúsið og fleiri stofnanir á svæðinu,“ segir hún og telur hafa lifnað yfir félaginu í seinni tíð. „Það hafa yngri konur gengið í félagið á undanförunum árum og starfsemin er líflæg. Við höldum alltaf fimm fundi yfir veturinn og reynum að breyta áherslum í takt við tímann. Auk þess höfum við verið duglegar að fara í ferðalög. Árið 2008 fórum við í fyrsta sinn til útlanda og þá til Færeyja. Það var mjög skemmtilegt.“

Anna Karen er Ísafirðingur og var ung þegar hún gekk í Kvenfélagið Hlíf en er á þriðja ári sínu sem for-



FORMADURINN „við reynum að styðja við kirkjuna, skólann, sjúkrahúsið og fleiri stofnanir,“ segir Anna Karen.

MYND/HENNA RIIKKA NURMI

maður. „Ég kem úr mikilli kvenfélagsfjölskyldu,“ segir hún hlæjandi. „Mamma mín var í Hlíf og við systurnar sjó ólumst upp í kvenfélagsanda. Ein okkar býr í útlöndum en við hinar höfum verið í kvenfélögum víða um landið, sumar formenn.“

Á tímabili telur Anna Karen hafa verið litið á kvenfélög sem úrelt fyrirbæri og segir þau ekki öll hafa lifað það tímabil af. „En viðhorf til kvenfélaga hafa breyst á allra síðustu árum,“ segir hún. „Þau eru orðin jákvæðari.“

gun@frettabladid.is

Leiðsögn í sýningarlok

Á sýningunni Strengir í Gerðubergi gefur að líta leikbrúður, búninga og grímur eftir Messíonu Tómasdóttur frá nokkrum sýningum Strengjaleikhússins. Sýningin er litrík og heillandi og höfðar jafnt til barna og fullorðinna.

Á morgun, sunnudag, klukkan 14 veitir Messíana gestum leiðsögn um sýninguna en síðasta sýningarhelgin stendur nú yfir.

Messíana stofnaði Strengjaleikhúsið árið 1983 en nafn leikhússins vísar til strengja í brúðum og hljóðfærum. Frá stofnun hefur leikhúsið flutt fjölda tónlistar- og leikbrúðverka, ásamt því að frumflytja leikverk með nútímatónlist, aðallega óperur. Í mörgum verkanna hafa leikarar skýr og sýnileg hlutverk og stjórna að auki brúðunum, en í öðrum verkum eru þeir lítt áberandi og falla sem mest inn í bakgrunninn. Sýningar Strengjaleikhússins eru margar gerðar sérstaklega fyrir börn en Messíana vinnur þá námsefni til þess að auka ánægju og skilning áhorfenda.

Búningar og grímur á sýningunni Strengir eru úr óperunni Skuggaleikur, barnaóperunni Undir drekavæng, óperuleiknum Maður lifandi og brúðverkinu Spor regnbogans. Leikbrúður eru frá brúðsýningunum Bláa stúlkan, Sjó spegilmyndir, ævintýraóperunni Sónata og barnaóperunni Undir drekavæng.



MESSÍANA TÓMASDÓTTIR stofnaði Strengjaleikhúsið 1983 og leiðir fólk um sýninguna Strengir í Gerðubergi á morgun klukkan 14.



Ástættir móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigurbjörg

Þorsteinsdóttir

Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis
að Kirkjuvegi 12, Keflavík,

lést mánudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 11. mars kl. 14.00.

Guðný Helga Jónsdóttir

Björn Baldursson

Guðmundur Jónsson

Inga Ólafsdóttir

Brynjar Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpa-faðir, tengdafaðir og afi,
Þorsteinn Geirsson
ráðuneyttisstjóri,

sem lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi að kvöldi föstudagsins 26. febrúar, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 10. mars kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

María Friðrika Haraldsdóttir
Sigurður Þorsteinsson
Þóra Björg Þorsteinsdóttir
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir
Haraldur Geir Þorsteinsson
Sigurþór Smári Einarsson
og barnabörn.

Gerry Oliva Nastor
Sigurður Ómarsson



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Jónu Einarsdóttur
frá Leirulækjarseli, Arnarkletti 12, Borgarnesi.

Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.



Útför okkar elskulega bróður og mágs,
Einars Hreiðars Árnasonar
verkfræðings,

fer fram þriðjudaginn 9. mars 2010 kl. 11.00 frá Fossvogskirkju.

Aðstandendur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jóhann S. Kristmundsson
múrarmeistari, áður til heimilis að Skógargerði 1,

lést á Skjólí miðvikudaginn 3. mars. Útför hans fer fram þriðjudaginn 9. mars kl. 15.00 frá Bústaðakirkju.

Jónína Jóhannsdóttir
Sigurður Jóhannsson
Vilborg Jóhannsdóttir
Óskar Jóhannsson
Sigrún Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður G. Benediktsson
Halldóra Ríkarðsdóttir
Reynir Sverrisson
Jórunn Jónsdóttir



Okkar innlegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Svandísar Haraldsdóttur
frá Stóra-Lambhaga
Brekkubyggð 7, Garðabæ.

Einnig þökkum við starfsfólki á deild 11 E Landspítalans við Hringbraut sem annaðist hana í veikindum hennar.

Sólveig Jónsdóttir
Haraldur Jónsson
Sigurður Sverrir Jónsson
Arnbjörg Jónsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

Ólafur Ragnar Jónsson
Hulda Ingibjörg Benediktsdóttir
María Lúísa Kristjánsdóttir
Kristján B. Kristinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ágústa Fanney Lúðvíksdóttir
Gullsmára 11,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 21. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug.

Lúðvík Eiðsson
Eiður Örn Eiðsson
Lilja Eiðsdóttir
Jóhannes Eiðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðríður Ottadóttir
Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir
Kristján S. Eliasson



Elskulegur faðir minn,
Gústaf Helgason

lést 21. febrúar á Borgarsjúkrahúsinu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Róbert Gústafsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,
Haraldar Eggertssonar
Hábæ 42.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar og starfsfólks G-11 á Landspítala Hringbraut fyrir góða umönnun og hlýðug. Guð blessi ykkur öll.

Hildur Kristín Hermannsdóttir
Aðalbjörg Haraldsdóttir
Guðrún Inga Haraldsdóttir
Svanhildur Haraldsdóttir
og barnabörn.

Próstur Björgvinsson
Jón Pétursson
Ólafur Guðmundsson



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýðug í okkar garð og fyrir margvíslegan virðingargvott sýndan minningu ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Bergþóru Hannesdóttur
frá Hæli í Vestmannaeyjum,
Reynigrund 81, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LHS í Kópavogi fyrir kærleiksrika umönnun.

Steinar Vilberg Árnason
Þyri Kap Árnadóttir
Jón Atli Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Norðfjörð
Trausti Leósson
Salvör Jónsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Unnar Bjarnadóttur
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði, áður hús-freyju á Ásólfsstöðum, Þjórsárdal.

Sérstakar þakkir færum við heimahjúkrun heilsugæslu Hafnarfjarðar, starfsfólki 2. hæðar Sólvangs og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.

Amalía Stefánsdóttir
Páll Stefánsson
Guðný Stefánsdóttir
Hafsteinn Stefánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Leif K. Bryde
Natalía Stefánsson
Sigrún Óladóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Jóhanna Þorláksdóttir
Bláskógum 11, Hveragerði,

áður til heimilis að Kirkjuvegi 10, Keflavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju, þriðjudaginn 9. mars kl. 13.00.

Guðrún Þórlaug Jóhannesdóttir
Guðfinna Ása Jóhannesdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hafsteinn Alfreðsson



Okkar innlegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

Sigurðar Amlin Kristjánssonar
Silfurgötu 23, Stykkishólmi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi.

Guðrún Alma Sigurðardóttir
Rannveig Kristín Sigurðardóttir
Selma Rós Amlin
Guðmundur Jón Amlin
Lea Rakel Amlin
og barnabörn.

Axel Garðar Hjartarson
Svanur Jóhannsson
Sigmar Tryggvason



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýðug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Þorsteins Jónssonar
Sogavegi 170, Reykjavík.

Hulda Svansdóttir
Ágústa Margrét Þorsteinsdóttir
Jóhanna Sigurjónsdóttir
Sigurbjörg Sigurjónsdóttir
og barnabörn.

Gauti Ástþórsson
Karl G. Kristinsson
Hjalti J. Guðmundsson

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasiðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is





Smurostar

á brauðið, á hrökkbrauðið,
í pastaréttina, í fiskréttina,
í sósumnar ...



ostur.is

Um fábjanahátt

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Nýlega lýsti þingmaður því yfir að 5% þjóðarinnar væru fábjánar. Fyrrum ritstjóri bætti um betur og taldi alla kjósendur Sjálfstæðisflokksins vera fábjána. Þetta held ég að sé vanhugsað, mun fleiri ástæður en fábjanaháttur kunni að vera fyrir því að fólk styður Sjálfstæðisflokkinn.

Í FYRSTA lagi má nefna þá sem eru í framboði fyrir flokkinn. Fábjanaskapur væri að kjósa ekki sjálfan sig. Í öðru lagi má nefna þá sem byggja afkomu sína á frambjóðendum flokksins, börn þeirra, maka og vildarvini. Í þriðja lagi má nefna þá sem eiga persónulegra hagsmuna að gæta sem fara saman með hagsmunum frambjóðenda flokksins. Þar sem ganga má að því sem vísu að þeir muni fyrst og fremst gæta þeirra á þingi væri fábjanaháttur að kjósa gegn eigin hag. Í fjórða lagi má nefna þá sem byggja afkomu sína á hópi þrjú, um þá gildir hið sama og um hóp tvö.



Í FIMMTA lagi má nefna þá sem eru með frambjóðendum flokksins á launaskrá við að gæta hagsmuna sinna, hvort sem er með bitlingum eða mútum í formi veglegra styrkja til prófkjörsbaráttu og flokksstarfs. Þingmenn

flokksins hafa ekki enn brugðist þeirri skyldu sinni að verja kostunaraðila sína með kjafti og klóm og því væri fábjanalegt af þeim að styðja þá ekki til þess áfram. Í sjötta lagi má nefna þá sem eiga persónulegra hagsmuna að gæta sem fara saman með hagsmunum þeirra sem eru með þingmenn flokksins í rassvasanum. Í sjöunda og áttunda lagi má svo nefna þá sem byggja framfærslu sína á hópum fimm og sex, um þá gildir hið sama og um hópa tvö og fjögur.

Í NÍUNDA lagi má nefna pólitíska masókísta, fólk sem einfaldlega nýtur þess að kveljast og fær nautn út úr óstjórn og spillingu, að sjá efnahagskerfið fuðra upp, atvinnuleysi aukast, Seðlabankann fara á hausinn og gengi krónunnar hrynja. Í tíunda lagi má nefna pólitíska sadista, þá sem hata land og þjóð og vilja hvoru tveggja allt hið versta. Um þá gildir hið sama og um hóp níu, hvatirnar eru bara aðrar.

AÐ öllu samanlögðu ætti að vera ljóst að mun fleiri ástæður en fábjanaháttur eru fyrir því að kjósa hið undarlega samkrull hreinræktaðrar hagsmunagæslu fyrir íslenska útgerðarólígarka annars vegar og hins vegar skipulagðrar hvítflibbaglæpastarfsemi sem á Íslandi starfar í dulargervi stjórnmalahreyfingar og kallast Sjálfstæðisflokkurinn. Að vísu skal viðurkennt að hún er líklega langalgengust þeirra.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Nauðganir og viðbrögð samfélagsins

Ráðstefna í tilefni af 20 ára afmæli Stígamóta á Grand hóteli, þriðjudaginn 9. mars kl. 13–17.

Dagskráin er hugsuð þannig að nauðgunarmálum sé fylgt frá verknaði og staldrað við á öllum stigum þar til hugsanlegir dómur falla. Hvað gerist í meðförum hvers stigs? Er meðferðin viðunandi eða getum við hjálpast að við að bæta hana?

1. Dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, opnar ráðstefnuna.
2. „Og af hverju kærðirðu ekki?“, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, höfundur bókarinnar *Á mannamáli - leiðarvísir að réttlæti*.
3. „Eru nauðganir ásættanlegar?“, Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.
4. „Brotalömin í rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála“, Sæunn Kjartansdóttir sálgreininir.
5. „Flugvélin var á lofti þegar hún hrapaði – um konur, fjölmiðlun og öryggi“, Katrín Anna Guðmundsdóttir, jafnréttishönnuður.
6. „Er þetta ekki mitt mál? Aðkoma réttargæslumanna að nauðgunarmálum“, Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl.
7. „Hlutverk og verkefni lögreglu í nauðgunarmálum“, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.
8. „Aðkoma embættis ríkissaksóknara að nauðgunarmálum“, Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari.
9. „Meðferð nauðgunarmála fyrir dómi“, Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari.
10. Umræður

Fundarstýra er Guðrún Agnarsdóttir.

5347

einstaklingar hafa leitað aðstoðar á síðustu 20 árum



Stígamót

Ævintýraleg Harpa



Kl. 20 á sunnudagskvöld
Í tilefni af æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar ætla söng- og leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir og píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson að halda hugljúfa djass- og blústónleika í Akureyrarkirkju. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis en tekið verður á móti frjálsum framlögum til styrktar hjálparstarfi Rauða krossins í Chile.

menning

menning@frettabladid.is

Sýning Hörpu Daggar Kjartansdóttur, Úr mynd, stendur nú yfir í Galleríi Crymo, Laugavegi 41a. Harpa vinnur verk sín með blandaðri tækni og í ólíka miðla.

Undanfarin ár hefur Harpa einbeitt sér að gerð klippimynda og hefur þróað sína eigin tækni í vinnslu og framsetningu. Í verkum hennar er efniviðurinn tekinn úr hefðbundnu samhengi og gefið nýtt hlutverk. Þannig verða til verk sem eru ljóðræn og ævintýraleg. Á sýningunni má sjá myndir sem unnar



LÍÓSAFJÖLL Eitt af verkum Hörpu Daggar.

eru á útflattar málningardósir, skúlptúra og innsetningu á efri hæð, sem nefnist Púls. Þetta er ljóðræn og súrrealísk innsetning þar sem unnið er með æðakerfi og óræða hringrás.

Harpa útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2007 og lauk kennsluréttindum frá sama skóla vorið 2009. Hún hefur verið virk í listsköpun sinni og tekið þátt í fjölda sýninga víða um land og erlendis. Sýningin stendur til 17. mars.

> Ekki missa af

Póstkortaár, sýning Veru Sölvadóttur og Jarþrúðar Karlsdóttur í Þjóðmenningarhúsinu, verður tekin niður eftir helgi. Sýningin er samantekt á árslöngum gjörningi þeirra sem fólst í því að senda eitt póstkort á viku til ókunnugs viðtakanda úti í heimi. Kærleikurinn og vonin er ávallt til staðar í verkinu þar sem upprunalegt takmark listakvinnanna var að gleðja fólk með óvæntum pósti.

Óbó og slagverk

„Á slóðum Xenakis“ nefnast tónleikar sem Eydís Franzdóttir óbóleikari og Frank Aarnink slagverksleikari halda á sunnudaginn kl. 15.15 í Norræna húsinu.

Efnisskráin samanstendur af einleiks- og samleiksverkum fyrir óbó og slagverk. Ný verk eftir Þuríði Jónsdóttur og Atla Ingólfsson verða frumflutt, en einnig verða flutt verk eftir Riikka Talvitie, Simon Holt og Doina Rotaru. Að lokum verður flutt einleiksverkið Rebounds B, fyrir slagverk, eftir gríska snillinginn Xenakis.

Miðaverð á tónleikana, sem er hluti af 15:15 seríu Norræna hússins, er 1.500 kr., en 750 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og nemendur.



SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR Við myndir sínar úr geimnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigrún sýnir geiminn

„Þetta er sölusýning. Ég sýni olíu-myndir, mest af landslagi. Bæði frá Santorini og Snæfellsnesi. Svo eru myndir sem ég mála eftir myndum af heimasíðu Nasa. Þær eru með mótífum utan úr geimnum. Eiríkur Smith var hrifinn af þessum myndum og sagði að ég ætti að gera meira af þeim,“ segir Sigrún Sigurðardóttir, en sjöunda

einkasýning hennar stendur nú yfir í Félagsmiðstöðinni að Hæðargarði 31.

Sigríður hefur menntað sig í málalistinni í Myndlistarskóla Kópavogs og á ýmsum námskeiðum. Hún hefur tekið þátt í sam-sýningum en síðasta einkasýningin hennar var í Eden í Hveragerði árið 2006.

- drg

Grunge-gaur á HönnunarMars

Hönnunarhátíðin HönnunarMars fer fram í annað sinn dagana 18.-21. mars. Hátíðinni er ætlað að vekja athygli á íslenskum hönnuðum. Aðalgestur hátíðarinnar verður Bandaríkjamadurinn og grafíski hönnuðurinn David Carson.



DAVID CARSON Nýstárleg hönnun hans var vinsæl og áberandi á 10. áratugnum.

David Carson er best þekktur fyrir mikla nýbreytni og hugmyndaauðgi í hönnun tímarita sem og óvenjulegar útfærslur á leturgerðum og prentfrágangi. Hann er einn áhrifamesti grafíski hönnuður tíunda áratugarins. Sérstaklega birtast áhrifin frá Carson í þeirri stefnu sem er nefnd grunge-tímabilið og hefur yfir sér einstakan listrænan blæ sem margir listamenn hafa sótt sér innblástur í. Þrátt fyrir óumdeilda hæfileika er Carson ekki menntaður í listgreinum. Hann er félagsfræðingur frá ríkisháskólunum í San Francisco.

Stíll Carsons er nýstárlegur, frjálslægur og án reglna og takmarkana. Frægastur er Carson fyrir útlit tímaritsins Ray Gun, en þar starfaði hann sem listrænn hönnuður. Þar kynnti hann til sögunnar glænýja og framsækna sýn á blaðsíðuhönnun. Hann hefur einnig starfað fyrir risafyrirtæki á borð við Nike, Pepsi, MTV, Sony og Armani. David Carson hefur sjálfur ritað fjölda bóka um hönnun. Bókina The End of Print ber hæst en hún var þýdd á fimm tungumál og seld um allan heim.

Carson mun halda fyrirlestur á HönnunarMars en auk hans koma margir erlendir gestir og blaðamenn á hátíðina. Meðan á hátíðinni stendur verður höfuðborg-



in undirlögð af hönnun af hinum fjölbreytilegasta toga. Meira en 150 hönnunarviðburðir eru fyrirhugaðir úti um alla borg.

drgunni@frettabladid.is



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

ÁRSHÁTÍÐ FÉLAGS ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK 13.MARS AÐ STANGARHYL 4

Dagskrá: Húsið opnað kl. 18.30 borðhald hefst kl. 19.00

- Hátíðarmatseðil
- Blásarasveit FEB leikur
- Kór FEB syngur, stjórnandi: Kristín Pjetursdóttir
- Kvikmynda- og ljósmyndasýning úr félagsstarfinu og ferðalögum innanlands og utan
- Danssýning og almennur söngur
- Sighvatur leikur fyrir dansi

Verð aðeins kr. 5.500 miðapantanir á skrifstofu FEB s. 588-2111 fyrir 10. mars n.k.

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 8. mars,
kl. 18.15 í Galleríi Fold,
á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk
gömlu meistaranna



Jóhannes Jóhannesson

Verkin verða sýnd:

í dag laugardag 11-17, sunnudag 12-17 og mánudag 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Opnið virka daga 10-18, laugardaga kl. 11-16 og sunnudaga kl. 14-16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Síðasta sýningarhelgi

Sara
Vilbergisdóttir
Andlit

Allir velkomnir



Næstu sýningar 13.-28. mars

Hallur Karl Hinriksson • • • Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Veitingastaðurinn Caruso kynnir:

Kósýkvöld með Eyfa



Eftir frábærar móttökur á árinu 2009 höfum við ákveðið að halda áfram með kósýkvöldin, þar sem Eyfjörður „Eyfi“ Kristjánsson flytur öll sín þekktustu lög í bland við aðrar íslenskar og erlendar dægurperlur yfir þriggja rétta gómsætri máltíð að hætti Caruso á hinni notalegu 3. hæð okkar.

Mars:

Fimmtudagskvöld klukkan 20.30 - þann 4. - 11. - 18. og 25.

Matseðill

Val um 3 forrétti, aðalrétti og eftirrétti

Forréttir

Humarsúpa að hætti Caruso
Sveppahattar fylltir með gráðaosti og hvítlauk
Grillað rækju- og hörpuskeljaspjót

Aðalréttir

Nautalundir Bérnaise
Grillað lúða með hvítvínssítrónusósu
Kjúklingabringa með rauðvínssósu

Ath. Öllum aðalréttum fylgja Portobello sveppir, grænmeti og bökuð kartafla

Eftirréttir

Fljótandi súkkulaðikaka Caruso með ís
Crème Brûlée
Ítalskur krapís með ávöxtum

Verð fyrir kvöldverð og tónleika 6.290- pr. mann

Borðapantanir: 562-7335 www.caruso.is - www.carusospain.com



RISTORANTE
Caruso

Pingholtsstræti 1 • 101 Reykjavík • Sími 562 7335



NORRÆNA HÚSIÐ

Cornelis Vreeswijk

kvöldskemmtun

Í KVÖLD

6/3 kl. 21:00
12/3 kl. 21:00

Forsala á midi.is



Sérréttatilboð hjá Dill á tónleikakvöldi

GERÐUBERG Menningarmiðstöð  2010

Sunnudagur 7. mars kl. 14

Strengir

Messiana Tómasdóttir veitir gestum leiðsögn um sýningu sína á leikbrúðum, grímum og búningum Strengjaleikshússins.

Ath! síðasta sýningarhelgi!

Laugardagur 6. mars kl. 14

Petta vilja börnin sjá!

Myndskreytingar úr barnabókum. Ragnheiður Gestsdóttir, handhafi Íslensku myndskreytverðlaunanna Dimmalimm 2009, spjallar við gesti.

Við veginn – Sigurður Stefán Jónsson sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.

Um eldhúsáhöld eru áhöld

Sýning Sigurðar Árnasonar og Þórarins Eldjárns á eldhúsáhöldum í Safnarhorni.

Það kviknaði líf

Jenny (Jónína Katrín Jónsdóttir) sýnir málverk og teikningar í Boganum.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

Norræna húsið

Nordens Hus – Pohjolan Talo – Nordic House



Mánudagur 8. mars 2010 kl. 20:00
Mánudagsbíó:
Sýnd verður íslenska bíómyndin Dansinn frá árinu 1998. Myndin er byggð á sögu eftir færeyska rithöfundinn William Heinesen. Áður en sýning hefst mun leikstjóri myndarinnar, Ágúst Guðmundsson, kynna verkið og söguna á bakvið myndina.

Alla daga nema mánudaga frá 12-17
CON – TEXT: Sýning á norrænum bókverkum
25 norrænir listamenn sýna bókverk í sýningarsal Norræna hússins. Allir velkomnir.

Alla daga frá 12-17
Veður í Fókus: sýning áhugaljósmyndara í anddyri Norræna hússins
Allar myndirnar eru teknar á Íslandi og gefa áhorfandanum innsýn í þann mikla fjölbreytileika sem íslensk veðráttu býður upp á. Á myndunum gefur m.a. að líta náttúru, mannvirki, fólk og skepnur í samspili við ýmis blæbrigði veðráttunnar.





 Sturlugata 3 - 101 Reykjavík
Skjalstöðva og bókasafn 101 100
www.norrænabok.is | nbe.nordenshus.is

512 54 01

Auglýsingasími

 Allt sem þú þarft...

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 06. mars 2010

→ Tónleikar

13.00 Pamela De Sensi, Ásdís Hildur Runólfssdóttir og Ingunn Hildur Hauksdóttir verða með tónleika í **Salnum við Hamraborg** í Kópavogi.



17.00 Svanur Vilbergsson gítarleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða verk eftir **Giuliani, Regondi, Brouwer, J.S. Bach og José.**

21.00 Guðrún Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Ásberg flytja úrval úr verkum söngvaskáldsins Cornelis Vreeswijk á tónleikum í **Norræna húsinu** við Sturlugötu.

22.00 Bloodgroup heldur útgáfutónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

→ Opnanir

15.00 Í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu verður opnað sýning á verkum Sigríð Valtingoer. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.

Guðbjörg Ringsted opnar sýningun „**Ísland í blóma**“ á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mánfim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

→ Fundir

11.00 Hjálmar Sveinsson útværpsmaður er gestur **Græna netsins** á fundi um borgarskipulag sem verður haldinn í Glætunni Laugavegi 19 kl. 11. Nánari upplýsingar á <http://graenanedid.blog.is>.

13.00 Elín R. Sigurðardóttir og Hermann Örn Ingólfsson frá þróunarsamvinnusviði utaríkisráðuneytisins fjalla um hvernig hjálpa megi öðrum á fundi UNIFEM sem fram fer í húsnæði Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna að **Laugavegi 42. Allir velkomnir.**

→ Ópera

16.00 **Nemendaópera Söngskólans** í Reykjavík sýnir óperuna Don Djammstaff í Logalandi í Reykholtssdal. Óperan er samsett úr ýmsum óperuverkum eftir níu tónskáld, þar á meðal Mozart, Verdi, Puccini og Tchaikovsky.

→ Uppistand

20.00 Jón Gnarr verður með uppistand á Sögu lofti Landnámssetursins við Brákabraut í Borganesi. Nánari upplýsingar á www.landnam.is.

→ Tangó

21.00 Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga-kvöldi í veitingahúsinu Eldhrími við Borgartún 14. Kl. 21-24. Nánari upplýsingar á www.tangoa-dventure.com.

→ Kvikmyndir

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir mynd Markku Pölönen Draumalandið, (**Onnen Maa**) frá árinu 1999. Sýningin verður í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Kynningar

Sýningin Viðhald 2010 í Vetrargarðinum í Smáralind er opin kl. 11-17. Þar mun fjöldi fyrirtækja og opinberra aðila veita upplýsingar um allt sem lýtur að viðhaldsmálum. Nánari upplýsingar á www.viðhald2010.is.



→ Dansleikir

Í **svörtum fötum** verða í Hljómahöllinni við Tjarnargötu í Reykjanesbæ.

Einar Ágúst og Kalli Bjarni verða á skemmstaðnum 220 Trönuhrauni 10 í Hafnarfirði (áður Dillon Sportbar).

Sunnudagur 07. mars 2010

→ Tónleikar

13.00 Í **Salnum við Hamraborg** í Kópavogi verða haldnir barnatónleikar með klassískri tónlist. Nánari upplýsingar á www.salurinn.is.

14.00 Vortónleikar **Skólahljómaveitar Kópavogs** verða haldnir í Háskólabíói við Hagatorg. Um 150 ungmenni koma fram á tónleikum þar sem leikin verður fjölbreytt efnisskrá með lögum eftir meðal annars Bitlana, Haydn og lögum úr söngleikum Hárinu.

15.00 Kammerkór **Norðurlands** heldur tónleika í Langholtskirkju við Sólheima þar sem á efnisskránni verður meðal annars frumflutningur á fimm verkum, þar af eru þrjú eftir íslensk skáld.

15.15 Eyðis Franzdóttir óbóleikari og Frank Aarnink slagverksleikari verða með tónleika í **Norræna húsinu við Sturlugötu.**

16.00 Kvennakór Háskóla Íslands undir stjórn Margrétar Bóasdóttur heldur tónleika í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi (Gerðuberg 3-5)**. Á efnisskránni verða verk eftir R. Schumann, íslensk einsöngslög og kóríög.

20.00 **Sönghópurinn Hljómeyki** heldur tónleika í Kristskirkju í Landakoti, sem helgaðir verða tónlist franska tónskáldsins Maurice Duruflé. Einnig koma fram á tónleikum Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Ágúst Ólafsson bariton.



20.00 **Listasmiðjan Litróf** stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá á tónleikum í Fella- og Hólakirkju við Hólaberg.

20.00 Í **Hafnarborg við Strandgötu** í Hafnarfirði verða tónleikar þar sem Trío Reykjavíkur ásamt Bryndísi Höllu Gylfadóttur flytjur meðal annars verk eftir Gunnar Karel Músson og Schumann.

→ Félagsvíst

Félagsvíst verður spiluð í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14 kl. 14. **Allir velkomnir.**

→ Tangó

Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga-síðdegi á Café Rót Hafnarstræti 17 kl. 16-19. Dj Kaldalóns sér um tónlistina. Nánari upplýsingar á www.tangoa-dventure.com.

→ Kvikmyndir

15.00 Kvikmynd Aleksandr Dovzhenko, Vopnabúrið (Arsenal), frá 1928 verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105, Skýringar á ensku og enginn aðgangseyrir.

→ Dansleikir

Dansleikir Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn í Stangarhyl 4 kl. 20-23.30. Borgartrío leikur fyrir dansi.

→ Dagskrá

15.00 **Listvinafélag Hallgrímskirkju** við Skólavörðuholt stendur fyrir dagskrá í suðursal kirkjunnar. Steinunn Jóhannesdóttir flytur erindi um Hallgrím Pétursson og enduruppbyggingu Hólaldómkirkju/Hálldórukirkju. Tónlistarhópurinn Spilmenn Ríkisins flytur tónlist frá ungdómsárum Hallgríms.



→ Leiðsögn

14.00 **Messiana Tómasdóttir** leiðir gesti um sýningu sína, Strengi, sem nú stendur yfir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi (Gerðuberg 3-5). **Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.**

15.00 **Katrín Elvassdóttir** verður með leiðsögn um ljósmyndasýningu sína Hvergiland sem nú stendur yfir í D-sal Listasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu.

15.00 Rakei Pétursdóttir verður með leiðsögn um sýninguna Íslensk myndlist - hundrað ár í hnotskurn, sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga Austurmörk 21 í Hveragerði. **Opið fim.-sun. kl. 12-18.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Rose Bruford College of Theatre & Performance

Einn af fremstu leiklistar- og leikhússkólum í Evrópu, sem býður upp á nám á öllum hlíðum leikhúss.

Faglegt nám í virtum leiklistar- og leikhússkóla í London.

Skólinn býður upp á nám til BA gráðu í:

- Leiklist (Acting)
- Leiklist með áherslu á Evrópska leikhúsaöferð (European Theatre Arts)
- Leiklist & Tónlist (Acting Musicianship)
- Leiklist með áherslu á Ameríska leikhúsaöferð (American Theatre Arts)
- Leikmynda & búningahönnun (Theatre Design)
- Hljóðmyndahönnun (Performance Sound)
- Ljósahönnun (Lighting Design)
- Skapandi ljósastýring (Creative Lighting Control)
- Búningagerð (Costume Production)
- Sviðsstjórn (Stage Management)
- Leikmynda/Leikmunagerð (Scenic Arts)

Inntökupróf og viðtöl fyrir allar deildir fara fram í Hinu Húsinu, Reykjavík, 20. og 21. mars, fyrir inngöngu í september 2010.

Sigurður Hjaltason í uppærlu
Rose Bruford College of
The Man Who Came to Dinner

Rose Bruford College er meðlimur í
The Conference of Drama Schools CDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sue.mctavish@bruford.ac.uk
www.bruford.ac.uk



KARLAKÓRINN

Stefnir 70 ára

1940 - 2010

Afmælistónleikar Stefnis í Guðríðarkirkju

10., 11. og 12. mars kl. 20:00 **UPPELT 12. mars**

Einsöngvari

Kristinn Sigmundsson

óperusöngvari

Fjölbreytt efnisskrá,
m.a. tvö frumsamin kórverk eftir
Hildigunni Rúnarsdóttur

Stjórnandi
Gunnar Ben

Píanóleikari
Judith Þorbergsson



Sérstakur gestur
Þórunn Lárusdóttir
söngkona og leikari

Forsala hjá www.midi.is, verslunum Skífunnar og hjá kórfélögum.
Verð aðgöngumiða í forsolu kr. 3.000 - við inngang kr. 3.900

> TOM FORD SKAPAR KVENLÍNU

Gucci-hönnuðurinn fyrrverandi, **Tom Ford**, er í óða önn að skipuleggja sína fyrstu línu fyrir konur undir eigin nafni. Ford segir að það hafi verið erfitt að fjármagna merkið á krepputímum en nú líti út fyrir að línan líti dagsins ljós eftir eitt og hálf ár.

stíll

utlit@frettabladid.is



Wild Cherry Tree-ilminn frá L'Occitane sem vekur upp óljósar æskuminningar um epli, nammi og bakarí! Namm!



Dásamlega fallega „Old Hollywood“-augnskugga í nýju línunni frá Estée Lauder sem er hönnuð af Michael Kors.

Diorskin-baugahyljara sem þekur þreytulegar línur í leiðinni og frískar upp á augnsvæðið.

DIORSKIN NUDE ANTICERNES PERFECTEUR HYDRATANI SKIN PERFECTING HYDRATING CONCEALER

DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Hinn eilífi flippster

Íslendingar eru svo lítil þjóð að þeir sem vilja ekki vera eins og allt liðið í Kringlunni sækjast annað hvort eftir að vera hipsterar (og verða þá eins og allir aðrir á Laugaveginum) nú eða þá flippsterar. Flippsterar eru vodafone skemmtilegt íslenskt fyrirbæri og frægasti íslenski flippsterinn er án efa söngkonan Björk sem gerði það krúttlegt og töff að vera í eins klikkuðum múnderingum og mögulega er hægt að velja sér. Flippsterar sjást iðulega á sömu börum og hipsterarnir og fara þar vart fram hjá neinum þar sem þeir eru iðulega mjög ýktir, jú, flippaðir í klæðaburði. Ég sé til dæmis iðulega fólk í skíðagöllum frá áttunda áratugnum úti á lífinu. Ég er alveg handviss um að þá var enginn snjór í fjöllum og að „Ég var að mæta í bæinn eftir að hafa verið í Blá-



fjöllum í dag á skíðum“ var ekki útlitið sem fólk var að sækjast eftir. Nei, það eftirsóknarverða við að vera flippster er að einhver segi: „Nei sæll! Ertu bara í skíðagallanum á sveittum bar á djamminu? Djöfullu ertu ógeðslega flippuð!“ Unaðshrollur fer um flippstera við slík ummæli. Ég kann vel að meta flippstera og dáist að hugrekki þeirra. Þeir eru ekki haldnir því skelfilega þjatti að finnast þeir ekki asnægir eða feitar í skíðagalla, víðum skrapöttum arababuxum, með risastór glerlaus gleraugu eða túrban á höfðinu. Þeir eru gersamlega lausir við spéhræðsluna um að vera ekki töff eða hreinlega finnst það ógeðslega töff að vera flippaður. Það er kannski ekkert skrytið að nú þegar snjónum hefur kyngt niður og allir eru á skíðum sést ekki einn einasti flippster í skíðagalla á börum bæjarins.

FLOTT SNÍÐ Kasmírjakki frá hönnuðinum Marco De Vincenzo.



TÖFF Fallegur mynstraður ullarkjól frá Missoni.



NÝ FORM Á TÍSKUVIKUNNI Í MÍLANÓ

KVENLEGT OG SEXÍ

Ítölsk hönnun einkennist af gæðum og klassískri hönnun og á nýfyrstaðinni tískuviku í Mílanó virtust hönnuðir einmitt sækjast eftir að skapa klæðileg fót sem kvenfólk vill ganga í. Dolce og Gabbana voru með kynþokkafullar klassískar línur sem minntu á ítalskar kynbombur fyrri áratuga. Missoni var með skemmtileg mynstur að vana og sótti innblástur víðs vegar að. Nýgræðingurinn Marco De Vincenzo sýndi góða takta með sportlegum kasmírjökkum og þröngum kápum. Hér gefur að líta helstu strama Ítalíu fyrir næsta haust og vetur.

- amb



KLASSÍSKT Grá kápa, ullarpeysa og buxur frá Iceberg.



GAMALDAGS Ekta ítalskt „lúkk“ frá Dolce & Gabbana.

SEXÍ Flottur samfestingur með stuttum buxum og hnésokkum frá Dolce & Gabbana.

Hugsum vel um dýrin okkar!

Dýravínir athugið!

30% afsláttur af völdum tegundum hággæða hunda og kattamat um helgina

Dýrahjálpi Íslands sýnir dýr í heimilisleit í dag

Frá kl 13 - 17 í Dýraríkinu Miðhrauni 2



Dýrahjálpi Íslands
www.dyrhjalo.is

DÝRARÍKIÐ
...fyrir dýravínir!

DARE 26

Regatta
GREAT OUTDOORS™

CRAGHOPPERS

NÝJAR VÖRUR

VOR/ SUMAR 2010

Dömu & herra

| | |
|----------------------|--------------------------|
| Bolir | Isotex jakkar |
| Skyrtur | Isotex buxur |
| Buxur | Undirföt |
| Zip/off buxur | (okkar verð) |
| Stretch buxur | Skór (okkar verð) |
| Flíspeysur | ofl. ofl. |
| Softshell | |

Barnaföt – okkar verð

| | |
|----------------------|------------------|
| Bolir | Regnbuxur |
| Flíspeysur | Undirföt |
| Softshell | Skór |
| Zip/off buxur | ofl. ofl. |
| Regnjakkar | |

LAGERSALA/VERÐHRUN

VETUR 09/10

Dömu & herra

| | |
|-------------------------------|---------------------------|
| Flíspeysur 2.990,- | Snjóbuxur 6.490,- |
| Softshell 2.990,- | Skíðaúlpur 8.990,- |
| Skyrtur 990,- | 3-1 úlpur 8.990,- |
| Buxur fóðraðar 2.990,- | ofl. ofl. |
| Úlpur 4.990,- | |

Barnaföt

| |
|---------------------------|
| Flíspeysur 1.990,- |
| Softshell 2.990,- |
| Úlpur 2.990,- |
| Snjóbuxur 4.990,- |
| Skíðaúlpur 4.990,- |

**Athugið breyttur
afgreiðslutími**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST **15** **ÁRA**
& SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

> 14 KONUR Á EINU KVÖLDI

Leikarinn **Mickey Rourke** segir að Ashley Cole og aðrir fótboltastrákar sem hafa verið í fréttunum fyrir framhjáald eigi ekkert í sig og aðrar Hollywood-stjörnur þegar kemur að afrekum með kvenfólki. „Ég eyddi einu sinni helgi í Bretlandi og var með 14 konum eitt kvöldið,” segir Mickey.



fólk

folk@frettabladid.is

Íranskar frelsishetjur vilja sjá Sigur Rós

Í kúrdísku heimildarmyndinni Nobody Knows About the Persian Cats eftir Bahman Ghobadi kemur fram að aðalsöngvari einhverrar fremstu indí-sveitar Írans, Take it Easy Hospital, þráir ekkert heitar en að sjá Sigur Rós á sviði á Íslandi. Til að setja þetta í samhengi er rétt að geta þess að indí-rokk og önnur vestræn tónlist er stranglega bönnuð í klerkaríkinu og hljómsveitar-meðlimir þurfa að fara huldu höfði þegar þeir leika tónlist sína á opinberum vettvangi.

Hanna Björk Valsdóttir kvikmyndagerðarmaður vann með leikstjóranum Bahman í Íran þegar hún var þar fyrir

nokkrum árum. Hún segir hljómsveitir á borð við Take it Easy Hospital vera hálfgerðar frelsishetjur í landinu. Þær berjast gegn ríkjandi valdakerfi með tónlist sinni og hafi jafnvel setið í fangelsi fyrir list sína. „Tónleikar þessara sveita fara fram á mjög leynilegum stöðum enda eiga þær yfir höfði sér fangelsisvist ef yfirvöld hafa hendur í hári þeirra, segir Hanna.

Nobody Knows About the Persian Cats var frumsýnd

á Cannes-hátíðinni í fyrra og fékk mjög góð viðbrögð. Bahman Ghobadi hefur hins vegar ekki mátt snúa aftur til föðurlands síns því myndin var gerð í óþökk íranskra yfirvalda.

- fgg



DÝRKA SIGUR RÓS
Íranskar frelsishetjur vilja sjá Sigur Rós á sviði á Íslandi. Hanna Björk Valsdóttir, sem dvaldi í Íran um árabil, segir indí-rokkara frá Íran eiga yfir höfði sér fangelsisvist ef þeir nást við iðju sína.

Danir hugga Cheryl Cole



FÆR KNÚS FRÁ DÖNUM Danska þjóðin tók eflaust vel á móti Cheryl Cole þegar hún söng í danska X-Factorinum í gærkvöldi.

Það voru danskir áhorfendur í danska X-Factorinum sem voru þeir fyrstu til að sjá enska söngfuglinn Cheryl Cole koma opinberlega fram eftir að stöðirnar hrundu undan hjónabandi hennar og knattspyrnukappans Ashley Cole. Cheryl flúði Bretland eftir að breskir fjölmiðlar grófu upp ástarævintýri eiginmannsins með ókunnugum stúlkum. Nektarmyndir úr sínum og dónaleg sms-skilaboð voru birt á forsíðum helstu dagblaðanna og að endingu ákvað Cheryl að binda enda á hjónabandið með stuttu smáskilaboði.

Útsendari breska blaðsins Daily Mail var í Kastrup þegar Cheryl lenti í Danaveldi og hann greinir frá því á heimasíðu blaðsins að Cheryl hafi virkað útkeyrð, sirkusinn í kringum einkalíf þeirra

hjóna hafi augljóslega tekið á hana. Hún hafi samt sem áður tekið þá ákvörðun að standa við sínar skuldbindingar og syngja í danska X-Factorinum.

Cheryl er feikilega vinsæl í heimalandi sínu en hefur ekki náð eyrum annars staðar í Evrópu og Ameríku. Hún og umboðsmaður hennar eru því í mikilli kynningarherferð um þessar tvær álfur til að koma henni á framfæri þar.

Daily Mail greinir einnig frá því að Cheryl og Ashley ætli að setjast niður saman og ræða málin í Frakklandi en þar dvelur hinn smávaxni bakvörður Chelsea vegna meiðsla á ökkla.

Ashley hefur lýst því yfir að allt þetta umrót hafi eyðilagt líf sitt en virðist þó eygja smá von um að þau nái aftur saman.



SYKURMOLAR Sigtryggur Baldursson og Margrét Örnólfssdóttir verða kynnar á Íslensku tónlistarverðlauninum.

Sykurmolar kynna verðlaun

Sykurmolararnir fyrrverandi, Sigtryggur Baldursson og Margrét Örnólfssdóttir, verða kynnar á Íslensku tónlistarverðlauninum sem verða afhent í Íslensku óperunni 13. mars.

„Ég hlakka til að gera þetta. Ég fæ góðan stuðning frá Margréti. Þetta er hernaðarleyndarmál hvað við ætlum að gera en við erum að plotta ýmislegt. Þetta verður gaman,” segir Sigtryggur Baldursson, sem verður í fyrsta sinn í hlutverki kynnis á Íslensku tónlistarverðlauninum.

Dagskrá Sigtryggs verður stíf í kjölfar Íslensku tónlistarverðlaunanna því síðar um kvöldið syngur hann með Milljónamæringunum á árshátíð 365 og á sunnudeginum flýgur hann út til Kaupmannahafnar þar sem hann spilar undir

hjá Lay Low. Kvöldið eftir spila þau saman í Gautaborg en í bæði skiptin munu þau hita upp fyrir hina þekktu hljómsveit The Dave Matthews Band. Í framhaldinu flýgur Sigtryggur til Asíu vegna nýrrar íslenskrar heimildarmyndar um asíska fílinn sem Profilm framleiðir, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Semur hann tónlistina í þeirri mynd.

Á meðal hljómsveita sem munu stíga á svið á Íslensku tónlistarverðlauninum verða Hjalta-lín, Dikta og Feldberg. Einnig munu þeir Daniel Bjarnason og Víkingur Heiðar leika listir sínar. Um fimm hundruð manns verða gestir á hátíðinni og verður hún sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2. Um hundrað manns sem eru ekki í tónlistarbransanum geta keypt sér miða. Kostar hann 2.000 krónur og hefst miðasala í Íslensku óperunni á mánudaginn.

freyr@frettabladid.is

Opið hús!

9. og 11. mars kl. 13:30-16:30

Leiðsögn um skólann og opnar kennslustundir í :

- almennu námi
- byggingagreinum – húsasmíði – pípulögnum
- hársnyrtið
- listnámi – hönnun – útstillingum
- málmíðnum – rennismíði – vélvirkjun
- rafíðnum - rafvirkjun
- tækniteiknun

Allir velkomnir!

9. og 10. bekkingar sérstaklega hvattir til þess að koma og kynna sér nám við skólann

lönskólinn í Hafnarfirði Flatahrauni 12 220 Hafnarfjörður www.idnskolinn.is

❖ Ekki missa af Mömmu Gógó í Háskólabíói! ❖



Mamma
GÓGÓ

KVIKMYND EFTIR Friðrik Þór Friðriksson

LEIKKONA

2010
EDDAN

3 EDDUVERÐLAUN

LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI – KRISTBJÖRG KJELD
TÓNLIST ÁRSINS – HILMAR ÖRN HILMARSSON
LEIKMYND ÁRSINS – ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON

„Gunnar og Kristbjörg eru á heimsmælikvarða“

– HERRA ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON,
ÍSLAND Í DAG, STÖÐ 2

★★★★★

„Kristbjörg sýnir stjörnuleik...myndin er myndin og hlý. Ég gef henni fullt hús, fimm stjörnur.“

– HULDA G. GEIRSDÓTTIR,
POPPLAND, RÁS 2

★★★★★

„Persónusköpun og leikur eru framúrskarandi, sjónræn umgjörð frábær og sagan áhugaverð.“

– HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MBL

★★★★★

„Vel heppnuð og grátbrosleg, frábærlega leikin og mjög „Friðriks Þórsleg“.

– DR. GUNNI, FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★

„Svona á að gera þetta, leggja sjálfan sig undir og bingó, Frikki er kominn til baka.“

– ERPUR EYVINDARSON, DV

★★★★★

„Hárfinn húmorinn kemst vel til skila.“

– HILMAR KARLSSON, FRJÁLS VERSLUN

TOPPKILJUR



1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VERÖLD SEM VAR
„... á brýnt erindi við okkur hér um þessar mundir.“

Einar Kárason / pressan.is



KARLSVAGNINN
„Vel skrifuð og góð bók sem vekur mann til umhugsunar.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan



1. SÆTI
METSÖLULISTI FÍBÚT

PÓSTKORTAMORÐIN
„... blanda sem svínvirkar.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan



ÆVISAGA ÞÓRBERGS



Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið



ÞAÐ SEM ÉG SÁ OG HVERNIG ÉG LAUG


„... ógleymanleg og virkilega góð bók.“

Kolbrún Skaftadóttir / midjan.is



HVÍTI TÍGURINN
„... klárlega ein af bókum ársins.“

Hrafn Jökullsson / Viðskiptablaðið



GERPLA
„Fokking masterpís.“

Egill Helgason / Kiljan



FORLAGIÐ
www.forlagid.is



ALDREI GLADARI Justin Timberlake og Jessica Biel hafa aldrei verið hamingju-samari. NORDICPHOTOS/GETTY

Timberlake og frú fóru í frí til Sviss

Hjartaknúsarinn Justin Timberlake ákvað að breyta viðskiptaferð sinni til Sviss í rómantíska helgarferð með kærustu sinni, Jessicu Biel. Timberlake og Biel komu sér fyrir í Genf en Justin var þar sem sendiherra bílaframleiðandans Audi. Svo skemmtilega vildi til að Biel átti 28 ára afmæli um þessa helgi og sáust þau í innilegum faðmlögum á einni af göngugötum borgarinnar. Auk þess ákvaðu þau að splæsa í eina sleðaferð í smábænum Verbier og virtust ekki sjá sólina fyrir hvort öðru.

KLOVN Á HVÍTA TJALDIÐ

Aðdáendur danska grínþarsins Franks Hvam og Caspers Christiansen þurfa ekki að kvíða neinum þurrki. Danskir fjölmiðlar greina nefnilega frá því að félagarnir séu með stórt verkefni í smíðum.

Danska Ekstra Bladet greindi frá því í vikunni að Klovn-dúettinn væri að skrifa handrit að kvikmynd. Ekstra Bladet hefur eftir Casper að þeir séu komnir vel á veg með handritið en að þeir viti ekkert hvort þetta verður að veruleika en við skemmtum okkur konunglega við að skrifa handritið," sagði Casper í samtali við Ekstra Bladet.

Casper tekur hins vegar fram að þeir leggi sig mikið fram við að skrifa handrit að kvikmynd. Ekki að einum löngum þætti. „Þetta á að vera bíómynd með endi og það sem er kannski mikilvægast er að Frank fær að þróast og þroskast sem persóna. Og svo lendir hann náttúrulega í einhverju svakalegu," hefur Ekstra Bladet eftir Casper.

Klovn hefur verið einn vinsælasti þáttur Dana undanfarin ár og vinsældir hans rötudu alla leið til Íslands þar sem þeir Casper og Frank eru hálfgerðar ofurstjórnur. Þættirnir lýsa hinu vandræðalega lífi Franks og samskiptum hans við kærustuna sína og vin sinn Casper sem er einstaklega lunkinn við að koma þeim félögum í ótrúlegar aðstæður. Sex þáttaraðir hafa verið framleiddar og ekki er útséð með að fleiri verði gerð.



KVIKMYND Í BÍGERÐ Casper Christiansen og Frank Hvam eru að gera kvikmynd um Klovn-tvíeykið. Ekki liggur þó fyrir hvenær myndin fer í tókur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ar. Kumpánarnir hafa líka hafið framleiðslu á bjór sem enn hefur ekki ratað hingað.

Frank og Casper eru miklir Íslandsvinir; Frank leikur eitt aðalhlutverkanna í gamanheimild-

arþáttaröð Gunnars Hanssonar um norrænt grín og Casper og eigin kona hans, Iben Hjejle, hafa vanið komur sínar til Reykjavíkur undanfarin ár, dvöldu meðal annars í höfuðborginni um síðustu jól

Billy elskar Jessicu

Billy Corgan, gítarleikari rokk-sveitarinnar The Smashing Pumpkins, neitaði að tjá sig um meint ástarsamband sitt og Jessicu Simpson. Hann sagðist hins vegar elska hana. Í samtali við tímaritið Rolling Stone sagði Corgan að þau væru eingöngu vinir. „Fólk er að velta því fyrir sér hvort við höfum farið á stefnumót, hvort ég hafi hætt með henni eða hvort hún hafi hætt með mér. Samband okkar hefur ekkert með það að gera. Stundum finnst fólki bara gott að vera í kringum hvort annað og það koma yfirleitt bara góðir hlutir út úr slíku," sagði Corgan og bætti því við að ef fólk þekkti Simpson eins og hann þekkti hana myndi það, án nokkurs vafa, elska hana eins og hann gerir.



ÁST EDA EKKI ÁST? Corgan segist elska Jessicu Simpson, bara ekki á þann hátt sem fólk heldur að hann elski hana.



SÓL

BORGIR

ÆVINTÝRI

SKÍÐI

GOLF

ÍPRÓTTIR

SÓL
BORGIR
ÆVINTÝRI
SKÍÐI
GOLF
ÍPRÓTTIR

Traustar ferðir!

Kjartan Trausti Sigurðsson mun kynna næstu þrjár ferðir sínar á skrifstofu Úrvals Útsýnar Lág múla 4 mánudag, þriðjudag og miðvikudag. Verðum með heitt á könnunni!

Bækur ★★

Póstkortamorðin

eftir Lizu Marklund og James Patterson

Óvissuferð endar í ísbiltúr

Raðmorðingi skilur eftir sig blóði drifna slóð um Evrópu. Bandaríski lögreglumaðurinn Jack Kanon fylgir fast á hæla illmennisins þar til eltingarleikurinn berst til Stokkhólms þar sem blaðakonan Dessie Larsson flækist í málið.

Þannig hljómar í stuttu máli söguþráður bókarinnar Póstkortamorðin sem er samstarfsverkefni spennusagnahöfundanna Lizu Marklund og James Patterson. Bókarinnar hefur verið beðið með þónokkurri eftirvæntingu allt frá því að sá orðrómur fór á kreik að þau Marklund og Patterson hygðust stilla saman strengi sína að frumkvæði Pattersons, enda hvort um sig slyngur og vinsæll rithöfundur og væntingarnar sem til þeirra eru gerðar því eðlilega miklar.

Segja má að Póstkortamorðin fari alveg ágætlega af stað, með eins konar óvissuferð þar sem Ameríkaninn Kanon tekst með tilþrifum á við sænsk stjórnvöld í viðleitni sinni til að handsama morðingjann, en í þeim áreksrum tekst sáemilega að endurspegla menningarlegan mun þjóðanna tveggja. Kanon er eins og hver önnur klisjukennd glæpasagnahetja, drykkfelldur harðjahl með dramatiska fortíð og hjálparhellan Larson frekar útvönuð útgáfa af Anniku Bengtson, vinsælli söguhetju Marklunds sem setur framman ofar einkalífina.

Atburðarásin er keyrð hratt áfram sem hefur bæði kosti og galla í för með sér. Lesendum er þannig hlíft við miklum lýsingum, hliðarsögum og útúrduum sem eiga það til að bera söguþráðinn ofurlíði í verkum Marklunds. Lítil tími gefst til ástarævintýra, til allrar hamingju, þar sem kynlífslýsingar í glæpasögum eru alltof algengar og yfirleitt fremur pinlegar. Af sömu ástæðu eiga aukapersónur hins vegar til að hverfa í bakgrunninn og þær sálfræðilegu ástæður sem notaðar eru til að útskýra morðin nokkuð hraðsoðnar.

Verst er hversu fátt kemur á óvart upp úr miðri sögu, reyndar eftir nokkuð óvænt og skemmtilegt útspil af hálfu höfunda. Eftir það fara Marklund og Patterson sér að engu ódslega heldur halda sig við það sem til er af þeim ætlast eins og tvær Hollywood-stjórnur í gamalkunnum rullum. Óvissuferðin sem byrjaði vel endar þar af leiðandi í ágætum ísbiltúr, sem má alveg hafa gaman af, að því gefnu að lesendur stilli væntingum sínum til verksins í hóf.

Roald Eyvindsson

Niðurstaða: Sáemileg afþreying fyrir þá sem hafa gaman af glæpasögum, ef væntingum til höfunda er stíllt í hóf.



Hringferð um Tenerife og La Gomera

FRÁ 219.900kr.*
Brottför 7. apríl
á mann í tvíþýli með fullu fæði í 10 nætur.



Töfrar Tyrklands

FRÁ 239.900kr.*
Brottför 20. apríl
á mann í tvíþýli með fullu fæði í 8 nætur.



Úrvalsfólk (60+) Tyrkland

FRÁ 139.100kr.*
Brottför 28. apríl
á mann m.v. 4 fullorðna í tveggja herbergja gistingu á Forum í 31 nætur.

Um Kjartan Trausta

Kjartan Trausti hefur verið fararstjóri erlendis á ársgrundvelli í um 25 ár. "Lengur en elstu menn muna" eins og stundum er gantast með. Reynsla, þekking og traust einkennir þennan kappá ein og fram kemur í þessari vísu.

Umsögn farþega

Kjartan hinn Trausti er og var til ánægju, fróðleiks og skemmtunar. Hann nákvæman rétt eins og tannhjólíð tel í tólf hundruð hestafla gufuvél.

MEIRA Á urvalutsyn.is

* Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókanargjald 3.900 kr. Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur.

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000

KRÖFUGANGA & ÚTIFUNDUR

ALÞINGI GÖTUNNAR

STOFNAÐ 6. MARS 2010

Kjósum með fótunum í kröfugöngu
sem leggur af stað í dag kl.14 frá Hlemmi.
Gengið verður niður Laugavegin og endað
á útifundi kl. 15 á Austurvelli þar sem
ALÞINGI GÖTUNNAR
verður sett við hátíðlega athöfn.

GRASRÓTIN

Mætum með kröfur okkar á lofti, hljóðfæri, flautur, potta, pönnur, bala
og annað það sem skapar stemmningu

Spennandi Atvinnutækifæri

Umsjónarmaður kjötdeilda hjá Krónunni

Starfslýsing:

- Skipulagning vinnuferla
- Samræming útlits á kjötborðum
- Þjálfun starfsfólks
- Fræðsla til starfsfólks
- Gæðaeftirlit í kjötdeildum

Hæfniskröfur:

- Menntun í kjötið er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Tölvufærni



Áhugasamir vinsamlegast
sæki um á www.kronan.is

KRÓNAN

Stórir nammipokar skoppa um

Leikhús★★★★

Skoppa og Skríttla á tímaflakki

Leikstjóri: Gunnar Helgason

Tónlist: Hallur Ingólfsson

Leikmynd: Þórdís Jóhannesdóttir og Katrín Þorvaldsdóttir

Búningar: Una Stígisdóttir og Katrín Þorvaldsdóttir

Dans: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Lýsing: Magnús Helgi Kristjánsson

Hljóð: Ólafur Örn Thoroddsen

Handrit: Hrefna Hallgrímsdóttir

Leikarar: Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Viktor Már Bjarnason

Börn sem taka þátt í leik: Raket Matthíasdóttir, Davíð Bjarni Chiarolanzio, Höskuldur Jónsson, Margrét Hörn Jóhannsdóttir, Andri Fannar Pétursson og Einar Karl Jónsson.

Skoppa og Skríttla eru vinir margra barna og því óneitanlega skemmtilegt að hitta þessar glödværu verur í eigin persónu. Þær standa á litla sviði Borgarleikhússins um þessar mundir og hafa fengið leikhóp til liðs við sig.

Þær eru á leiðinni í ferðalag í gegnum ævintýrabók og fyrir tilviljun lenda þær á fjársjóðskorti og finna púsl sem verður svo að finna hvaðan koma. Þetta er hefðbundin aðferð við að búa til framvindu hvort heldur er í barnaleikriti eða sögum. Á leiðinni hitta þær dverg-vaxinn víking, þær hitta bakara og svo hitta þær kúreka sem talar með amerískum hreim. En til þess



SKOPPA OG SKRÍTTLA „Eins og stórir nammipokar, athyglin er alltaf á þeim,“ segir Elísabet Brekkan í gagnrýni sinni.

MYND/ÞÓRÐÍS JÓHANNESSDÓTTIR

að ráða fram úr öllu verða þær að fá hjálp hjá Lúsi hinni vitru sem kann öll orðin eða á bók þar sem hún getur flett öllu upp í. Lúsi, sem Vigdís Gunnarsdóttir leikur, á heima einhvers staðar uppi þannig að hún birtist á svölunum og það gerir litlu áhorfendunum sem sitja á þúðum fyrir framan aðalsviðið, nokkuð erfitt fyrir. Það tekur svolitla stund að stilla sjónlínuna þarna upp fyrir svo utan að þarna er leikurinn aðeins of langt frá áhorfendum. Vigdís Gunnarsdóttir er engu að síður sú sem best heldur utan um sínar persónur í leiknum. Hún er skýr, stór í hreyfingum og röddin nær út í hvern krók og kima.

Skoppa og Skríttla skoppast um og þótt þær hafi mjög mikið að gera – eiginlega of mikið fyrir áhorfendur til þess að geta fylgst almennilega með – þá skiptir það ekki öllu máli því þær eru eins og stórir nammipokar, athyglin er alltaf á þeim. Viktor Már Bjarnason leikur nokkur hlutverk með

þeim. Hann bregður sér í líki víkings, bakara og kúreka sem brestur út í línudansi. Ekki veit ég það svo gjörlla hvort tveggja ára börn hafi neinn sérstakan áhuga á þeim tiltekna dansi, en hitt veit ég að ungu áhorfendurnir dilluðu sér þó svo að aðstoðarbörn á sviðinu hefðu verið nokkuð stífl.

Það sem á vantaði tilfinnanlega í þessa sýningu var meðvitundin um áhorfendur. Skoppa og Skríttla höfðu nú líklega fyrst og fremst til barna á leikskólaaldri og því kannski betra að draga aðeins úr hasarnum og hvílast svolítið við einstök atriði, en hér var keyrt á fullu spítta eins og einhver ætti lífið að leysa.

Þær Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir sem sigrað hafa hjörtu barna í gervum Skoppu og Skríttlu ættu nú að draga aðeins úr skrækjunum og beita röddinni af meiri fagmennsku ætli þær sér að endast í þessu starfi. Annars gaman, ofsalega skemmtilegir búningar! Elísabet Brekkan

Hluthafafundur í Bakkavör Group hf.

Hluthafafundur í Bakkavör Group hf., kt. 410886-1629, Ármúla 3, 108 Reykjavík, verður haldinn að Ármúla 3 þann 26. mars 2010 og hefst kl: 16:00.

Dagskrá:

1. Kynning á nauðasamningi sem félagið hefur gert við kröfuhafa sína.
2. Tillaga um að breyta félaginu í einkahlutafélag í samræmi við ákvæði 132. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og afskrá félagið í kjölfarið af Nasdaq OMX Iceland.
3. Tillaga um að taka upp nýjar samþykktir fyrir félagið. Tillagan greinist í eftirfarandi aðal- og varatillögur:

- a. aðallega tillaga um að taka upp nýjar samþykktir sem gera ráð fyrir hlutum í þremur hlutaflokkum, flokkum A, B og C; eða
- b. til vara tillaga um að taka upp nýjar samþykktir sem gera ráð fyrir hlutum í tveimur hlutaflokkum, flokkum A og B.

Báðar tillögur að nýjum samþykktum gera ráð fyrir að núverandi hlutum í félaginu verði breytt í A hluti þar sem hver hlutur er að nafnvirði ein króna.

Báðar tillögur fela einnig í sér heimildir til stjórnar til að hækka hlutafé félagsins og heimild til að breyta, með tilvísun í VI. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og í nauðasamning félagsins, samtölu skulda félagsins, sem nemur 55% ef teknar verða upp samþykktir þær sem lagðar eru til undir dagskrárlíð 3a að ofan og 100% ef teknar verða upp samþykktir þær sem lagðar eru til undir dagskrárlíð 3b að ofan (eftir breytingu á um það bil 1% í B hluti) af heildarústandandi samningskröfum undir nauðasamninginum í A hluti í félaginu.

Tillögurnar gera ráð fyrir að forgangsréttur hluthafa eigi almennt ekki við, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

4. Tillaga um starfskjarastefnu.
5. Önnur mál.

Réttindi hluthafa

Hluthafar geta fengið ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundinum ef þeir gera um það skriflega kröfu til stjórnar félagsins. Hluthafar skulu koma líkri kröfu á framfæri til stjórnar félagsins eigi síðar en átta dögum fyrir hluthafafundinn.

Aðgangur að upplýsingum og gögnum

Drög að dagskrá, endanlegar tillögur frá stjórn félagsins, þ.m.t. drög að nýjum samþykktum fyrir félagið, ársreikningar og upplýsingar um hluti og atkvæðisrétt á dagsetningu þessa fundarboðs verða aðgengilegar hluthöfum til sýnis 21 degi fyrir hluthafafundinn.

Lokaútgáfa dagskrár og allar tillögur verða aðgengilegar hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafundinn.

Allar upplýsingar og gögn verða aðgengileg í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3 og á heimasíðu félagsins, www.bakkavor.is/hluthafafundur

Umboð

Félagið mun taka gild umboð sem eru undirrituð af skráðum hluthafa. Þegar um er að ræða lögaðila skal umboðið undirritað af aðila sem heimilt er að skuldbinda félagið. Heimilt er að senda umboðið til félagsins í viðhengi með tölvupósti og skal vera afhent félaginu eigi síðar en 22. mars nk.

Atkvæðagreiðsla

Kjörseðlar og önnur gögn verða aðgengileg að Ármúla 3 frá kl: 15 daginn sem hluthafafundurinn er haldinn.

Hluthöfum er heimilt að óska eftir því að fá að greiða atkvæði bréflaga um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundarinnar. Þeim hluthöfum sem þess óska er bent á að fylla út eyðublað sem nálgast má á vefsíðu félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Reykjavík, 4. mars 2010

Stjórn Bakkavarar Group hf.

BAKKAVÖR

Ekki hættur að drekka

Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, hefur vísað á bug fregnum um að hann sé hættur að drekka áfengi. „Orðrómurinn um að ég sé orðinn allsgáður er stórlega ýktur. Við skulum bara



KEITH RICHARDS Gítarleikari Rolling Stones er ekki hættur að drekka áfengi.

láta þar við sitja,“ sagði Richards í viðtali við tímaritið Rolling Stone. Hann bætir við að ný plata frá Stones sé hugsanlega á leiðinni. „Það kæmi mér ekki á óvart ef við tækjum upp seinna

á árinu.“ Stór tónleikaferð um heiminn virðist þó ekki vera í undirbúningi. „Það er ekkert víst að við spilum aftur á fótbolta-leikvöngum. Kannski prófum við eitthvað nýtt,“ sagði hann.

Vill taka við af Cowell

Christopher Ciccone, bróðir söngkonunnar Madonna, hefur sett af stað herferð um að hann taki við af Simon Cowell sem dómari í þáttunum American Idol. Eins og kunnugt er heitir Cowell eftir þessa þáttaröð og snýr sér að X-Factor. „Ég held að fólk myndi taka mikið mark á mér. Ég yrði eina manneskjan við borðið sem hefur búið til poppstjörnu og hjálpað henni að halda sér á toppnum í tuttugu ár. Ég veit hvað þarf til að slá í gegn,“ sagði Ciccone, sem hefur verið systur sinni til halds og trausts í gegnum árin.

Sakaður um ritstuld

Kínverski rithöfundurinn Zhou Shomou hefur höfðað mál gegn James Cameron, leikstjóra stórmyndarinnar Avatar. Hann segir að 80 prósent söguþráðarins í Avatar séu fengin úr vísindaskáldsögu sinni, Tale of the Blue Crows frá árinu 1997 og krefst tæplega tveggja milljarða króna í skaðabætur. „Bókin fjallar um ferðalag sex geimfara til fjarlægrrar plánetu þar sem bláar verur ráða ríkjum,“ sagði Zhou. „Í bókinni stendur að ferðalagið hafi tekið sex ár en í mynd Camerons tekur hún fimm ár, níu mánuði og 22 daga. Ég var mjög undrandi þegar ég komst að þessu.“ Það tók Zhou sjö ár að semja bókina og segir hann að yfir tíu milljónir manna hafi lesið hana á Netinu.



JAMES CAMERON Leikstjórinn hefur verið sakaður um að hafa stolið hugmyndinni að Avatar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Cameron er sakaður um ritstuld. Rússneskir fjölmiðlar hafa sakað hann um að hafa stolið söguþráðinum úr bókaflóknum The World of Noon eftir fantasíuhöfundana Arkadí og Boris Strugatski.

Snoop má fara til Bretlands

Bandaríski rapparinn Snoop Dogg hefur unnið fullnaðarsigur í fjögurra ára baráttu sinni fyrir því að fá að snúa aftur til Bretlands. Stjórnvöld í Bretlandi settu honum stólinn fyrir dyrnar eftir átök á Heathrow-flugvelli árið 2006.

Nú hefur dómstóll í Bretlandi úrskurðað að hlutdeild Snoops í átökunum fyrir fjórum árum hafi verið minni háttar og ekki eigi að meina honum um vegabréfsáritun til Bretlands í framtíðinni. Snoop hafði nokkrum sinnum reynt að fá úrskurðað sér í hag en innflytjendayfirlög gáfu ekki eftir fyrr en nú. Átökin sem brutust út á

Heathrow árið 2006 voru vegna þess að föruneysi Snoops var meinaður aðgangur að sal British Airways sem ætlaður er farþegum á fyrsta farrými. Sjö lögreglumenn slösuðust í átökunum og Snoop þurfti að eyða nótt í fangaklefa. British Airways setti hann í lífstíðarbann.

Snoop er 38 ára gamall og heitir réttu nafni Calvin Broadus. Hann er einn af þekktustu rapptónlistarmönnum heims. Nýjasta verkefni hans er að ljá rödd sína á nýju Gorillaplötuna. Það gæti því verið að óskað sé eftir starfskröftum hans í Bretlandi til að kynna þá plötu.



GETUR SNÚIÐ AFTUR Snoop Dogg hefur fengið leyfi til að fara aftur til Bretlands eftir fjögurra ára bann. NORDICPHOTOS/GETTY



MICK JAGGER Samkvæmt bókinni áttu Mick Jagger og Angelina Jolie í ástarsambandi.

Mick Jagger var með Jolie

Samkvæmt nýrri bók, Brad Pitt and Angelina: The True Story, áttu Angelina Jolie og Mick Jagger úr Rolling Stones í ástarsambandi. Fyrst byrjuðu þau að hittast þegar hún lék í tónlistarmyndbandi sveitarinnar við lagið Anybody Seen My Baby? árið 1997. Sambandið hélt síðan áfram árið 2003, heldur höfundur bókarinnar, Jenny Paul, fram.

Samkvæmt henni átti Jolie einnig í fjögurra mánaða ástarsambandi með leikaranum Colin Farrell eftir að þau léku saman í Alexander árið 2004. Pitt og Angelina byrjuðu saman árið 2005, skömmu eftir að Pitt hætti með leikkonunni Jennifer Aniston.

Tónleikar í London


Tónlistarkonan Elíza Newman spilar á tvennum tónleikum í London dagana 11. og 16. mars. Fyrri tónleikarnir verða órafmagnaðir á Troy Bar og hinir síðari verða með hljómsveit á Buffalo Bar. Elíza mun spila lög af nýjustu plötu sinni Pie in the Sky sem kom út um síðustu jól og verður gefin út í Bretlandi í vor. Platan var tekin upp í London og á Íslandi með hjálp upptökustjórans Gísla Kristjánssonar. Á henni eru tíu lög, þar á meðal hin vinsælu Ukulele Song For You og Hopeless Case.



ELÍZA NEWMAN Elíza spilar á tvennum tónleikum í London dagana 11. og 16. mars.

Óskakarinn

NÆLDU PÉR Í ÓSKARSVERÐLAUNAMYND Á AÐEINS **1.699,-**



HURT LOCKER



UP



INGLOURIOUS BASTERDS



TITANIC



SLUMDOG MILLIONAIRE



BRAVEHEART



THE DEPARTED



LORD OF THE RINGS



MILLION DOLLAR BABY



DISTRICT 9

NÝTT Í TÓNLIST OG TÖLVULEIKJUM



ALI FARKA TOURE

Ný samstarfsplata Ali Farka Touré og Toumani Diabaté en fyrri plata þeirra félagi sló í gegn fyrir 5 árum.



AIN'T NO GRAVE JOHNNY CASH

Sjötta og síðasta platan í American Recordings seríunni.



ÚR KVIKMYND ALMOST ALICE

Tónlistin úr nýjustu myndinni hans Tim Burton.



WHERE WE ARE WESTLIFE

Glæný og skotheld popp plata frá írsku strákunum.



FALLING DOWN A MO TINDERSTICKS

Áttunda plata rokk sveitarinnar Tindersticks sem hlotið hefur frábæra dóma.



BATTLEFIELD BAD COMPANY 2

Hörku skotleikur með netspilun



SUPREME COMMANDER 2

Rauntímaherkænskuleikur af bestu gerð



GÖMLU GÓDU BARNALEIKRITIN THORBJÖRN EGNER

Kardemommubærinn, Dýrin í Hálsaskógi, Karius og Baktus og Sígladóir söngvarar saman í einni óskju.



Stærsta hljómplötuverslun á Íslandi
LAUGAVEGUR 26 · KRINGLAN · WWW.SKIFAN.IS



Íslendingar fljótir að aðlagast nýjum heimkynnum

Katrín Dröfn Guðmundsdóttir, nemandi í þjóðfræði við Háskóla Íslands, og Valý Þórsteinsdóttir spænskufræðingur hafa farið af stað með verkefni sem snýr að Íslendingum búsettum erlendis. Verkefnið nefnist Íslendingar þvers og kruss og munu stúlkurnar taka viðtöl við Íslendinga sem búa erlendis og kanna meðal annars hvernig þeir hafa aðlagast nýrri menningu og hvaða hefðir þeir hafa tekið með sér að heiman.



RÆÐA VIÐ ÍSLENDINGA Katrín Dröfn Guðmundsdóttir, nemi í þjóðfræði, vinnur að verkefninu Íslendingar þvers og kruss ásamt Valý Þórsteinsdóttur.

„Ég hef verið búsett í Barcelona í fimm ár og byrjaði í fjarnámi við Háskóla Íslands í haust. Hugmyndin að verkefninu kviknaði eiginlega um leið og ég hóf nám og mig langaði að fara með hana lengra. Valý leist einnig mjög vel á hugmyndina og við ákváðum að fara með þetta alla leið. Við byrjuðum á að taka viðtöl við Íslendinga hér í Barcelona, Kaupmannahöfn og annars staðar og nú í mars erum við á leið til Bandaríkjanna og Suður-Ameríku til að taka fleiri viðtöl,“ segir Katrín.



Á FARALDSFÆTI Valý Þórsteinsdóttir spænskufræðingur mun ferðast með Katrínu til Bandaríkjanna nú í mars.

Viðmælendur stúlkanna er fólk á öllum aldri, úr öllum kimum samfélagsins og hafa sumir verið búsettir í landinu í nokkra mánuði en aðrir hafa búið þar í marga áratugi. Katrín segir það hafa komið sér skemmtilega á óvart hversu margir Íslendingar væru að gera athyglisverða hluti á erlendri grund og nefnir í því samhengi unga stúlkuna sem rekur kaffihús í Kólumbíu. Katrín telur að Íslendingar séu fljótir að aðlagast nýjum heimkynnum en segir flesta reyna að halda í íslenskar hefðir.

Aðspurð segist Katrín ætla að taka viðtölin upp bæði í mynd og hljóði og segist vilja nota efnið í útvarps- og heimildarþætti í framtíðinni. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fólki

og draumurinn er að geta notað efnið í útvarps- og heimildarþætti eða jafnvel í bók. Svo mun ég auðvitað nota þetta í náminu mínu og vinna BA-ritgerðina mína úr efniinu.“

sara@frettabladid.is

SAMBÍÓIN

DISNEY FÆRIR OKKUR HIÐ STÓRKOSTLEGA ÆVINTÝRI UM LÍSU Í UNDRALANDI OG NÚ Í STÓRKOSTLEGRI ÞRÍVÍDD

FRÁBÆR MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

LEONARDO DICAPPIO

SHUTTER ISLAND

CATHERINE ZETA-JONES JUSTIN DAVITTA

Þessu hefur þú séð á myndum

theREBOUND

| SMÁRABÍÓ ALFABAKKA | SMÁRABÍÓ KRINGLUNNI |
|---|---|
| ALICE IN WONDERLAND kl. 1(30) - 3:20(30) - 5:40(30) - 8(30) - 10:20(30) | ALICE IN WONDERLAND kl. 1(30) - 3:20(30) - 5:40(30) - 8(30) - 10:20(30) |
| ALICE IN WONDERLAND kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | SHUTTER ISLAND kl. 8 - 10:50 |
| THE REBOUND kl. 5:50 - 8 - 10:20 | INVICTUS kl. 5:30 |
| BROTHERS kl. 8 - 10:20 | SHERLOCK HOLMES kl. 8 |
| BROTHERS kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | THE WOLFMAN kl. 10:30 |
| VALENTINE'S DAY kl. 5:30 - 8 - 10:30 | TOY STORY 2 M/isl. Tali kl. 3:50(30) |
| AN EDUCATION kl. 3:40 | BJARNFREDARSON kl. 3:20 - 5:50 |
| UP IN THE AIR kl. 5:50 | PLANET 51 M/isl. Tali kl. 2D |
| PLANET 51 M/isl. Tali kl. 1:30 - 3:40 | SMÁRABÍÓ AKUREYRI |
| BJARNFREDARSON kl. 1:30 | ALICE IN WONDERLAND kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/isl. Tali kl. 1:30 - 3:30 | WHERE THE WILD THINGS ARE kl. 2 |
| SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNGUGLU OG KR. 950 Á 3D MYNDIR MERKTAR GRÆNU | PLANET 51 M/isl. Tali kl. 4 |
| | BJARNFREDARSSON kl. 5:40 |
| | THE REBOUND kl. 8 - 10:20 |

NÝTT Í BÍÓ!

BARÁTTAN UM MANNKYNDIÐ HEFST ÞEGAR SÍÐASTI ENGIILLINN FELLUR.

★★★★★ H.S.H. - MBI

FRÁ LEIKSTJÓRA TAKEN

MACANRÚNGIN SPENNIMYND Í LEIKSTJÓRN MARTIN SCORSESE

6 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR

BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

SPARBÍÓ SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ kl. 1 í allf. 3D og 2D - kl. 1 í Kringl. 3D kl. 1.30 á Ak. 3D - kl. 1.30 í kefl. 2D (ath. bara á sun.) - kl. 1.30 á Self. 2D

SPARBÍÓ kl. 1.30 í Álfabakka - kl. 2 í Kringlunni - kl. 4 á Akureyri

SPARBÍÓ kl. 1.30 í Álfabakka

| SMÁRABÍÓ | TILBOÐSVERÐ | HÁSKÓLA BÍÓ | TILBOÐSVERÐ |
|---|-------------|--------------------------------------|-------------|
| THE GOOD HEART kl. 5:50-8-10-10 | 600kr | THE GOOD HEART kl. 3:40-5:50-8-10-10 | 10 |
| LEGION kl. 8-10-15 | 16 | PRECIOUS kl. 3-5:30-8-10:30 | 12 |
| SHUTTER ISLAND kl. 5-8-11 | 16 | LEAP YEAR kl. 8-10:15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 5-8-11 | 14 | LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 3-6-9 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 2-5-8-11 | LÚXUS 14 | MAMMA GÖGÓ kl. 4-6 | L |
| THE LIGHTNING THIEF kl. 3 | 10 | | |
| AVATAR 3D kl. 1 950 ^{kr} - 440 | 10 | | |
| ALVIN OG IKORNARNIR 2 kl. 1 - 3 íslenskt tal | L | | |
| SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 3D kl. 1 950 ^{kr} - 3 íslenskt tal | L | | |
| SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM 2D kl. 1 íslenskt tal | L | | |

facebook.com/smarabio

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

| REGNBÖGINN | TILBOÐSVERÐ |
|--|-------------|
| FROM PARIS WITH LOVE kl. 3:40-5:50-8-10-10 | 16 |
| LEGION kl. 3:30-5:45-8-10:15 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF kl. 3-5:30-8-10:30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED kl. 8 | 12 |
| NIKULÁS LITLI kl. 4-6 | L |
| EDGE OF DARKNESS kl. 10:30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus Sími: 553 2075

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

| SÝNINGARTÍMAR | VERÐ |
|--|------|
| FROM PARIS WITH LOVE kl. 4:10, 6, 8 og 10-P | 16 |
| SHUTTER ISLAND kl. 4, 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI kl. 7 og 10 | 14 |
| IT'S COMPLICATED kl. 4 | 12 |
| ALVIN OG IKORNARNIR 2 - ISL. TAL kl. 2 (600 kr) - isl. tal | L |
| THE LIGHTNING THIEF kl. 1.50 (600 kr) | 10 |
| SKÝJAD MED KJÓTBOLLUM... kl. 2 (900 kr) - isl. tal | L |

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

ATH! 600 KR. SÝND KL. 1.50

ATH! 900 KR. SÝND KL. 2 ISLENSKT TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS ATH! 600 KR.

TILBOÐSVERÐ

SMÁRABÍÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

550^{kr}

950^{kr}

600^{kr}

600^{kr}

950^{kr}

KL.4 BORGARBÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ 3D KL.4 REGNBÖGINN KL.3 REGNBÖGINN KL.1 SMÁRABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ isl. tal

STRUMPADAGAR Í HAGKAUP



**20%
AFSLÁTTUR**
AF STRUMPAFAFNI 1 - 5
OG STRUMPAFJÖRI



**STRUMPAÐU ÞÉR EINTAK
MEÐ 20% AFSLÆTTI**

**STRUMPA-
SAFNIÐ 5
ER KOMIÐ
Í HAGKAUP**
BYRJAÐU
AÐ SAFNA
STRUMPUNUM
STRAX Í DAG!




NÝ TÓNLIST



Algjör Sveppi
- Dagur í lífi stráks
Lögin úr leiksýningunni
vinsælu með Sveppa.

KR. 2.299



Thorbjörn Egner
- Gömlu góðu barnaleikritin
Kardemommubærin, Dýrin í Hálsaskógi,
Kárius og Baktus og Síglaðir söngvarar
saman í einni öskju.

4CD

KR. 3.499



50 HAGKAUP
ára fyrir Íslendinga í 50 ár

> FH stokkið í slaginn um Guðmund

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins fékk FH í gær leyfi hjá KR til þess að ræða við framherjann Guðmund Pétursson. FH gerði KR ásættanlegt tilboð í leikmanninn í gær sem KR-ingar tóku. Nú er það undir Guðmundi komið að semja við félagið. Hann hafði þann möguleika að fara til Vals fyrr í vikunni en það slitnaði upp úr samningaviðræðum hans og Valsmanna. Sjálfur hefur Guðmundur sagst vilja fara til Breiðabliks en það ku vera afar lítið í buddu Kópavogsbúa þessa dagana.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐMUNDUR REYNIR GUNNARSSON: VERÐUR LÁNAÐUR Í PEPSI-DEILDINA Í SUMAR OG ER AÐ LEITA AÐ LIÐI

Ég þarf að finna mitt rétta andlit aftur

„Maður verður að skoða valkostina og reyna að taka rétta ákvörðun,” segir Guðmundur Reynir Gunnarsson sem fengið hefur vilyrði frá sænska liðinu GAIS um að fara á láni til Íslands í sumar. Guðmundur er mættur á Klakann og liggur nú undir feldi.

„Þeir vilja bara að ég fari í eins sterkt lið og hægt er og fái að spila. Ég þarf að spila sem mest og finna mitt rétta andlit aftur,” segir Guðmundur en nokkur félög hafa haft samband við hann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Keflavík, Valur, Fram og KR öll áhuga.

Ekki er víst hvort hann fer í sitt uppeldisfélag í Vesturbænum. „KR er ekki út úr myndinni nei. Auðvitað vil ég fara til KR en þeir eru með gríðarlega sterkt lið og það eru aðrir möguleikar. Það eru margir hlutir sem ég þarf að skoða í þessari ákvörðun. Auðvitað væri gaman að fara í KR en ég þarf að pæla í ýmsum hlutum,” segir



Guðmundur. Hann ætlar að nota helgina til að skoða málin. „Ég vil taka þessa ákvörðun sem fyrst svo ég geti komið strax inn í það lið sem verður fyrir valinu,” segir Guðmundur sem bíður átektu.

„Þabbi er að sjá um þetta fyrir mig. Hann er að ræða við þjálfara þessara liða og athuga hvað þeir hugsa sér. Ég er látinn í friði sem er gott til að byrja með, segir Guðmundur sem hefur verið úti í kuldanum í Svíþjóð en hefur þó ekki gefið upp alla von.

„Ég hefði viljað spila meira en það þýðir ekkert að hætta. Vonandi að maður fái að spila á næsta ári.”

Guðmundur Reynir hefur aðeins leikið með KR hér á landi og á 56 leiki og 3 mörk að baki fyrir liðið í deild og bikar.

Hann hefur leikið tvo leiki fyrir A-landsliðið en það voru síðustu tveir æfingaleikir gegn Færeyjum í Kórnum.

KARFAN Í GÆR

Iceland Express karla

Njarðvík-Stjarnan 72-67 (44-35)
Stig Njarðvíkur: Nick Bradford 19 (10 frákost, 7 stoðsendingar), Magnús Gunnarsson 17, Jóhann Árni Ólafsson 13, Guðmundur Jónsson 8, Friðrik Stefánsson 7 (13 frákost, 7 varin), Páll Kristinsson 6, Egill Jónasson 2.
Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 26, Fannar Helgason 11, Djorde Pantelic 9, Birgir Pétursson 8, Jovan Zdravevski 7, Kjartan Kjartansson 5 (10 frákost, 5 stolnir), Magnús Helgason 1.

ÍR-FSu 104-91

STAÐAN Í DEILDINNI

| KR | 19 | 16 | 3 | 1787-1529 | 32 |
|------------|----|----|----|-----------|----|
| Njarðvík | 19 | 14 | 5 | 1701-1472 | 28 |
| Grindavík | 19 | 14 | 5 | 1770-1524 | 28 |
| Keflavík | 19 | 14 | 5 | 1780-1513 | 28 |
| Snæfell | 19 | 13 | 6 | 1800-1584 | 26 |
| Stjarnan | 19 | 13 | 6 | 1609-1526 | 26 |
| Hamar | 19 | 7 | 12 | 1613-1697 | 14 |
| ÍR | 19 | 6 | 13 | 1589-1733 | 12 |
| Tindastóll | 19 | 6 | 13 | 1555-1716 | 12 |
| Fjölnir | 19 | 6 | 13 | 1506-1658 | 12 |
| Breiðablik | 19 | 4 | 15 | 1479-1743 | 8 |
| FSu | 19 | 1 | 18 | 1429-1924 | 2 |

Iceland Express kvenna

6 LIÐA ÚRSLIT - FYRSTI LEIKUR

Keflavík-Snæfell 95-82 (52-50)
Stig Keflavíkur: Bryndis Guðmundsdóttir 32, Birna Valgarðsdóttir 20, Kristi Smith 19, Pálína Gunnlaugsdóttir 12, Rannveig Randversdóttir 8, Marín Karlsdóttir 4.
Stig Snæfells: Sherell Hobbs 32, Unnur Ásgeirsdóttir 12, Sara Andrésdóttir 8, Hrafnhildur Sævarsdóttir 6, Helga Björgvinsdóttir 5, Rósa Indriáddóttir 4, Björg Einarisdóttir 3, Sara Magnúsdóttir 2.
Staðan er í 1-0 fyrir Keflavík en það lið sem fyrr vinnur tvo leiki kemst í undanúrslit.

Varnirnar voru geggjáðar í Njarðvík

Teitur Örlygsson þarf að bíða lengur eftir fyrsta sigrinum í Ljónagryfjunni sem þjálfari Stjörnunnar eftir 72-67 tap fyrir Njarðvík í miklum baráttuleik í gær. Njarðvík fór upp í annað sætið með sigrinum.

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar unnu sinn þriðja leik í röð í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi þegar liðið vann 72-67 sigur á Stjörnuni í miklum baráttuleik í Ljónagryfjunni. Þetta var kannski ekki fallegasti sóknarleikurinn sem liðin hafa boðið upp á en baráttan og vinnusemin gaf góð fyrirheit um spennandi úrslitakeppni. Njarðvík fór upp í annað sætið með sigrinum en eru þó aðeins með tveimur stigum meira en Stjörnumenn sem sitja fjórum sætum neðar í töflunni.

Njarðvíkingar byrjuðu vel, komust í 15-6 og voru með frumkvæðið nær allan leikinn þótt gestirnir úr Stjörnuni héldu sér alltaf inni í leiknum. Njarðvík var 44-35 yfir í hálfleik og virtist ætla að landa öruggum sigri þegar Stjörnumenn misstu þá Jovan Zdravevski og Djorde Pantelic út af með fimm villur á aðeins 36 sekúndum.

Stjörnumenn lögðu ekki árár í bót, unnu upp forskotið og áttu möguleika á að vinna í lokin. Njarðvíkingar sluppu þó með skrekkinn og unnu fimm stiga sigur.

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar kann vel við sig í úrslitakeppni-andrúmsloftinu og hann var ánægður með leikinn þótt hittinn væri léleg.



NÍTJÁN FRÁ NICK Njarðvík vann góðan sigur á Stjörnuni þar sem Nick Bradford var stigahæstur heimamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mér fannst þetta vera skemmtilegasti leikurinn í vetur. Við Siggi töluðum um það eftir leikinn að þetta hefði verið eins og leikur í úrslitakeppni. Bæði lið hefðu unnið öll lið á landinu nokkuð auðveldlega með svona leik,” sagði Teitur eftir leikinn.

„Varnirnar voru geggjáðar og það var baráttu í hverjum einasta strák í liðunum. Mér fannst þetta vera alveg frábært. Þetta var rosalega gaman en auðvitað hefðum við vilja vinna,” sagði Teitur.

Teitur á enn eftir að stýra

Stjörnuni til sigurs í Ljónagryfjunni en það segir Teitur að gætu orðið slæmar fréttir fyrir Njarðvík. „Það kemur að því og ég vona Njarðvíkur vegna að við hittum þá ekki aftur,” sagði Teitur.

Nick Bradford er farinn að finna sig betur í Njarðvíkurliðinu og í gær var hann mest í stöðu leikstjórnanda sem kom vel út. „Ég hef spilað leikstjórnanda alla mína ævi þótt ég hafi ekki fengið mörg tækifæri til að sýna það hér á Íslandi. Það eru örugglega einhverjar efasemdaraddir en ég hef mikla reynslu af þessari stöðu og sendingar eru minn besti kostur. Ég geri bara það sem þarf til að bæta liðið og vinna leikina,” sagði Nick sem hrósaði Garðbæingum fyrir leikinn í gær.

„Þetta er mjög gott lið sem lætur finna vel fyrir sér. Þeir gáfust aldrei upp þótt þeir lentu 10 til 15 stigum undir. Það sást hvað þeir eru með góðan þjálfara og góða leikmenn í sínu liði,” sagði Nick sem er ánægður með þróunina hjá sínu liði. „Við erum að komast aftur í gang. Við höfum haft mikinn tíma til að æfa á síðustu dögum. Það var gott frí frá leikjum og við fengum tíma til að vinna í og laga hluti sem voru ekki í lagi,” sagði Nick að lokum.

ooj@frettabladid.is

Formenn knattspyrnudeilda KR og Víkings vinna saman og mætast á morgun:

Hræddur við að verða rekinn ef við vinnum leikinn of stórt

FÓTBOLTI Fyrsti stórleikur ársins í fótboltanum fer fram annað kvöld klukkan 20.00 í Egilshöll þegar KR og Víkingur mætast í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins.

KR-ingar hafa verið að leika einkar vel upp á síðkastið og Víkingar hafa að sama skapi komið skemmtilega á óvart og ljóst að tilkoma Helga Sigurðssonar hefur hjálpað liðinu mikið.

Formenn knattspyrnudeilda félaganna, Kristinn Kjærnested og Björn Einarsson, eru samstarfsfélagar hjá TVG Zimsen þar sem Björn er reyndar yfirmaður Kristins.

„Ég þarf eiginlega að biðja mína menn um að vinna leikinn ekki of stórt. Annars er hætta á því að uppsagnarbréfið biði á mánudaginn,” segir Kristinn, formaður knattspyrnudeilda KR, léttur í bragði en hann spáir leiknum 3-0 fyrir sína menn. „Vikingarnir eru með finasta lið og við verðum að passa okkur á Helga. Það verður svo gaman að fylgjast með Bjössa enda á hann það til að vera svolítið klikkaður í stúkunni er hann fylgist með sínum mönnum,” segir Kristinn og Björn neitar því ekki.

„Ég er langt frá því að vera sá rólegasti og hef klárlega fengið flest spjöldin af okkur formönnum. Kiddi vill örugglega halda sig



VINIR OG SAMSTARFSFÉLAGAR Vinskapur þeirra Kristins Kjærnested, formanns knattspyrnudeilda KR, og Björns Einarssonar, formanns knattspyrnudeilda Víkings, er lagður til hliðar þegar lið þessara samstarfsfélaga mætast á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem lengst frá mér meðan á leik stendur,” segir Björn og hlær við. En mun hann reka Kristinn ef KR rúllar yfir Víkingana?

„Ég veit það nú ekki en hann má búast við stuttum fundi snemma

á mánudagsmorgun ef illa fer,” segir Björn léttur en hann hefur fulla trú á sínu liði og segir Víkinga stefna upp í úrvalsdeild næsta sumar. „Við ætlum að vera eitt af þrem bestu á næstu árum.” -hbg



N1 Deildin
2009 - 2010



KONUR

Laugardagur

| | | |
|--------------|-----------------|-------|
| Mýrin | Stjarnan - HK | 16:00 |
| Strandgata | Haukar - Fram | 16:00 |
| Fylkishöll | Fylkir - KA/Þór | 16:00 |
| Vodafonehöll | Valur- Víkingur | 16:00 |

KARLAR

Sunnudagur

| | | |
|---------------|-----------------|-------|
| Seltjarnarnes | Gróttá - Haukar | 16:00 |
| Mýrin | Stjarnan - HK | 19:30 |

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

30%
afsláttur

SVÍNALUNDIR
FROSNAR

1.399 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

Grísaveisla í Nettó

GRÍSAGÚLLAS
FERSKT

56%
afsláttur

846 kr/kg

áður 1.923 kr/kg

GRÍSASNITSEL
FERSKT

56%
afsláttur

846 kr/kg

áður 1.923 kr/kg

GRÍSAHAKK
FERSKT

63%
afsláttur

392 kr/kg

áður 1.059 kr/kg

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR

56%
afsláttur

846 kr/kg

áður 1.923 kr/kg

GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR

50%
afsláttur

934 kr/kg

áður 1.868 kr/kg

GRÍSAMÍNÚTUSTEIK

42%
afsláttur

985 kr/kg

áður 1.698 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR
ÁN SKINNS

40%
afsláttur

1.765 kr/kg

áður 2.941 kr/kg

COOP PESTÓ
RAUTT OG GRÆNT

319 kr/stk

APPELSÍNUR

50%
afsláttur

99 kr/kg

áður 198 kr/kg

Landsliðshópur fyrir leiki við Færeyjar og Mexíkó:

Reynslulítill hópur

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi fjóra nýliða og sjö leikmenn til viðbótar sem hafa aðeins leikið einn landsleik, í hópi sinn fyrir vináttuleiki á móti Færeyjum og Mexíkó í mars.

Nýliðarnir fjórir eru Jón Guðni Fjóluson úr Fram, Skúli Jón Friðgeirsson úr KR, Alfredo Finnbogason úr Breiðabliki og Kolbeinn Sigþórsson úr AZ Alkmaar.

Peir sjö leikmenn sem hafa einungis leikið einn landsleik eru Heimir Einarsson úr ÍA, Kristinn Jónsson úr Breiðabliki, Guðmundur Kristjánsson úr Breiðabliki, Óskar Örn Hauksson úr KR, Steinþór Freyr Þorsteinsson úr Stjórnumni og Atli Guðnason úr FH.

- 66j



KOLBEINN SIGÞÓRSSON í A-landsliðið.

Óflugt stéttarfélag
fit.is
aukin réttindi

AÐDAL FUNDUR

Félags iðn- og tæknigreina verður haldinn í Kiwanishúsinu Engjateigi 11, laugardaginn 13. mars 2010 kl. 11.30.

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjörri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, uppstillinganefndar og skoðunarmanna reikninga lýst.
5. Tillögur um fulltrúa á ársfund lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
6. Tillaga um fulltrúa á ársfund ASÍ 2010.
7. Tillaga um fulltrúa á þing Samiðnar.
8. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

Stjórnin.

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

Verður Villa næsta bráð öskubuskuliðs Reading?

Öskubuskuævintýri Reading í ensku bikarkeppninni gæti haldið áfram á morgun þegar liðið tekur á móti Aston Villa. Á meðan Chelsea spilar í bikarkeppninni geta keppinautar liðsins um efsta sætið í deildinni bætt stöðu sína.

